Skýrslum um fiskiveiðar á opnum bátum, selveiði, laxveiði, fuglatekju og dúntekju, skulu og safna bæjarfógetar í kaupstöðum, en hreppstjórar á öllum öðrum stöðum, og skulu þeir semja skýrslur þessar eptir fyrirmynd B hjer á eptir. Um afla á opnum skipum eru formenn þeirra skyldir að gefa hreppstjóranum í þeim hreppi eða bæjarfógetanum í því kaupstaðarfjelagi, þar er skipinu er haldið úti, skýrslu við lok hverrar vertíðar; svo getur og hreppstjóri eða bæjarfógeti krafizt samskonar skýrslu utan vertíðar, þegar honum þykir þess þörf. Hreppstjórar og bæjarfógetar skulu hafa nákvæmar gætur á því, að allir formenn á opnum bátum gefi skýrslu um afla sinn, hvenær sem er á árinu, og skulu sjerstaklega hafa það hugfast, að utansveitarformenn sleppi eigi svo burtu úr hreppnum, að þeir eigi hafi áður gefið skýrslu um afla þann, er þeir hafa fengið þar í hreppi, er þeir hafa róið. Geti formaður einhverra hluta vegna eigi gefið skýrslu um aflann, skal útgerðarmaður skyldur til þess, ef hann er annar en formaðurinn. Þeir, sem hafa selveiði, laxveiði, fuglatekju og dúntekju, skulu skyldir að gefa við hver árslok hlutaðeiganda hreppstjóra eða bæjarfógeta nákvæma skýrslu um þessara tvinnugreinar á hinu umliðna ári. Skýrslur um fiskiveiðar á opnum bátum, selveiði, laxveiði, fuglatekju og dúntekju skulu samdar fyrir almanaksár, og skulu skýrslur hreppstjóra vera komnar til hlutaðeiganda sýslumanns innan loka febrúarmánaðar árið eptir. Síðan semja sýslumenn, á sama hátt og um landbúnað, skýrslu fyrir sýslu hverja eptir skýrslum hreppstjóra um fiskiveiðar á opnum skipum, selveiði, laxveiði, fuglatekju og dúntekju, og senda amtmanni, ásamt skýrslum hreppstjóra sem fylgiskjölum, en amtmaður semur síðan samskonar skýrslu fyrir hvert amt, og sendir landshöfðingja, ásamt skýrsl-

um bæjarfógeta, sýslumanna og hreppstjóra. Umræddar skýrslur sýslumanna skulu komnar til amtmanns innan loka júnímánaðar og skýrslur amtmanna til landshöfðingja innan ágústmánaðarloka. **56** 20. apríl.

3. gr.

Skipstjórar á þilskipum, sem til fiskiveiða ganga, skulu skyldir að láta sýslumanni eða bæjarfógeta í tje, þegar skipið hættir fiskiveiðum það árið, og annars, þegar sýslumaður eða bæjarfógeti krefst þess, skýrslu um afla skipsins eptir fyrirmynd C hjer á eptir, og skal sýslumaður eða bæjarfógeti sjá um, að skipstjóri sje útbúinn með eyðublöð eptir þessari fyrirmynd. Geti skipstjóri eigi einhverra hluta vegna gefið slíka skýrslu, skal útgerðarmaður skyldur til að láta hana í tje. Fyrir lok janúarmánaðar skal svo sýslumaður hver og bæjarfógeti senda landshöfðingja beina leið skýrslur skipstjóra (eða útgerðarmanna) um afla þeirra þilskipa, er gjörð hafa verið út í hverju lögsagnarumdæmi landsins.

4. gr.

Forstöðumenn fastra verzlana, lausakaupmenn, þar með taldir hrossakaupmenn og fjárkaupmenn, forstöðumenn kaupfjelaga og pöntunarfjelaga, og aðrir, er vörur kaupa eða vörukaup annast frá útlöndum, eða sem selja vöru eða sölu annast til útlanda, skulu skyldir til að láta hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta í tje sem nákvæmastar skýrslur um það, hverjar vörutegundir, og hve mikið af hverri vörutegund þeir flutt hafi eða flytja hafi látið til landsins eða frá því; svo er þeim og skylt, að því leyti, sem vörurnar ganga kaupum og sölum, að skýra frá útsöluverði innfluttrar vöru hjer á landi, og innkaupsverði innlendrar vöru, og tilgreina frá hverju landi vörurnar eru hingað fluttar eða til hvers lands hjeðan, allt eptir því sem eyðublöð, sem samin eru eptir fyrirmynd D 1 og 2 hjer á eptir, tilvísa, og skal sýslumaður annast um að nægilega mörg af eyðublöðum þessum sjeu jafnan til taks handa þeim, sem skýrslurnar eiga í tje að láta. Samskonar skýrslur skulu og þeir gefa, sem vörur flytja frá útlöndum til eigin nota og senda sínar eigin afurðir til útlanda, og skulu þeir tilgreina það verð, er þeir hafa keypt vörurnar fyrir, að viðbættum öllum kostnaði við innflutning, svo og það verð, er þeir hafa fengið fyrir vöruna í útlöndum, að frádregnum kostnaði við útflutning. Forstöðumenn fastra verzlana, kaupfjelaga og pöntunarfjelaga, svo og allir þeir, sem vörur kaupa annars frá útlöndum eða senda þangað vörur og búsettir eru hjer á landi, skulu við áramót hver gefa í einu lagi hina umtöluðu skýrslu fyrir hið umliðna ár, en hinir, er eigi eru búsettir hjer, skulu gefa skýrslu um innfluttar og útfluttar vörur í hvert skipti, sem þeir flytja vörur til landsins eða eða frá því, og skulu sýslumenn og bæjarfógetar gæta þess að heimta þær skýrslur, um leið og skip þau, er er vörurnar flytja eru afgreidd. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar hafa strangt eptirlit með því, að skýrslur þessar sjeu sem bezt úr garði gjörðar og áreiðanlegar, samkvæmt því, sem fyrir er skipað í landshöfðingjabrjefi 2. oktbr. 1895 (Stj.tíð. 1895. B bls. 233). Skýrslur kaupmanna og annara vöruflytjenda eða sendanda skulu sýslumenn og bæjarfógetar senda beint til landshöfðingja innan 4 mánaða eptir lok þess árs, er skýrslurnar eru gefnar fyrir.

29. dag aprílmán. 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja 1897.

56 20. apríl.

5. gr.

Forstöðumenn sparisjóða og lánstofnana skulu senda landshöfðingja árlega ágrip af reikningum hlutaðeigandi sjóðs eða stofnunar ásamt skýrslu um eignir og skuldir hans eða hennar eptir því formi, sem fyrirskipað er með landshöfðingjabrjefi 30. nóvbr. 1892 (Stjtíð 1892, B, bls. 257—259). Skulu reikningar þessir og skýrslur komnar til landshöfðingja í seinasta lagi innan 3 mánaða eptir lok reikningsársins.

6. gr.

Stjórnarvöld þau, sem falið er að safna skýrslum þeim, sem um er rætt í 1.—4. gr., skulu gjöra sjer allt far um, að skýrslur þær, er þar er um að ræða, verði svo fullkomnar, sem auðið er, enda ber þeim að beita vægðarlaust sektum þeim, sem 8. gr. ofannefndra laga tiltekur, ef þeir, sem skýrslurnar eiga í tje að láta, sýna nokkra tregðu í því efni. Að öðrum kosti mega hin nefndu stjórnarvöld búast við að sæta sjálf ábyrgð fyrir bresti þá, sem í þessu efni kynnu á að verða.

Reykjavík, 20. apríl 1897.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Fyrirmynd A.

Skýrsla

um búnaðarástandið í hreppi sýslu almanaksárið 18 **56**

Framteljendur.	Býli.		
	Mannanöfn.		
Ábúðarhundruð.			
Gripir og fjenaður í fardögum.	Kýr og kelfdar kvígur.		
	Griðungar og geldneyti eldri en vet.göm.		
	Veturgamall nautpeningur.		
	Kálfar.		
	Ær	með lömbum.	
		geldar.	
	Sauðir og hrútar eldri en veturgamlir.		
	Gemlingar.		
	Geitfje, samtals.		
	Hestar og hryssur, 4 vetra og eldri.		
	Tryppi veturgömul til 3 vetra.		
	Folöld.		
Land ræktað og yrkt í fard.	Tún, dagsláttur á 900 ferh.faðma.		
	Kálgarðar og annað sáðland í ferh.föðm.		
Jarðabætur á á árinu.	Skurðir til vatnsveitinga, faðmar.		
	Túngarðar hlaðnir, faðmar.		
	Þúfnasljettun í ferh.föðmum.		
Jarðargróði á árinu.	Hey.	Taða, hestar.	
		Úthey, hestar.	
	Rótar-ávextir.	Jarðepli, tunnur.	
		Rófur og næpur, tunnur.	
	Svörður eða mór, hestar.		
	Hrís og skógarviður, hestar.		

Fyrirmynd B.

Skýrsla

um fiskafla á opnum bátum, selveiði, dúntekju og fuglatekju í hreppi (bæ) sýslu árið

Nöfn og heimili bátaformanna, útgjörðarmanna, varpeigenda eða veiðareigenda.			Athugasemdir.
Opnir bátar.		Stærri bátar, tals.	
		Sexæringar, tals.	
		Fjögurra manna för, tals.	
		Tveggja manna för, tals.	
Fiskur.		Aðrar fiskitegundir (trosfiski), tals.	
		Silungur, tals.	
		Lax, tals.	
		Síld, tunnur.	
		Langa, tals.	
		Ysa, tals.	
		Smáfiskur (þyrsklingur), tals.	
		Þorskur, tals.	
Lifur.		Önnur lifur, tunnur.	
		Hákarlslifur, tunnur.	
		Þorskalifur, tunnur.	
Selveiði.		Kópar, tals.	
		Fullorðnir selir, tals.	
		Dúnn, pund.	
Fuglatekja.		Rita, tals.	
		Súla, tals.	
		Fýlungi, tals.	
		Svartfugl, tals.	
		Lundi, tals.	

Fyrirmynd C. 56

Skýrsla

um

afla fiskiskipsins **frá** **að stærð** **smálestir**

eigandi skipstjóri, árið

Hvenær byrjaði skipið fiskiveiðar og hvenær var þeim lokið?	Hvar fiskaði skipið helzt?	Hve margir hásetar?	Hve mikið aflaði skipið í hverri ferð.	Afli. Þorskur, tals.	Smáfiskur, tals.	Ýsa, tals.	Langa, tals.	Heilagfiski, tals.	Aðrar fisktegundir (trosfiski), tals.	Lifur: Hákarlslifur, tnr.	Lifur: Þorskalifur og önnur lifur en hákarlslifur, tnr.	Athugasemdir.
			1. ferð.									
			2. ferð.									
			3. ferð.									
			4. ferð.									
			5. ferð.									
			6. ferð.									

Fyrirmynd D. 1.

Skýrsla

um aðfluttar vörur frá útlöndum til verzlunar í

á árinu 189

Vörutegundir.	Frá Danmörku	kr.	Frá Bretlandi	kr.	Erá Noregi og Svíþjóð	kr.	Frá öðrum löndum	kr.	Alls frá útlöndum	kr.

Fyrirmynd D. 2.

Skýrsla

um vörur fluttar til útlanda frá verzlun í

á árinu 189

Vörutegundir.	Til Danmerkur	kr.	Til Bretlands	kr.	Til Noregs	kr.	Til Spánar	kr.	Til Ítalíu	kr.	Til annara landa	kr.	Alls til útlanda	kr.

57 29. jan. **Brjef landshöfðingja** *til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu* **um lán handa Eyjafjarðarsýslu til að koma upp tóvinnuvjelum.** (Ágrip). — Samkvæmt beiðni yðar, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 28. f. m., hefi jeg veitt sýslufjelagi Eyjafjarðarsýslu 12000 króna lán úr viðlagasjóði landsjóðs til þess að koma á fót tóvinnuvjelum, með þeim skilyrðum að lán þetta ávaxtist með 3½ % og sje afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 17 árum með jöfnum afborgunum.

58

Reglugjörð

fyrir Eyjafjarðarsýslu um lækning hunda af bandormum o. fl.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skal tvisvar á ári, í apríl og nóvember, hreinsa af bandormum alla hunda, sem eru 9 mánaða og eldri; skulu hundarnir fyrst sveltir í sólarhring, og því næst skal gefa þeim inn 5 grömm af Araka, úthrærðu í graut eða mjólk. Skulu hundarnir að því búnu vandlega geymdir í 3 klukkutíma í úthýsi eða kofa, þó eigi í fjárhúsum eða heyhlöðum. Allan saur, sem niður af hundunum gengur, skal brenna eða grafa djúpt í jörðu niður, og hylja vandlega yfir.

2. gr.

Meðölin er heimilt að borga af sveitarsjóði og útbýtir hreppsnefndin þeim eptir þörfum.

3. gr.

Hreppstjóri og hreppsnefnd hafa umsjón með lækningunum. Ef eigendur hundanna framkvæma eigi lækninguna á ákveðnum tíma sjálfir, skal hreppnefnd og hreppstjóri láta framkvæma hana á kostnað hundeigendanna, sem þá eru skyldir að greiða þeim, er framkvæmir lækninguna 25 aura fyrir hvern hund, er hreinsaður er.

4. gr.

Árlega skal senda sýslunefndinni fyrir sýslufund ítarlega skýrslu um lækningarnar og árangur þeirra eptir formi því, er sýslunefndin býr til.

5. gr.

Á hverju hreppsþingi skulu hreppstjórar brýna fyrir mönnum, að brenna alla sulli úr slátruðu sauðfje og nautgripum, varast að hundar nái í matar- eða vatnsílát o. s. frv.

6. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 1—10 kr. eptir málavöxtum og skal fara með mál út af þeim sem opinber lögreglumál.

Framanritaða reglugjörð hefir sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu samið og

samþykkt á aðalfundi sínum 10.—13. þ. m. og birtist hún hjer með öllum hlut- 58
aðeigendum til eptirbreytni.

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu, Akureyri 26. marz 1897.

Kl. Jónsson.

Skýrsla

um hundalækningar í hreppi í apríl 18

Heimili.	Eru margir hundar á heimilinu?	Var mörgum hundum gefið inn?	Á hve marga hunda verkaði meðalið?	Komu bandormar úr mörgum þeirra?	Hvaða dag fór lækningin fram?	Athugasemdir.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu* **um styrk til gufu-** 59
bátsferða í Vestfirðingafjórðungi. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 12. f. m., hafið 7. apríl
þjer, herra sýslumaður, jafnframt því að skýra frá því, að sýslunefndin í Norðurísafjarðarsýslu hafi veitt 800 króna styrk úr sýsluvegasjóði til gufubátsferða um Ísafjarðardjúp á komandi sumri, farið þess á leit að jeg af fje því, er í núgildandi fjárlögum er ætlað til gufubátsferða í Vestfirðingafjórðungi veitti, 2400 kr. til móts við nefnda upphæð.

Út af þessu er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að jeg hjer með af fje því, er ræðir um í 12. gr. C. b. í fjárlögunum fyrir 1896 og 1897 veiti til gufubátsferða um Ísafjarðardjúp á komanda sumri $^3/_4$ á móti $^1/_4$ úr hlutaðeigandi sýslusjóði, allt að 2400 krónum, með því skilyrði, að bátur sá, sem ráðinn verður til þessara ferða, flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum, án sjerstaks endurgjalds.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um lán handa Staðarbakkapresta-** 60
kalli. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í 12. apríl
þóknanlegu brjefi, dagsettu 7. þ. m., veiti jeg hjer með samþykki mitt til þess að presturinn að Staðarbakka, síra Eyjólfur Kolbeins Eyjólfsson, taki 1000 kr. embættislán handa prestakallinu til jarðabóta á umgetnu prestssetri, sem sje til þess að gjöra varnargarð fyrir austan norðurhluta túnsins og fyrir norðan svo kallaðan Veituflóa, er liggur fyrir norðan og ofan túnið, og nátthaga á eyri fyrir neðan túnið. Þó er þetta lántökuleyfi mitt þeim skilyrðum bundið, *að* tekinn verði að eins fyrri helmingur lánsins þegar í stað, en síðari helmingurinn, þeg-

60 12. apríl ar presturinn hefir sannað það fyrir stiptsyfirvöldunum, að það verk sje unnið prestssetrinu til bóta, er samsvari 500 króna virði og hafi prófasturinn eptirlit með tilhlýðilegri framkvæmd jarðabótarinnar í heild sinni, *að* lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum í lengsta lagi frá lántökudegi að telja með jöfnum árlegum afborgunum, auk vaxta, og *að* presturinn eða bú hans svari við burtför hans frá brauðinu eða fráfall jarðabótum, er unnar verði hjer eptir og metnar að minnsta kosti svo mikils virði, sem upphæð lánins nemur, eða svari ofanálagi fyrir það sem til kynni að vanta.

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Prófastar.

11. marz setti biskup prestinn að Hvammi í Hvammssveit, *síra Kjartan Helgason*, til þess fyrst um sinn að gegna prófastsstörfum í *Dalaprófastsdæmi*.

13. s. m. setti biskup prest til Grundarþinga, *síra Jónas Jónasson*, til þess fyrst um sinn frá 1. maí þ. á. að gegna prófastsstörfum í *Eyjafjarðarprófastsdæmi*.

10. apríl var presturinn að Stóranúpi, *síra Valdimar Ólafsson Briem*, af biskupi skipaður *reglulegur prófastur í Árnesprófastsdæmi*.

Styrkur handa aukalækni.

12. apríl veitti landshöfðingi *cand. med. & chir. Kristjáni Kristjánssyni* styrk fyrir 1 ár frá 1. maí 1897 að telja sem *aukalækni í Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði*.

Ýmsar fjárgreiðslur úr landssjóði.

samkvæmt fjárlögunum 1896—97 13. gr. A. b. 2.

Með brjefi landshöfðingja, dagsettu 10. apríl, var bráðabirgðaruppbót handa fátækum prestaköllum fyrir fardagaárið 1897—98 skipt milli neðannefndra prestakalla þannig:

1.	Staðarprestakall í Aðalvík	fjekk	600 kr.
2.	Tjarnarprestakall á Vatnsnesi	——	300 —
3.	Lundarbrekkuprestakall	——	300 —
4.	Sauðlauksdalsprestakall	——	250 —
5.	Stóruvallaprestakall	——	200 —
6.	Stöðvarprestakall	——	100 —
7.	Eyvindarhólaprestakall	——	250 —
		Samtals	2000 kr.

61
24. apríl

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Skaptafellssýslu* **um styrk til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi** — Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar í Skaptafellssýslu og tillögum yðar, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 3. þ. m., vil jeg hjermeð af því fje, sem í 12. gr. C. a. hinna núgildandi fjárlaga er veitt er gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, veita til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi milli Reykjavíkur og Víkur í Mýrdal á komanda sumri 750 krónur til móts við 250 krónur úr sýslusjóði Vestur-skaptafellssýslu; þó er þessi fjárveiting bundin þeim skilyrðum, sem ræðir um í áðurnefndu brjefi yðar, að útgerðarmaður gufubáts þess, er ætlaður er til hinna fyrirhuguðu ferða, láti bátinn fara miðferðina, í júní lok eða byrjun júlí, alla leið á milli tjeðra endastöðva en ekki eins og fyrstu ferðina að eins milli Víkur og Eyrarbakka, að öðrum kosti verður landssjóðsstyrkurinn tiltölulega minni eða ekki nema 600 krónur. Svo er hin umgetna styrkveiting þeim skilyrðum bundin, að bátur sá, sem ráðinn verður til þessara ferða, flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum, án sjerstaks endurgjalds.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

62
26. apríl

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um framfærslustyrk handa þurfaling.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 13. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi, dagsett 28. desbr. f. á., frá hreppsnefndinni í Eyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu, og annað erindi, dagsett 2. janúar þ. á., frá hreppsnefndinni í Geiradalshreppi í Barðastrandarsýslu, þar sem þær, hvor fyrir sig, áfrýja til mín úrskurði yðar, dagsettum 21. oktbr. f. á., um ágreining milli hreppsnefndarinnar Eyrarhreppi og bæjarstjórnarinnar á Ísafirð öðru megin og hreppsnefndarinnar í Geiradals hreppi öðru megin um kröfur Eyrarhrepps og Ísafjarðarkaupstaðar á hendur Geiradalshreppi útaf sjúkdómslegu og framfærslu gamalmennisins Halldóru Jónsdóttur, sem viðurkennt hefir verið að sje sveitlæg í hinum síðarnefnda hreppi, og kveður úrskurður yðar svo á, að Geiradalshreppur skuli vera laus við að greiða 12 kr. 80 a., sem hreppsnefndin í Eyrarhreppi hefir gjört tilkall til, en aptur á móti borga allt framlag Ísafjarðarkaupstaðar til framfærslu tjeðs gamalmennis, að upphæð 131 kr. 78 a.

Með því að jeg verð að fallast á ástæður þær, er umgetinn úrskurður yðar er byggður á, að því leyti, er snertir hina umræddu kröfu Ísafjarðarkaupstaðar á hendur Geiradalshreppi, skal úrskurður yðar um endurgjald á ofannefndum 131 kr. 78 a. standa óraskaður. Að því leyti aptur á móti, er snertir kröfu Eyrarhrepps gegn Geiradalshreppi um endurgjald á kostnaði hins fyrnefnda við sjúkdómslegu framannefndrar Halldóru Jónsdóttur vorið 1894 í Eyrarhreppi, þá virðist það vera nægilega sannað með skýrslum, sem fram hafa komið af hálfu Eyrarhrepps, eptir að úrskurður yðar var uppkveðinn, að hinn umræddi þurfalingur hafi þá verið lausakona, og haft ofan af fyrir sjer þá um vorið sem »fanggæzla«, en staðið uppi allslaus og enga aðhjúkrun getað fengið í sjóbúð þeirri, sem hún þá dvaldi í, er hún sýktist af influenza, sem gekk

13. dag maímán. 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja 1897.

62 26. apríl

þar um sveitir vorið 1894, svo að hreppsnefndinni í Eyrarhreppi hafi verið skylt að veita henni aðkjúkrun. Og með því að eigi verður betur sjeð, en að Eyrarhreppur hafi í tæka tíð gjört tilraun til þess að fá styrk þann, sem optnefndri Halldóru Jónsdóttur var veittur þar vorið 1894, endurborgaðan af framfærsluhreppi hennar, og engi mótmæli hafa komið fram gegn upphæð styrksins, þá úrskurðast hjermeð, að Geiradalshreppur skuli greiða Eyrarhreppi hinar framannefndu 12 kr. 80 aura.

Þetta er yður, herra amtmaður, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Úrskurður amtmanns.

Eptir að sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Ísafirði hefir skotið til amtsins ágreiningi milli yðar, velborni herra sýslumaður, og hans um kröfu þá, sem hreppsnefndin í Eyrarhreppi í nefndri sýslu hefir gjört á hendur Geiradalshreppi í Barðastrandarsýslu út af sjúkdómslegu gamalmennisins Halldóru Jónsdóttur vorið 1894, að upphæð 12 kr. 80 a., og kröfu bæjarstjórnarinnar á Ísafirði á hendur sama hreppi til endurgjalds framfærslustyrk, veittum nefndri Halldóru Jónsdóttur á tímabilinu frá fyrst í marz 1895 til fram í október sama ár, 84 kr. 17 a., og frá fyrst í febr. þ. á., þangað til í júní s. a., er hun var flutt á sveit sína, Geiradalshrepp, 47 kr. 61 eyr., alls 131 kr. 78 a., — en af þessari upphæð hafið þjer að eins viljað láta Geiradalshrepps borga 68 kr. 26 a., sem nemur þeim styrk, sem veittur var Halldóru Jónsdóttur eptir 20. ágúst f. á. — er svolátandi úrskurður lagður á þetta mál.

Eptir þeim málsgögnum, sem fyrir liggja, veiktist Halldóra Jónsdóttir í Eyrarhreppi vorið 1894 af landfarsótt þeirri, sem þá geysaði hjer á landi, og hefir hreppsnefndin þar skýrt svo frá, að hún hafi orðið að kosta sjúkdómslegu hennar; var þá af hlutaðeigandi hreppstjóra þegar tekin skýrsla um lífshlaup hennar, og sneri nefndin sjer fyrst til Geiradalshrepps, sem er fæðingarsveit hennar, snemma á sumrinu 1894, en brjef nefndarinnar hjer að lútandi er að vísu ekki komið fram í málinu, en þessa er getið bæði í brjefi hreppsnefndarinnar í Geiradalshreppi til yðar, 16. des. f. á., og í brjefi sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu til yðar, 17. marz þ. á. Með því hreppsnefndin í Geiradalshreppi neitaði þá að viðurkenna sveitfesti Halldóru Jónsdóttur, leitaði sýslumaðurinn í nefndri sýslu með brjefi, dags. 10. ágúst 1894, til sýslumannsins í Strandasýslu um það, að viðurkenning fengist fyrir sveitfesti Halldóru Jónsdóttur í Kaldrananeshreppi, sem skýrslan benti til að mundi vera framfærsluhreppur hennar, en eptir nokkrar brjefaskriptir milli nefndra sýslumanna, og eptir að nefndin í þessum hreppi með nokkrum rökum hafði synjað fyrir að viðurkenna sveitfesti Halldóru, var eptir bendingu sýslumannsins í Strandasýslu í brjefi hans, 18. marz f. á., til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu aptur tekin skýrsla Halldóru fyrir rjetti á Ísafirði um lífsferil hennar, 20. ágúst f. á., jafnskjótt og heilsa hennar leyfði það; skýrsla þessi var svo send yður 23. s. m. og leiddi hún í ljós, að optnefnd Halldóra Jónsdóttir ætti sveit í Geiradalshreppi, enda viðurkenndi hreppsnefndin þar sveitfesti hennar í brjefi 14. sept. f. á., og heimtaði hana flutta á hrepp sinn. Laust eptir þetta var gjörð krafa til endurgjalds á sjúkdómslegustyrknum, sem látinn hafði verið Halldóru í tje vorið 1894, og sömuleiðis til endurgjalds á framfærslustyrk þeim, sem bæjarstjórnin á Ísafirði, að framfarinni aðsjónargjörð, hafði byrjað að veita henni þegar í marz f. á, á meðan verið var að leita að framfærslusveit hennar, en eigi varð hún flutt á sveit sína fyr en í júní þ. á., þar sem hún samkvæmt læknisvottorði 11. okt. f. á. eigi þá var ferðafær,

enda hafið þjer eigi neitað, að Geiradalshreppi bæri að endurborga styrk þann, sem Halldóru **62**
var veittur eptir 20. ágúst f. á.

Þar sem þjer hafið neitað að láta Geiradalshrepp endurborga Eyrarhreppi sjúkdómslegukostnaðinn frá 1894 um vorið af þeirri sök, að lögleg aðsjónargjörð hafi eigi framfarið á högum Halldóru, þá verð jeg að vera yður samdóma um það, að vöntun þessi og yfirhöfuð vöntun allra skýrslna um hagi hennar, svo sem hvort hún þá eigi hafi verið vinnuhjú einhvers eða á vegum annara, verði að hafa þá verkun, að Geiradalshreppur skuli vera laus við að endurborga þær 12 kr. 80 a., sem reikningur er gjörður fyrir í þessu tilliti, og nægir það alls ekki, að líkur sjeu til þess, að Halldóra hafi eigi getað sjálf borgað kostnað við legu sína. Að því leyti aptur á móti, er snertir framfærslustyrk þann, ásamt læknishjálp, sem hún hafi þegið á Ísafirði, og sem er löglega veittur, þá get jeg eigi tekið til greina þau mótmæli yðar gegn nokkrum hluta styrksins, sem byggjast á því, að tilkynning um styrkveitinguna hafi eigi framfarið í tæka tíð, þar sem alls enginn vítaverður dráttur í þessu tilliti hefir átt sjer stað samkvæmt því, sem skýrt er frá að framan um gang þessa máls, og hvað upphæð styrkveitingarinnar snertir, þá get jeg eigi sjeð, að hún hafi farið úr hófi fram.

Samkvæmt framanrituðu úrskurðast því hjermeð, að Geiradalshreppur skuli vera laus við að endurgjalda þær 12 kr. 80 a., sem Eyrarhreppur gjörir tilkall til, en þar á móti borga Ísafjarðarkaupstað allt framlag hans út af framfærslu Halldóru Jónsdóttur, að uppphæð 131 kr. 78 a.

Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður þetta, yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Geiradalshreppi, skal jeg skora á yður, að annast um, að hún inni af hendi án tafar hina nefndu upphæð.

Reikningur **63**

yfir tekjur og gjöld framfarasjóðs Jóns prófasts Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs fyrir árið 1896.

Tekjur:

1.	Í sjóði við árslok 1895:		
	a. Jörðin Harastaðir á Fellsströnd, 11.1 hndr. að dýrl., virt á	kr. 800,00	
	b. Í söfnunarsjóði Íslands	— 81,19	kr. 881,19
2.	Landsskuld í fardögum 1896, 40 áln. á 53 a. eptir verðlagsskrá Dalasýslu 1896—97		— 21,20
3.	Leigur haustið 1896, 40 pund smjörs, selt á 55 a. pundið . . .		— 22,00
		Tekjur alls:	kr. 924,39

Gjöld:

1.	Kostnaður við að koma leigum í peninga		kr. 2,00
2.	Í sjóði við árslok 1896:		
	a. Jörðin Harastaðir á Fellsströnd, 11.1 hndr. að dýrleika, virt á	kr. 800,00	
	b. Í söfnunarsjóði Íslands, auk vaxa fyrir árið 1896 .	— 122,39	— 922,39
		Gjöld alls:	kr. 924,39

Skrifstofu Árnessýslu, 31. janúar 1897.

Sigurður Ólafsson.

64 29. apríl **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu* **um hlunnindi handa sparisjóði.** — Útaf beiðni er hingað hefir borizt beina leið frá forstöðunefnd sparisjóðsins í Húnavatnssýslu, vil jeg hjermeð veita nefndum sparisjóði um 5 ára tímabil frá 1. maí þ. á. að reikna hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874, með þeim skilyrðum, *að* trygging sú, sem sparisjóðurinn veitir, ekki rýrni, *að* ákvarðananna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og *að* forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju eptirrit af ársreikningi sjóðsins, samið í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, er verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd tjeðs sparisjóðs.

65 29. apríl **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu* **um hlunnindi handa sparisjóði.** — Útaf beiðni, er hingað hefir borizt beina leið frá forstöðunefnd sparisjóðs Kinnunga í Þingeyjarsýslu, vil jeg hjermeð endurveita nefndum sparisjóði um 5 ára tímabil frá 1. oktbr. þ. á. að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874, með þeim skilyrðum, *að* trygging sú sem sparisjóðurinn nú veitir, ekki rýrni, *að* ákvarðananna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og *að* forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju eptirrit af ársreikningi sjóðsins, samið í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, er verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd tjeðs sarisjóðs.

66 17. apríl **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um gjöld til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1897.** — Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland hefir hans hátign konunginum 13. þ. m. allramildilegast þóknazt að samþykkja, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1897 sjeu ákveðin 2000 krónur.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

67

Samþykkt

um kynbætur hesta.

Sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir samkvæmt lögum 11. desbr. 1891, um samþykktir um kynbætur hesta, gjört eptirfylgjandi samþykkt fyrir nefnda sýslu um kynbætur hesta.

1. gr. 67

Graðhestar skulu eigi vera fleiri en 2 í hverjum hreppi sýslunnar. Nú álítur hreppsnefnd það eigi nægja, og getur hún þá með samþykki sýslunefndar veitt leyfi til, að þeir sjeu hafðir allt að 10. Þrír menn, er til þess eru kosnir af hreppsnefndinni fyrir 3 ár í senn, skulu velja graðhestaefnin, og skulu menn skyldir til að koma með þau á þann stað, er þeir ákveða.

2. gr.

Sem graðhestar skulu að eins valdir þeir hestar, er bezt fullnægja þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a. að þeir sjeu eigi getnir af móður og syni eða systkinum og að þeir sjeu af holdsömu og hraustu kyni.

b. að þeir hafi hreinan gang, vakran eða klárgengan, og að sá gangur sje ættgengur, helzt í báðar ættir.

c. að þeir sjeu eigi skjóttir, blesóttir, sokkóttir, eigi glaseygðir nje hringeygðir, eða af glaseygðu eða hringeygðu kyni, nje heldur hvítir, heldur einlitir á annan hátt, og eru hvít hross allstaðar í samþykkt þessari undanskilin einlitum.

d. að þeir sjeu gervilegir á vöxt og stórir, hausfríðir, kjálkaþykkir, makkaháir, hringmakkaðir, þreknir um bóga og hafi sívalan búk, beinhryggjaðir en stutthryggjaðir, lendbrattir og lendbreiðir og vöðvaþykkir í þjóum, hafi beina en stutta fætur, sjeu prúðir á tagl og fax, rjetthæfðir og markhæfðir, eistnaþykkir og kólfdigrir.

3. gr.

Hryssur þær, er graðhesta skal ala undan, skulu að sínu leyti, að því er frekast verður, fullnægja þeim skilyrðum, er sett eru fyrir graðhesta. Mæður graðhesta skulu eigi vera yngri en 5 vetra og eigi eldri en 16 vetre.

4. gr.

Nú þykir líklegt að folald muni, þá er það nær tvævetrum aldri, fullnægja framangreindum skilyrðum, og skal þá ala það upp þannig: Hryssuna skal eigi hafa til nokkurrar örðugrar brúkunar, og skal hún látin ganga sem mest sjálfala. Folaldið skal ganga undir sem dilkur, að minnsta kosti til þorra loka fyrsta árið, og skal það alið á sem beztu og kjarnmestu fóðri.

5. gr.

Glaseygð graðfolöld og öll önnur graðfolöld, er eigi eru einlit, skal gelda þegar í stað, en einlita graðfola, er eigi eru glaseygðir, skal gelda á öðrum vetri fyrir sumardag fyrsta, nema þá af þeim, sem verða valdir til graðhesta. Graðhestaefni skulu valin fyrir veturnætur haustið áður.

6. gr.

Ef unnt er, skal eigi láta graðhesta fylja hryssur, fyr en þeir eru þrevetrir. Eigandi graðhestsins er skyldur til að ljá hestinn hreppsbúum til afnota samkvæmt þessari samþykkt, þangað til hann er 6 vetra. Ef eigandi leyfir, má nota graðhest þangað til hann er 12 vetra. Graðhest skal gelda, þegar

67 hætt er að hafa hann til undaneldis, ef hann eptir það verður í því umdæmi, sem samþykkt þessi nær yfir.

7. gr.

Graðhestar skulu eigi hafðir til neinnar örðugrar brúkunar að sumrinu til þau ár, er þeir eru notaðir. Þeir skulu hafa gott fóður og nægilegt að vetrinum til, og eigi vera hafðir til nokkurrar örðugrar brúkunar þann tíma.

8. gr.

Nú getur eigandi graðhests, sökum efnaskorts eða af einhverjum öðrum ástæðum, eigi átt hestinn og hlýtur að selja hann, og skal þá hreppsnefndin skyld að kaupa hann af eiganda með því verði, er honum er unnt að fá fyrir hann annarsstaðar.

9. gr.

Geti hreppsnefndin eigi fengið sumargöngu fyrir graðhest á þeim stað, er hentugur þykir, og álíti hreppsnefndin eigi haganlegt, að hann gangi í landi eiganda, þá ákveður hreppsnefndin hvar graðhesturinn skuli ganga í haga að sumrinu til, og ákveður nægilega þóknun fyrir allt, að 10 a. á dag, er eigandi greiðir. Enginn búandi maður má skorast undan að taka graðhest í land sitt.

10. gr.

Allar þær hryssur í hreppnum, er eigendur vilja láta fyljast, skal leiða undir graðhest á tímabilinu frá 1. maí til 25. júní.

Fyrir hverja hryssu, sem leidd er undir graðhest, skal gjalda eiganda hestsins 3 krónur.

11. gr.

Hryssu, sem fyljazt hefir, skal eigi hafa til nokkurrar örðugrar brúkunar næsta mánuð á eptir og sem minnst að vetrarlagi.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 50 kr. Renni fjórðungur sektarinnar til uppljóstrarmanns, en afgangurinn í hreppssjóð, og ber hreppsnefndinni að hafa eptirlit með að samþykktinni sje hlýtt og kæra þá, er brjóta gegn henni, fyrir hlutaðeigandi yfirvaldi.

* * *

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess að öðlast gildi 1. júlí 1897, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands Vesturamt, 3. dag maímán. 1897

J. Havsteen.

Reglugjörð 68

fyrir Vesturísafjarðarsýslu um lækning hunda af bandormum o. fl.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu 6 menn, er sýslunefndin til þess kýs, hafa á hendi lækning hunda af bandormum, og hafa eptirlit með því, að fylgt sje fyrirmælum 5. greinar í lögum nr. 18, 22. maí 1890.

2. gr.

Haust og vor ár hvert, í mánuðunum marz—apríl og október, skal lækning fram fara á öllum hundum í sýslunni. Lækningamenn í hverjum hreppi skulu tiltaka á hvaða degi og hvar í hreppnum lækning á fram að fara, og tilkynna hundaeigendum það fyrir fram með viku fyrirvara. Skylt er eigendum hundanna að flytja þá á lækningastaðinn endurgjaldslaust, og taka þá þaðan aptur að lokinni lækningu.

3. gr.

Heimilt er lækningamönnum að skipta hreppnum í svo margar deildir, sem þörf er á, er hver hafi sinn lækningamann úr þeirra hóp, og sinn lækningastað.

4. gr.

Hverjum hundi skal gefa hæfilegan skamt af arekadupti eða kamala, og skulu lækningamenn, að því er snertir inngjöfina, meðferð á hundunum á undan inngjöfinni og meðan meðalið er að verka, svo og hreinsun á eptir, haga sjer nákvæmlega eptir fyrirsögn þeirri um inngjöf meðalanna, sem látin verður fylgja samþykkt þessari.

5. gr.

Verði vart við bandorma í einstökum hundum milli lækningatíma, skal eigandi þegar tilkynna það lækningamönnum, og gjöra þeir þá ráðstafanir til að lækna þá svo fljótt sem unnt er. En eigi verða þeir hundar fyrir það undanþegnir lækningum á hinum fyrirskipuðu tímum.

6. gr.

Nú valda forföll, að hundur kom eigi til lækninga, og skal þá húsbóndi hans, svo fljótt sem hann getur á eptir, færa hann lækningamönnum, en álítast ella hafa skotið honum undan lækningu, sbr. 11. gr.

7. gr.

Alla hunda skal einkenna með leðurbandi um háls, er á sje letrað nafn eiganda og heimili, og skulu lækningamenn gæta þess vandlega, að ekki sje út af þessu brugðið. Ómerktir hundar og hundar, sem enginn eigandi finnst að, skulu lækningamenn annast um að sjeu þegar drepnir.

8. gr.

Lækningamenn skulu hafa bók, sem sýslumaður útvegar á kostnað sýslusjóðs og löggildir. Skulu þeir á ári hverju rita í hana skrá yfir alla hundaeigendur í hreppnum og tölu þeirra hunda, er þeir hafa haft til lækninga frá einhverjum einum. Fyrir hver árslok skulu þeir senda sýslunefndinni skýrslu, samhljóða bókinni.

68

9. gr.

Sýslusjóður borgar öll meðöl, en lækningamenn annast kaup á á þeim; svo skal og af sýslusjóði borga lækningamönnum 50 aura fyrir lækningu á hverjum hundi, sem meðölin hafa verkað á, og 1 kr. fyrir hvern hund, sem drepinn er samkvæmt 7. gr., allt samkvæmt reikningi, sem sýslunefndin úrskurðar.

10. gr.

Á hverju hreppaskilaþingi skulu lækningamenn brýna fyrir hreppsbúum, að taka alla þá sulli, sem finnast í slátruðu sauðfje, og brenna þá eða grafa þá djúpt í jörðu, einnig að grafa hausa af höfuðsóttarkindum. Sömuleiðis skulu þeir áminna menn um, að umgangast hunda mjög varlega, og hafa sterka gæzlu á því, að þeir nái ekki í matar- eða vatnsílát, nje að þeir fái að liggja í rúmum manna. Börnum skal ekki leyft að leika sjer að hundum.

(Niðurl.).

Embættaskipun og lausn frá embætti.

13. apríl var sýslumanni í Þingeyjarsýslu *Benedikt Sveinssyni* samkvæmt beiðni hans veitt lausn í náð frá tjeðu embætti, með eptirlaunum eptir eptirlaunalögunum.

S. d. var settur sýslumaður í Húnavatnssýslu *cand. juris Jóhannes Jóhannesson* allramildilegast skipaður *syslumaður í Norðurmúlasýslu og bæjarfógeti á Seyðisfirði*, frá 1. júlí 1897 að telja.

30. s. m. var *læknaskólakandídat Jón Jónsson* settur af landshöfðingja til þess að þjóna *hjeraðslæknisembættinu í 13. læknahjerað*, frá 1. maí 1897 að telja.

4. maí var *prestaskólakandidat Páli Hjaltalín Jónssyni* af landshöfðingja veitt *Fjallaþing* í Norðurþingeyjarprófastsdæmi frá fardögum 1897 að telja.

Óveitt embætti,

er ráðgjafinn fyrir Ísland annast um veiting á.

1. *Sýslumannsembættið í Húnavatnssýslu.* Árslaun 3500 kr.
2. *Sýslumannsembættið í Þingeyjarsýslu.* Árslaun 3500 kr.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þessi, verða þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsúrskurðum 27. maí 1857 og 8. febr. 1863, að láta bónarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi skilríki fyrir því að þeir kunni íslenzka tungu.

Auglýst 20. apríl 1897.

Umsóknarfrestur til 22. júlí 1897.

Styrkur handa aukalækni.

6. maí var *læknaskólakandídat Oddi Jónssyni* veittur styrkur fyrir 1 ár frá 1. júní 1897 að telja sem *aukalækni í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum* í Barðastrandarsýslu.

11. gr. 68

Vanræki lækningamenn að hlýða þessari reglugjörð og reglum þeim, er um ræðir í 4. gr., eða sje hundi skotið undan lækningu af ásettu ráði eða hirðuleysi, eða sje lækningamönnum sýnd óhlýðni eða mótþrói, varðar það sektum, 1—10 kr., eptir málavöxtum. Sektirnar renna í sýslusjóð.

* * *

Reglugjörð þessi er samkvæmt 6. gr. laga nr. 18, 22. maí 1890 samin og sett af sýslunefnd Vesturísafjarðarsýslu á aðalfundi hennar 5.—6. þ. m., og öðlast gildi þegar í stað.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslna 12. apríl 1897.

H. Hafstein.

Fyrirsögn um inngjöf meðalanna.

Hundarnir skulu lokaðir inni í úthýsi, og bundnir, þó eigi í heyhlöðum nje fjárhúsum. Af kamala er hverjum hundi gefið inn allt að $^1/_2$ lóði, úthrært í vatni eða mjólk, tvisvar með 12 tíma millibili. Þann tíma mega hundarnir einskis neyta. Sje arekadupt við haft, á að loka hundinn inni í sólarhring, og má hann alls engan mat eða drykk fá á meðan; síðan skal gefa hundinum inn 5 grömm af duptinu, hrærðu út í graut, slátri eða mjólk. Vanalega fær hundurinn klýju á eptir, en það verður að reyna að koma í veg fyrir, að hann selji upp fyrsta hálfan klukkutímann á eptir, með því að hafa af fyrir honum, vekja hug hans á einhverju, láta vel að honum, eða, ef það ekki dugar, gjöra hann sneyptan o. s. frv. Eptir $^1/_2$—3 kl.tíma gengur ormurinn niður af hundinum. Þegar hundarnir hafa verið í varðhaldi 24 tíma, eða, ef arekadupt er við haft, 27 tíma, og meðalið hefir verkað, skulu þeir baðaðir í sjó, keitu eða fjárbaði, og síðan skal þeim sleppt. — Hús það, er hundarnir hafa verið geymdir í, skal vandlega hreinsað, og allur saur úr þeim brenndur eða grafinn að minnsta kosti 2 álnir niður í jörð, og vandlega hulið yfir.

69

Reglugjörð

fyrir Norðurísafjarðarsýslu um lækning hunda af bandormum o. fl.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu 2—6 menn, er sýslunefndin til þess kýs, hafa á hendi lækning hunda af bandormum, og hafa eptirlit með því, að fylgt sje fyrirmælum 5. greinar í lögum nr. 18, 22. maí 1890.

2. gr.

Haust og vor ár hvert, í mánuðunum apríl—maí og október—nóvember skal lækning fram fara á öllum hundum í sýslunni. Lækningamenn í hverjum hreppi skulu tiltaka á hvaða degi og hvar í hreppnum lækning á fram að fara, og tilkynna hundaeigendum það fyrir fram með viku fyrirvara. Skylt er eigendum hundanna að flytja þá á lækningastaðinn endurgjaldslaust, og taka þá þaðan aptur að lokinni lækningu.

22. dag maímán. 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja 1897.

69

3. gr.

Heimilt er lækningamönnum að skipta hreppnum í svo margar deildir, sem þörf er á, er hver hafi sinn lækningamann úr þeirra hóp, og sinn lækningastað.

4. gr.

Hverjum hundi skal gefa hæfilegan skamt af arekadupti eða kamala, og skulu lækningamenn, að því er snertir inngjöfina, meðferð á hundunum á undan inngjöfinni og meðan meðalið er að verka, svo og hreinsun á eptir, haga sjer nákvæmlega eptir fyrirsögn þeirri um inngjöf meðalanna, sem látin verður fylgja samþykkt þessari.

5. gr.

Verði vart við bandorma í einstökum hundum milli lækningatíma, skal eigandi þegar tilkynna það lækningamönnum, og gjöra þeir þá ráðstafanir til að lækna þá svo fljótt sem unnt er. En eigi verða þeir hundar fyrir það undanþegnir lækningum á hinum fyrirskipuðu tímum.

6. gr.

Nú valda forföll, að hundur kom eigi til lækninga, og skal þá húsbóndi hans, svo fljótt sem hann getur á eptir, færa hann lækningamönnum, en álítast ella hafa skotið honum undan lækningu, sbr. 11. gr.

7. gr.

Alla hunda skal einkenna með annaðhvort með fjármarki eiganda eða leðurbandi um háls, er á sje letrað nafn eiganda og heimili, og skulu lækningamenn gæta þess vandlega, að ekki sje út af þessu brugðið. Omerktir hundar og hundar, sem enginn eigandi finnst að, skulu lækningamenn annast um að sjeu þegar drepnir.

8. gr.

Lækningamenn skulu hafa bók, sem löggilt sje af sýslumanni Skulu þeir á ári hverju rita í hana skrá yfir alla hundaeigendur í hreppnum og tölu þeirra hunda, er þeir hafa haft til lækninga frá hverjum einum. Fyrir hver árslok skulu þeir senda sýslunefndinni skýrslu, samhljóða bókinni.

9. gr.

Sýslusjóður borgar öll meðöl, en lækningamenn annast kaup á á þeim; svo skal og af sýslusjóði borga lækningamönnum 50 aura fyrir lækningu á hverjum hundi, sem meðölin hafa verkað á, og 1 kr. fyrir hvern hund, sem drepinn er samkvæmt 7. gr., allt samkvæmt reikningi, sem sýslunefndin úrskurðar.

10. gr.

Á hverju hreppaskilaþingi skulu lækningamenn brýna fyrir hreppsbúum, að taka alla þá sulli, sem finnast í slátruðu sauðfje, og brenna þá eða grafa þá djúpt í jörðu, einnig að grafa hausa af höfuðsóttarkindum. Sömuleiðis skulu þeir áminna menn um, að umgangast hunda mjög varlega, og hafa

sterka gæzlu á því, að þeir nái ekki í matar- eða vatnsílát, nje að þeir fái að liggja í rúmum manna. Börnum skal ekki leyft að leika sjer að hundum. **69**

11. gr.

Vanræki lækningamenn að hlýða þessari reglugjörð, og reglum þeim, er umræðir í 4. gr., eða sje hundi skotið undan lækningu af ásettu ráði eða hirðuleysi, eða sje lækningamönnum sýnd óhlýði eða mótþrói, varðar það sektum, 1—10 kr., eptir málavöxtum. Sektirnar renna í sýslusjóð.

* * *

Reglugjörð þessi er samkvæmt 6. gr. laga nr. 18, 22. maí 1890 samin og sett af sýslunefnd Norðurísafjarðarsýslu á aðalfundi hennar 8.—10. þ. m. og öðlast gildi þegar í stað.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslna 15. marz 1897.

H. Hafstein.

Fyrirsögn um inngjöf meðalanna.

Hundarnir skulu lokaðir inni í úthýsi, þó eigi í heyhlöðum nje fjárhúsum. Af kamala er hverjum hundi gefið inn allt að $^1/_2$ lóði, úthrært í vatni eða mjólk, tvisvar með 12 tíma millibili. Þann tíma mega hundarnir einskis neyta. Sje arekadupt við haft, á að loka hundinn inni í sólarhring, og má hann alls engan mat eða drykk fá á meðan; síðan skal gefa hundinum inn 5 grömm af duptinu, hrærðu út í graut, slátri eða mjólk. Vanalega fær hundurinn klýju á eptir, en það verður að reyna að koma í veg fyrir, að hann selji upp fyrsta hálfan klukkutímann á eptir, með því að hafa af fyrir honum, vekja hug hans á einhverju, láta vel að honum, eða, ef það eigi dugar, gjöra hann sneiptan o. s. frv. Eptir $^1/_2$—3 kl.tíma gengur ormurinn niður af hundinum. Þegar hundarnir hafa verið í varðhaldi 24 tíma, eða ef arekadupt er við haft, 27 tíma, og meðalið hefir verkað, skuln þeir baðaðir í sjó, keitu eða fjárbaði, og síðan skal þeim sleppt. Hús það, er hundarni hafa verið geymdir í, skal vandlega hreinsað, og allur saur úr þeim grafinn að minnsta kosti 2 álnir niður í jörð, og vandlega hulið yfir.

Samþykkt **70**

fyrir Húnavatnssýslu, vestan Blöndu, um

kynbætur hrossa,

er sýslunefndin í Húnavatnssýslu hefir gjört samkvæmt lögum nr. 34, 11. desbr. 1891 og hjeraðsbúar þar fallizt á.

1. gr.

A hausthreppaskilum ár hvert skal hreppstjóri í hverjum hreppi sýslunnar annast um, að kosin sje 3 manna nefnd, er hafi nákvæmt eptirlit með kynbótum hrossa, samkvæmt reglum þeim, sem hjer eru settar.

2. gr.

Kosningarrjett og kjörgengi til nefndar þessarar hefir hver búandi mað-

70 ur í hreppnum, og er hver sá skyldur að taka á móti kosningu 3 ár í senn. Að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu jafnlangan tíma.

3. gr.

Nefnd þessi skal eiga með sjer að minnsta kosti 2 fundi á ári, annan að vorinu en hinn að haustinu. Á haustfundi kjósa nefndarmenn sjer formann; hann kallar saman fundi og stýrir gjörðum nefndarinnar. Nefndarmenn eiga heimting á af fá úr sveitarsjóði endurgjald fyrir það, sem þeir verða að borga út vegna fundarhalda þessara, sem og fyrir ritföng.

4. gr.

Nefnd þessari skal heimilt að kveðja eigendur hrossa til þess að koma með hryssur sínar og graðfola, er nefndin hefir óskað eptir, til sýnis á hentuga staði í hreppnum, og skal hún þá velja kynbótahryssur og fola svo marga, sem hún álítur þurfa í hreppnum.

5. gr.

Fyrir lok árs hvers sendir kynbótanefndin sýslunefndarmanninum í hreppi sínum skýrslu um störf sín; gjörir hann við hana athugasemdir, ef honum þykir ástæða til, og sjer um að skýrslan ásamt athugasemdunum komist á næsta fund sýslunefndarinnar. Skýrslan sje undirrituð að öllum nefndarmönnum.

6. gr.

Hestar til undaneldis skulu sem mest fullnægja eptirfylgjandi skilyrðum:

a. Að þeir sjeu eigi getnir af ofskildum foreldrum, t. d. ekki móður og syni eða systkynum, og að þeir sjeu af holdsömu og hraustu kyni.
b. Að þeir hafi hreinan gang, vakran eða klárgengan, og að sá gangur sje ættgengur helzt í báðar ættir.
c. Að þeir sjeu einlitir og af einlitri ætt, helzt í báðar ættir, samt ekki hvítir, alls ekki glaseygðir eða af glaseygðu kyni.
d. Að þeir sjeu gjörfulegir á vöxt og stórir, hausfríðir, kjálkaþykkir, bogmekktir, þreknir um bóga og rifin vel bogadregin, bein en stutthryggjaðir, lendbrattir og lendbreiðir, vöðvaþykkir, snögg og þjetthærðir (ɔ: selhærðir), prúðir á fax og tagl, rjetthæfðir og hófarnir svartir eða öskulitaðir, pung og eistnasíðir.

7. gr.

Hryssur þær, er graðhesta skal undan ala, skulu að sínu leyti, að því er frekast verður, fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir graðhesta og auk þess hafa útskotna nára. Eigi skulu graðhestamæður yngri vera en 5 vetra og ekki eldri en 15 vetra.

8. gr.

Aðalregla sje að gelt sjeu öll hestfolöld, sem ekki eru fyrirhuguð til kynbóta, en þeir aðrir folar, sem ekki eru folaldsgeltir og ekki ætlaðir til undaneldis, skulu geltir ekki seinna en fyrir góulok, er þeir eru á 2. vetur, ef það er

unnt skapnaðar vegna, annars í hið síðasta fyrir miðjan maímánuð. Folar þeir, er ekki verða geltir innan þess tíma, skulu sýndir kynbótanefndinni, er þá ráði um meðferð þeirra. 70

9. gr

Ávallt skulu hestar þeir og hryssur, sem til undaneldis eru valin, vera vel haldin, svo þau nái sem fyrst og mestum þroska, og skal kynbótanefndin sjerstaklega hafa eptirlit með meðferð þeirra. Graðhestana má brúka til undaneldis úr því þeir eru 3 vetrir og til þess er þeir eru 5—6 vetra, en hryssur skulu ekki leiddar til fola fyr en þær eru 4 vetra. 2 og 3 vetra hryssur skal, að svo miklu leyti sem unnt er, verja því að þær fyljist, og má kynbótanefndin með samþykki hreppsnefndar leyfa eigendum unghryssna að geyma þær í heimahögum.

10. gr.

Eigendur graðhesta skulu skyldir til, eptir áskorun kynbótanefndar, að ljá þá til undaneldis á áðurnefndum aldri, og má ekki gelda þá fyr að vorinu, en í lok júnímánaðar, svo ekki missist góður tími af hryssum. Heimilt er kynbótanefndinni, að ákveða eigendum graðhestanna hæfilegan toll fyrir brúkun þeirra, og skal hann goldinn fyrir hverja hryssu, er við folanum fær, af eigendum hryssanna. Sjeu kynbótafolarnir á afrjett að sumrinu, skal borga folaeigendum gjald fyrir brúkun þeirra af sveitarsjóði, og skal þá kynbótanefndin í samráði við sveitarnefndina ákveða upphæð þess.

11. gr.

Hryssur, er fyljazt hafa, skal ekki hafa til erfiðrar brúkunar næsta mánuð á eptir og sem minnst að vetrinum. Kynbótahesta má ekki brúka hvorki til reiðar nje áburðar fyr en þeir eru orðnir 4 vetra og aldrei nema vægilega og innan hrepps, meðan þeir eru notaðir til undaneldis, en að því loknu skulu þeir geltir.

12. gr.

Að fardögum liðnum má reka kynbótafola á afrjett, en þó skal kynbótanefndin gæta þess að eptir sjeu heima 1—2 af þeim til júnímánaðarloka, svo tamdar hryssur verði leiddar undir þá. Leyfa má nefndin heimageymslu á kynbótafola yfir sumarið, ef eigandi hans eða annar sveitarbúi, með leyfi eiganda, æskir þess; en ábyrgjast verður eigandi eða geymandi, að folinn gjöri ekki óskunda á hrossum manna utan landamerkja geymanda.

13. gr.

Allt það eptirlit, er hafa þarf á því, að samþykktum þessum sje fylgt, svo sem ráð er fyrir gjört í lögum 11. desbr. 1891 um kynbætur hrossa, skal falið hinum kosnu kynbótanefndum.

14. gr.

Brot mót samþykktum þessum varða sektum, og fellur helmingur þeirra til uppljóstrarmanns en hinn helmingurinn í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Upphæð sektanna má eptir atvikum nema allt að 50 kr.

70 15. gr.

Með brot mót samþykkt þessari skal farið sem með almenn lögreglumál.

Akvörðun um stundarsakir.

Undir eins og samþykkt þessi er komin í gildi, skal sæta hinu fyrsta tækifæri, að gelda alla þá graðhesta, á hvaða aldri sem eru, sem óhæfir eru til undaneldis eptir samþykkt þessari.

* * *

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 1. septbr. 1897, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands Norðuramt, Akureyri, 29. apríl 1897.

Páll Briem.

71 10. maí **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um lán úr landsjóði til Árnessýslu.** Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar Árnessýslu, og tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 5. þ. m., þar sem þjer fyrir hönd amtsráðsins í Suðuramtinu samþykkið lántökuna, hefi jeg veitt Árnessýslu 2500 króna lán úr viðlagasjóði landsjóðs til þess að styrkja íbúa Gnúpverjahrepps í nefndri sýslu til að koma upp nauðsynlegum húsum í stað þeirra, er hrundu í jarðskjálftunum, er þar gengu um síðastliðið sumar, gegn því að lán þetta endurborgist á 10 árum með 250 krónum á ári, auk 4% vaxta.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

72 15. maí **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu* **um sveitfesti þurfalings.** — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dagsett 6. þ. m., um erindi hreppsnefndarinnar í Húsavíkurhreppi í Þingeyjarsýslu, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 18. júlí f. á., er kveður svo á að G. Ágúst nokkur Sigurpálsson eigi framfærslurjett í umgetnum hreppi, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg er samþykkur ástæðum þeim, sem úrskurður yðar er byggður á, skal hann standa óraskaður.

Úrskurður amtmanns (stýlaður til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu).

Með brjefi, dagsettu 26. maí þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer allmörg skjöl, viðvíkjandi ágreiningi milli hreppsnefndanna í Saurbæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu og Húsavíkurhrepps í sýslu yðar út af styrk, veittum G. Ágúst Sigurpálssyni í Saurbæ af sveitarsjóði Saurbæjarhrepps, að upphæð 50 kr.

Ágúst þessi er tengdasonur síra Jakobs Björnssonar í Saurbæ og hefir verið í vinnu-

Amtsráðið ályktaði að fela forseta, að senda landshöfðingja þessa ítrekuðu málaleitun með meðmælum sínum.

21. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 12. dag aprílm., þar sem hann ber fram þá ályktun sýslunefndarinnar, að

leita meðmæla amtsráðsins til þess, að því yrði komið til leiðar, að vegurinn frá Arnarholti til Stykkishólms yrði tekinn í þjóðvegatölu eða með öðrum orðum gjörð breyting á 5. gr. laga 13. apríl 1894, um vegi. 81

Forseti gat þess að frumvarp hjer að lútandi, sem komið hefði fram á alþingi 1895, hefði verið fellt frá 2. umræðu með 11 atkvæðum gegn 8, og hefði því verðið andmælt bæði af þingmanni Dalamanna og landshöfðingja; væri því eigi nein von til þess, að landshöfðingi gæti sinnt brjefi amtsins, dags. 24. ágúst f. á., um málefni þetta, enda væri það nú meining sýslunefndarinnar, að amtsráðið sendi væntanleg meðmæli sín til þingmanns Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, sem falið hefir verið að bera málið upp á næsta þingi. Amtsráðið sá sjer eigi fært, að láta slík meðmæli í tje.

22. Forseti lagði fram brjef sýslumannanna í Strandasýslu, Dalasýslu og Austurbarðastrandarsýslu, dags. 13. apríl, 10. maí og 3. júní þ. á., viðvíkjandi ályktun sýslunefndanna þar um, að hvor hinna tveggja fyrstnefndu sýslna tæki allt að því 8000 kr. og Austurbarðastrandarsýsla allt að því 4000 kr. lán til að koma upp tóvinnuvjelastofnun við Gilsfjörð og var ennfremur lagt fram erindi hjer að lútandi frá skólastjóra Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal, dags. 5. apríl þ. á., þar sem nákvæmar er skýrt frá fyrirkomulagi þessarar stofnunar.

Sýslunefndin í Strandasýslu vill taka allt að 8000 kr. lán í þessu skyni á þann hátt, að lánsupphæðin verði smátt og smátt fengin 3 eða 4 efnilegum ungum mönnum, þá er einhver þeirra hefir lært að meðhöndla og nota tóvinnuvjelar, gegn tryggingu að $^2/_3$ af láninu í húsum og áhöldum stofnunarinnar og að $^1/_3$ í nægilega tryggu fasteignarveði; skyldu hús og áhöld jafnan vera vátryggð. Þessi sýslunefnd hefir einnig ályktað að leita samþykkis amtsráðsins til þessarar lántöku.

Sýslunefndin í Austurbarðastrandarsýslu vill binda lántöku sína uppá 4000 kr. alveg hinum sömu skilyrðum.

Ályktun sýslunefndarinnar í Dalasýslu fer í líka átt, en hún vill, að tryggingin sje að $^1/_2$ láninu í húsum og áhöldum, og að $^1/_2$ í fasteign. Ennfremur hefir nefndin ályktað, að sú kvöð verði lögð á þá jörð, þar sem stofnunin yrði sett, að hún mætti vera þar kyr gegn sanngjörnu lóðargjaldi, ef svo skyldi fara, að sýslunefndirnar, sem hlut ættu að máli, yrðu að taka stofnunina að sjer, og annaðhvort reka hana sjálfir eða fá einhvern til þess.

Amtsráðið veitti samþykki sitt til, að hin nefndu sýslufjelög mættu taka hin umbeðnu lán á þann hátt, sem sýslunefndirnar í Strandasýslu og Austurbarðastrandarsýslu hafa stungið upp á, eða með öðrum orðum, að lán Dalasýslu yrði sömu skilyrðum bundið og lán hvorra tveggja hinna sýslufjelaganna.

23. Forseti lagði fram til eptirlita reikning yfir tekjur og gjöld kvennaskólans í Reykjavík fyrir 1895/96, skýrslu um vorpróf í skólanum 1897 og beiðni um 100 kr. skyrk fyrir yfirstandi ár, úr jafnaðarsjóði amtsins, sem amtsráðið veitti.

81 24. Því næst var framlagt erindi frá í Torfa J. Tómassyni Ólafsvík, dags. 1. þ. m., þar sem hann kærir yfir meðferð hreppsnefndarinnar í Neshreppi innan Ennis og sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og yfir útsvari því, sem á hann hefði verið lagt til hreppsins haustið 1896.

Amtsráðið ályktaði að leita umsagnar hreppsnefndar og sýslunefndar um málið.

25. Amtsráðið sá sjer eigi fært, að veita Guðjóni búfræðing Guðmundssyni frá Finnbogastöðum í Strandasýslu styrk úr jafnaðarsjóði, sem hann hafði sótt um til utanfarar til þess að ganga á búnaðarskóla í Noregi og sjerstaklega kynna sjer grasrækt.

26. Framlagt var erindi frá búfræðing Hólmgeiri Jenssyni, dags. 22. f. m., þar sem hann sækir um styrk til þess, að útvega sjer sjónauka (míkroskop), sem sje nauðsynlegur við tilraunir hans til þess að rannsaka bráðasótt og fást við bólusetningar gegn henni, en hann hefir verið við dýralækninganám í Noregi einn vetur og hefir góða vitnisburði þaðan.

Amtsráðið ályktaði að veita honum 200 kr. úr jafnaðarsjóði til þess hann fengi sjer sjónauka, sem kosti 300 kr. að minnsta kosti, og skyldi verkfærið svo vera hans eign. Amtsráðið áleit æskilegt, að Hólmgeiri Jenssyni yrði veittur nokkur styrkur úr landssjóði sem praktiserandi dýralækni í norðurhluta Vesturamtsins.

Ennfremur var framlagt erindi frá dýralækni Magnúsi Einarssyni, dags. 5. þ. m., og stílað til amtsráðanna í Vesturamtinu og Suðuramtinu, þar sem hann fer þess á leit, að amtsráðin leggi dýralæknisembættinu í ömtunum sjónauka (mikroskop), sem muni kosta c. 350 kr.

Amtsráðið ályktaði, að veita til þessa 150 kr. með því skilyrði, að amtsráðið í Suðuramtinu leggði til það, sem ávantaði til þess að fá góðan sjónauka.

Fjárveiting til sjónauka, samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 3. og 4. ágúst f. á. (Stjórnartíðindi 1896, B. bls. 163), hafði eigi verið notuð.

27. Forseti lagði fram brjef amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu, dags. 24. maí þ. á., þar sem hann fer þess á leit, að tillögur sínar um, að alls herjarbúnaðarfjelag fyrir allt landið verði stofnað á þá leið, að bæði Suðuramtið og Vesturamtið gangi í samfjelag við búnaðarfjelag Suðuramtsins, eptir reglum, sem framlagt frumvarp, sem amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu hafði samið til laga fyrir hið íslenzka landbúnaðarfjelag, hafði inni að halda. Ennfremur er þess farið á leit, ef amtsráðið vildi sinna þessu, að það þá skipi fulltrúa til þess að mæta á fundi búnaðarfjelags Suðuramtsins, sem verður haldinn 5. júlí n. k., til þess að ræða málið, og til þess, ásamt nefnd, er væntanlega yrði kosin af búnaðarfjelaginu og ásamt fulltrúum hinna amtsráðanna að gjöra ákveðnar tillögur um stofnun búnaðarfjefjelags fyrir allt landið, er að ári yrðu lagðar fyrir amtsráðið.

Amtsráðið ályktaði að sinna máli þessu, og senda tvo fulltrúa til fyrnefnds fundar með það umboð, að taka þátt í umræðunum, en án nokkurs valds til þess að taka endilega ákvörðun um hluttekning í hinu fyrirhugaða

búnaðarfjelagi fyrir allt landið. Til þessa fundar voru kosnir: sýslumaður Skúli Thoroddsen og forseti amtráðsins. 81

28. Forseti lagði fram reikning um viðskipti amtsins og búnaðarskólans í Ólafsdal 1896/97, skýrslu um sama skóla, fyrir 1889—1897, sem amtsráðið ályktaði að skyldi prenta á kostnað jafnaðarsjóðs amtsins, og skýrslu um bókasafn skólans og lærisveina við lok skólaársins 1896/97.

Amtsráðið ályktaði að verja til Olafsdalsskólans á yfirstandandi ári fyrir skólaárið 1897—98:

1.	Meðgjöf með 6 piltum í efri deild á 150 kr.	kr. 900
2.	Meðgjöf með 5 piltum í neðri deild á 250 kr.	— 1250
3.	Laun forstöðumanns	— 800
4.	Laun aðstoðarkennara	— 350
5.	Til verkfærakaupa og áhalda	— 100
6.	Til prófdómenda	— 50
7.	Til bókakaupa	— 50
	Samtals:	kr. 3500

og skyldi ganga til þess:

1.	Styrkur úr landssjóði	kr. 2500
2.	Úr búnaðarskólasjóði	— 1000
		kr. 3500

29. Forseti skýrði frá að ályktun amstráðsins á fundi þess 3. og 4. ágúst f. á. (sbr. Stjórnartíðindi 1896, B. bls. 164), um lántöku handa Torfa skólastjóra Bjarnasyni í Ólafsdal, væri framkvæmd, hefði lánið, 12000 kr., verið tekið úr landsbankanum upp á 20 ár. og upphæðin svo lánuð aptur skólastjóra gegn hinu tilsetta veði, og var framlögð virðingargjörð á hinu nýja skólahúsi og á jörðinni Ólafsdal.

30. Þá var framlagt frumvarp til skipulagsskrár fyrir styrktarsjóðinn »Þorvaldar minning«, sem samið var af þeim amsráðsmönnum, sem þar til höfðu verið kvaddir, samkvæmt fyrirmælum erfðaskrárinnar. Amtsráðið fjellst á frumvarpið, eins og það lá fyrir, og var svo forseta falið, að koma því á framfæri, svo það yrði lagt undir konungsstaðfesting.

31. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir 1898:

Tekjur:

1.	Væntanlegar eptirstöðvar	kr. 1800,00	
2.	1 Afborgun upp í lán Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal . . . . . kr. 600		
	og ársrentur . . . . . — 520	— 1120,00	
3.	Jafnaðarsjóðsgjald	— 1643,33	4563,33

Gjöld:

1.	Kostnaður við amtsráðið	— 1000,00	
2.	Kostnaður samkv. 3. gr. laga 2. okt. 1891, um skipun dýralækna á Íslandi	— 200,00	
	Flyt:	kr. 1200,00	

81

	Flutt:	kr. 1200,00	
3.	Til amtsbókasafnsins	— 200,00	
4.	Til kvennaskólans í Reykjavík	— 100,00	
5.	4. afborgun upp í og vextir af bankaláni frá 25/6 95	— 543,33	
6.	1 Afborgun upp í og rentur af bankaláni frá 14/11 96	— 1120,00	
7.	Ferðakostnaður	— 200,00	
8.	Ýmislegt	— 200,00	
9.	Eptirstöðvar	— 1000,00	4563,33

32. Amtsráðið ályktaði að borga 25 kr. sem fundarhúsleigu.

Feiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 19. júní 1897.

J. Havsteen.

82 16. júní

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um lántöku handa Barðsprestakalli til húsabyggingar.** — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi 29. f. m. vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Barði í Fljótum, síra Tómas Björnsson, taki allt að 1500 króna embættislán, er mun geta fengizt úr landssjóði gegn tryggingu í tekjum prestakallsins, til að gjöra á staðnum íbúðar- og geymsluhús úr timbri, 14 álna langt og 8 álna breitt, með járnþaki og með svo háu porti, að loptið geti algjörlega notazt til íbúðar, og með manngengum kjallara undir helmingi hússins. Þó er þetta lántökuleyfi þeim skilyrðum bundið, *að* lánið verði borgað af tekjum prestakallsins á 25 árum samfleytt, að telja frá því lánið er tekið, með $^1/_{25}$ hluta lánsins á ári auk vaxta, *að* húsið sje vandað að efni og smíði að öllu leyti, *að* kjallarinn sje gjörður úr velhlöðnu steinlímdu grjóti, *að*, ef veggir eru hafðir á 3 vegu uppundir glugga, þá sjeu þeir úr steinlímdu vel lögðu grjóti, *að* járnþakið sje lagt ofan á súð úr plægðum borðum, þumlungs þykkum að minnsta kosti og, að það sje nægilega skarað og vandlega neglt, *að* klætt sje utan á binding með plægðum eða listuðum borðum og vandlega troðið með hentugu efni til skjóls á milli ytra byrðis og þilju, *að* húsið sje vel málað að utan og innan, *að* því fylgi nauðsynlegir ofnar og eldavjel, *að* niðurskipun herbergja sje eptir því, sem prófastur álítur hentugast og samþykkir, *að* húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvoðatryggingu fyrir minnst 2000 kr., *að* síðari helmingur lánsins útborgist ekki fyrr en sannað er með áreiðanlegri skoðunargjörð, að húsið sje að öllu fullgjört og hinum settu skilyrðum fullnægt, *að* hið nýja hús verði eign prestakallsins, enda megi þá niðurfalla eptirnefnd hús, er áður hafa fylgt prestakallinu: baðstofa, búr, eldhús, göng, bæjardyr, stofa og skemma og *að* presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Reikningur 83

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins 1896.

Tekjur:

1.	Eptirstöðvar við árslok 1895:		
	a. Í landsbankanum	kr. 2404,49	
	b. Í peningam	— 403,83	kr. 2808,32
2.	Jafnaðarsjóðsgjald 1896, 18 aurar á hvert hundrað:		
	A. Strandasýslu	— 226,80	
	B. Ísafjarðarsýslu og kaupstaðar	— 473,01	
	C. Barðastrandarsýslu	— 264,84	
	D. Dalasýslu	— 364,77	
	E. Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	— 312,04	
	F. Mýrasýslu	— 426,47	— 2067,93
3.	Vextir af bankainnlögum $^{31}/_{12}$ 96		— 76,24
4.	Vextir af láni Torfa skólastjóra Bjarnasonar frá $^{14}/_{11}$ 96 til $^{30}/_{9}$ 97.		— 457,88
5.	Til jafnaðar færist gjaldliður 9.		— 2,00
			kr. 5412,37

Gjöld:

1.	Kostnaður við amtsráðið		kr. 588,35
2.	Bólusetningar frá 1895 og fyrri árum		— 35,50
3.	Sáttamál		— 40,00
4.	Vextir og afborganir upp í 2 landsbankalán		— 1044,55
5.	Umsjónarferð amtmanns		— 100,57
6.	Bókasafnið í Stykkishólmi		— 300,00
7.	Ýmislegt		— 274,72
8.	Fært til endilegra útgjalda ófáanlegt gjald úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu		— 22
9.	Auglýsing vogrek, (fyrirfram borgun)		— 2,00
10.	Eptirstöðvar við árslok 1896:		
	a. Óendurgoldin fyrirframborgun (gjaldl. 9.)	kr. 2,00	
	b. Í landsbankanum	— 2480,73	
	c. Í peningum	— 543,73	— 3026,46
		Samtals	kr. 5412,37

Vesturamtið, Reykjavík, 12. jan. 1897.

J. Havsteen.

84

Reikningur

yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins 1896.

Tekjur:

1.	Eptirstöðvar við árslok 1895:		
	a. Veðskuldabrjef einstakra manna	kr. 7618,00	
	b. Í landsbankanum	— 1608,31	
	c. Ógoldnir vextir	— 6,00	
	d. Ógreitt búnaðarskólagjald úr Strandasýslu fyrir 1895	— 48,56	
	e. Í peningum	— 52,97	kr. 9333,84
2.	Vextir:		
	a. Vextir af skuldabrjefum frá 11/6 95 til 11/6 96 af 8218 kr.	kr. 328,72	
	b. Vextir ógoldnir frá 11/6 94 til 11/6 95	— 6,00	
	c. Dagvextir af endurborguðu láni	— 3,00	
	d. Vextir af bankainnlögum 31/12 96	— 42,78	— 380,60
3.	Búnaðarskólagjald 1896:		
	a. Strandasýslu	kr. 48,56	
	b. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður	— 118,22	
	c. Barðastrandarsýslu	— 120,98	
	d. Dalasýslu	— 115,39	
	e. Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	— 131,56	
	f. Mýrasýslu	— 102,69	— 637,40
4.	Ógreitt búnaðarskólagjald Strandasýslu fyrir 1895.		— 48,56
5.	Endurborgað lán		— 150,00
6.	Til jafnaðar færist gjaldliður 2.		— 400,00
7.	Sömuleiðis gjaldliður 3.		— 900,00
		Samtals	kr. 11850,30

Gjöld:

1.	Lagt til búnaðarskólans í Ólafsdal samkvæmt ályktun amtsráðsins fyrir skólaárið 1896—97	kr. 944,33
2.	Lánað á móti veði	— 400,00
3.	Keypt skuldabrjef tilheyrandi Eldgosasjóði Suðuramtsins með vöxtum og dagvöxtum að upphæð 900 kr.	— 935,60
4.	Til jafnaðar færist tekjuliður 2. b.	— 6,00
5.	Sömuleiðis tekjuliður 4..	— 48,56
6.	Sömuleiðis tekjuliður 5.	— 150,00
7.	Eptirstöðvar við árslok 1896:	
	a. Veðskuldabrjef einstakra manna . . . . . kr. 8768,00	
	b. Ogoldnir vextir 11/6 95 til 11/6 96 . . . . . — 40,00	
	c. Í landsbankanum . . . . . — 351,09	
	Flyt	kr. 9159,09

	Flyt kr.	9159,09	**84**
d. Í peningum	—	206,72	9365,81
	Kr.		11850,30

Vesturamtið, Reykjavík 12. jan. 1897.

J. Havsteen.

85 29. maí

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* **um þingsályktanir viðvíkjandi breyting á stjórnarskránni.** — Ráðaneytið hefir borið upp fyrir hans hátign konunginum þingsályktanir þær um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, sem sendar voru með þóknanlegu brjefi yðar frá 20. desbr. 1895, og samþykktar höfðu verið 1895 af hvorri deild alþingis fyrir sig, og hefir hans hátign eptir allraþegnsamlegustum tillögum mínum úrskurðað, að í allrahæstum boðskap til alþingis, þeim er yður mun sendur með öðru brjefi, dagsettu í dag, skuli fólgið það svar, að umræddar þingsályktanir hafi eigi getað orðið teknar til greina, og að ástæður þær, er fyrir því eru færðar í tillögum ráðaneytisins, hvers vegna þingsályktanirnar eigi hafa orðið teknar til greina, skuli kunngjörðar almenningi á Íslandi á þann hátt, að birtur verði á prenti sá hluti af tillögunum, sem hjer kemur til greina.

Þessi hluti af áðursögðum allraþegnsamlegustum tillögum er þannig:

»Á reglulegu alþingi 1895 hefir hvor þingdeild fyrir sig samþykkt svokallaða þingsályktun um breytingar á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874, og hefir það mál stöðugt verið til meðferðar á samkomum alþingis á hinum síðari árum. Ályktun efri deildar er þannig:

»»Um leið og efri deild alþingis lýsir því yfir, að hún heldur fast við sjálfstjórnarkröfur Íslands, með svo fullri tryggingu, sem komið hefir fram á undanförnum þingum, ályktar hún að skora á stjórnina, að taka þær til greina og sjerstaklega hlutast til um:

1. að löggjafar- og landstjórnarmálefni, er heyra undir hin sjerstöku málefni Íslands, verði eptirleiðis eigi lögð undir atkvæði hins danska ríkisráðs eða borin upp í því;

2. að gjörð verði með nýjum stjórnarskipunarlögum breyting á ábyrgð hinnar æðstu stjórnar Íslands sjerstöku mála, þannig, að neðri deild alþingis geti ávalt, er ástæða þykir til og fyrir sjerhverja stjórnarathöfn, er til þess gefur tilefni, komið fram ábyrgð beinlínis á hendur hjer búsettum, innlendum manni, er mæti á alþingi;

3. að stofnaður verði sjerstakur dómstóll hjer á landi, skipaður innlendum mönnum (landsdómur), er dæmi í málum þeim, er neðri deild alþingis eða konungur lætur höfða gegn hinum æðsta stjórnanda hjer á landi«».

Texti þingsályktunar neðri deildar er frábrugðinn þingsályktun efri deildar í þeim tveimur atriðum, að í hinni fyrnefndu er það beint tekið fram, að

1. dag júlímán. 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

85 deildin haldi fast við sjálfstjórnarkröfur Íslands, eins og þær hafi komið fram á
29. maí undanförnum þingum, og sem frumvarp það til stjórnarskipunarlaga byggist á, er deildin hefði samþykkt á þinginu 1895, og að beðið er um það í 2. tölulið þingsályktunar neðri deildar, að lagt verði fyrir næsta alþingi frumvarp til hinna nýju eptiræsktu stjórnarskipunarlaga.

Í allra þegnsamlegustu ávarpi frá neðri deild alþingis, því er sent var yðar hátign með allraþegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins fyrir Ísland 21. maí f. á., er athygli yðar hátignar þar að auki leitt að þessu máli.

Jafnframt því að senda hingað hinar umgetnu þingsályktanir, hefir landshöfðinginn yfir Íslandi skýrt svo frá, að ályktanir þessar sjeu sprottnar af þeirri viðurkenning meiri hluta alþingismanna, að það mundi árangurslaust að halda áfram að samþykkja stjórnarskrárfrumvörp, er fyllilega er orðið ljóst um, að eigi muni geta öðlazt allrahæsta staðfesting, og því hafi menn viljað reyna að fá óskir sínar í þessu máli uppfylltar með því að ganga þann veg, er líklegri væri, nfl. að skora á stjórnina að koma fram með frumvarp um endurskoðun á stjórnarskránni í þá átt, er hin fyrri stjórnarskrárfrumvörp hafa í bent. Hefir landshöfðingi bætt hjer við eptirrituðum athugasemdum og tillögum.

Útaf 1. tölulið þingályktunarinnar hefir hann í samræmi við skoðun alþingis látið þar álit sitt í ljós, að sú tilhögun, sem nú á sjer stað, að leggja einnig fyrir ríkisráðið þau löggjarmálefni og landstjórnar, er eptir lögum frá 2. janúar 1871, um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, eru sjerstakleg málefni Íslands, virðist eigi geta samrýmzt ákvæðum stjórnarskrár um hin sjerstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874, með því að ekki einungis 1. gr. stjórnarskrárinnar, er í henni er sagt, að í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hafi landið löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig, heldur og 2. gr., að konungur hafi hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstöku málefnum Íslands og láti ráðgjafann fyrir Ísland framkvæma það, og 3. gr., að ráðgjafinn hafi ábyrgð á því að stjórnarskránni sje fylgt, virðist helzt gjöra ráð fyrir því, að konungur gjöri út um hin sjerstaklegu löggjafarmálefni Íslands og landstjórnarmálefni með aðstoð þess ráðgjafa eins, er hann hefir kosið til að vera Íslands ráðgjafa, án þess hinir aðrir ráðgjafar konungs geti haft nokkur áhrif á þær ráðstafanir, er í þessu efni sjeu gjörðar; en það geti ekki hjá því farið, að slík áhrif ættu sjer stað, að minnsta kosti að forminu til, meðan þessi málefni eru lögð undir atkvæði ríkisráðsins.

Útaf 2. tölulið þingsályktunarinnar hefir hann með skírskotun til allrahæstrar auglýsingar frá 2. nóvember 1885 tekið það fram, að það sje óhjákvæmilegt, að sá ráðgjafi sitji við hlið konungs, er honum er trúað fyrir æðstu stjórn hinna sjerstöku málefna Íslands, og því verði hann að búa í Kaupmannahöfn; aptur á móti hefir landshöfðingi lagt það til að látið verði að óskum alþingis að nokkru, þannig, að skipaður sje sjerstakur ráðgjafi fyrir Ísland, er geti mætt á alþingi og beri ábyrgð gagnvart því eigi einungis á því, að stjórnarskránni sje fylgt, heldur og fyrir sjerhverja stjórnarathöfn, er snerti hin sjerstaklegu málefni Íslands.

Enn hefir hann út af 3. tölulið þingsályktananna um skipun sjerstaks ís-

lenzks dóms til þess að dæma í málum þeim, er höfðuð yrðu af konungi eða neðri deild alþingis gegn þeim manni, er hefði á hendi æðstu stjórn hinna sjerstaklegu málefna Íslands, tekið það fram, að hann eigi geti sjeð að skipun slíks dóms sje nauðsynleg nje einu sinni æskileg, því að það sje bæði eðlilegast, að dómur hjer dæmi um hina stjórnskipulegu ábyrgð fyrir stjórnarathafnir, sem framkvæmdar eru í Kaupmannahöfn, enda verði eigi vænzt rjettlátara og óhlutdrægara dóms hjá öðrum dómstól en hæstarjetti ríkisins um ágreiningsatriði þau, er um mundi verða að ræða. 85 29. maí

Loks hefir landshöfði getið, þess að gjöra megi ráð fyrir því, að þá yrði sjeð fyrir endann á stjórnarbaráttu þeirri, er nú hefir verið háð um mörg undanfarin ár til mikillar hindrunar heillavænlegri samvinnu stjórnar og þings, ef látið væri að óskum alþingis samkvæmt því, sem áður er sagt, þannig: *að* hin sjerstöku löggjafarmálefni og landstjórnarmálefni Íslands verði eigi framvegis borin upp í ríkisráðinu eða lögð undir atkvæði þess, *að* skipaður verði fyrir Ísland sjerstakur ráðgjafi, er mæti á alþingi, *og að* ráðgjafinn fyrir Ísland beri ábyrgð gagnvart alþingi ekki einungis á því, að stjórnarskránni sje fylgt, heldur og á embættisfærslu sinni yfirleitt; hefir landshöfðingi jafnframt skotið máli þessu til aðgjörða ráðaneytisins.

Jafnframt því allraþegnsamlegast að bera mál þetta upp fyrir yðar hátign, skal jeg leyfa mjer að taka það fram, sem hjer fer á eptir.

Þar þarf sennilega ekki að geta þess, að kröfur þær eru engan veginn nýjar, er fólgnar eru í hinum umgetnu þingsályktunum. Það er berlega tekið fram í báðum þingsályktunum, að stjórnarbótarkröfur þær, er óskað er eptir að stjórnin taki nú að sjer til að færa í stýl og koma að öðru leyti á framfæri, eru allar hinar sömu, sem komið hafa svo opt fram áður frá Íslands hálfu, án þess þær hafi orðið teknar hjer til greina, og hafa þær seinast verið fólgnar í stjórnarskrárfrumvörpum þeim, er frá alþingi 1885 og 1886, og 1893 og 1894 hafa komið, og neitað hefir verið allrahæstrar staðfestingar. Að kröfurnar sjeu hinar sömu, er að vísu eigi tekið fram með berum orðum í þingsályktun efri deildar, en það er skýrt tekið fram í þingsályktun neðri deildar og einkum í ávarpi hennar til yðar hátignar; og þótt þetta hefði eigi verið tekið svo ljóslega fram í þingsályktununum, þá eru í raun rjettri einmitt aðalatriðin í hinum gömlu kröfum fólgin í hinum þrem töluliðum þingsályktananna.

Að því leyti sem því er haldið fram, að ráðgjafinn fyrir Ísland eigi að rjettu lagi samkvæmt gildandi stjórnarskipunarlögum ekki að bera hin sjerstaklegu málefni Íslands upp í ríkisráðinu, þá er þetta byggt á misskilningi bæði á sjálfum ákvæðum laganna frá 2. janúar 1871 og 5. janúar 1874, og sambandi þessara laga við hinn sameinginlega grundvöll sinn, grundvallarlög hins danska ríkis. Að vísu er það eigi beint tekið fram í lögunum frá 1871 og 1874, eins og í hinum eldri frumvörpum til laga um stjórnarlega stöðu Íslands, að ráðgjafinn fyrir Ísland skuli eiga sæti í ríkisráðinu; en þótt þetta sje eigi beint tekið fram í umgetnum lögum, þá var hvorki tilætluð nje gjörð nein breyting í þessu efni, eins og ljóslega kemur fram í umræðunum um lögin frá 1871 í ríkisþinginu. Að það er eigi tekið fram í lögunum, að ráðgjafinn fyrir Ísland skuli eiga

85 sæti í ríkisráðinu, kemur til af því einu, að það þótti óþarft að taka upp í lög-
in bein ákvæði um það, því að það liggur samkvæmt grundvallarlögunum beint
29. maí í hugmyndinni ráðgjafi, að hann skuli eiga sæti í ríkisráðinu og bera upp í því öll þau lög, er heyra undir verkahring hans, og allar þýðingarmiklar stjórnarathafnir. Því er það, að, úr því æðsta stjórn íslenzkra málefna í Kaupmannahöfn, sú er um er rætt í lögunum frá 1871, samkvæmt þeim greinum í lögunum frá 1874, er landshöfðingi tilfærir, er falin á hendi íslenzkum ráðgjafa, þá er staða hans að sjálfsögðu að því leyti hin sama, sem annara ráðgjafa ríkisins, og Ísland hefir eins fyrir því löggjöf og stjórn út af fyrir sig, svo sem því ber í hinum sjerstaklegu málefnum landsins, þótt stjórnarstörf þau, sem ráðgjafanum í þessum efnum er trúað fyrir, verði að framkvæmast eptir sömu reglum og samráði, eins og stjórnarstörf hinna annara ráðgjafa konungs.

Það þarf varla að færa rök að því, að ráðaneytið eigi muni geta ráðið til slíkrar *breytingar* á hinum gildandi ákvæðum, er hefði það í för með sjer, að hin sjerstöku löggjafarmálefni og stjórnarmálefni Íslands yrðu eigi eptirleiðis lögð undir atkvæði ríkisráðsins eða borin upp í því, heldur borin upp fyrir konungi af ráðgjafa Íslands einum, svo að hann hefði sömu stöðu, að því er þessi mál snertir, sem allir ráðgjafarnir til samans í ríkisráðinu, að því er til annara mála kemur. Það hefir opt verið tekið fram í hinum langvinnu umræðum um hið íslenzka stjórnarskrármál, að væri sett á stofn slíkt stjórnarvald, sem áður er óþekkt, og kalla mætti sjerstakt íslenzkt ríkisráð, jafnrjetthátt og óháð ríkisráði ríkisins, sem fyrir er skipað um í grundvallarlögunum, þá væri Ísland þar með leyst úr ríkissambandinu, en það væri jafn skaðlegt bæði fyrir Ísland og ríkið í heild sinni, eins og það væri og ósamræmilegt hinni gildandi stjórnarskipun ríkisins og hinni stjórnlegu stöðu Íslands sem ófráskiljanlegs hluta Danaveldis.

En með því að þetta er þannig, þá þarf engra frekari sannana við til að sýna fram á það, að eigi getur komið til mála að flytja til Íslands frá aðsetri stjórnarinnar og úr aðseturstað konungs ráðgjafa þann, er trúað væri fyrir æðstu stjórn hinna sjerstöku málefna Íslands, og ábyrgð þeirra mála því hlyti að hvíla á honum. Eigi gæti það heldur komið til tals að skipa sjerstakan íslenzkan dóm, eins og þingsályktanirnar fara fram á, nema ráðgjafi Íslands hefði aðsetu þar í landi. Það er því engi þörf á því að telja hjer hinar mikilvægu ástæður, sem landshöfðingi einnig hefir bent á, og annars mætti tilfæra gegn því að setja staðlegan íslenzkan dóm í stað hæstarjettar ríkisins til að dæma í málum þeim, sem hjer er um ræða.

Þegar fallin er hin mikilvægasta ráðstafana þeirra, er landshöfðingi hefir lagt til að gjörðar væri til þess að láta að óskum alþingis að nokkru leyti, nefnilega sú ráðstöfun, að eigi skuli leggja hin sjerstöku íslenzku lög og stjórnarathafnir fyrir ríkisráðið og undir atkvæði þess, þá verður varla ráð fyrir því gjört, að nokkur von sje til þess, að hinar aðrar ráðstafanir, sem hann hefir mælt með, yfir höfuð yrðu skoðaðar sem uppfylling á kröfum þingsins, enda jafnvel óvíst að þær þættu í rauninni nokkurs virði. Það virðist auk heldur varla gjörandi ráð fyrir því að einu sinni ráðstöfun, er að öllu samsvaraði til-

lögum landshöfðingja, hefði þann árangur, er hann gjörir sjer von um, að binda 85
enda á stjórnarbaráttuna, þegar þess er gætt, hve miklum mun viðtækari eru
kröfur þingsályktananna, er þó eru sprottnar af löngun til þess að gæta hófs. 29. maí
En hvað sem því líður, þá er eptir atvikum eigi hin minnsta ástæða til þess að
vænta nokkurs slíks árangurs af ráðstöfun, er gengi skemmra í þá átt að láta
að óskum alþingis«.

Þetta er yður, herra landshöfðingi, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna, ásamt áðurnefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja til ráðgjafans fyrir Ísland. 85

Þegar í byrjun alþingis þess, er saman kom síðastliðið sumar, voru lagðar fyrir báðar deildir þingsins samhljóða tillögur til þingsályktunar um stjórnarskrármálið, og samtímis var lagt fyrir neðri deild frumvarp til stjórnskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands, og var það samhljóða lagafrumvarpi því með sömu fyrirsögn, s m samþykkt var á alþingi 1893 og 1894. Frumvarp þetta var samþykkt af neðri deild með 12 atkvæðum gegn 10, en fellt frá umræðu í efri deild með rökstuddri dagskrá með 7 atkvæðum gegn 4, með því að þessi deild hafði þá þegar samþykkt þingsályktunartillöguna. Þegar nefnt lagafrumvarp, er neðri deild hafði samþykkt, þannig var fallið, samþykkti hún með 14 atkvæðum gegn 8 áðursagða þingsályktunartillögu með nokkrum breytingum. Um leið og jeg nú sendi nefndar ályktanir, sem þannig eru samþykktar af báðum deildum þingsins, bæði eins og þær komu frá hendi alþingis og í danskri þýðingu, skal jeg lotningarfyllst leyfa mjer að taka það fram, er hjer fer á eptir.

Svo sem kunnugt er, hafði bænarskrá sú, er samþykkt var af alþingi 1873, inni að halda þá tillögu, að endurskoðuð stjórnarskrá skyldi lögð fyrir hið fjórða alþingi, er saman kæmi eptir það, er stjórnarskipun sú væri komin í gildi, er um var beðið, og þegar stjórnin eigi lagði slíkt frumvarp fyrir alþingi 1881, var það borið upp af þingmanna hálfu, og hefir síðan síðan verið borið upp af hálfu þingmanna á hverju alþingi, þótt það hafi að eins tvisvar verið útrætt og samþykkt á reglulegu alþingi, nefnilega 1885 og 1893. — Öll þessi frumvörp til endurskoðaðra stjórnskipunarlaga hafa haft það mark og mið að koma á alinnlendri stjórn með því að fá æðstu stjórn landsins í hendur ábyrgðarlausum landstjóra, er væri búsettur á Íslandi og ljeti ráðgjafa framkvæma vald sitt. Skyldu ráðgjafar þessir vera kosnir af landstjóranum og bera ábyrgð á framkvæmdum stjórnarinnar gagnvart alþingi. Með því að það berlega er gjört Íslendingum kunnugt í allrahæstum auglýsingum til þeirra frá 2. nóvbr. 1885 og 15. desbr. 1893, að slík skipun á æðstu stjórn landsins sje ósamræmileg stjórnarskipun ríkisins, og að engi geti orðið vænzt allrahæstrar staðfestingar á lagafrumvarpi, sem hefir í för með sjer slíka breyting á stjórnarskipun ríkisins, þá hefir meiri hluti alþingismanna komizt að þeirri niðurstöðu, að það sje árangurslaust að fara því fram, að ræða á hverju reglulegu alþingi stjórnarskrárfrumvarp, sem engin von er til að verði staðfest, og gjöra það að verkum með því að samþykkja slíkt frumvarp, að leysa verði upp alþingi og halda aukaþing, er að engum notum kemur. Auk þess telja margir hinna hyggnustu alþingismanna allt of flókna og dýra, og í mörgum atriðum óhentuga skipun þá á hinni æðstu stjórn landsins, er stjórnarskipunarlagafrumvörpin hingað til hafa haft inni að halda. Um leið og alþingi þó heldur fast við hinar gömlu kröfur sínar um breyting á stjórnarskipuninni, einkum að því er snertir skipun á hinni æðstu stjórn landsins, þá hefir það í þetta skipti valið aðra aðferð, er það telur lík-

85 legri til eflingar málinu, nefnilega að snúa sjer til stjórnarinnar og fara þess á leit við hana, að hún hefjist handa til þess að koma fram endurskoðun á stjórnarskránni, er gangi í þá átt, er hin stjórnarskipunarlagafrumvörpin hafa til bent, og hefir alþingi sjerstaklega tekið fram þau atriði, er því þyki mest um vert, og eru þau þessi:

1. að eigi verði borin upp í ríkisráðinu eða lögð undir atkvæði þess lög eða stjórnarathafnir, er snerta hin sjerstöku mál fni Íslands;
2. að innlendur maður, er búsettur sje á Íslandi og mæti á alþingi, beri eigi einungis ábyrgð gagnvart alþingi á því að stjórnarskráin sje haldin heldur og á sjerhverri þeirri stjórnarathöfn, er snertir hin sjerstöku málefni landsins, og
3. að hjer á landi verði skipaður dómur innlendra manna (landsdómur), til þess að dæma mál þau, er konungur eða neðri deild alþingis kann að höfða gegn þeim manni, er hefði á hendi hina æðstu stjórn innl ndra mála, út af embættisfærslu hans.

Eins og kunnugt er, samþykkti alþingi 1891 ályktun, sem fór í sömu átt, sem fyrsti töluliður þingsályktunarinnar frá 1895. Með þingsályktuninni frá 1891 skoraði alþingi á ráðgjafann fyrir Ísland að sjá svo um, að Íslandsráðgjafi sitji eigi í ríkisráði Dana, að því leyti er snerti hin sjerstaklegu málefni Íslands, og hjelt alþingi þá, eins og nú, fram þeirri skoðun, að meðan hin sjerstaklegu löggjafarmálefni og landsstjórnarmálefni Íslands væri borin undir atkvæði ríkisráðsins, þar sem allir ráðgjafar ríkisins eiga sæti og atkvæði, væri eigi framfylgt ákvæðunum í 1. gr. stjórnarskrárinnar um að Ísland skuli hafa löggjöf og landsstjórn út af fyrir sig í öllum þeim málefnum, sem samkvæmt 3. gr. laga 2. janúar 1871 um stjórnarlega stöðu Íslands í ríkinu eru sjerstakleg fyrir Ísland. Í brjefi mínu frá 28. janúar 1892, er jeg sendi með því umgetna þingsályktun, leyfði jeg mjer að lýsa yfir því, að jeg væri samdóma alþingi í þessu efni, og enn verð jeg að halda fast við þá skoðun, að eigi einungis áðursagt ákvæði 1. greinar stjórnarskrárinnar, heldur og ákvæði 2. gr. sömu laga um að konungur láti ráðgjafann fyrir Ísland framkvæma vald sitt í öllum sjerstaklegum málefnum Íslands, og enn ákvæði 3. gr. um að ráðgjafinn (fyrir Ísland) beri ábyrgð á því, að stjórnarskránni sje fylgt, virðist helzt gjöra ráð fyrir því, að konungur skuli skera úr öllum sjerstaklegum löggjafarmálefnum Íslands og stjórnarmálefnum með aðstoð ráðgjafans fyrir Ísland, þess er hann hefir kosið, án þess hinir aðrir ráðgjafar konungs geti haft nokkur áhrif á ráðstafanir þær, er í þessu efni eru gjörðar, en það getur eigi hjá því farið, að slík áhrif eigi sjer stað, að minnsta kosti að forminu til, meðan þessi málefni eru lögð undir atkvæði ríkisráðsins.

Að því leyti sem alþingi því næst hefir farið þess á leit að stjórnarskránni yrði breytt á þá leið, að hina stjórnskipulegu ábyrgð á æðstu stjórn hinna sjerstöku málefna Islands skuli bera maður, er búsettur sje í landinu, þá hlýtur tilætlun alþingis að hafa verið sú, að æðsta stjórn sjerstaklegra málefna Íslands skuli falin á hendi manni, er þar sje búsettur og hafi þá ráðgjafavald. En slíkt fyrirkomulag er óhugsanlegt, eins og tekið er fram í allrahæstri auglýsingu frá 2. nóvbr. 1885, því að sá maður verður að vera við hlið konungs — búa í Kaupmannahöfn —, er framkvæmir vald konungs í sjerstökum málefnum Íslands, og undirskrifar með konungi allar gjörðir, er snerta löggjöfina og stjórnina. Þótt það virðist þannig eigi geta komið til nokkurra mála, að taka til greina eptir orðunum það atriði þingsályktunarinnar, sem hjer er um að ræða, má þó vera, að það geti komið til tals að láta að óskum alþingis á þann hátt, að skipaður væri fyrir Island sjerstakur ráðgjafi, er gæti mætt á alþingi og bæri gagnvart því ábyrgð eigi einungis á því að stjórnarskránni sje fylgt, heldur og á öllum framkvæmdum stjórnarinnar, að því er snertir hin sjerstöku málefni Íslands, því að vegna fjarlægðar og örðugra samgangna milli samkomustaðar alþingis og aðsetu stjórnarinnar mundi það mjög æskilegt, að ráðgjafinn gæti

persónulega samið við alþingi, og má gjöra ráð fyrir því, að af því leiddi meðal annars **85**
það gott, að alþingi hætti þá að eyða tíma sínum í umræður um frumvörp, sem ngin von væri til að stafest yrðu.

Um síðasta lið þingsályktunarinnar skal það tekið fram, að jeg get eigi sjeð, að það sje nauðsynlegt eða einu sinni æskilegt, að skipa sjerstakan innlendan dóm til þess að dæma um mál þau, er konungur eða neðri deild alþingis kynni að höfða gegn manni þeim, er hefði á hendi hina æðstu stjórn sjerstaklegra málefna Íslands, út af embættisfærslu hans. Það atriði eitt, að hin æðsta stjórn sjerstakra málefna Íslands, ávalt hlýtur að vera í Kaupmannahöfn, virðist sjálfsagt hljóta að gjöra það verkum, að sækja verði fyrir dómi í Kaupmannahöfn mál útaf hinni stjórnskipulegu ábyrgð gegn þeim manni, er ábyrgðina ber. Svo ber þess að gæta, að mark og mið slíkrar málsóknar verður að vera það, að fá rjettlátan og óhlutdrægan dóm um ágreiningsatriði þau, er komið hafa málinu af stað; en rjettlátari og óhlutdrægari dóms í þessu efni verður eigi vænzt hjá öðrum dómstóli en hæstarjetti ríkisins. Þess má og geta að í mörgum konstitutionellum ríkjum er það einmitt hinn regulegi hæstirjettur ríkisins, er dæmir um mál þau, er höfðuð eru gegn ráðgjöfunum út af embættisfærslu þeirra.

Eins og að framan er bent til, ber helzt að skoða þingsályktun þessa sem árangur samkomulags, því að hún fullnægir að einu leytinu eigi þeim, sem lengst fara og halda fast við stjórnarskipunarfrumvarpið frá 1893, svo sem væri það hin eina stjórnarskipun, er fullnægði kröfum Íslands um sjálfstjórn, en á hinn bóginn fer þingsályktun þessi miklu lengra heldur en ná kröfur hinna gætnustu þingmanna, og eru það einkum hinir konungkjörnu, þar sem hún fer fram á að hin æðsta stjórn skuli hafa atsetu í landinu. En allir þing. menn, hvort er þeir eru framhaldsmenn eða íhaldsmenn, jafnt þjóðkjörnir sem konungkjörnir, eru samhuga í því að óska þess, og skoða það sem stórt stig til úrgreiðslu hins umrædda máls:

að skipaður sje fyrir Ísland sjerstakur ráðgjafi, er mætti á alþingi;

að eigi sje borin upp í ríkisráðinu og lögð undir atkvæði þess lög þau og stjórnarathafnir, er snerta sjerstök málefni Íslands, og

að ráðgjafinn fyrir Ísland beri ábyrgð gagnvart þinginu eigi einungis á því, að stjórnarskráin sje haldin, heldur einnig á embættisfærslu sinni yfirleitt.

Til þess að koma hinum tveim fyrstu ráðstöfununum í kring, mundi eigi þurfa að breyta, stjórnarskránni, en hin síðasta mundi eigi geta komizt á, nema breytt væri 3. gr. stjórnarskrárinnar. Sæji ráðaneytið sjer fært að ráða hans hátign til að láta að áðursögðum óskum alþingis, er jeg fyrir mitt leyti tel atgætilegar, þá mætti gjöra ráð fyrir því, að sjeð yrði fyrir endann á stjórnarbaráttu þeirri, er háð hefir verið um mörg undanfarin ár til mikillar hindrunar heillavænlegri samvinnu stjórnar og þings.

Með þessum ummælum skal jeg virðingarfyllst leyfa mjer að skjóta málefni þessu til frekari aðgjörða hins háa ráðaneytis.

Reikningur **86**

yfir tekjur og gjöld bókasafns Vesturamtsins í Stykkishólmi 1896.

Tekjur:

1. Í sjóði við árslok 1895:		
a. Hjá amtinu	kr.	67,72
Flyt	kr.	67,72

86

	Fluttar kr. 67,72	
b. Hjá forstöðunefndinni	— 70,64	kr. 138,36
2. Tillag úr jafnaðarsjóði		— 300,00
3. Tillag úr landssjóði		— 300,00
4. Tillög frá þeim, sem notuðu safnið		— 36,00
5. Fyrir seldar bókaskrár		— 2,25
		kr. 676,61

Gjöld.

1. Prentun bókaskrárinnar, pappír, hepting og flutningur til Stykkish.		kr. 151,85
2. Borgað fyrir að semja bókaskrá (viðbót)		— 100,00
3. Brunabótargjald		— 10,00
4. Keyptar bækur		— 156,81
5. Flutningskostnaður og umbúðir		— 2,00
6. Laun bókavarðar frá 1. júlí 1895 til 31. des 1896		— 45,00
7. Bókband		— 54,16
8. Burðareyrir		— 0,20
9. Útlánsbók		— 1,50
10. I sjóði við árslok 1896:		
a. Hjá amtinu	kr. 36,86	
b. — forstöðunefndinni	— 118,23	— 155,09
		kr. 676,61

Íslands Vesturamt, Reykjavik 14. maí 1897.

J. Havsteen.

Eptirrit

af fundargjörðum amtsráðsins í Norðuramtinu 11—12 júní 1897.

Ár 1897, föstudaginn hinn 11. júní var aðalfundur amtsráðs Norðuramtsins settur og haldinn á Akureyri af amtmanni Páli Briem, amtsráðsmanni Húnavatnssýslu, umboðsmanni B. G. Blöndal í Hvammi, amtsráðsmanni Skagafjarðarsýslu, umboðsmanni Ólafi Briem á Álfgeirsvöllum, amtsráðsmanni Eyjafjarðarsýslu, Stefáni kennara Stefánssyni á Möðruvöllum og varaamtsráðsmanni Suðurþingeyjarsýslu, prófasti Árna Jónssyni á Skútustöðum, sem mættur var í forföllum aðalamtsráðsmannsins þaðan, Benedikts sýslumanns Sveinssonar frá Hjeðinshöfða.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Framlagði forseti reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1896 með fylgiskjölum:
   a. Jafnaðarsjóðs Norðuramtsins.
   b. Búnaðarsjóðs Norðuramtsins.
   c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað.
   d. Amtsbókasafns Norðuramtsins.
   e. Prentsmiðjusjóðs Norðuramtsins og
   f. Búnaðarsjóðs Eyjafjarðarsýslu.

   Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar. Reikningar þessir voru síðan rannsakaðir og samþykktir án athugasemda.
2. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga fyrir 1896:
   a. úr Húnavatnssýslu.
   b. — Skagafjarðarsýslu.
   c. — Eyjafjarðarsýslu og
   d. — Suðurþingeyjarsýsla.

   Amtsráðið rannsakaði reikninga þessa og úrskurðaði þá á þessa leið:
   a. Við reikning Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga.
   b. Við reikning Skagafjarðarsýslu sömuleiðis.
   c. Við reikning Eyjafjarðarsýslu sömuleiðis.
   d. Við reikning Suðurþingeyjarsýslu þótti athugavert:
      1. Kvittun fyrir vöxtum og afborgun af láni til Skjálfandafljótsbrúarinnar, að upphæð 200 kr., (tk. 2) vantar og ber að senda.
      2. Vextir og afborgun af skuld M. Þórarinssonar er talin greidd úr sýslusjóði með kr. 433,20, en kvittun er að eins fyrir kr. 183,20, vantar þá kvittun fyrir kr. 250,00, er ber að senda.
      3. Eptirstöðvar af bankaláni M. Þórarinssonar eru taldar greiddar úr úr sýslusjóði með 300 kr. Kvittun vantar fyrir þessari upphæð og ber að senda.
      4. Fyrir virðing á húsum til húsaskatts er talið greitt úr sýslusjóði 6 kr. sem eigi er löglegt. Fyrir því ber reikningshaldara að endurgjalda sýslusjóði þessar 6 kr.

8. dag júlímán. 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

87 5. Eptirstöðvar af markaskrárkostnaði, að upphæð 48 kr. 8 aur., eru taldar greiddar úr sýslusjóði, en kvittun vantar og ber að senda.

3. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýsluvegasjóðsreikninga 1896:
   a. úr Húnavatnssýslu.
   b. — Skagafjarðarsýslu.
   c. — Eyjafjarðarsýslu og
   d. — Suðurþingeyjarsýslu.

   Amtsráðið rannsakaði reikninga þessa og úrskurðaði þá á þessa leið:
   a. Við reikning Húnavatnssýslu þótti athugavert, að skuld sýslusjóðsins við kaupmann J. G. Möller, sem talin er borguð með kr. 96,88, þarf að senda sundurliðaðan reikning yfir, og hið sama er að segja um borgun fyrir aðgjörð á aðalpóstleiðinni í Engihlíðarhreppi, að upphæð 46 kr., og borgun fyrir aðgjörð á aðalpóstleiðinni í Ytri-Torfastaðahreppi, að upphæð 12 kr.
   b. Við reikning Skagafjarðarsýslu þótti ekkert athugavert.
   c. Við reikning Eyjafjarðarsýslu þótti athugavert, að til sýsluvegagjörðar í Hvanneyrarhreppi hafa verið greiddar 60 kr., en enginn reikningur hefir verið gjörður um vegagjörð þessa. Fyrir því ber að útvega reikning þenna og senda.
   d. Við reikning Suðurþingeyjarsýslu þótti athugavert, að kvittun fyrir vöxtum og afborgun af láni til Skjálfandafljótsbrúarinnar, að upphæð 135 kr., vantar og ber að senda.

4. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld brúarsjóðsins í Skagafjarðarsýslu 1896:

   Amtsráðið rannsakaði reikning þenna og þótti athugavert, að kvittun vantar fyrir 121 kr. 75 a., sem taldar eru greiddar til verzlunar L. Popps á Sauðárkróki fyrir kostnað við Hjeraðsvatnabrúna. Kvittun þessa ber að senda.

5. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 26. apríl þ. á., þar sem hann skýrir frá að bryggjugjörðinni við Blönduós verði lokið nú í sumar, og verði þá saminn aðalreikningur yfir kostnaðinn við bryggjgjörðina, er skuli sendur amtsráðinu samkvæmt athugasemdum þess á síðasta fundi.

6. Forseti lagði fram eptirfylgjandi eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna:
   a. Í Húnavatnssýslu frá 8.—13. marz þ. á.
   b. - Skagafjarðarsýslu frá 23.—26. febr. þ. á.
   c. - Eyjafjarðarsýslu frá 26. ágúst f. á. og 10.—13. marz þ. á.
   d. - Suðurþingeyjarsýslu frá 8.—10. apríl þ. á.

   Voru eptirrit þessi yfirfarin
   a. Við fundargjörðir Húnavatnssýslu þótti athugavert, að nefndin hafði eigi tekið reikning sýslusjóðs- eða sýsluvegasjóðs til meðferðar, og ber að gæta þess eptirleiðis.
   b. Við fundargjörðir Skagafjarðarsýslu þótti ekkert verulegt að athuga.
   c. Við fundargjörðir Eyjafjarðarsýslu þótti athugavert, að skýrsla um

styrktarsjóð handa alþýðufólki í Glæsibæjarhreppi 1896 vantaði á fundinn. 87

d. Við fundargjörðir Suðurþingeyjarsýslu þótti athugavert, að á fundinum eru eigi framlagðir reikningar styrktarsjóða í Hálshreppi og Svalbarðsstrandarhreppi, og að ekki er getið um, fyrir hvert ár styrktarsjóðsreikningar þeir eru, sem fram voru lagðir, og eigi er heldur tilgreind upphæð þeirra.

7. Framlagt var bónarbrjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 26. apríl þ. á., um 300 kr. styrk til kvennaskólans á Ytri Ey og frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu um venjulegan styrk til kvennaskóla Eyfirðinga. Ennfremur voru lagðar fram skýrslur og reikningar skólanna, sem amtsráðið athugaði. Amtsráðið veitti hvorum skóla fyrir sig 300 kr. af jafnaðarsjóði næsta ár.

8. Framlagt var brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, dags. 24. marz þ. á., þar sem hann óskar fyrir hönd sýslunefdarinnar, að amtsráðið samþykki að sýslunefndin taki að sjer ábyrgð á 2000 kr. láni Lýtingsstaðahrepps. Amtsráðið samþykkti þetta.

9. Framlagt var brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, dags. 19. marz þ. á., þar sem hann óskar, að amtsráðið samþykki, að sýslunefndin mætti veita 600 kr. styrk úr sýslusjóði til brúargjörðar yfir Hörgá á Helguhyl. Amtsráðið samþykkti þetta.

10. Forseti skýrði frá hag bókasafnsins á Akureyri, að bókaskrá væri prentuð og að honum hefði tekizt að fá áreiðanlega menn til að vera undirbókaverði, í Húnavatnssýslu verzlunarstjóra Pjetur Sæmundsson á Blönduósi, í Skagafjarðarsýslu póstafgreiðslumann Kristján Blöndal á Sauðárkróki og í Suðurþingeyjarsýslu sölustjóra Bjarna Bjarnarson á Húsavík. Amtsráðið veitti safninu 500 kr. styrk.

Amtsráðið tók til umræðu breyting þá, sem orðin er á bókasafninu, sem hefur í för með sjer töluverðan aukinn kostnað, bæði við bókasendingar o. fl., auk þess sem nauðsynlegt er, að kaupa meiri bækur, þegar þær eiga að lánast út í öllum sýslum amtsins. Amtsráðið hefur veitt bókasafninu 500 kr. styrk á ári, og virðist amtsráðinu því sanngjarnt, að jöfn upphæð væri veitt til safnsins úr landssjóði. Fyrir því felur það forseta sínum, að sækja um 500 kr. styrk á ári úr landssjóði.

11. Forseti skýrði frá brjefaviðskiptum sínum við stjórn búnaðarfjelag Suðuramtsins viðvíkjandi stofnun búnaðarfjelags fyrir allt landið. Amtsráðið ljet í ljósi, að það væri máli þessu sinnandi, og samþykkti að kjósa fulltrúa til þess, að mæta á fundi búnaðarfjelags Suðuramtsins, sem haldinn verður 5. júlí næstkomandi, til þess að ræða málið og til þess ásamt nefnd, er væntanlega verður kosin af búnaðarfjelaginu, og ásamt fulltrúum hinna amtráðanna, að gjöra ákveðnar tillögur um stofnun búnaðarfjelags fyrir allt landið, er að ári yrðu lagðar fyrir amtsráðið. Kosningu hlaut amtsráðsmaður Ólafur Briem.

12. Framlögð voru brjef landshöfðingja, dags. 2. sept. f. á. og 6. f. m. og inniheldur hið síðara brjef ráðgjafans fyrir Ísland, dags. 17. apríl þ. á., þar

87 sem ráðgjafinn lætur í ljósi, að eigi verði staðfest skipulagsskrá, er amtsráðið á síðasta fundi samþykkti í þá átt, að prentsmiðjusjóðnum eptirleiðis verði varið til þess að efla prentverk á Akureyri, eins og sjóðurinn upphaflega var gefinn til.

13. Framlagt var brjef frá forstöðukonu kvennaskóla Eyfirðinga, dags. 22. nóv. f. á., þar sem hún leggur til, að styrkur af prentsmiðjusjóði Norður- og Austuramtsins, verði veittur Sigríði Þorláksdóttur frá Veigastöðum í Þingeyjarsýslu og Þóreyju Júlíusdóttur á Munkaþverá í Eyjafirði. Amtsráðið veitti þessum stúlkum styrkinn.

14. Framlagður var viðauki við fjallskilareglugjörð Skagsfjarðarsýslu um fjárrekstra. Amtsráðið samþykkti viðauka þennan og löggilti hann til að öðlast gildi 1. sept. 1897.

15. Framlögð var reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallskil og melrakkaveiðar. Amtsráðið samþykkti reglugjörðina og löggilti hana til þess að öðlast gildi 1. sept. 1897.

16. Framlagt var brjef frá stjórn fjárræktarfjelags Suðurþingeyinga, dags. 10. þ. m., þar sem stjórnin biður um styrk af jafnaðarsjóði. Amtsráðið ljet í ljósi að því þætti þetta fyrirtæki mikilsvert og veitti því 150 kr. styrk.

17. Framlagt var erindi frá hreppsnefnd Húsavíkurhrepps, dags. 28. des. f. á., þar sem hún fer þess á leit, að amtsráðið felli úr gildi úrskurð sýslunefndarinnar í Suðurþingeyjarsýslu á fundi 21. apríl f. á., þar sem hreppsnefndinni er boðið að taka kæru Jakobs borgara Hálfdánarsonar frá 13. des. 1895 yfir útsvari kaupfjelags Þingeyinga fyrir á ný og þá til úrskurðar í aðalefninu.

Amtsráðið ljet í ljósi, að sjerhverjum sem sveitartillagi er jafnað niður á, sje heimilt, samkvæmt lögum 9. jan. 1880, 1. gr., að kæra yfir því, hvernig útsvari er jafnað niður á aðra, alveg án tillits til þess, hvort hann jafnframt kærir yfir sínu eigin útsvari, og fyrir því staðfestir amtsráðið úrskurð sýslunefndarinnar.

18. Framlagt var erindi, dags. 2. marz þ. á., þar sem fyrverandi oddviti Hrafnagilshrepps skýtur til amtsráðsins úrskurði sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu á fundi 6. marz 1895 um það, að hann skuli endurborga hreppnum 25 kr., er hann hafði reiknað sjer fyrir ýms ómök í þarfir hreppsins 1893—94.

Amtsráðið tekur fram, að af þessum 25 kr. eru 19 kr. reiknaðar fyrir ferðalag út úr hreppnum, og virðist oddviti eigi skyldur að borga þann kostnað, heldur megi endurgjalda hann af hreppssjóði. Fyrir því er úrskurður sýslunefndarinnar úr gildi felldur að þessu leyti. Aptur á móti virðist borgun fyrir að vera við úttekt og virðing á húseignum hreppsins, innanhrepps, að upphæð 2 kr., og fyrirhöfn vegna dánarbús (Miðhúsabús) eigi vera lögleg, og er því úrskurður sýslunefndarinn að þessu leyti staðfestur.

19. Framlagt var brjef frá Skúla Thoroddsen, dags. 23. jan. þ. á., ásamt skipulagsskrá fyrir þúsundáraafmælissjóð Eyjafjarðar, dags. 6. jan. þ. á., er hann hefur stofnað, og óskað að amtsráðið taki að sjer stjórn sjóðsins. Amtsráðið samþykkti að taka að sjer stjórn sjóðsins og felur forseta að sjá um, að skipulagsskráin nái konungssteðfestingu.

20. Framlagt var bónarbrjef frá Sigurði Sigurðssyni frá Draflastöðum í Fnjóska-

dal, dags. 2. f. m., þar sem hann sækir um 300 kr. styrk til náms við búnaðarskólann á Stend. Amtsráðið veitti þenna styrk. 87

21. Framlagt var bónarbrjef, dags. 15. f. m., frá Ingibjörgu Torfadóttur, sem hefir verið forstöðukona kvennaskóla Eyfirðinga síðastliðinn vetur, um 300—400 kr. styrk til að fullkomna sig erlendis í þesskonar starfa. Amtsráðið veitti henni 150 kr. styrk með því skilyrði, að beiðandanum yrði veittur ekki minni styrkur úr kvennaskólasjóði Eyfirðinga.

22. Framlagt var brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, dags. 19. marz þ. á., þar sem hann óskar að amtsráðið samþykki 100 kr. fjárveitingu sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu til Ingibjargar Torfadóttur, sem styrk til að fara utan til að kynna sjer kvennaskóla. Amtsráðið samþykkti þetta.

23. Framlagt var brjef, dags. 8. þ. m., þar sem Jón Ármann á Laugalandi sækir um 500 kr. styrk af jafnaðarsjóði til viðurkenningar fyrir ávinnsluvjel o. fl., sem hann hefir fundið upp, til þess að koma þessari ávinnsluvjel út meðal manna og til þess að fullgjöra þúfnasjettunarverkfæri. Amtsráðið veitti honum 300 kr. styrk til þessa, með því skilyrði að hann fullkomnaði ávinnsluvjelina.

24. Framlagt var brjef frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, dags. 24. marz þ. á., með frumvarpi til laga fyrir búnaðarfjelag Eyjafjarðarsýslu, og óskar sýslumaðurinn, að amtsráðið samþykki þær ráðstafanir, er sýslunefndin hefur gjört því viðvíkjandi. Amtsráðið getur þess, að samkvæmt skipulagsskrá fyrir búnaðarsjóð Eyjafjarðarsýslu, staðfestri 18. sept. 1893, verði sjóðurinn eigi ákveðinn stofnunarsjóður fjelagsins, nema skipulagsskráin verði numin úr gildi, en samþykkti að sýslunefndin veitti 300 kr. til fjelagsins.

25. Framlagt var brjef frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, dags. 2. des. f. á., ásamt útskriptum úr dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu, sem bera með sér, að miltisbrandur hefir tvisvar komið upp í Eyjafirði síðastliðið ár. Amtsráðið áleit að miltisbrandur þessi hefði hlotið að koma upp af innfluttum útlendum húðum, og af því að mikil hætta getur stafað af þeim, þá virtist því ráðandi, að kaupmönnum, og öllum þeim, er flytja inn útlendar ósútaðar húðir, væri gjört að skyldu að sótthreinsa þær, áður þær væru seldar. Fyrir því felur amtsráðið forseta, að fara þess á leit við landshöfðingja að reglur í þá átt yrðu settar, samkvæmt lögum 11. des. 1891, um aðfluttar ósútaðar húðir.

26. Framlagt var brjef frá stjórnarnefnd Hólaskóla, dags. 14. f. m., þar sem hún sækir um allt að 200 kr. til bókakaupa handa skólanum. Amtsráðið veitti 200 kr. til að kaupa fyrir bækur, kennslu- og mælingaáhöld handa skólanum, en skrá yfir hina keyptu muni skal prenta í skólaskýrslunni.

27. Framlagt var brjef frá stjórnarnefnd Hólaskóla, dags. 14. f. m., þar sem hún skýrir frá, að ágreiningi milli skólans og Viðvíkur- og Hólahreppa út af eignarrjetti til Kolbeinsdalsafrjettar sje nú svo komið, að umboðsmenn bænda í þessum hreppum hafi gengið inn á, að borga 650 kr. fyrir afrjettina, gegn því að hún yrði afsöluð hreppunum til fullkominnar eignar,

87 og leggur stjórnarnefndin til, að ágreiningurinn um eignarrjettinn verði útkljáður á þennan hátt.

Amtsráðið samþykkti sölu á afrjettinni fyrir 650 kr. og felur stjórnarnefndinni að gefa út afsalsbrjef þar að lútandi.

28. Forseti lagði fram eptirrit af lögum fyrir sparisjóð Norðuramtsins, er 20 menn á Akureyri hafa gengið í 4000 kr. ábyrgð fyrir, og bar fram þá ósk stofnendanna, að amtsráðið vildi styðja þetta fyrirtæki, með því að kjósa einn mann í stjórnarnefndina og einn mann til að gagnskoða reikninga sjóðsins ásamt öðrum gagnskoðara, sem stofnendurnir kjósa. Amtsráðið samþykkti þetta og kaus amtmann Pál Briem í stjórnarnefndina og sýslumann Kl. Jónsson sem gagnskoðara.

29. Fram voru lögð eptirfylgjandi skjöl og reikningar búnaðarskólans á Hólum:
a. Prentuð skýrsla um skólann 1895/96.
b. Endurrit af gjörðabók stjórnarnefndar skólans og samrit af skólasjóðsreikningi 1896/97.
c. Endurrit af úrskurðum amtsráðsins á reikningum skólans 1894/95 með áritun um fullnustugjörð.
d. Reikningur skólabúsins 1895/96 með fylgiskjölum, skrá yfir innstæðu 1896, athugasemdum við reikninginn og svörum reikningshaldara.
e. Reikningur skólasjóðs 1895/96, með fylgiskjölum skrá yfir innstæðu 1896, athugasemdum og svörum.
f. Reikningur Hólakirkju 1895/96, með fylgiskjölum, skrá yfir innstæðu 1896, athugasemdum og svörum.

Amtsráðið yfirfór skjöl þessi og úrskurðaði athugasemdir endurskoðanda við reikningana d e. f.

30. Forseti lagði fram:
a. Skýrslur um fjárskoðanir í Suður- og Norðurþingeyjarsýslu frá f. á., er vöntuðu á síðasta fundi, og bera skýrslur þessar með sjer, að fjárkláðinn er víða um Þingeyjarsýslu, þó að eigi sjeu mikil brögð að honum; samkvæmt skýrslunum eiga Sauðaness- og Fjallahreppar að vera lausir við fjárkláða.
b. Brjef frá oddvitum og sýslumönnum viðvíkjandi fyrirskipunum um böðun síðastl. vetur, svo og skýrslur um böðun í Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu, sem bera með sjer, að fyrirskipun þessari hefur að meira og minna leyti verið óhlýðnazt. Enntremur var framlagt brjef, dags. 10. apríl þ. á., frá fundi í 5 vestustu hreppum Húnavatnssýslu, þar sem skorað er á amtmann, að láta þá menn sæta sektum, er ætla má að í hverjum hreppi hefði getað haft mest áhrif á almenning að fyrirskipuninni yrði hlýtt.
c. Tillögur sýslunefndanna í Norðuramtinu og Austuramtinu á fundum síðastliðinn vetur, sem allar ganga í þá átt, að ráðstafanir verði gjörðar til algjörðrar útrýmingar á fjárkláðanum.
d. Tillögur lögreglustjóra í amtinu um aðstoðarmenn hreppstjóra í hverjum hreppi.

e. Ritgjörð um fjárkláða eptir dýralækni Magnús Einarsson. **87**

Amtsráðið athugaði skjöl þessi, og íhugaði málið nákvæmlega, og ljet í ljósi, að það teldi það hið mesta velferðarmál, að fjárkláðanum yrði algjörlega útrýmt, og hið sama væri álit hinna beztu manna í sýslum amtsins. Til þess að fá fjárkláðanum útrýmt, áleit amtsráðið að heppilegast væri fyrst um sinn, að fara alveg í sömu átt og ákveðið var á síðasta fundi þannig:

1. Að almennar baðanir á sauðfje færu fram næsta haust, sem fyrst eptir að fje væri tekið í hús, og skyldi böðuninni vera lokið fyrir lok nóvembr.m., og frestur til ársloka mætti því að eins veitast, að alveg sjerstaklega stæði á í einhverri sveit, og full trygging væri fyrir því, að sóttnæmið bærist eigi þaðan til annara.
2. Að almenn sótthreinsun á fjárhúsum færi fram næsta vor.
3. Að nákvæmar gætur yrðu hafðar á heilbrigðisástandi fjársins, að allar þær kindur, sem á haustin finnast með kláðavotti, yrði tafarlaust skornar og að öðru leyti yrðu slíkar kindur tafarlaust aðskildar frá öðru fje og teknar til lækninga, eins og segir í tilsk. 5. jan. 1866.
4. Að sem fyrst yrði prentuð ritgjörð um fjárkláða eptir Magnús Einarsson og henni útbýtt gefins í amtinu.
5. Að gefnar yrðu út reglur hreppstjórum, aðstoðarmönnum þeirra og öðrum til leiðbeiningar og eptirbreytni.
6. Að hreppstjórar gæfu tvisvar á ári, við lok júnímánaðar og við árslok, skýrslur um heilbrigðisástand sauðfjársins í hreppnum yfir missirið. Amtsráðið skoraði á forseta að gjöra nauðsynlegar fyrirskipanir og ráðstafanir til að fá þessu framgengt.

31. Framlagt var brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu 3. þ. m., þar sem hann lætur í ljósi, að eigi sje eðlilegt, að þær sýslur, sem alveg hafa óhlýðnast fyrirskipunum yfirvalda um baðanir síðastl. vetur, [borgi kostnað við eptirlit með fjárböðunum], og óskar því að greiddur verði úr jafnaðarsjóði amtsins kostnaður hreppstjóra og aðstoðarmanna þeirra í Húnavatnssýslu, að upphæð 232 kr. Amtsráðið sá sjer eigi fært að veita þetta fje af jafnaðarsjóði.

32. Var samin og samþykkt svo hljóðandi

Áætlun

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðuramtsins 1898.

Tekjur:

1.	Aætlaðar eptirstöðvar	kr.	1200,00
2.	Jafnaðarsjóðsgjald	—	2200,00
		kr.	3400,00

Gjöld:

1.	Til amtsráðsins	kr.	400,00
2.	Til heilbrigðismála	—	150,00
	Flyt:	kr.	550,00

87

		Flutt:	kr.	550,00
4.	— menntamála:			
	a. Til Kvennaskólans á Ytri-Ey	kr. 300,00		
	b. — Kvennaskóla Eyfirðinga	— 300,00		
	c. — Amtsbókasafnsins	— 500,00		
	d. — Sigurðar Sigurðssonar frá Draflastöðum . .	— 300,00		
	e. Ingibjörgu Torfadóttur	— 150,00		
	f. Til bóka- og áhaldakaupa við Hólaskóla . . .	— 200,00	—	1750,00
4.	Til Jóns Árnasonar Laugalandi		—	300,00
5.	Vextir og afborgun af Skjálfandafljótsbrúarláni		—	118,52
6.	Til fjárskoðana		—	200,00
7.	Til fjárræktarfjelags Þingeyinga		—	150,00
8.	Ýmislegur kostnaður		—	331,48
			kr.	3400,00

Fleiri mál komu ekki til umræðu.

Fundi slitið.

Páll Briem. *Stefán Stefánsson.* *G. B. Blöndal.*
Árni Jónsson. *Ólafur Briem.*

* * *

Rjett eptirrit staðfestir.
Páll Briem.

88

Reikningur

yfir tekjur og gjöld prentsmiðjusjóðs Norðuramtsins 1896.

Tekjur:

1	Í sjóði 1. jan. 1896:		
	Í veðskuldabrjefum einstakra manna	kr.	2700,00
2.	Vextir af skuldabrjefum	—	108,00
	Samtals:	kr.	2808,00

Gjöld:

1.	I sjóði við árslok:			
	a. Í skuldabrjefum einstakra manna	kr. 2700,00		
	b. Í Peningum	— 108,00		2808,00
	Samtals:		kr.	2808,00

Skrifstofu Norðuramtsins, Akureyri 12. jan. 1897.
Páll Briem.

Reglugjörð 89

fyrir búnaðarskóla Suðuramtsins á Hvanneyri.

1. gr.

Það er tilgangur skóla þessa, að veita ungum mönnum kennslu í bóklegri og verklegri búfræði og vekja hjá þeim áhuga á framförum í búnaði. Sjerstaklega skal leggja áherzlu á verklega æfingu . Það er og tilgangur skólans, að gjöra eptir því sem ástæður leyfa, tilraunir með það, er að gagni mætti koma hjer á landi af búnaðarháttum nágrannaþjóða vorra, en hefir til þessa lítt eða ekki verið reynt hjá oss.

2. gr.

Til skólans er lagt búnaðarskólagjald Suðuramtsins, vextir af búnaðarskólasjóði Suðuramtsins og allur annar styrkur af almannafje, er veittur verður búnaðarskóla Suðuramtsins.

3. gr.

Amtsráðið í Suðuramtinu hefir á hendi yfirstjórn skólans, útvegar fje til hans og úrskurðar reikninga hans. Til þess að hafa á hendi hið nánara eptirlit með skólastofnuninni kýs amtsráðið 2 menn til 3 ára og 1 til vara. Skulu þeir, þegar þörf er á, eiga fund með sjer ásamt skólastjóra til að ræða vandamál skólans og undirbúa þau til amtsráðsfundar. Þeir skulu og vera viðstaddir árspróf á skólanum. Vor hvert, eptir miðjan maímánuð, skulu þeir skrifa upp og virða eignir búsins.

4. gr.

Amtsráðið ræður skólastjóra, og skal hann jafnframt vera aðalkennari skólans. Þegar þörf krefur, ræður amtsráðið aukakennara. Skólastjóri hefir á hendi stjórn skólabúsins og reikningshald þess. Hann hefur og á hendi innheimtu á afgjöldum jarðeigna skólans og kirkjugjöldum Hvanneyrarkirkju og er reikningshaldari kirkjunnar. Af beggja hálfu, amtsráðsins og skólastjóra, má segja upp skólastjórastarfinu með ársfyrirvara. Uppsögn miðast við fardaga.

5. gr.

Bónarbrjef um inntöku í skólann skulu send skólastjóra fyrir lok janúarmánaðar. Skólastjóri sendir amtmanni umsóknarbrjefin með umsögn sinni fyrir lok febrúarmánaðar. Amtmaður veitir inntöku í skólann og tilkynnir veitinguna skólastjóra og umsækjanda fyrir lok marzmánaðar.

6. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann eru þessi:

1. Að umsækjandi sje eigi yngri en 18 ára og eigi eldri en 28 ára. Frá þessu skilyrði má veita undanþágu eptir ástæðum.
2. Að umsækjandi sje siðsamur.

9. dag júlímán. 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

89 3. Að hann sje vel læs, sæmilega skrifandi og kunni í reikningi 4 höfuðgreinir í heilum tölum.

4. Að hann sje heilsugóður og hafi nægilegan þroska til sveitavinnu og sje henni ekki óvanur.

Skilríki frá sóknarpresti eða tveimur valinkunnum mönnum fyrir þessum atriðum öllum eiga að fylgja inntökubeiðninni,

7. gr.

Skólaárið telst frá miðjum maímánuði til jafnlengdar. Námstíminn er fyrst um sinn ákveðinn 2 ár, og skuldbinda lærisveinar sig með því, að sækja um inngöngu, til að vera á skólanum þann tíma. Fari lærisveinn úr skólanum án gildra orsaka áður en sá tími er liðinn, eður sje honum vísað burt þaðan fyrir hans eigin sök, skal hann skyldur að endurgjalda kostnað þann, er skólinn hefir haft af honum, eptir því, sem amtsráðið ákveður. Þó skal hverjum nemanda á skólanum, sem vill auka nám sitt enn meira, heimilt að vera 3. árið á skólanum og þá einkum við verklegt nám.

8. gr.

Lærisveinar eru skyldir til að taka þátt í öllum heimilisstörfum, svo sem allskonar jarðrækt, heyvinnu, húsabyggingum, móskurði, smíðum, laxveiði, aðdráttum o. s. fr. Til skiptis skulu þeir taka þátt í skepnuhirðingu sumar og vetur; þó má eigi hafa þá til smalamennsku, nema nauðsyn krefji; og eigi má hafa neinn lærisvein til sendiferða meir en sem svarar 2 vikum á ári. Sýna skulu lærisveinar skólastjóra eða þeim, er hann kann að fela verkstjórn, hlýðni og trúmennsku við þessi störf, eins og í hverju öðru.

9. gr.

Lærisveinar fá á skólabúinu viðunanlegt fæði, húsnæði, rúmföt, skæðaskinn, sokka vetlinga til slits, þjónustu og ljós. Bækur og ritföng leggja þeir sjer til sjálfir.

10. gr.

Leyft getur skólastjóri lærisveinum að vera burtu frá skólanum 18 daga um jólin, frá 20. des. til 6. janúar.

11. gr.

Verklega kennslan fer fram sumar og vetur, en bókleg kennsla að eins frá 1. nóv. til 30. apríl, og skal þeim tíma verja til bóknáms, 6—8 stundum að jafnaði hvern virkan dag; en þann tíma árs má eigi ætla lærisveinum aðra vinnu en bóknám meira en 5 stundir á dag. Frá 1. maí til 31. okt má eigi ætla þeim lengri vinnutíma á dag en 12 stundir utan sláttar og 13 stundir um slátt.

12. gr.

Verklega skal kennt:

1. Notkun jarðyrkjuverkfæra (plógs, herfis, kerru o. s. frv.).
2. Meðferð á áburði.

3. Þúfnasljettun.
4. Garðahleðsla.
5. Skurðagjörð til vörzlu og vatnsveitinga.
6. Ræktun matjurta og annara sáðjurta.
7. Heyskapur (þar með notkun sláttuvjelar og rakstrarvjelar) og heyverkun.
8. Fjenaðarhirðing.
9. Mjólkurmeðferð, einkum smjörverkun.
10. Smíði á einföldum jarðyrkjuverkfærum og aðgjörð á þeim.
11. Landmæling og hallamæling.

13. gr.

Bóklega skal kennt:

1. Ágrip af náttúrufræði: dýrafræði, grasafræði, steinafræði, efnafræði og eðlisfræði.
2. Jarðyrkjufræði, svo sem um eðli og samsetning jarðtegunda, áburð, túnrækt, garðyrkju, framræslu og veitugjörð.
3. Ágrip af húsdýrafræði, um kvikfjárrækt og um helztu sjúkdóma húsdýra og ráð við þeim.
4. Búnaðarhagfræði og búreikningagjörð.
5. Ágrip af rúmmálsfræði, landmæling og hallamæling.
6. Reikningur: brot, þríliða, prósentureikningur, rentureikningur og kvaðratrót.
7. Dráttlist: Að gjöra uppdrætti af landspildum og verkfærum.
8. Danska, fyrst um sinn, meðan eigi er kostur á nægum kennslubókum íslenzkum.

14. gr.

Próf í hinu bóklega skal halda á hverju vori í miðjum maí og skal skólastjóri vera þar til staðar. Burtfararpróf er einnig á vorin í hinu bóklega, að afloknum námstímanum, en undanfarið haust í hinu verklega. Við burtfarpróf skulu vera 2 prófdómendur, er amtmaðurinn í Suðuramtinu kveður til þess.

15. gr.

Við burtfararpróf skal gefa sjerstakar einkunnir.

A. Í verklegum námsgreinum:

1. Fyrir þúfnasljettun og plæging. 2. Fyrir garðhleðslu og vörzluskurðagjörð. 3. Fyrir framræslu og veitugjörð. 4. Fyrir landmæling og hallamæling. 5. Fyrir garðrækt. 6. Fyrir heyvinnu. 7. Fyrir fjenaðarhirðing. 8. Fyrir starfsemi, reglusemi og dugnað. Í þeim námsgreinum, er prófdómendur geta eigi um dæmt eptir eigin sjón, ákveður skólastjóri einkunnina eptir þekkingu sinni á lærisveinunum.

B. I bóklegum námsgreinum:

1. Fyrir náttúrufræði: dýrafræði, grasafræði, steinafræði, eðlisfræði og efnafræði. 2. Fyrir jarðyrkjufræði: áburðarmeðferð, túnrækt, framræslu og veitugjörð. 3. Fyrir ræktun matjurta og annara sáðjurta. 4. Fyrir húsdýrafræði. og kvikfjárrækt. 5. Fyrir búnaðarhagfræði og búreikningagjörð. 6. Fyrir rúm-

89 málsfræði, landmæling og hallamæling. 7. Fyrir reikning. 8. Fyrir dráttlist.

16. gr.

Hinar sjerstöku einkunnir eru: ágætlega, dável, vel, laklega, illa og afarilla, eður í tölum: 6, 5, 4, 3, 2 og 1. Ákveða má tölurnar fyrir neðan 6 nákvæmar með brotunum 1/3 og 2/3.

Allar hinar sjerstöku tölueinkunnir skal leggja saman og deila með einkunnafjöldanum. Tala sú, sem þá kemur út, reiknuð með 2 desímölum, sýnir aðaleinkunnina, en aðaleinkunnirnar eru: ágætlega (5,50—6), dável (4,50—5,49), vel (3,50—4,49), laklega (2,50—3,49). Nái einhver ekki 2,50 í aðaleinkunn, hefir hann ekki staðizt prófið.

17. gr.

Hverjum þeim lærisveini, er staðizt hefir burtfararpróf, skal skólastjóri gefa burtfararskírteini, og skal í því tilgreina aðaleinkunn þá, er hann hefir við prófið, og hinar sjerstöku einkunnir, er hann hefir fengið í hverri námsgrein. Í burtfararskírteininu skal gefin einkunn fyrir iðni við bóknám, en eigi telst sú einkunn með, þá er aðaleinkunnin er reiknuð út. Lýst skal og hegðun lærisveinsins. Sá lærisveinn, er eigi hefir staðizt burtfararpróf, eður eigi gengið undir það, á rjett á að fá vottorð skólastjóra um veru sína á skólanum.

18. gr.

Eptir lok hvers skólaárs skal skólastjóri senda amtsráðinu skýrslu um skólann og reikninga skólabúsins. Skal ágrip af hvorutveggju birta á prenti að tilhlutun amtsráðsins. Skýrslu um skólahaldtð og yfirlit yfir efnahag stofnunarinnar skal birta á prenti að tilhlutun amtsráðsins.

Reglugjörð skólans 14. febr. 1890 er úr gildi numin.

Amtsráð Suðuramtsins, Reykjavík, 25. júní 1897.

J. Havsteen. Þórður Guðmundsson. Guðl. Guðmundsson. P. J. Blöndal. Valdimar Briem. Skúli Skúlason.

90

Reikningur

yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Norðuramtsins 1896.

Tekjur:

1.	Í sjóði 1. jan:		
	a. Í uppsegjanlegum kgl. skuldabrjefum . . .	kr.	594,66
	b. Innritunarskírteini A. fol. 98	—	400,00
	Flyt:	kr.	994,66

	Flutt:	kr.	994,66	**90**
	c. Í skuldabrjefum einstakra manna	—	2050,00	kr. 3044,66
2.	Vextir:			
	a. Af uppsegjanl. kgl. skuldabrjefum	—	23,00	
	b. — innritunarskírteini A. fol. 98	—	14,00	
	c. — skuldabrjefum einstakra manna	—	82,00	— 119,79
			Samtals:	kr. 3164,45

Gjöld:

1.	Styrkur veittur búnaðarskólanum á Hólum			— 119,79
2.	Í sjóði til næsta árs:			
	a. Í uppsegjanlegum kgl. skuldabrjefum . . .	kr.	594,66	
	b. Innritunarskírteini A. fol. 98	—	400,00	
	c. Í skuldabrjefum einstara manna	—	2050,00	— 3044,66
			Samtals:	kr. 3164,45

Skrifstofu Norðuramtsins, Akureyri 4. jan. 1897.
Páll Briem.

Skýrsla **91**

um efnahag amtsbókasafns Norðuramtsins árið 1896.

Tekjur:

1.	Tillag úr landssjóði	kr.	200,00
2.	Tillag úr jafnaðarsjóði	—	500,00
3.	Tillag frá notendum safnsins	—	11,00
4.	Fyrir seldar bækur lítt nýtar	—	9,50
5.	Til jafnaðar við gjaldalið 5	—	29,57
		kr.	750,07

Gjöld:

1.	Skuld við reikningshaldara frá f. á.	—	29,57
2.	Fyrir bækur	—	598,19
3.	Fyrir bókband	—	19,45
4.	Bókavarðar laun	—	50,00
5.	Skuld við reikningshaldara	—	29,57
6.	Ýmislegur kostnaður	—	22,04
7.	Í sjóði hjá undirrituðum	—	1,25
		kr.	750,07

Akureyri, 2. janúar 1897.
Páll Briem.

92

Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjarfjarðarsýslu og Akureyri 1896.

Tekjur:

1.	Eign frá fyrra ári:		
	a. Einarsstaðir og Pjetursborg	kr. 2000,00	
	b. Í sparisjóði Akureyrar	— 843,25	kr. 2843,25
2.	Afgjald af Einarsstöðum og Pjetursborg		— 150,40
3.	Í gjafahirzlunum fundust		— 71,00
4.	Gjafir og aðrar tekjur		— 29,00
5.	Vextir af inneign í sparisjóði		— 34,32
6.	Til jafnaðar færist gjaldal. 2.		— 119,72
		Samtals:	kr. 3247,69

Gjöld.

1.	Styrkur veittur 16 ekkjum		— 165,00
2.	Lagt í sparisjóð Akureyrar		— 119,72
2.	Eign til næsta árs:		
	a. Einarsstaðir og Pjetursborg	kr. 2000,00	
	b. Í sparisjóði á Akureyri	— 962,97	— 2962,97
		Samtals:	kr. 3247,69

Skrifstofu Norðuramtsins 12. jan. 1897.
Páll Briem.

93

Reikningur

Nemendasjóðs Möðruvallaskóla 1896.

Tekjur:

1.	Hjá reikningshaldara sjóðsins frá f. á.		kr. 24,50
2.	Innstæða í Söfnunarsjóði 1. jan.		— 1305,11
3.	Vextir borgaðir á árinu		— 55,06
4.	Tillög		— 55,00
		Samtals:	kr. 1439,67

Útgjöld.

1.	Innstæða í Söfnunarsjóði 1. jan.		— 1305,11
2.	Lagt í Söfnunarsjóð		— 90,06
		Flyt:	kr. 1395,17

		Flutt: kr.	1395,17
3.	Styrkur til 4 nemenda í Möðruvallaskólanum	—	40,00
4.	Hjá reikningshaldara sjóðsins	—	4,50
		Samtals: kr.	1439,67

Möðruvöllum í Hörgárdal 14. maí 1897.
Jón A. Hjaltalín.

93

Styrkur til uppgjafapresta og prestaekkna. **94**

Á Synodus, sem haldinn var 29. júní, var úthlutað fje því, að upphæð 3000 kr., sem veitt er fyrir árið 1897 í 13. gr. A. b. 5 í hinum núgildandi fjárlögum, auk 700 kr. af prestaekknasjóðnum og 81 kr. 40 a. af sjóði af árgjöldum brauða, samtals 3781 kr. 40 a., á þann hátt, er hjer segir á eptir, og var úthlutunin samþykkt með brjefi landshöfðingja, dagsettu 1. júlí, að því er landssjóðsstyrkinn snertir:

I. Uppgjafaprestar.

1.	Benidikt Eiríksson frá Holtaþingum	kr.	35
2.	Magnús Gíslason frá Sauðlauksdal	—	80
3.	Jón Jónsson frá Stað á Reykjanesi	—	40
4.	Einar Vernharðsson frá Stað í Grunnavík	—	50
5.	Pjetur Guðmundsson frá Grímsey	—	20
6.	Gunnar Ólafsson frá Höfða	—	70

II. Prestaekkjur.

1.	Kristbjörg Þórðardóttir frá Valþjófsstað	—	30
2.	Ragnhildur Metúsalemsdóttir frá Hjaltastað	—	120
3.	Guðlaug Guttormsdóttir frá Skeggjastöðum	—	80
4.	Ragnheiður Jónsdóttir frá Heydölum	—	30
5.	Guðríður Jónsdóttir frá Ási	—	50
6.	Guðrún Helga Jónsdóttir frá Vallanesi	—	40
7.	Guðrún Þorsteinsdóttir frá Þingmúla	—	85
8.	Helga Árnadóttir frá Skarðsþingum	—	35
9.	Guðrún Magnúsdóttir frá Kolfreyjustað	—	20
10.	Agnes Þorsteinsdóttir frá Vatnsfirði	—	20
11.	Margrjet Erlendsdóttir frá Stafafelli	—	20
12.	Solveig Einarsdóttir frá Kirkjubæjarklaustri	—	110
13.	Steinunn Eiríksdóttir frá Þingmúla	—	100
14.	Solveig Einarsdóttir frá Holti	—	60
15.	Margrjet Magnúsdóttir frá Hvammi	—	50
16.	Ingibjörg Jónsdóttir frá Stóruvöllum	—	60
17.	Guðrún Pálsdóttir frá Stóranúpi	—	20
18.	Vilhelmína K. Steinsen frá Árnesi	—	120
19.	Helga Magnúsdóttir frá Glæsibæ	—	70
20.	Margrjet Þórðardóttir frá Gaulverjabæ	—	80
21.	Sigríður Thordersen frá Vestmannaeyjum	—	30
22.	Metta Einarsdóttir frá Stafafelli	—	70
23.	Kristín Jónsdóttir frá Hvammi	—	80
24.	Sigríður Jónsdóttir frá Gaulverjabæ	—	40
		Flyt: kr.	1715

94

		Flutt:	kr. 1715
25.	Þuríður Kúld frá Helgafelli	—	50
26.	Sigríður Snæbjarnardóttir frá Saurbæ	—	25
27.	Halldóra Jónsdóttir frá Nesþingum	—	70
28.	Helga Arnórsdóttir frá Isafirði	—	30
29.	Guðlaug Eiríksdóttir frá Reynivöllum	—	40
30.	Ragnheiður Pálsdóttir frá Staðastað	—	30
31.	Guðrún Sveinbjarnardóttir frá Otrardal	—	55
32.	Guðrún Ólafsdóttir frá Melstað	—	100
33.	Margrjet Magnúsdóttir frá Staðarhólsþingum	—	40
34.	Steinunn Guðmundsdóttir frá Suðurdalaþingum	—	60
35.	Oddfríður Gísladóttir frá Tröllatungu	—	50
36.	Valgerður Benjamínsdóttir frá Gufudal	—	80
37.	Jónína Markúsdóttir frá Húsavík	—	30
38.	Vigdís Einarsdóttir frá Stað í Grunnavík	—	100
39.	Valgerður Jónsdóttir frá Ásum	—	100
40.	Guðrún Ólafsdóttir frá Arnesi	—	100
41.	Steinunn Jónsdóttir frá Höskuldsstöðum	—	90
42.	Sigurbjörg H. Þorgrímsdóttir frá Þingeyrum	—	20
43.	Gróa Erlindsdóttir frá Stað í Stgr.firði	—	50
44.	Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólstað	—	60
45.	Jóhanna Jóhannesdóttir frá Bergstöðum	—	60
46.	Ragnhildur Þorsteinsdóttir frá Höskuldstöðum	—	25
47.	Hólmfríður Jónsdóttir frá Mælifelli	—	55
48.	Guðrún Pjetursdóttir frá Arnarbæli	—	50
49.	Þóra Rósa Sigurðardóttir frá Miklabæ	—	20
50.	Guðrún Thorlacius frá Reynistaðarkl.	—	30
51.	Sesselja Jónsdóttir frá Stað í Stgr.firði	—	35
52.	Kristjana Pálsdóttir frá Möðruvallakl.	—	20
53.	Guðbjörg Aradóttir frá Þóroddstað	—	20
54.	Sigríður Þorbergsdóttir frá Húsavík	—	30
55.	Sigríður Jónsdóttir frá Þönglabakka	—	50
56.	Anna Ingibjörg Kristjánsdóttir frá Þóroddstað	—	120
57.	Ingibjörg Hinriksdóttir frá Stokkseyri	—	81,40
58.	Guðrún Bjarnardóttir frá Sauðanesi	—	100
59.	Kristín Thorlacius frá Saurbæ í Eyjafirði	—	90
60.	Guðrún Olafsdóttir frá Garpsdal	—	50
61.	Steinunn Jakobsdóttir frá Suðurdalaþingum	—	50
		kr.	3781,40

Embætti.

15. júní var *assistent í hinu íslenzka ráðaneyti cand. juris Steingrímur Jónsson* settur *sýslumaður í Þingeyjarsýslu* frá 1. júlí 1897 að telja.

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Suðuramtinu 24.—26. júní 1897.

Ár 1897, 24. dag júnímánaðar, var aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu settur og haldinn af forseta amtsráðsins, amtmanni Julius Havsteen, ásamt amtsráðsmönnunum, sýslumanni Guðl. Guðmundssyni (úr Vesturskaptafellssýslu), síra Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rangárvallasýslu), prófasti, síra Valdimar Briem á Stóra Núpi (úr Árnessýslu), Þórði hreppstjóra Guðmundssyni á Neðra Hálsi (úr Gullbringu- og Kjósarsýslu), og varaamtsráðsmanni hjeraðslækni Páli Blöndal í Stafholtsey (úr Borgarfjarðarsýslu), en amtsráðsmaðurinn þaðan, síra Guðmundur Helgason prófastur í Reykholti hafði tjáð forseta forföll sín.

Forseti lagði fram skýrslur um kosning varaamtsráðsmanns úr Árnessýslu í stað síra Sæmundar prófasts Jónssonar, sem var dáinn, fyrir það tímabil, sem eptir var af kjörtíma hans, sem sje til 31. maí 1901, og hafði kosningu hlotið síra Magnús Helgason á Torfastöðum. Amtsráðið fann ekkert við kosninguna að athuga.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir 1896, og var hann falinn amtsráðsmönnunum úr Rangárvallasýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu til endurskoðunar.
2. Reikningurinn yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins fyrir 1896, sem var framlagður, var falinn amtsráðsmönnunum úr Vesturskaptafellssýslu og Árnessýslu til endurskoðunar.
3. Þar næst var framlagður reikningur yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þjóðjarðalandseta í Suðuramtinu og ekkna þeirra, fyrir 1896, og var hann falinn amtsráðsmanninum úr Borgarfjarðarsýslu til endurskoðunar.
4. Forseti framlagði reikning yfir tekjur og gjöld eldgosasjóðs Suðuramtsins fyrir 1896, og var hann falinn amtsráðsmanninum úr Árnessýslu til endurskoðunar.

   Ennfremur lagði forseti fram brjef landshöfðingja, dags. 6. okt. f. á., þar sem hann samþykkir, að nefndum sjóði verði með áföllnum vöxtum skipt upp milli Rangárvallasýslu að $^2/_5$ hlutum og Árnessýslu að $^3/_5$ hlutum, til þess að bæta úr tjóni því, er nefndar sýslur höfðu orðið fyrir af jarðskjálftunum á síðastliðnu sumri, þannig, að hlutaðeigandi sýslunefndum skyldi falið, að úthluta fjenu til fátækra leigulíða, sem orðið höfðu fyrir mestum skaða við nefndan atburð. Jafnframt voru framlagðar skýrslur hlutaðeigandi sýslumanna um útbýting fjárins.
5. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða reikning yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólastofnunina 1896—97 og reikning skólastjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins 1896/97.

   Ennfremur var lagður fram reikningur kirkjunnar á Hvanneyri fyrir 1895—96.

15. dag júlímán. 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

95 Þessir reikningar voru afhentir amtsráðsmönnunum úr Vesturskaptafellssýslu og Borgarfjarðarsýslu til endurskoðunar.

6. Amtsráðið sá sjer eigi fært, að gjöra nokkra breyting á þeirri fyrirskipun sinni frá fundinum 27.—29. júní 1895 (sbr. Stjórnartíðindi 1895, B. bls. 191), að sýslunefndarfundir væru haldnir svo snemma, að allir reikningar og afgreiðslur, snertandi amtsráðið, og endurrit af gjörðabókunum væru komin til forseta ráðsins fyrir lok aprílmánaðar ár hvert, en sýslunefndin í Árnessýslu hafði farið þess á leit, að amtsráðið vildi leyfa, að mál frá nefndinni til amtsráðsins þyrftu eigi eptirleiðis að vera afgreidd til forseta ráðsins fyr en um lok maímánaðar.

7. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 27. nóv. f. á., sem hefir inni að halda tilkynning um, að cand. vetr. Magnús Einarsson væri skipaður dýralæknir í Suður- og Vesturamtinu, og áskorun til amtsráðsins um, að láta uppi tillögur sínar um bústað dýralæknisins, og um erindisbrjef handa honum, samkvæmt 1. og 5. gr. laga 2. okt. 1891, um skipun dýralækna á Íslandi. Ennfremur var framlagt brjef frá stjórnarnefnd Hvanneyrarskólans, dags. 2. þ. m., þar sem þess er farið á leit, að amtsráðið vildi leggja til, að dýralæknirinn hefði aðsetur á Hvanneyri að minnsta kosti að vetrinum til eða frá 1. nóv. til 1. maí.

Forseti skýrði amtsráðinu frá þeirri niðurstöðu, er amtsráðið í Vesturamtinu hafði komizt að um þessi atriði, sem sje, að dýralæknirinn væri bezt settur á Hvanneyri eða í grendinni, en að því leyti, er snerti erindisbrjef handa dýralækninum, hafði nefnt amtsráð álitið það bezt til fallið, að því yrði sleppt fyrst um sinn, að gefa út slíkt erindisbrjef.

Að því leyti, er snerti bústað dýralæknisins, var það álit amtsráðsins, að hann væri bezt settur í Reykjavík eða þar í grennd.

Að því, er snertir erindisbrjef handa honum, áleit amtsráðið, að ef eigi yrði hjá því komizt, að gefa út nú þegar eitthvert erindisbrjef handa dýralæknum, þá mundu helztu ákvæði þess verða þau, að þeir væru skyldir til, að hegða sjer eptir þeim fyrirskipunum, sem nauðsynlega þyrfti að gefa út í hvert skipti til varnar því, að næm veikindi húsdýra næðu til að breiðast út, og að þeir skyldu halda löggilta bók, er þeir rituðu í öll þau tilfelli, er þeir meðhöndluðu næm veikindi húsdýra, og skyldu þeir skýra frá framkvæmdum sínum hjer að lútandi og frá meðferðinni á veikindunum. Ennfremur skyldu þeir senda eptirrit úr bók þessari til hlutaðeigandi amtmanns við lok hvers árs.

8. Forseti skýrði frá, að úrskurðum þeim, sem lagðir höfðu verið á sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningana úr Gullbringu- og Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu fyrir 1895 hefði verið fullnægt.

9. Þá voru lagðir fram sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningar úr öllum sýslum amtsins fyrir 1896, sem höfðu verið endurskoðaðir af endurskoðendum sýslunefndanna og yfirfarnir af forseta ráðsins.

Reikningarnir voru þar næst úrskurðaðir og samþykktir af amtsráðinu

nema sýslusjóðsreikningurinn úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, og var forseta falið að úrskurða athugasemdir þær, sem gjörðar höfðu verið við reikning þennan, þegar fullnægjandi svör frá reikningshaldara væru fengin. 95

Amtsráðið ályktaði, að búa skyldi til eyðublöð undir skýrslur um verkfæra karlmenn, sem skyldu prentuð á kostnað jafnaðarsjóðs og útbýtt milli hreppstjóra.

10. Þá voru framlögð og yfirfarin eptirfarandi endurrit af gjörðabókum sýslunefndanna:

A. Úr Vesturskaptafellssýslu frá 11.—12. marz þ. á. Þar sem eigi mátti jafna niður meir en 847 kr. sem sýslusjóðsgjaldi án samþykkis amtsráðsins, vildi amtsráðið leyfa, að jafnað yrði niður 1027 kr. 18 au., sem til ætlazt væri.

Amtsráðið samþykkti ennfremur, að verja mætti 200 kr. af sýsluvegagjaldinu 1897, sem er áætlað 450 kr., til að styrkja gufubátsferðir til Víkur í Mýrdal sumarið 1897.

B. Úr Vestmannanyjasýslu frá 22. janúar þ. á. Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar samþykkti amtsráðið, að sýslufjelagið mætti taka allt að því 300 kr. lán úr landssjóði til þess að bæta veginn frá kaupstaðnum upp að kirkjunni.

C. Úr Rangárvallasýslu frá 4. sept. f. á. og 29. marz til 1. apríl þ. á.

Forseti skýrði frá, að hann fyrir hönd amtsráðsins hefði leyft sýslunefndinni, að taka 10000 kr. lán á síðastliðnu hausti úr viðlagasjóði til þess að bæta úr skaða þeim, sem hlotizt hefði af jarðskjálftunum og fjellst amtsráðið á þetta. Lánið skyldi endurborgast á 10 árum og ávaxtast með 4% samkvæmt landshöfðingjabrjefi, 10. sept. f. á., sem var framlagt.

Sýslunefndin hafði skorað á amtsráðsmann sýslunnar, að fylgja því máli sem fastast fram á fundi amtsráðsins, að framhaldið væri flutningsbrautinni frá Þjórsá og austur að Ytri Rangá.

Amtsráðið ályktaði, að veita þessu máli meðmæli sín, sem forseta var falið að láta þingmanni sýslunnar í tje.

D. Úr Árnessýslu frá 14. sept. f. á. og 6.—10. apríl þ. á.

Forseti skýrði frá því, að hann samkvæmt tillögum oddvita nefndarinnar hefði samþykkt, að jafna mætti niður 2400 kr. sem sýslusjóðsgjaldi, sem fer fram úr því, sem jafna mátti niður án samþykkis amtsráðsins, sem sje 2189 kr. 43 a. Amtsráðið samþykkti þetta.

Forseti skýrði frá því, að hann hefði fyrir hönd amtsráðsins leyft Árnessýslu samskonar lántöku úr viðlagasjóði handa þeim, er beðið hefðu tjón af jarðskjálftunum, sem Rangárvallasýslu. Lánsupphæðin er hjer einnig 10,000 kr. og borgunarskilmálar hinir sömu.

Ennfremur skýrði forseti frá því, að hann hefði fyrir hönd amtsráðsins samþykkt, að Árnessýsla tæki 2500 kr. lán úr viðlagasjóði

95 landssjóðs til þess að styrkja íbúa Gnúpverjahrepps, til að koma upp nauðsynlegum húsum í stað þeirra, er hrundu í jarðskjálftunum á síðastliðnu sumri. Lánið skyldi sömuleiðis endurborgast á 10 árum auk 4% vaxta.

Amtsráðið fjellst á þessa ráðstöfun.

E. Úr Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 20. nóv. f. á. og 21.—24. apríl þ.á.

F. Úr Borgarfjarðarsýslu frá 5. apríl þ. á.

11. Samkvæmt brjefi landshöfðingja 21. sept. 1895, viðvíkjandi eptirliti með því, að lögum 11. júlí 1890, um styrktarsjóði handa alþýðufólki væri framfylgt sem bæri (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 23.—25. júní 1896, Stjórnartíðindi 1896, B. bls. 119—121), ljet forseti ráðinu í tje svolátandi skýrslu, sumpart samkvæmt gjörðabókaendurritunum sumpart samkvæmt sjerstökum skýrslum sýslumanna.

A. Í Vesturskaptafellssýslu var allt í góðu lagi. Úr Hörgsdalshreppi voru reikningar nú fram komnir fyrir árin 1893, 1894 og 1895, sem áður hafði vantað, og fyrir 1896 úr öllum hinum hreppunum. Þannig vantaði nú að eins reikning úr Hörgsdalshreppi, sem ráðið væntir, að sýslumaður vilji ganga eptir.

B. Í Vestmannaeyjasýslu var allt í lagi og hafði skýrsla, dags. 8. jan. þ. á., verið framlögð á fundi sýslunefndarinnar þar, er sýndi, að eign styrktarsjóðsins væri lögð í Söfnunarsjóð Íslands.

C. Samkvæmt brjefi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dags. 22. sept. f. á., sem var fram lagt og þar með fylgjandi skýrslu um efnahag styrktarsjóðanna, sem hafði verið framlögð á fundi sýslunefndarinnar 4. sept. f. á., voru reikningarnir fyrir 1895 komnir til sýslumanns úr öllum hreppum sýslunnar, og fje það lagt í Söfnunarsjóðinn, sem hverjum sjóði heyrði til. Reikningurinn fyrir 1894 úr Fljótshlíðarhreppi álítur sýslumaðurinn að hafi misfarizt, en eptir reikningnum fyrir 1895 og Söfnunarsjóðsbókinni verður eigi annað sjeð, en að öllu hefði verið til skila haldið.

Samkvæmt gjörðabókarendurritinu og brjefi sýslumannsins, dags. 23. apríl þ. á., sem var framlagt. var allt í lagi að því leyti, er snerti árið 1896, nema það eitt, að tekjurnar fyrir það ár úr Eyjafjallahreppunum voru eigi komnar í Söfnunarsjóðinn.

Amtsráðið skoraði á sýslumann, að sjá um að fje þetta yrði sem fyrst lagt í sjóðinn.

D. Skýrslur þær um efnahag styrktarsjóða fyrir 1895, sem vantaði úr Skeiðahreppi, Gaulverjabæjarhreppi og Stokkseyrarhreppi í Árnessýslu voru komnar, eptir brjefi sýslumannsins, dags. 22. okt. f. á., sem var fram lagt. Að því leyti, er snerti árið 1896, vantaði skýrslur úr Selvogshreppi, Villingaholtshreppi, Gaulverjabæjarhreppi og Stokkseyrarhreppi, og skipaði amtsráðið svo fyrir, að sýslumaður skyldi ganga eptir skýrslum þessum, svo þær væru til hans komnar

fyrir 1. nóv. næstkomandi og senda forseta skýrslu sína hjer að lútandi. Í skýrslunni í Hraungerðishreppi höfðu vextir eigi verið taldir frá því fyrsta, og var sýslumanni sömuleiðis lagt fyrir, að láta hreppsnefndina leiðrjetta þetta tafarlaust. 95

E. Samkvæmt framlögðu brjefi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 6. jan. þ. á., voru skilríki komin til hans frá öllum hreppum sýslunnar fyrir 1895, nema úr Hafnahreppi, um það, að styrktarsjóðsfjeð væri lagt í Söfnunarsjóðinn. Úr Grindavíkurhreppi var þá komin til sýslumanns skýrsla fyrir 1896. Í gjörðabókarútskriptinni frá aðalfundi sýslunefndarinnar 21.—24. apríl þ. á., er samt svo bókað: »að skýrslurnar væru ekki svo ljósar, sem æskilegt væri, og vantaði sjer í lagi nafnaskrár«. Að því leyti er snertir 1896, voru eigi framkomnar á fundinum skýrslur úr 6 hreppum og svo voru flestar hinar framkomnu skýrslur fylgiskjalalausar.

Amtsráðið ljet í ljósi óánægju sína yfir hirðuleysi hreppsnefndanna í þessu tilliti, og fól forseta sínum, að áminna þær alvarlega og leggja sýslumanni fyrir, að heimta hinar vantandi skýrslur og skilríki svo tímanlega, að allt hjer að lútandi væri til hans komið fyrir 1. nóv. næstkomandi.

F. Samkvæmt framlögðu brjefi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 19. apríl þ. á., voru reikningar úr nokkrum hreppum Borgarfjarðarsýslu komnir, og voru þeir samþykktir nema reikningurinn úr Skilmannahreppi, sem var fylgiskjalalaus.

Sýslumaðurinn skýrir svo frá, að sjer hafi verið falið, að ganga eptir hinum vantandi reikningum og úrskurða þá, og síðan senda forseta amtsráðsins skýrslu um hag styrktarsjóðanna í öllum hreppum sýslunnar. Amtsráðið skipaði svo fyrir, að allt hjer að lútandi skyldi vera komið í röð og reglu fyrir 1. nóv. næstkomandi.

12. Forseti minntist á, að amtsráðið hefði á fundi sínum 27.—30. júní 1891 (Stjórnartíð. 1891, B. bls. 139) falið hinum þáverandi forseta, að semja reglur um heilbrigðisnefndir, sem allar sýslunefndir fengju svo kost á að segja álit sitt um, og skyldu reglur þessar að því búnu leggjast fyrir amtsráðið til samþykktar.

Úr þessu hefði eigi orðið, og hefði forseta amtsráðsins þótt rjett, að taka þetta mál upp aptur.

Það, sem fyrst lá fyrir, var að kveða á um það, hvort heldur skyldi skipa sjerstakar heilbrigðisnefndir, sem minnzt er á í 39. gr. 4. tilskipunar 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, eða fela hreppsnefndunum, af hafa eptirlit með heilbrigðisástandinu í hreppnum eptir reglugjörð samkvæmt 15. gr. nefndrar tilskipunar. Forseti lagði fram frumvarp til slíkrar reglugjörðar, sem hjeraðslæknir Guðmundur Björnsson í Reykjavík hafði samið.

Amtsráðið ályktaði, að fela skyldi hreppsnefndunum að hafa eptirlit með heilbrigðisástandinu, samkvæmt reglugjörð, er amtsráðið gæfi út í þessu skyni, en eigi stofna sjerstakar heilbrigðisnefndir. Frumvarp til slíkrar

95. reglugjörðar, sem hjeraðslæknir Guðmundur Björnsson í Reykjavík hafði samið, var framlagt, og var forseta falið, að senda öllum sýslunefndunum frumvarp nefnds læknis til álita; skyldi svo málið aptur borið upp á næsta amtsráðsfundi.

13. Forseti skýrði frá þeim ráðstöfunum, sem hann hafði fyrirskipað í fyrra sumar til þess að stemma stigu fyrir útbreiðslu fjárkláða og útrýma honum, svo sem unnt væri, og frá árangrinum af þeim ráðstöfunum. Jafnframt gjörði hann amtsráðinu kunnugt um þá ályktun, sem amtsráðið í Vesturamtinu hafði gjört á fundi sínum 9. og 10. þ. m., um ráðstafanir til að stemma stigu fyrir eða útrýma fjárkláða (sbr. skýrslu um fund amtsráðs Vesturamtsins 9. og 10. þ. m.) (Stjórnartíð. 1897, B. bls. 108—110). Amtsráðið fjellst á það álit, sem amtsráðið í Vesturamtinu hafði látið uppi um væntanlegar ráðstafanir gagnvart fjárkláðasótthreinsun fjárhúsa í sumar, og um skoðanir og baðanir á komanda hausti.

14. Forseti skýrði frá, að megn óregla hefði átt sjer stað í Gullbringu- og Kjósarsýslu að því leyti, er snerti lækningar á hundum samkvæmt reglugjörð 26. maí 1893 (Stjórnartíð. 1895, B. bls. 243), og að kært hefði verið yfir þessu fyrir landshöfðingja og lagði hann fram hjer að lútandi brjef hans, dags. 20. júlí f. á., þar sem lagt var sýslumanni fyrir, að hafa nákvæmar gætur á því, að reglugjörð þessari yrði framfylgt, og því bætt við, að hann (landshöfðingi) byggist við, að amtsráðið hefði eptirlit með því að hundalækningar færu fram í nefndri sýslu; var í því tilliti vitnað til niðurlags 5. gr. hennar, þar sem svo er fyrirmælt, að hreppstjórar skyldu árlega senda oddvita sýslunefndarinnar skýrslu fyrir hver árslok um framgang og árangur lækninganna. Forseti hafði svo skrifað sýslumanni út af þessu, 22. júlí f. á., og 12. marz þ. á., og lagði nú fram brjef sýslumannsins, dags. 1. maí þ. á., en eptir þessu brjefi og gjörðabókarendurriti, viðvíkjandi fundarhaldi sýslunefndarinnar 21. til 24. apríl þ. á., hafði að eins í þessum hreppum sýslunnar (Kjósarhreppi, Njarðvíkur- og Hafnahreppi) verið sýnd nokkur viðleitni til þess að lækna hunda. Að endingu skýrði forseti frá því, að sýslunefndin hefði á sama fundi sínum samið nýja reglugjörð um lækningar á hundum, og væri þá vonandi, að eitthvert lag kæmist á, enda hafði því einlægt verið kennt um, að hin gildandi reglugjörð væri óhafandi.

Amtsráðið varð að álíta, að eptirlitið með lækningum á hundum ætti að vera í höndum lögregluvaldsins, og fól forseta allt eptirlit í þessu tilliti, þannig að hann kæmi fram ábyrgð gegn þeim hreppstjórum, sem framvegis vanræktu skyldu sínar í þessu tilliti, eptir 144. gr. hegningarlaganna, sbr. 145. gr., og gengi eptir því, að skýrslur um framfarnar hundalækningar yrðu sendar sýslunefndinni.

15. Forseti lagði fram aptur frumvarp til reglugjörðar fyrir Vesturskaptafellssýslu, um eyðing refa með eitri, sem amtsráðið í fyrra hafði eigi sjeð sjer fært að staðfesta eða löggilda, vegna þess að svo væri ákveðið í 8. gr. þess, að sektir skyldu falla til sýslusjóðs (sbr. skýrslu um fund amtsráðs-

ins 23.—25. júní f. á., Stjórnartíðindi 1896, B. bls. 124); var nú sú breyting gjörð á þessari gr. af sýslunefndinni í tjeðri sýslu, að í stað orðanna: »sýslusjóð« komi: »hlutaðeigandi sveitarsjóð«. 95

Amtsráðið staðfesti þessa reglugjörð til þess að öðlast gildi 1. sept. 1897.

16. Ennfremur var lagt fram frumvarp til »fjallskilaákvæða til bráðabirgða, fyrir Vesturskaptafellssýslu um sauðfjármörk«, sem sýslunefndin þar hafði samið.

Amtsráðið staðfesti þessa reglugjörð til þess að öðlast gildi 1. sept. 1897.

17. Með skírskotun til þess, sem gjörzt hafði á fundi amtsráðsins 23.—25. júní f. á., viðvíkjandi frumvarpi til reglugjörðar fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu, um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafje o. fl., skýrði forseti frá því, að frumvarpið hefði verð lagað af sýslunefndinni í þá átt, sem amtsráðið hafði bent til, og að hann samkvæmt þeirri heimild, sem amtsráðið hafði veitt, hefði staðfest reglugjörð þessa til að öðlast gildi 1. maí 1897.

18. Amtsráðið samþykkti þá ályktun sýslunefndarinnar í Vesturskaptafellssýslu, að vegurinn »frá Vík yfir Reynisfjall að Dyrhólum« skyldi tekinn í tölu sýsluvega, en að »vegurinn frá Núpum inn Haga að Kárhólmum, þaðan vestur úr Vatnsársundum fram hjá Litlu Heiði yfir Fall að Hvammsgörðum« verði felldur úr sýsluvegatölu.

19. Amtsráðið samþykkti sömuleiðis þá ályktun sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að »vegurinn frá Leirvogsárbrú að sýsluveginum fyrir sunnan Þverárkot« yrði tekinn í tölu sýsluvega, en að »vegurinn frá Varmá að Leirvogsá« lagður niður sem sýsluvegur.

20. Endurskoðendur lögðu fram reikningana yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins, búnaðarskólasjóðs, styrktarsjóðs þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu og eldgosasjóðs Suðuramtsins fyrir 1896, og voru þeir samþykktir án athugasemda.

21. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 27. apríl þ. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar endurnýjar beiðni hennar frá því fyrra og hitt eð fyrra (Stjórnartíð. 1895, B. bls. 195 og 1896, B. bls. 112) til landshöfðingja um, að hann ljeti hæfan mann (í hin skiptin verkfræðing landsins) skoða brúarstæði á þessum ám í sýslunni: 1. Soginu hjá Alviðru, 2. á Brúará milli Milklaholts og Spóastaða, 3. á Tungufljóti á Vatnsleysugljúfri, og 4. á Hvítá á Brúarhlöðum og gjöra áætlun um kostnaðinn við brúargjörð á nefndum stöðum.

Amtsráðið ályktaði, að bera mál þetta enn upp fyrir landshöfðingja með meðmælum sínum.

22. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 27. apríl þ. á., þar sem hann skýrir frá, að sýslunefndin hafi ályktað að leggja fram fje úr vegasjóði sýslunnar, allt að 12000 kr., til vegagjörðar frá Eyrarbakka upp að Ölfusárbrú með því skilyrði, að fje þetta fáist til láns úr viðlaga-

95 sjóði með aðgengilegum kjörum og að vegurinn, sem verður neðri hlutinn af flutningabraut þeirri, sem leggja skal á kostnað landssjóðs frá Eyrarbakka upp Árnessýslu, samkv. 3. gr. laga 13. apríl 1894, um vegi, verði að öðru leyti kostaður af landssjóði, og fullgjör fyrir næstu aldamót.

Jafnframt er leitað samþykkis amtsráðsins til þessarar fyrirhuguðu lántöku, ef til skyldi koma.

Í öðru brjefi, dags. s. d., sem var framlagt, fer sýslumaður þess á leit, að amtsráðið beini þeim tilmælum til landshöfðingja, að hann láti á yfirstandandi vori hæfan mann rannsaka umgetið vegarstæði og gjöra áætlun um kostnað við vegalagninguna.

Amtsráðið ljet uppi það álit sitt um þetta mál, að slík fjárveiting úr sýsluvegasjóði gæti eigi samrýmzt við 6. gr. laga 13. apríl 1894, um vegi, og sá ráðið sjer því eigi fært, að veita hið umbeðna samþykki til lántöku þessarar. Á hinn bóginn er ráðið því mjög hlynnt, að fyrirætlun sýslunefndarinnar nái fram að ganga, og áleit að bezti vegurinn til þess að koma þessari fyrirætlun fram, væri sú, að sjerstök lagaheimild fengist fyrir því, að sýslunefndinni í Árnessýslu veittist leyfi til, að verja 12000 kr. úr sýslusjóði til hins umrædda fyrirtækis, í líking við heimild þá, sem á sínum tíma var veitt sýslunefndinni í Ísafjarðarsýslu, með lögum 8. okt. 1883, um breyting á tilskipun 15. marz 1861, um vegina Íslandi, til þess að verja fje úr sýsluvegasjóði til gufubátsferða. Með þetta fyrir augum vildi amtsráðið veita samþykki sitt til lántöku, sem gengi í þá átt, sem hjer er ráð fyrir gjört, og fól alþingismanninum úr Vesturskaptafellssýslu, sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni, sem er amtsráðsmaður, að flytja þetta mál á tilstandandi þingi, en hann hefir tekið þetta góðfúslega að sjer.

Að því leyti, er snertir skoðun vegstæðis, var forseta falið að fara þess á leit við landshöfðingja, að skoðunin færi fram sem fyrst að unnt væri.

23. Forseti lagði enn fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 27. apríl þ. á., þar sem skýrt er frá því, að sýslunefndin enn á ný (í þriðja skipti) hefði ályktað á fundi sínum 6.—10. s. m., að mælast til þess við landshöfðingja, að hann ákveði sem fyrst, hvar aðflutningabrautir eigi að liggja um sýsluna; fer sýslumaður þess á leit, að amtsráðið komi málaleitun þessari enn að nýju á framfæri við landshöfðingja.

Amtsráðið hafði bæði í fyrra og hitt eð fyrra (sbr. Stjórnartíðindi 1895, B. bls. 195, og 1896, B. bls. 121) álitið, að rjettast væri að bíða með þetta, þar til landshöfðingi, að fengnu áliti verkfræðings, heimtaði álit sýslunefnda og amtsráðs um þetta máletni. Amtsráðið hafði samt í fyrra ekki haft neitt á móti því, að skrifa landshöfðingja aptur um málaleitun þessa, og fara þess á leit, að hann gjörði ráðstöfun til, að ákveðið yrði, hvar leggja skyldi þessar flutningabrautir, og kvaðst forseti hafa skrifað landshöfðingja í þessa átt 26. júlí 1895 og 29. júní f. á.

Amtsráðið ályktaði, að beina þessari málaleitun aptur til landshöfðingja,

og var það tekið fram, að hjer væri átt við flutningabrautirnar frá Þingvöllum að Geysi og frá Ölfusárbrúnni upp sýsluna. 95

24. Í framlögðu brjefi, dags. 27. apríl þ. á., hefir sýslumaðurinn í Árnessýslu farið þess á leit fyrir hönd sýslunefndarinnar og eptir ályktun hennar, að amtsráðið vilji beina þeim tilmælum til landshöfðingja, að hann ljeti á kostnað landssjóðs leggja klyfjafæran veg af Mosfellsheiðarveginum á tveim stöðum ofan í Seljadalinn, efst og neðst, til þess menn geti áð hestum sínum, sem eigi yrði þar í nánd annarstaðar, en niðri í dalnum, en þangað væri ófært af veginum.

Amtsráðið gat eigi sjeð, að heimild væri til þess, að verja fje úr landssjóði til slíkra vegagjörða, en vildi samt senda landshöfðingja þessa málaleitun.

25. Í brjefi, dags. 21. apríl þ. á., sem var framlagt, hefir sýslunefndin í Árnessýslu beint beiðni frá sæluhúsverðinum á Kolviðarhóli, Guðna Þorbergssyni, um 50 kr. styrk úr sýslusjóði, til amtsráðsins með þeirri áskorun, að það veitti sæluhúsverðinum þennan styrk.

Amtsráðið ályktaði, að veita sæluhúsverði Guðna Þorbergssyni 50 kr. styrk úr jafnaðarsjóði í þetta skipti.

26. Forseti skýrði frá, að hann hefði fyrir hönd amtsráðsins samþykkt, að sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu tæki 3000 kr. lán úr viðlagasjóði til vegagjörðar frá Reykjavíkurlandi til Hafnarfjarðar, og var lán þetta veitt með þeim skilmálum, að það endurborgist og ávaxtist á næstu 28 árum með 6% af hinni upphaflegu upphæð þess.

Amtsráðið fjellst á þetta.

27. Forseti bar undir amtsráðið, samkv. 1. gr. laga 13. apríl 1894, um breytingu á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaganna 17. des. 1875, erindi yfirsetukonunnar í 5. umdæmi Gullbringu- og Kjósarsýslu (Garðasókn), Ragnheiðar Björnsdóttur, þar sem hún fer þess á leit, að amtsráðið hlutist til um, að hún fái 20 kr. launaviðbót eptir aldri, sem sýslunefndin hafði neitað henni um, og var ennfremur framlagt álit sýslunefndarinnar um þetta mál.

Amtsráðið ályktaði, að afgreiða þetta mál til landshöfðingja, en fann eptir kringumstæðum eigi ástæðu til, að mæla með þessari beiðni.

28. Forseti lagði fram erindi frá dýralækni Magnúsi Einarssyni, dags. 5. þ. m., þar sem hann fer þess á leit, að amtsráðið veiti fje af jafnaðarsjóði til þess að kaupa góðan sjónauka, sem mundi kosta c. 350 kr., handa dýralæknisembættinu í Suður- og Vesturömtunum. Forseti gat þess, að amtsráðið í Vesturamtinu hefði veitt 150 kr. í þessu skyni með því skilyrði, að amtsráðið í Suðuramtinu legði til það, sem ávantaði, til þess að fá góðan sjónauka.

Amtsráðið ályktaði, að veita allt að 200 kr. til þess að kaupa sjónaukann.

29. Forseti lagði fram brjef amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu, dags. 24. maí þ. á., þar sem hann fer þess á leit, að tillögur sínar um, að alls-

19. dag júlímán. 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

95 herjarbúnaðarfjelag fyrir allt landið verði stofnað á þá leið, að bæði Norðuramtið, Austuramtið og Vesturamtið gengi í samfjelag við búnaðarfjelag Suðuramtsins eptir reglum, sem framlagt frumvarp hefir inni að halda, sem amtmaðurinn í fyrnefndu amti hafði samið til laga fyrir hið íslenzka landbúnaðarfjelag, yrði teknar til umræðu á fundinum. Ennfremur var þess farið á leit, ef amtsráðið vildi sinna þessu máli, að það þá kysi fulltrúa til þess að mæta á fundi búnaðarfjelags Suðuramtsins, sem verður haldinn 5. júlí næstkomandi, til þess að ræða málið og til þess ásamt nefnd, er væntanlega yrði kosin af búnaðarfjelaginu og ásamt fulltrúum hinna amtsráðanna að gjöra tillögur um stofnun búnaðarfjelags fyrir allt landið, er að ári yrðu lagðar fyrir amtsráðið.

Jafnframt skýrði forseti frá undirtektum amtsráðsins í Vesturamtinu undir þetta mál.

Amtsráðið ályktaði að sinna þessu máli, og kaus tvo fulltrúa til að mæta á fyrgreindum fundi með umboði til þess, að taka þátt í umræðunum og í undirbúningi málsins ásamt nefnd þeirri, er væntanlega yrði kosin í þessu tilliti af búnaðarfjelagi Suðuramtsins, en án nokkurs valds til þess að taka endilega ákvörðun um hluttekning í hinu fyrirhugaða búnaðarfjelagi fyrir allt landið. Sem fulltrúar voru kosnir: amtsráðsmaður Guðlaugur sýslumaður Guðmundsson og varaamtsráðsmaður Þorlákur alþingismaður Guðmundsson í Fífuhvammi.

30. Forseti lagði fram skýrslur um kennsluna á kvennaskólanum í Reyjavík fyrir skólaárið 1896/97, og reikning yfir tekjur og gjöld skólans frá 1. sept. 1895 til 31. ágúst 1896 til yfirlits.

Amtsráðið veitti skólanum 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði eptir framlagðri umsókn.

31. Þá voru lagðir fram aptur reikningar yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri eða reikningur yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólastofnunina, fyrir 1896/97, reikningur yfir tekjur og gjöld skólabúsins 1896/97 og reikningur yfir tekjur og gjöld kirkjunnar á Hvanneyri fyrir 1895/96, eptir að þessir reikningar höfðu verið endurskoðaðar af þeim amtsráðsmönnum, sem til þess höfðu verið kvaddir.

Að gefnu tilefni ályktaði amtsráðið, að reikningarnir skyldu framvegis miðaðir við skólaárið. Reikningarnir voru samþykktir.

Skýrsla um kostnaðinn við geymsluhús það, sem byggt hafði verið á Hvanneyri sumarið 1896, var framlögð og hafði kostnaðurinn alls hlaupið 1804 kr. 72 a., og farið nokkuð fram yfir áætlun. Húsið er 16 álna langt og 12 álna breitt.

Framlögð var skýrsla um kennsluna á skólanum skólaárið 1896/97 og skrá yfir eignir skólans 20. maí 1897.

Samkvæmt kennsluskýrslunni höfðu námssveinar verið 6 að sumrinu og 8 að vetrinum, af þeim útskrifuðust 4. Á komandi skólaári verða námssveinar að minnsta kosti 8.

Þá var framlagt frumvarp til nýrrar reglugjörðar fyrir skólann, sem stjórnarnefndin hafði samið og borið undir samþykki amtsráðsins. Ráðið ræddi þetta frumvarp ítarlega og staðfesti það nema að því leyti, er snertir fyrirhugaða lenging á skólaveru nemendanna, sem stungið var upp á, að vera skyldi 3 ár; amtsráðið varð að vísu að álíta, að það væri langtum heppilegra, að námstíminn væri 3 ár en 2, eins og nú er, en því þótti ísjárvert, að gjöra þessa breyting nú þegar bæði vegna þess, að þetta gæti leitt til þess að fæla menn frá því, að sækja skólann, þar sem þeir gætu lokið búfræðisnámi á 2 árum við hina aðra búnaðarskóla landsins, og svo vegna þess kostnaðarauka, sem þessi breyting á kennslufyrirkomulaginu hlyti að hafa í för með sjer; á þessu yfirstandandi skólaári og á næsta skólaári væri sem sje óhjákvæmilegt að auka byggingar á skólasetrinu. Þá fyrst er þessum nauðsynlegu byggingum væri lokið, og fjárhagur skólans kominn í öruggt horf, væri rjett að ráðast í það, að lengja námstímann, enda væri þörf á, að bera sig saman við stjórnarnefndir hinna búnaðarskólanna, um þessa breytingu, sem æskilegt væri, að kæmist á við alla skólana. 95

Vegna þess að svo er fyrirmælt í þessari nýju reglugjörð, að amtsráðið kjósi 2 menn í stjórnarnefnd skólans og 1 til vara, voru á fundinum kosnir þessir fyrir næstu 3 skólaár, prófastur síra Guðmundur Helgason á Reykholti, hjeraðslæknir Páll Blöndal á Stafholtsey, og til vara síra Arnór Þorlákssón á Hesti.

Forseti lagði fram brjef skólastjóra, dags. 12. des. f. á., þar sem hann hreyfir því, að nauðsyn væri á, að byggja fjós hinum megin við hlöðuna á móti fjósinu, sem byggt hafði verið áfast við hlöðuna á sumrinu 1895, þar sem nautgriptir væru nú 28, og yrði, sem stæði, að hafa helminginn af þeim í lítt brúklegum húsum, sem eigi yrði notuð framvegis. Hafði skólastjóri skýrt frá, að hann hefði ráðizt í, að panta nokkuð timbur til þessa, og að hann mundi semja áætlun um kostnaðinn við bygginguna, og leita álits stjórnarnefndarinnar um þetta, sem hún svo sendi hingað. Forseti skýrði frá, að hann í brjefi til skólastjóra, dags. 28. des. f. á., hefði látið í ljósi, að hann væri honum samdóma um, að eigi yrði hjá því komizt, að byggja nýtt fjós að vorinu til, og fjellst á fyrirætlanir og ráðstafanir skólastjóra í þessu upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins.

Síðan var framlagt brjef stjórnarnefndarinnar, dags. 20. maí þ. á., þar sem hún fellst á nefnda fjósbygging sem alveg nauðsynlega; ennfremur var það tekið fram, að nauðsyn væri á, að gjöra að suðurgafli skólans og skyldi þá um leið gjöra skúr með fram gaflinum 12×5 álna, til þess að vera svefnherbergi og borðstofa fyrir verkafólk á sumrum. Áætlað var, að kostnaðurinn við bygging fjóssins og húsabótina yrði 2000 kr.

Ennfremur voru í sama brjefi bornar upp ýmsar tillögur um fjárveiting til skólans á skólaárinu 1897/98.

Forseti gat þess, að hann nýlega hefði ráðgazt við skólastjóra og við timburmeistara Svein Sveinsson um framangreinda húsagjörð, og hefði þeim

95 komið saman um, að rjettara væri að lengja húsið í stað þess að byggja skúrinn og mundi þetta eigi kosta meira en 250 kr. framyfir það, sem ætlað var til skúrsins.

Amtsráðið fjellst á, að fjósið yrði byggt, og sjálfsagt skólahúsið lengt, og áætlaði til þessa alls 2300 kr.

Ennfremur samþykkti amtsráðið þessar fjárveitingar í þarfir skólabúsins:

1.	Til rúmfata í 5 rúm	kr. 400	
2.	Til framhalds smíðakennslu	— 100	
3.	Til hjúalauna, verkalauna kaupafólks og daglaunamanna, kaupstaðarvarnings o. fl. . .	— 1400	
4.	Til bókakaupa handa lærisveinum . . .	— 100	kr. 2000

Samkvæmt þessu var samin svo hljóðandi áætlun um tekjur og gjöld skólans 1897/98:

Tekjur:

1.	Eptirstöðvar:			
	a. af landssjóðsstyrknum fyrir 1897	kr. 44,00		
	b. til í sparisjóði	— 71,09		
	c. úr jafnaðarsjóði fyrir 1897 . .	— 1338,26	kr. 1453,35	
2.	Landssjóðsstyrkur 1898		— 2000,00	
3.	Úr búnaðarskólasjóði 1897		— 1660,00	
4.	Úr jafnaðarsjóði 1898		— 1647,15	
5.	Bráðabyrgðarlán úr búnaðarskólasjóði . .		— 1000,00	kr. 7760,50

Gjöld:

1.	Afborganir upp í lán og vaxtagreiðslur:			
	a. Til landssjóðs	kr. 1504,00		
	b. Til landsbankans	— 604,50		
	c. Til Kirkjusjóðsins	— 152,00	kr. 2260,50	
2.	Laun skólastjóra		— 1000,00	
3.	Bygging fjóss og lenging skólahússins . . .		— 2300,00	
4.	Til bókakaupa handa lærisveinum . . .		— 100,00	
5.	Til framhalds smíðakennslu		— 100,00	
6.	Ýmislegt til skólabúsins:			
	(Sbr. að framan)		— 1800,00	
7.	Önnur útgjöld		— 200,00	kr. 7760,50

Þá var samið yfirlit yfir efnahag búnaðarskólastofnunarinnar í fardögum 1897:

Eignir:

1.	Hvanneyri með kirkjujörðum, hjáleigum og ítökum m. m. að kirkjunni sjálfri undanskilinni . .	kr. 16000	
	Flyt:	kr. 16000	

Flutt: kr. 16000 95

	Frádregið fyrir álag á jarðarhús og vöntun húsa	— 350	kr.	15650,00	
2.	Hús önnur en jarðarhús		—	13400,00	
3.	Lifandi peningur		—	4375,00	
4.	Jarðyrkjuverkfæri, þar með heyskaparáhöld		—	1395,20	
5.	Bækur og kennsluáhöld		—	178,30	
6.	Smíðatól		—	131,25	
7.	Annað lausafje		—	2262,15	
8.	Útistandandi skuldir		—	178,85	
9.	Heyfyrningar		—	1600,00	
10.	Kirkjan á Hvanneyri		—	3800,00	kr. 42970,75

Skuldir:

1.	Óborguð lán:				
	a. Úr landssjóði . . .	kr. 26984,15			
	b. — landsbankanum . .	— 4050,00			
	c. — kirkjusjóði . . .	— 1300,00	kr.	32334,15	
2.	Ýmsar skuldir		—	529,69	
3.	Mismunur		—	10106,91	kr. 42970,75

Að endingu var forseta falið að láta fjárlaganefnd neðri deildar alþingis í tje skýrslur um ástand skólans á skólaárunum 1895/96 og 1896/97, og fara þess á leit, að skólanum yrði lagður ríflegri styrkur á hinu komandi fjárhagstímabili, en hingað til, í samanbandi við styrk þann, sem ætlaður væri hinum búnaðarskólum landsins, svo sem að minnsta kosti 4000 kr. fyrir 1898 og 3000 kr. fyrir 1899.

32. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins á árinu 1898.

Tekjur:

1.	Væntanlegar eptirstöðvar við árslok 1897 .	kr.	1300,00	
2.	Niðurjöfnun	—	2930,00	kr. 4230,00

Gjöld:

1.	Kostnaður við amtsráðið	—	600,00	
2.	Ferðakostnaður	—	500,00	
3.	4. afborgun upp í og vaxtagreiðsla af láni til Ölfusárbrúarinnar	—	482,63	
4.	Kostnaður samkv. lögum 2. okt. 1891 um skipun dýralækna á Íslandi	—	200,00	
5.	Menntamál (Kvennaskólinn í Reykjavík) .	—	100,00	
		Flyt: kr.	1882,63	

95

	Flutt:	kr.	1882,63	
6. Til búnaðarskólans á Hvanneyri . . .		—	1647,15	
7. Ýmisleg útgjöld		—	200,22	
8. Eptirstöðvar		—	500,00	kr. 4230,00

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Skrifstofu Suðuramtsins, Reykjavík 1. júlí 1897.

J. Havsteen.

96

Skýrsla

um efnahag sýslusjóða í Vesturamtinu 1896.

I. Strandasýsla.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá f. á.	kr.	164,26	
2. Sýslusjóðsgjald	—	568,44	kr. 732,70

Gjöld:

1. Kostnaður sjóðsins	kr.	462,00	
2. Eptirstöðvar til næsta árs	—	270,70	— 732,70

II. Ísafjarðarsýsla.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr.	1029,80	
2. Sýslusjóðsgjald	—	2529,40	
3. Lán úr »Gjafasjóði Ellefsens til Mosvallahrepps« . .	—	1500,00	
4. Aðrar tekjur	—	348,28	
5. Skuld við reikningshaldara	—	4,12	— 5411,60

Gjöld:

1. Kostnaður sjóðsins			— 5411,60

III. Vesturbarðastrandarsýsla.

Tekjur

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr.	256,02	
2. Sýslusjóðsgjald	—	782,37	
3. Aðrar tekjur	—	50,00	— 1088,39

Gjöld:

1. Kostnaður sjóðsins	kr.	788,66	
2. Eptirstöðvar til næsta árs	—	299,73	— 1088,39

IV. Austurbarðastrandarsýsla. **96**

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr. 579,70	
2. Sýslusjóðsgjald	— 702,26	— 1281,96

Gjöld:

1. Kostnaður sjóðsins	kr. 465,50	
2. Eptirstöðvar til næsta árs	— 816,46	— 1281,96

V. Dalasýsla.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr. 2446,51	
2. Borgað samkvæmt úrskurði	— 75,04	
3. Sýslusjóðsgjald	— 1146,30	
4. Aðrar tekjur	— 112,05	
5. Endurborguð lán	— 1020,00	
6. Ógreiddir vextir	— 50,00	— 4849,90

Gjöld:

1. Kostnaður sjóðsins	kr. 813,56	
2. Til jafnaðar (úr 1. tekjulið)	— 11,88	
3. Til jafnaðar (5. tekjuliður)	— 1020,00	
4. Til jafnaðar (úr tekjul. 4)	— 37,12	
5. Eptirstöðvar til næsta árs	— 2967,34	— 4849,90

VI. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr. 146,71	
2. Sýslusjóðsgjald	— 1390,29	
3. Aðrar tekjur	— 200,00	— 1737,00

Gjöld:

1. Kostnaður sjóðsins	kr. 1114,30	
2. Eptirstöðvar til næsta árs	— 622,70	— 1737,00

VII. Mýrasýsla.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr. 280,55	
2. Sýslusjóðsgjald	— 1073,11	
3. Ofborgun endurgoldin	— 1,50	
4. Til jafnaðar (gjaldlið. 1. og 3.)	— 315,53	
5. Skuld til landsbankans	— 200,00	— 1870,69

Gjöld:

1. Skuld frá fyrra ári við landsbankann	kr. 300,00	
2. Kostnaður sjóðsins	— 990,94	
3. Lánað sýsluvegasjóði	— 215,53	
4. Eptirstöðvar til næsta árs	— 364,22	— 1870,69

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 18. júní 1897.

J. Havsteen.

97

Skýrsla

um efnahag sýsluvegasjóða í Vesturamtinu 1896.

I. Strandasýsla.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr.	225,78	
2. Sýsluvegagjald	—	366,25	
3. Skuld við einn hrepp	—	4,51	kr. 596,54

Gjöld:

1. Kostnaður við vegabætur	kr.	391,30	
2. Borgaðar skuldir til ýmsra hreppa	—	8,80	
3. Innistandandi í sýsluvegasjóði	—	196,44	— 596,54

II. Ísafjarðarsýsla.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr.	3538,54	
2. Sýsluvegagjald	—	1241,25	
3. Vextir af innstæðu	—	46,88	
4. Innheimt útistandandi sýsluvegagjald	—	238,75	— 5065,42

Gjöld:

1. Kostnaður við vegabætur	kr.	2033,00	
2. Til jafnaðar (tekjul. 4)	—	238,75	
3. Eptirstöðvar til næsta árs	—	2793,67	— 5065,42

III. Vesturbarðastrandarsýsla.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr.	69,79	
2. Sýsluvegagjald	—	468,75	— 538,54

Gjöld:

1. Samkvæmt úrskurði amtsráðsins	kr.	18,50	
2. Kostnaður við vegabætur	—	443,12	
3. Eptirstöðvar til næsta árs	—	76,92	— 538,54

IV. Austurbarðastrandarsýsla.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr.	476,03	
2. Sýsluvegagjald	—	280,05	
3, Lán úr landsjóði	—	1400,00	— 2156,08

Gjöld:

1. Kostnaður við vegabætur	kr.	2049,26	
2. Eptirstöðvar til næsta árs	—	106,82	— 2156,08

V. Dalasýsla. **97**

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr.	» »	
2. Sýsluvegagjald	—	498,75 kr.	498,75

Gjöld:

1. Kostnaður við vegabætur	kr.	380,25	
2. Útistandandi vegagjald hjá hreppum	—	118,50 —	498,75

VI. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári	kr.	110,00	
2. Hreppavegagjald 1/2 úr einum hreppi	—	55,00	
3. Sýsluvegagjald	—	820,00 —	985,00

Gjöld:

1. Kostnaður við vegabætur	kr.	945,00	
2. Eptirstöðvar til næsta árs	—	40,00 —	985,00

VII. Mýrasýsla.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá f. á. (samkv. úrskurði)	kr.	2,90	
2. Sýsluvegagjald	—	542,50	
3. Leiga af vagni	—	3,00	
4. Lán úr sýslusjóði	—	215,53	
5. Skuld til sýslusjóðs	—	215,53 —	979,46

Gjöld:

1. Kostnaður við vegabætur	kr.	734,05	
2. Til jafnaðar (tekjulið. 5)	—	215,53	
3. Eptirstöðvar til næsta árs	—	29,88 —	979,46

Íslands Vesturamt. Reykjavík, 18. júní 1895.

J. Havsteen.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* **um þingsályktun um sölu landsjóðsjarða á erfðafestu.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. marz þ. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, sem neðri deild alþingis 1895 hafði samþykkt eptir tillögum nefndar, er kosin var til að íhuga lagafrumvarpið um að veita stjórninni heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. Þingsályktunin er þannig: **98** 20. maí

»Um leið og neðri deild alþingis lýsir yfir því, að hún álíti rjett og heillavænlegt, að selja jarðir landsjóðsins á erfðafestu, ályktar hún að skora á landstjórnina, að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga, er innihaldi öll nauð-

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

98 20. maí synleg almenn ákvæði um rjettindi landsjóðs gagnvart erfðafestueigendum og erfðafestueiganda gagnvart landsjóði, að því er snertir væntanlega sölu landsjóðsjarða á erfðafestu«.

Þjer hafið um framkomu og ástæður þessarar þingsályktunar vísað til viðeigandi kafla í alþingistíðindunum, og tekið það fram, að skoðun sú, er þingsályktunin sennilega sje á byggð, sje sumpart sú, að söluverðið verði þá heldur föst arðberandi innstæða, ef það sje tryggt með jörðunum sjálfum á þann hátt, er þingsályktunin bendir til, heldur en nú á sjer stað, þar sem það sje greitt beint í landsjóð, sumpart sú, að erfðafesta veiti meiri trygging fyrir varanlegri sjálfsábúð en óbundinn eignarrjettur. Þjer hafið því næst látið í ljós, að þjer væruð mótfallinn þeirri skoðun þingsályktunarinnar, að það væri æskilegt, að tekin væri upp á Íslandi erfðafesta, sem hingað til hefir verið því nær óþekkt þar, og hafið þjer nákvæmara tekið fram þær ástæður, er bæði þjer og báðir amtmennirnir, er þjer hafið leitað umsagnar þeirra um málið, teljið vera því til fyrirstöðu, að tillögur þingdeildarinnar í þessu máli eigi að fá framgang. Að öðru leyti hafið þjer skotið umgetnu málefni til úrslita ráðaneytisins.

Með því að ráðaneytið verður að fallast á rök þau, er þjer tilfærið í áðurnefndu brjefi yðar, hefir því eigi þótt ástæða til að gjöra neitt útaf umgetinni þingsályktun.

Að því leyti sem þjer, herra landshöfðingi, hafið látið þess getið, að það væri auðvelt að koma því í kring, að ávaxtað yrði á öruggan hátt fje það, er landsjóði gyldist fyrir seldar þjóðjarðir, þá vil jeg þó bæta þar við þeirri athugasemd, sem hjer fer á eptir: Alþingi virðist telja það æskilegt, að fje það, sem hjer er um að ræða, væri lagt í sjerstakan sjóð, er vera má að um eigi að gilda sjerstök ákvæði í þá átt, að honum skuli eigi eyða. Auk þess sem það er valt því að treysta, að slík ákvæði yrðu tekin til greina, ef að þrengdi, þá getur ráðaneytinu eigi skilizt, að nokkuð sje unnið við það, að setja á stofn slíka sjerstaka deild í viðlagasjóði, því að það er auðvitað, að þess ber að gæta eptir því sem unnt er, að hann verndist fyrir landsjóð og að hæfilega mikið fje sje í honum.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild stjórnartíðindanna í sambandi við áðurnefnt brjef yðar.

Brjef landshöfðingja.

Hjermeð leyfi jeg mjer lotningarfyllst að senda í þeim búningi, er alþingi ljet hana frá sjer fara í honum, og í danskri þýðing þingsályktun um sölu landsjóðsjarða á erfðafestu, sem feldi í sjer rjett fyrir kaupanda til að selja, veðsetja og ráðstafa eigninni á annan hátt. Var þingsályktun þessi samþykkt af neðri deild alþingis 1895 eptir löglegan undirbúning.

Umgetin þingsályktun er framkomin eptir tillögum nefndar þeirrar, er áðursögð þingdeild kaus árið 1895 til þess að íhuga og segja álit sitt um frumvarpið til laganna frá 13. desbr. 1895, um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir, sbr. álit nefndar þessarar í Alþingistíðindunum fyrir 1895, C, bls. 505—506, og umræðurnar um þingsályktun þá, er hjer um ræðir (Alþingistíð. 1895, B, 1834.—1836. dálki). Skoðun sú, er þingsályktun

þessi sennilega byggist á, er sumpart sú, að söluverðið verði þá heldur föst arðberandi innstæða, ef það er tryggt með jörðunum sjálfum á þann hátt, er þingsálytunin bendir til, heldur en nú á sjer stað, þar sem það er greitt beint í landsjóð, og sumpart sú, að erfðafesta veiti meiri trygging fyrir varanlegri sjálfsábúð, en óbundinn eignarrjettur. 98

Jeg hefi leitað álits beggja amtmanna, og hafa þeir ráðið frá því, að þingsályktunin væri tekin til greina. Havsteen amtmaður hefir í því efni tekið fram, að eigi virðist ástæða til að taka upp hjer á landi þetta úrelta fyrirkomulag, sízt að því er til landssjóðsjarða kemur, með því að þær eru byggðar til æfilangrar ábúðar og ekkja heldur ábúðarrjetti manns síns samkvæmt lögum nr. 1 frá 12. janúar 1884 § 2; auk þess hafi yfir höfuð við bygging landssjóðsjarða verið fylgt reglum þeim, er settar eru í brjefi innanríkisráðaneytisins frá 23. maí 1853. Briem amtmaður hefir aptur á móti einkum lagt áherzlu á reynzlu annara landa, þar er erfðafesta hefir verið í lög leidd á líkan hátt og farið er fram á af alþingi, svo sem er um Noreg og Þýzkaland. Í Noregi hafi menn þannig fundið þörf á því, að losna við ákvæði laga 20. ágúst 1821, sjá norsk lög 5. ágúst 1848 og 24. septbr. 1851, og sama er um Þýzkaland að segja, að lögum um þetta efni frá 27. júní 1890 hefir verið breytt með lögum frá 7. júní 1891. Sami amtmaður hefir enn látið þess getið, að nefnd sú, er hið enska þjóðþing hafi sett 1888 til að íhuga, hver vegur væri heppilegastur til að útvega fátækum mönnum jarðnæði, hafi komizt að þeirri niðurstöðu að eigu væri heppilegri en leiga, og ráðið til þess að jarðnæði þessi væri útveguð til kaups með þeim skilmálum, að andvirði jarðanna skyldi greitt þegar að $^1/_5$ hluta, $^{11}/_{20}$ hlutir þess skyldu afborgazt á 50 árum, en $^1/_4$ standa sem óuppsegjanleg föst innstæða gegn tryggingu í jarðnæðunum. Í samræmi við þessar tillögur voru svo gefin út árið 1892 lög þau, er nefnd eru »Small Holding Act«. Til líkrar niðurstöðu hefir hin danska landbúnaðarnefnd komizt, er skipuð var 1894 til þess að íhuga og segja álit sitt um útvegun jarðnæðis handa verkamönnum til sveita, sbr. álit nefndar þessarar, útkomið 1896.

Að því er snertir þá aðfundning umgetinnar þingnefndar að lögunum um þjóðjarðasölu, að það sje engin trygging fyrir því, að andvirði hinna seldu jarða haldist við sem föst arðberandi innstæða landsjóðs, þá er mjög auðvelt að skipa þannig fyrir um meðferð þess fjár, er borgað er landsjóði fyrir seldar jarðir, að því sje bæði borgnara og að það gefi af sjer meiri arð, — t. d. með því, að kaupa fyrir það kgl. skuldabrjef eða lána það gegn fasteignarveði (á venjulegan hátt), — heldur en að lána, ef svo mætti að orði komast, allt söluverðið gegn veði, er eigi væri meira virði en lánið, og þar sem á hinn bóginn varla mætti hafa lægri en hin núverandi umboðslaun þóknun fyrir innheimtu á væntanlegu erfðafestugjaldi og fyrir umsjón um jarðir þær, er seldar yrðu á erfðafestu, ef umsjón þessi ætti að að vera að nokkru gagni. Að því leyti er hitt atriðið snertir, að erfðafestumaður og niðjar hans ættu að hafa meiri tryggingu fyrir því, að fá að halda ábúð á jörðinni, heldur en eigendur og niðjar hans, þá verður því eigi neitað, að það ákvæði mætti setja með lögum, að erfðafestumann mætti eigi svipta erfðafestu, og að erfðafestu skuli njóta niðjar hans eptir ákveðnum reglum, en jeg hygg, að það mundi koma í ljós, að slík ákvæði væru eigi hentug eptir því, sem hjer til hagar, og auk þess opt ranglát gagnvart skuldheimtumönnum, og öðrum erfingjum en þeim, er fengi erfðafestujörðina.

Um leið og jeg læt þess getið, að jeg er samdóma áliti amtmannanna um mál þetta, skal jeg lotningarfyllst leyfa mjer að skjóta því til úrslita hins háa ráðaneytis.

99 # Reglugjörð

fyrir Vesturskaptafellssýslu um eyðing refa með eitri.

Amtsráðið í Suðuramtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum, er hjer með staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Reglugjörð

fyrir Vesturskaptafellssýslu um eyðing refa með eitri, sem er samin af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. septbr. 1897.

1. gr.

Kosinn skal af sýslunefnd til tveggja ára einn maður fyrir sýsluna, er skipi fyrir um eyðing refa með eitri, og hafi umsjón með slíku.

2. gr.

Taka skal umsjónarmaður til á hverjum stöðum eitra skuli og hversu mikið á hverjum stað.

3. gr.

Umsjónarmaður skal útnefna menn á eitrunarsvæðunum, er framkvæma skuli fyrirskipanir hans; en sjálfum ber honum að hafa nákvæmt eptirlit með, að verkið sje vel og heppilega af hendi leyst.

4. gr.

Eitrun skal fram fara að minnsta kosti tvisvar á ári.

5. gr.

Annast skal umsjónarmaður um, að til sje í sýslunni nóg eitur, sem borga skal af hreppasjóðunum eptir þeim reglum, sem gefnar eru í 6. gr.

6. gr.

Greiða skal umsjónarmanni borgun fyrir starf sitt úr sýslusjóði, eptir sundurliðuðum reikningi, er sýslunefndin úrskurðar. Allur annar kostnaður við eitranina skal greiðast úr sveitasjóðunum, eptir samanlagðri tölu fasteignar- og lausafjárhundraða.

7. gr.

Umsjónarmaður skal árlega fyrir októbermánaðarlok gefa sýslunefndinni skýrslu um framkvæmdir sínar.

8. gr.

Brot gegn þessari reglugjörð varða 2—50 kr. sekt eptir málavöxtum. Sektirnar renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

Amtsráð Suðuramtsins. Reykjavík, 24. júní 1897

J. Havsteen.

Fjallskilaákvæði 100

fyrir Vesturskaptafellssýslu.

Amtsráðið í Suðuramtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, er hjermeð staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Fjallskilaákvæði

til bráðabyrgðar fyrir Vesturskaptafellssýslu um sauðfjármörk, sem eru samin af sýslunefndinni þar og skulu ákvæði þessi öðlast gildi 1. septbr. 1897.

Almenna markaskrá fyrir sýsluna skal semja 10. hvert ár. Fyrir prentun marks í skránni greiði hver markeigandi í sýslusjóð 50 aura í hvert sinn. Nú vill einhver taka upp nýtt sauðfjármark og skal hann þá tilkynna það fyrir 20. júní oddvita hreppsnefndar, en oddvitarnir senda til sýslumanns skrá yfir nýupptekin mörk fyrir júlílok og birtir hann þau í opinberu blaði. — Fyrir mörk, er þannig eru tekin upp, skal greiða 1 kr., og sama er um þá, er flytja nýtt mark inn í sýsluna. Eigi má í sýslunni marka sauðfje undir önnur mörk, en þau, er þannig eru auglýst, er hjer segir. — Brot gegn þessu varða sektum, allt að 50 kr. til hlutaðeigandi sveitarsjóðs, og skal farið með þau mál, sem opber lögreglumál.

Amtsráð Suðuramtsins. Reykjavík, 24. júní 1897.

J. Havsteen.

Reglugjörð 101

fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallskil og melrakkaveiðar.

I. Kafli.
Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Eyjafjarðarsýsla er eitt fjallskilafjelag, sem sýslunefndin skiptir í deildir eptir því, sem landi hagar og fjöll eða vatnsföll deila.

Yfirstjórn allra fjelagsdeildanna hefir sýslunefndin á hendi samkvæmt tilskipun 4. maí 1872, en hreppsnefndir hafa á hendi alla stjórn og framkvæmd á fjallskilamálum innbyrðis í deildunum.

2. gr.

Nú eru 2 eða fleiri hreppar sameinaðir í eina deild, og hefir þá hver hreppsnefnd tjeð störf á hendi fyrir sinn hrepp, en stendur í sambandi við hinar aðrar hreppsnefndir í þeirri deild, eptir því sem reglugjörð þessi mælir fyrir.

101 Deildarskipun þessari má sýslunefnd breyta, ef hlutaðeigandi hreppsnefndir koma sjer saman um það.

3. gr.

Hver hreppsnefnd velur 1 mann úr sínum flokki til að hafa yfirstjórn og umsjón allra fjallskilamála í hreppnum, og nefnist hann fjallskilastjóri. Hann skal vera sjálfur við aðalrjett í hvert sinn, sem þar er rjettað.

4. gr.

Hver hreppsnefnd skal árlega útnefna einn gangnaforingja fyrir hvern afrjett, sem hún á yfir að segja eður fleiri, eptir því sem afrjettir eru víðlendir. Enginn getur skorazt undan að vera gangnaforingi 3 ár í senn, nema hann sanni, að hann sje ófær til þess sökum heilsuleysis.

Gangnaforingjum skal falin umsjón aukarjetta, nema ef hentugra þykir að útnefna til þess ábúanda þeirrar jarðar, sem rjettin tilheyrir.

5. gr.

Hver hreppsnefnd haldi sjerstaka fjallskilabók staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar. Skrár þær og skýrslur, sem nefndar eru í 6, 11, 13, 24, 31, 38 og 42 gr. þessarar reglugjörðar skal rita í hana, einnig allar þær ákvarðanir, sem hreppsnefndin gjörir um fjallskilamálefni. Sýslunefndin getur heimtað eptrrit af fjallskilabókinni, hvenær sem með þarf.

II. Kafli.
Um afrjetti.

6. gr.

Allt land skiptist í afrjetti og heimalönd. Það skulu vera afrjettir, sem að fornu hafa verið. Svo getur og sýslunefndin ákveðið nýja afrjetti eptir tillögum hreppsnefnda og með samþykki landeigenda. Heimilt er hreppsnefnd að skipa fyrir um, hve margt fje og stóðhross, eða frá hve mörgum búendum reka megi í hvern afrjett. Hreppsnefndin skal semja skrá yfir afrjetti hreppsins með tölu og ummerkjum, og er hún gildandi, þegar allir hlutaðeigandi afrjettareigendur hafa samþykkt hana.

III. Kafli.
Um smölun geldfjár á vorin.

7. gr

Hreppsnefndir skipa fyrir um smölun geldfjár á vorin bæði í heimalöndum og afrjettum hreppsins. Hver, sem jörð hefur til ábúðar, er skyldur að taka þátt í smöluninni, eptir því sem hreppsnefndin ákveður, og hvílir sú sama skylda á fjáreigendum með öll fjárskil að vorinu sem að hausti.

IV. Kafli. 101

Um rekstur geldfjár til afrjetta.

8. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að geldfje og dilkar sje komið á afrjett 8 vikur af sumri nema ótíð og gróðurleysi banni. Áður en lömb eru rekin á fjall, skal sitja þau heima ekki skemmra en 3 daga eptir fráfærur. Reka skal í miðjan afrjett, nema hreppsnefnd hafi öðruvísi ákveðið.

9. gr.

Umráðamaður afrjettar, eða hver sá, sem notar frían upprekstur á almenning, er skyldur að sjá um fyrirstöðu á öllu afrjettarfje að viðlögðum sektum.

10. gr.

Ef hreppsnefnd berst kvittur um það, að afrjettarfje gangi í heimalöndum manna, skal hún tafarlaust, ef henni lízt þess þörf, gefa út skipun um, að því sje smalað, og það rekið til afrjettar. Skal svo haga smölun og rekstri, að eigi verði mein að. Reka skal á þann afrjett eða afrjetti, sem hreppsnefnd ákveður.

11. gr.

Hver afrjettarbóndi skal skyldur til að gefa oddvita sinnar hreppsnefndar, í síðasta lagi fyrir miðsumar ár hvert, skýrslu um, hverjir noti afrjett hans það sumar, en hver, sem rekur á almenning, eða í fleiri enn einn afrjett, eða á frían upprekstur, tilkynni oddvita sinnar hreppsnefndar, hverja afrjetti hann notar ár hvert og fyrir hversu margt geldfje.

V. Kafli.

Um fjallskil.

12. gr.

Hver sem á, eða hefir til umráða 10 kindur á afrjetti, er skyldur að leggja til 1 mann í einar göngur á hverju hausti. En sá, sem á 20 kindur, 1 mann í tvennar göngur, og sá, sem á 30 kindur, 1 mann í þrennar göngur. Um tillög þeirra manna til fjallskila, sem fleira fje eiga á afrjetti, en nú var nefnt, fer eptir því, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður.

13. gr.

Hver hreppsnefnd skal gjöra áætlun um, hvað marga menn þarf til fjallskila á þá afrjetti, er hún á yfir að segja. En að teknu vorframtali fjáreigenda ár hvert, skal hún semja skrá yfir alla þá menn í hreppnum, sem fjallskil eiga að gjöra það ár, og hvað hverjum ber að leggja (sbr. 12. gr.) Nú eiga nokkrir fjáreigendur að gjöra fjallskil í öðrum hreppi, en þeim, sem þeir eru búsettir í, og skal þá hreppsnefndin tafarlaust senda þeirri hreppsnefnd, sem

101 hlut á að máli, skýrslu um þessa menn, og um tölu þess fjár, sem þeir eiga á afrjetti, eptir því sem næst verður komizt.

14. gr.

Fjallskilastjóri kveður menn til fjallskila nægum tíma áður en fjallskil byrja. Skal hann taka fram, hvað hverjum ber að leggja til fjallskila það haust, hverjir eru gangnaforingjar á hverjum afrjetti o. s. frv.

15. gr.

Sá er gildur til fjallskila, sem er fullra 14 ára að aldri, enda sje hann eigi ófær til þeirra fyrir sakir elli, sjúkdóma, drykkjuskapar, klæðleysis, sjónleysis eða annara orsaka. Hæfan gangnamann skal álíta þann, sem gangnaforingi og helmingur gangnamanna með honum tekur gildan. Nú verður einhver gangnamaður sannur að óhlýðni, hirðuleysi eða einhverjum þeim handvömmum, sem honum sjálfum er um að kenna, þá skal það álitið, sem enginn hafi verið lagður til fjallskila í það sinn, og varðar það sektum.

16. gr.

Nú vanrækir einhver að gjöra þau fjallskil, sem á hann hafa skipzt, eða leggur ógildan mann til fjallskila, og er honum það sjálfrátt, þá varðar það sektum, og margfaldast þær, ef brotið er ítrekað.

17. gr.

Á hausti hverju skulu framfara þrenn fjallskil. Hin fyrstu á mánudaginn í 22. viku sumars, nema í Öngulstaða, Arnarnes, Svarfaðardals, Þóroddstaða og Hvanneyrarhreppum, sem byrja mega fjallskil viku fyr. Þó getur sýslunefndin sett aðra gangnadaga, ef nauðsyn krefur, og skal hún auglýsa þá með nægum fyrirvara. Því að eins skal gjöra fleiri fjallskil, að brýn nauðsyn krefji, svo sem að fje vanti af afrjettum venju framar, fjallskil hafi mistekizt sökum óveðurs og annars þesskonar.

18. gr.

Gangnaforingi skal jafnan vera sjálfur í göngunum nema lögmæt forföll banni, og setur hann þá fullkominn mann í sinn stað að skipa fyrir hvernig þeim skal haga. Hann skipar fyrir um, hvað hver gangnamaður skal ganga hvern dag, sem göngurnar standa yfir. Er hver gangnamaður skyldur til að sýna honum fullkoma hlýðni, en ef út af því ber, má kæra það fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd.

19. gr.

Gangnaforingjar skulu sjá um, að fjallsöfnin sjeu rekin með reglu til rjetta, og komi þangað í tækan tíma. Þegar á rjett er komið, skulu þeir kveðja svo marga menn, sem með þarf til að gæta safnsins, þar til fjallskilastjóri er á rjett komin, eða sá, sem hann hefir þar til sett, og hefur tekið við því. Öll óhlýðni gegn skipunum gangnaforingja varðar sektum.

20. gr. 101

Ef fje festist í ógöngum, skal sá, er finnur það, tafarlaust skýra hlutaðeigandi gangnaforinga frá því, ef það er um fjallskilatíma, en afrjettarbónda að öðrum kosti. Er þeim skylt svo fljótt, sem unnt er, að gjöra tilraun að bjarga því. Kostnað þann, er slík björgun hefir í för með sjer, borgar eigandi, ef hann finnst, en annars hlutaðeigandi sveitarsjóður.

VI. Kafli.
Um hreinsun heimalanda.

21. gr.

Hver búandi er skyldur að hreinsa heimalönd sín jafnframt hverjum fjallskilum, þó skal hreppsnefndin veita honum nægan styrk af gangnamönnum, ef víðlendi er mikið.

Fjársöfn þau, er saman koma við hreinsun þessa, skal reka til rjetta þeirra, er þau heyra undir.

Einnig hefir hreppsnefnd vald til að skipa fyrir um almenna hreinsun heimalanda svo opt, sem þurfa þykir, eptir að fjallskilum er lokið.

22. gr.

Skyldir eru allir búendur að hirða fje það, sem finnst í heimalöndum eptir að fjallskilum er lokið, og reka það tafarlaust til næsta bæjar þá leið, sem það á að ganga. Nú kemur fjárrekstur til manns bæ frá bæ, og er hann skyldur að reka hann tafarlaust þá leið, sem hann á að ganga, nema kvöld sje komið eða óveður, svo eigi þyki fært að reka fjeð bæja á milli. Skal þá beita fjenu eða gefa hey ella, uns fært er að reka það.

Sleppi nokkur fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum.

23. gr.

Hreppsnefndirnar skulu hver í sínum hreppi gjöra ákvörðun um hreinsun heimalanda. Skal það vera aðalregla, að þeir búendur, sem lönd eiga saman, hreinsi þau í sameininginu á svo stóru svæði, sem hreppsnefndin ákveður, og skal haga hreinsuninni þannig, sem hún skipar fyrir. Nú liggja heimalönd tveggja eða fleiri hreppa saman, skulu þá hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, koma sjer saman um, hvernig hreinsuninni skal haga á því svæði. Greini á um hreinsunina skal fylgja því, sem flest atkvæði eru fyrir.

VII. Kafli.
Um rjettir og rjettun.

24. gr

Fjárrjettir skiptast í aðalrjettir og aukarjettir. Ákveður sýslunefndin eptir uppástungum hlutaðeigandi hreppsnefnda, hverjar rjettir skuli vera aðalrjettir og hverjar aukarjettir. Sýslunefndin semur skrá yfir allar fjárrjettir

24. dag júlímán. 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

101 sýslunnar eins aukarjettir sem aðalrjettir. Skal þar tekið fram, hverja afrjetti og heimalönd ganga skal að hverri rjett.

25. gr.

Það er skylda allra fjáreigenda að byggja fjárrjettir og viðhalda þeim í sameiningu svo sem þörf er á. Skulu þeir leggja þar til skylduvinnu, eptir því sem hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður. Hver fjáreigandi er skyldur til að sjá sjer sjálfur fyrir dilkrúmi á þeirri rjett, sem hann á sókn að, handa öllu því fje, er hann á á afrjett, og eins þó það gangi að tveim rjettum. Ef einhver vinnur eigi þá skylduvinnu að fjárrjettum, er á hann skiptist, eða vanrækir að hafa nægilegt dilkrúm, getur hreppsnefndin látið gjöra það á hans kostnað.

26. gr.

Nú þykir þörf á að fjölga fjárrjettum eða færa þær af þeirra fyrri stöðvum, og á annan hentugri stað, skal þá hreppsnefnd sú, er hlut á að máli, bera málefnið undir atkvæði hreppsbúa á næsta vorþingi.

Sje um það að gjöra að byggja aukarjett, eða færa hana úr stað, ræður atkvæði hreppsbúa málinu til lykta. En skuli ákvörðun gjöra um aðalrjett, skal leita samþykkis sýslunefndarinnar fyrir henni. Skyldur er hver að leggja land til undir fjárrjett, valdi það eigi skemmdum á túni eða engjum.

27. gr.

Fjallskilastjóri eða umsjónarmaður rjettar skal vera kominn til rjettar svo snemma sem þörf gjörist hvern rjettardag. Skipar hann fyrir um hvernig fjárdrætti skal haga í rjettinni, og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega allt slark og óreglu, sem miðar til að hindra starfa manna í rjettinni.

28. gr.

Hver aukarjett heyrir undir einhverja aðalrjett og skal þar jafnan rjettað næsta dag á undan aðalrjett þeirri, sem hún heyrir undir. Skal úrtíningsfje úr aukarjettum rekið til aðalrjettar af mönnum, sem hreppsnefndin hefir útnefnt til þess. Fjallskilastjóri kveður hæfilega marga menn til að koma til aðalrjettar árdegis þann dag, sem úrtíningsfje er greitt sundur; þar skulu þeir í öllu vera háðir stjórn fjallskilastjóra. Enginn má reka burt úr rjett, fyr en úrtíningur er uppdreginn, nema fjallskilastjóri leyfi. Öll óhlýðni og þrjózka við fjallskilastjóra varðar sektum.

29. gr.

Jafnan skal draga sundur fje í aðalrjettum eptir markskrám, og í aukarjettum, þar sem þörf er á.

VIII. Kafli.

Um hirðing fjár í utanhreppsrjettum.

30. gr.

Nokkru á undan fyrstu fjallskilum haust hvert skal fjallskilastjóri kveðja

svo marga menn sem með þarf, til að fara í þær rjettir, sem þurta þykir, til að hirða þar fje hreppsbúa. Skulu þessir sendimenn taka fjeð og reka tafarlaust rjetta leið til þeirrar sveitar, sem það á að ganga. Sjeu rjettir enn eigi afgengnar, þá er með fjeð er komið í sveitina, skulu sendimenn fylgja því alla leið til rjettar, og afhenda það fjallskilastjóra; annarskostar gengur það sem aðrir fjárrekstrar. Svo skal álíta sem hver sendimaður hafi farið í einar eða fleiri göngur, eptir því sem fjallskilastjóri tiltekur. **101**

IX. Kafli.

Um meðferð óskilafjár.

31. gr.

Það fje, sem kemur fyrir á haustin og ekki finnst eigandi að, skal ganga til fjallskilastjóra, og hirðir hann það sem sitt eigið fje til hreppaskila; þar skal það selt við uppboð, þó með því skilyrði, að, ef eigandi fjársins spyrst upp innan mánaðar frá söludegi, sje honum heimilt að fá eign sína, ef hann borgar allan áfallinn kostnað.

Því fje, sem þannig er selt, skal fjallskilastjóri lýsa með mörkum, lit, aldri og einkennum, í næsta prentaða blaði, þegar eptir að uppboðið hefir farið fram.

Hafi enginn leitt sig eiganda að fjenu að missiri liðnu frá því auglýsingin um það kom út í blaðinu, fellur verð þess í sveitarsjóð að frádregnum kostnaði.

Með afeyrðar kindur, eða með skemmdum mörkum, skal farið sem eigandalaust fje. Um ómerkinga fer eins og í lögum er fyrirmælt, eða venja er til á hverjum stað.

32. gr.

Í hreppi hverjum skulu 3 menn útnefndir af sýslumanni dæma um mörk á óskilafje því, sem selt er á hausthreppaskilum. Nú ætlar einhver, að hann eigi kind, sem þannig er seld, ómörkuð, með óglöggu marki, eða með skemmdum eyrum, skal þá dómnefndin úrskurða um eignarrjett hans á kindinni. Vilji hann ekki hlíta þeim úrskurði, getur hann skotið honum til dómstólanna.

33. gr.

Gæzlukaup fyrir kindur þær, sem ekki spyrjast upp í þriðju fjallskilum má ekki yfirstíga 3 aura um sólarhringinn, og borgist það út í hönd, þegar eigendur vitja fjársins, eða það er selt, annars er gæzlumaður ekki skyldur að sleppa því.

101

X. Kafli.
Um eptirleitir.

34. gr.

Viku eptir að fjallskilum er lokið, skal hreppsnefnd og umráðamönnum afrjetta skylt að láta gjöra eptirleit á afrjetti hreppsins. Þegar þessari eptirleit er lokið, skal hverjum heimilt að gjöra enn eptirleit á hvern þann afrjett eður fjöll við heimalönd, sem hann vill, ef afrjettarbóndi leyfir.

35. gr.

Nú finnur hann fje í eptirleit, og sje það eigi áður heimt, skal hann þá fá tvo óvilhalla menn til að vigta það. Hafa þá eigendur fjársins rjett til að innleysa það, móti því að þeir greiði finnanda í fundarlaun 2 aura fyrir hvert pund í lifandi þunga kindanna. Fyrir óheimt fje, sem finnst í heimalöndum, skal engin fundarlaun greiða.

XI. Kafli.
Um fjármörk.

36. gr.

Hver maður skal einkenna fje sitt með glöggu marki á eyrum, en ef það er soramarkað, þá brennimerkja á hornum; einnig skal almennt brennimerkja sauðfje með hreppsbrennimarki.

37. gr.

Öll mörk sýslunnar skal rita í eina skrá og skal prenta hana og útbýta í sýslunni svo víða, sem sýslunefndin álítur nægilegt. Nú vill einhver taka upp nýtt fjármark, eða breyta sínu eldra marki eða flytur inn í sýsluna, skal hann auglýsa mark sitt hreppsnefndinni í tæka tíð. Þeir, sem vanrækja að láta prena mark sitt í markaskrá sýslunnar í hvert skipti, mega búast við, að með fje þeirra verði farið sem með óskilafje.

XII. Kafli.
Um stóðhross og graðneyti.

38. gr.

Hver, sem á stóðhross eða tryppi, er skyldur til að reka þau á afrjett ekki síðar en 8 vikur af sumri, nema ótíð og gróðurleysi banni, og varðar sektum, ef út af er brugðið. Eigandi eða umráðamaður afrjetta, sem hefir tryppi á þeim, er skyldur að sjá um nægilega fyrirstöðu að viðlögðum sektum. Hann skal og senda hreppsnefndinni, áður en 10 vikur eru af sumri, lýsing af öllum þeim tryppum, sem hann hefir undir höndum, með mörkum, lit, aldri og einkennum.

39. gr. **101**

Nú ganga tryppi samt á sumrum úr afrjetti og í heimalönd manna, geta þá þeir, sem fyrir ágangi verða, kært það fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd, skal hún þá skipa fyrir um smölun tryppanna og rekstur þeirra til afrjetta á kostnað afrjettareiganda. Svo skal haga smölun og rekstri tryppa, að eigi verði mein að. Vanræksla í þessum efnum varðar sektum.

40. gr.

Ef tryppi koma fyrir í heimalöndum á vorin eða sumrin, sem ekki finnst eigandi að, skal þá farið með þau sem annað óskilafje.

41. gr.

Þeir, sem eiga frían upprekstur á afrjetti, borgi sanngjarnan fyrirstöðutoll til þess, sem fyrirstöðuna hefir á hendi.

42. gr.

Hrossaeigendur eru skyldir til að marka öll hross sín á eyrum. Hreppsnefndin skal rita öll hrossamörk hreppsbúa sinna í gjörðabók þá, sem getið er um í 5. gr. þessarar reglugjörðar.

43. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal gjöra ráðstöfun fyrir því, að stóðhrossum sje smalað af afrjettum og heimalöndum áður en fjallskilum er lokið, og dregin sundur í rjettum.

44. gr.

Öll óskilahross og tryppi, sem eptir verða við rjettun hrossanna og koma fyrir af fjallöndum eða í byggðum að vetrinum eptir rjettir, skulu meðhöndlast að öllu leyti sem fyrir er mælt um óskilafje í reglugjörð þessari, nema hrossin skulu seljast með 3 vikna auglýsingarfresti fyrir söludag Nú þarf að hafa hrossin í vöktun, og má þá vöktunarkaup hvers hross fyrir sig ekki yfirstíga 10 aura um sólarhring hvern, nema hafa þurfi það í húsi og á heyji.

45. gr.

Hver sá, sem á graðneyti eldra en ársgamalt, skal skyldur til að hafa það á afrjetti frá fráfærum til fyrstu fjallskila ár hvert, nema hreppsnefnd og nábúar leyfi að öðruvísi sje. Brjóti nokkur móti þessu, varðar það sektum, og skaðabótum, ef mein hlýst af

XIII. Kafli um melrakkaveiðar.

46. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi er skyld til að eyða melrökkum í afrjettum og heimalöndum sveitarinnar á allan hátt, svo sem með því, að láta

101 vandlega leita grenja á hverju vori, að fá skotmenn til að vinna melrakka þá, er þar hafast við og hvolpa þeirra, og með því, að láta bera út eitrað agn fyrir melrakka á hverju ári, svo mikið og á svo mörgum stöðum, sem með þarf. Alla aðalframkvæmd og umsjá þessa starfa hefir einn maður á hendi í hverri hreppsnefnd og nefnist hann melrakkaveiðastjóri.

47. gr.

Hreppsnefndin skal skipta allri landeign hreppsins, bæði heimalöndum og afrjettum í hæfilega margar og stórar melrakkaleitir, og ritar melrakkaveiðastjóri skrá yfir þær með tölu og ummerkjum í melrakkabókina. Þar skal telja upp öll þau greni, sem menn þekkja að sjeu í landeign hreppsins, og í hverri melrakkaleit sjer í lagi, með stuttri lýsing á hverju greni og afstöðu þess. Finnist síðar ný greni, skal þess nákvæmlega getið í melrakkabókinni. Áætlun skal nefndin gjöra um það, hve marga menn þarf í leit hverja og skal rita hana í melrakkabókina.

48. gr.

Hreppsnefndin útnefnir svo margar melrakkaskyttur fyrir hreppinn, sem hún álítur að þurfi, og skal rita nöfn þeirra og heimili í melrakkabókina. Skyldur er hver innanhreppsmaður, sem hreppsnefndin útnefnir fyrir melrakkaskyttu, að hafa þann starfa á hendi í 3 ár í senn. Skal melrakkastjóri aðvara hvern þeirra í tækan tíma, að vera viðbúinn að fara á greni í þann tíma, sem von er til, að melrakkar haldi sig þar. Líta skal og melrakkastjóri eptir því, að þessir menn hafi byssur og skotfæri í góðu lagi. Einnig skal sjá um, að ungir menn, sem kunna að fara með byssu, sjeu einkum til þess fengnir, að liggja við greni með melrakkaskyttum, til að læra af þeim. Nú er eigi hæfilega menn að fá innanhrepps fyrir melrakkaskyttur, og er þá hreppsnefndinni heimilt að ráða utanhreppsmenn til þeirra starfa, ef kostur er á.

49. gr.

Á hverju vori skal hreppsnefndin nefna til einn leitarforingja fyrir hverja melrakkaleit og skipa fyrir um, hvað marga menn hver búandi í hreppnum skal leggja til að leita grenja á því vori, og í hverri leit. Þessa skipun færir melrakkastjóri þegar inn í melrakkabókina og ritar hverjum leitarforingja samstundis það, sem honum er þörf á að vita í þessu tilliti.

50. gr.

Þegar hreppsnefndin ákveður um grenjaleitir og hvað hver ábúandi í hreppnum á að legga til þeirra, skal farið eptir fjenaðartölu hvers búanda, eptir því sem næst verður komizt eða eptir síðasta framtali þeirra til búnaðarskýrslanna að lömbum viðbættum. Nú hafa einstakir menn, eða einstakir hreppar upprekstur í öðrum hrepp, en þeir eru búsettir í, og eru þeir þá skyldir til, að gjöra grenjaleit á þann afrjett, sem þeir reka í, og eptir þeim reglum, sem þar er fylgt. Tillög þeirra til grenjaleitanna skulu gjörð eptir skýrslum þeim, sem nefndar eru í 13. gr.

51. gr.

Tvær reglulegar grenjaleitir skal gjöra á hverju vori, hina fyrri um fardagaleitið, en hina síðari um fráfærur. Ákveður melrakkastjóri leitardagana nákvæmar í hvert skipti með samkomulagi við leitarforingja. Skal jafnan leita sama dag í öllum melrakkaleitum hreppsins, þegar því verður við komið, og eins skulu melrakkastjórar þeirra hreppa, er saman liggja, reyna að koma sjer saman um, að taka sömu dagana til leitanna hver í sínum hreppi. Þyki melrakkastjóra nauðsyn til bera, skal hann ákveða aukaleit á þeim tíma og á því svæði, er hann álítur þurfa.

52. gr.

Hver leitarforingji skal aðvara alla þá búendur í tækan tíma, sem leggja eiga til leitarmenn með honum, og ákveður hann stund og stað, þar sem leitarmenn skulu koma saman. Skyldir eru allir sveitarmenn að bera boð um það efni sem þingboð. Mæti einhver leitarmanna ekki á ákveðnum stað og stundu, eða ef einhver sá, er mætir, er eigi hæfur til að vera í leitinni, — en hæfa leitarmenn ber að álíta þá, sem hæfir eru til fjallskila (sbr. 15. gr.), og svo eru búnir, sem með þarf, — eða ef hundar eru hafðir í grenjaleitum, varðar það sektum.

53. gr.

Hver leitarforingi skal vera sjálfur í grenjaleit með leitarmönnum sínum. Skal leita vandlega á öllum fornum grenjum í hverri melrakkaleit og athuga jafnframt sem nákvæmast, hvort þar sjeu ekki ný greni. Leitarforingi skal skipa fyrir um það, hvar og hvernig hver leitarmaður skuli ganga, og sjá um að þeir fylgi allir þeim reglum, sem hann setur. Þegar því verður við komið, skal melrakkaskytta vera í leitinni með skotfæri sín, til þess að leggjast þegar í stað við greni, ef það finnst með melrökkum í. Leitarforingi skipar fyrir um það, hver leitarmanna liggja skal við greni með skotmanni; en sje hann eigi í leitinni, sendir leitarforingi, ef þörf gjörist, einn af leitarmönnunum tafarlaust til hans, en setur annan til að gæta grenisins á meðan. Sjá skal leitarforingi um, að þeir, sem við greni liggja, sjeu svo útbúnir, að þeir geti legið þar í hverju veðri, sem er, svo lengi sem með þarf.

54. gr.

Skotmaður og aðstoðarmaður hans skulu með allri kostgæfni leitast við að drepa melrakka þá, er halda við grenið og beita til þess öllum þeim brögðum, sem þeir eiga kost á. Eigi mega þeir yfirgefa greni, fyr en þeir annaðhvort hafa unnið það að fullu, eða að öðrum kosti legið við það 3 sólarhringa fulla, og gjört allt það, er í þeirra valdi stóð, til að vinna það. Hvolpunum skulu þeir leitast við að ná út úr greninu án þess að umróta því, en náist þeir eigi, skulu þeir þó reyna að drepa þá með eitri, eða með því að bræla þá inni í greninu, ef því verður við komið.

101

55. gr.

Jafnskjótt og skotmaður er heim kominn af greni, skal hann skýra melrakkastjóra brjeflega eða munnlega frá, hvað lengi hann hefir við grenið legið, hverja aðferð hann hefir þar viðhaft og hvað honum hefir orðið ágengt. Með skýrslu sinni skal hann láta fylgja skott eða hauskúpu melrakka þeirra, er hann hefir unnið að því sinni til sannindamerkis. Vanræki skotmaður að gefa skýrslu þessa í tækan tíma, hefir hann fyrirgjört því endurgjaldi, er honum annars ber fyrir veru sína á greninu.

56. gr.

Skotmaður skal fá að launum fyrir hver 2 dægur, sem hann er frá heimili sínu, til að vinna greni, 5 álnir eptir meðalverði verðlagsskrár ár hvert og aðstoðarmaður hans 4 álnir, en sjálfir skulu þeir sjá sjer fyrir skotfærum, fæði og hverju öðru, er þeir með þurfa, til þess að liggja forsvaranlega við greni. Ef þeir eru leitarmenn og leggjast við greni, fá þeir engin laun fyrir þann tíma, sem á leitinni stendur. Auk daglauna fær skotmaður 3 krónur fyrir hvern fullorðinn melrakka, er hann vinnur við greni, og 25 aura fyrir hvern hvolp.

57. gr.

Jafnskjótt og hverri grenjaleit er lokið, og búið er að gjöra tilraun til að vinna greni þau, er fundizt hafa, skal leitarforingi senda melrakkastjóra skrifaða skýrslu um það, er gjörzt hefir í leit hans. Skal hann þar til greina hvern dag leitað var, hverjir í leitinni voru, hvort nokkurn leitarmanna vantaði, eða hvort nokkur þeirra var álitinn óhæfur, hvernig leitin fór fram, hvort nokkurt greni fannst með melrökkum í, hvort það var unnið að nokkru eða öllu leyti og af hverjum og hvað lengi legið var við það. Sendir leitarforingi með skýrslu sinni skott eða hauskúpu melrakka þeirra, er unnizt hafa í leit hans og skal safna þeim saman, telja þau og síðan eyða á haustfundi hreppsnefndarinnar.

58. gr.

Finnist einhver greni með melrökkum í, áður en grenjaleit er gjörð, eða milli leita, eptir að grenjaleit er lokið, skal hann tafarlaust gjöra leitarforingja eða melrakkaveiðastjóra varan við. Skal þá jafnframt fá skotmann og aðstoðarmann með honum, til að vinna það greni, og fer um það eins og áður segir um greni, sem finnst í leit. Þeim, er þannig finnur greni utan grenjaleitar, má veita hæfilega þóknun, þyki hreppsnefndinni ástæða til þess.

59. gr.

Nú finnur einhver greni á þann hátt, sem um er rætt í næstu grein á undan og lætur ekki leitarforingja eða melrakkastjóra vita eða leggst sjálfur á grenið heimildarlaust og annaðhvort vinnur ekkert eða spillir greninu á einhvern hátt — þá verður hann sektaður eptir málavöxtum.

60. gr.

Nú leggst bitvargur á fje manna, annaðhvort í afrjettum eða heimalönd-

um á hverjum tíma árs sem er, og skal þá melrakkaveiðastjóri fá skotmann til að eyða þeim bitvargi fyrir sanngjarnt kaup, ef þess má auðið verða. Hreppsnefndin skal á fundi ákveða, hver verðlaun skal veita þeim, er þannig eyðir bitvargi. Á sama hátt skal hún og ákveða verðlaun fyrir veiði annara melrakka, sem drepnir eru í hreppnum annarsstaðar en við greni, og á þeim tíma árs, þegar melrakkinn er einskis virði. 101

61. gr.

Auk þess skal melrakkaveiðastjóri stuðla til þess, að reyndar sjeu á vetrum melrakkaveiðar með dýrabogum, refagildrum eða með því að halda uppi skotkofa, hvar legið sje í til að skjóta melrakka við útburð; einnig með því, að ala upp og venja hunda á að taka melrakka allt eptir því, sem hverjum tíma heyrir og bezt hagar á hverjum stað. Það, sem gjört er í hreppnum á þennan hátt, skal rita árlega í melrakkabókina og hvern árangur það hefir.

62. gr.

Hverjum sem sýnir afbragðsdugnað í melrakkaveiðum, eða kennir öðrum góða aðferð við þær, má hreppsnefndin veita verðlaun, eptir atvikum, og skal hún ennfremur, ef henni þykir sem slíkur maður eigi sjer fáa eða enga jafningja innansýslu við melrakkaveiðar, skýra sýslunefndinni sjerstaklega frá framkvæmdum hans, svo sýslunefndin geti gjört að álitum, hvort hún vill sýna slíkum manni sjerstaklega viðurkenningu sína.

63. gr.

Melrakkaveiðastjóri hvers hrepps skal á hverju ári gangast fyrir því, að eitrað agn sje borið út fyrir melrakka, svo mikið og á svo mörgum stöðum, sem álízt að þurfa muni til að eyða melrökkum í hverju byggðarlagi. Skal fela þeim mönnum á hendur að búa agnið undir og bera það út, sem því verki eru vanastir og bezt er trúandi fyrir því. Til agns fyrir melrakka skal einkum hafa heila kindarskrokka með höfði og hári, einnig höfuð af kindum og feita hrossskrokka, og skal þá láta blóðið innan í skrokkinn með nægu eitri í. Allskonar fugla í heilu líki skal hafa fyrir agn, og sje eitrið látið innan í skrokkinn og hann saumaður saman, svo heill sýnist. Gott er að strá fuglaeggjum á víðavangi, sem eitur er látið í, og eins að bera þau inn í grenin fyrir hvolpa. Í viðlögum má og bera út belgi fyllta með eitri, innifli úr hrossum eða öðrum dýrum, og sje ullin látin vera kyr á belgnum. Eitrið skal jafnaðarlega vera smátt saxaðar refakökur, og er gott að blanda þar við öðru sterkara eitri, sem fæst í lyfjabúðum. Geta skal þess í melrakkabókinni, hvað unnið er á ári hverju að eitrun fyrir melrakka og hvern árangur það hefir.

64. gr.

Þar sem heimalönd eða afrjettir tveggja eða fleiri hreppa liggja saman, skulu melrakkastjórar þessara hreppa eiga fund með sjer, að minnsta kosti einu sinni á ári, til að ræða um og koma sjer niður á, hve mikinn útburð fyrir mel-

5. dag ágústmán. 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

101 rakka skal viðhafa það ár, hvernig útburðinum skal haga og hvað víða niðursetja, og sömuleiðis um hverjar aðrar veiðibrellur, sem hugsanlegar þykja, eða fundið kann að verða upp á til að eyða melrökkum. Sýni melrakkaveiðastjóri eða einhver annar, sem trúað er fyrir melrakkaveiðinni óhlýðni eða hirðuleysi í þeirri grein, varðar það sektum eptir málavöxtum.

65. gr.

A hverju hausti skal hreppsnefndin semja reikning yfir allan þann kostnað, sem er áfallinn það ár fyrir grenjavinningar og aðrar melrakkaveiðar í hreppnum, einnig til verðlauna fyrir þær, og það, sem gengið hefir í kostnað við eitrun og útburð. Skal rita reikning þennan í melrakkabókina eins og allt annað, sem hreppsnefndin og melrakkstjóri gjöra og ráðstafa í þessu máli. Allan kostnað, sem leiðir af melrakkveiðinni, skal greiða úr sveitarsjóði hvers hrepps.

66. gr.

Þar sem ekki eru til löggiltar melrakkabækur, skal hreppsnefndin tafarlaust útvega melrakkabók og fá hana staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar. Er hver hreppsnefnd skyld til að gefa honum endurrit af melrakkabókinni, þegar hann krefst þess.

XIV. Kafli.

Almenn ákvæði.

67. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varðar sektum frá 1—100 krónum eptir málavöxtum og renna þær í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

68. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

69. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallskil og melrakkaveiðar 3. júní 1891.

Framanrituð reglugjörð, sem er samin af sýslunefndinni í Eyjafjarðarsýslu, var staðfest og löggilt samkvæmt lögum nr. 14. 22. marz 1890 af amtsráði Norðuramtsins á aðalfundi þess 11—12. þ. m., og skal hún öðlast gildi 1. dag septembermán. 1897.

Íslands Norðuramt, Akureyri 19. júní 1897.

Páll Briem.

Brjef ráðgjafans fyrir Island *til landshöfðingja* **um sölu á kirkjujörð.** Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins, framkomnum eptir móttöku þóknanlegs brjefs yðar, herra landshöfðingi, frá 29. marz þ. á., hefir hans hátign konunginum hinn 14. þ. m. allramildilegast þóknazt að samþykkja það, að jörðin Kjaransvík í Sljettuhreppi, sem er tilheyrandi Holtsprestakalli í Önundarfirði í Ísafjarðarprófastsdæmi, verði seld ábúandanum fyrir 650 krónur og skal setja upphæð þessa, að frádregnum 19 kr. 60 a., á vöxtu í Söfnunarsjóð Íslands, sem óhreyfanlegan höfuðstól, er prestakallið eigi. En umgetna jörð ber eptirleiðis að því er gjaldskyldu snertir að skoða sem aðra bóndajörð. **102** 18. júní

Þetta er yður, herra landshöfðingi, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari aðgjörða.

Brjef ráðgjafans fyrir Island *til landshöfðingja* **um sölu á kirkju örð.** Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins, framkomnum eptir móttöku þóknanlegs brjefs yðar, herra landshöfðingi, dagsetts 29. marz þ. á., hefir hans hátign konunginum hinn 14. þ. m. allramildilegast þóknazt að samþykkja það, að jörðina Kross í Haukadal í Dalasýslu, sem tilheyrir Hvammsprestakalli í Norðurárdal í Mýraprófastsdæmi, megi selja fyrir 1300 kr., er síðan skulu settar á vöxtu í Söfnunarsjóð Íslands og standa þar sem óskerðanlegur höfuðstóll, er nefnt prestakall eigi; svo skulu og 2 krónur að minnsta kosti af vöxtunum árlega lagðar við höfuðstólinn. En áðursagða jörð skal framvegis skoða sem aðra bóndajörð að því er snertir gjaldskyldu til almenningsþarfa. **103** 18. júní.

Þetta er yður, herra landshöfðingi, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari aðgjörða.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um hlunnindi handa sparisjóði á Stykkishólmi.** — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dagsett 14. þ. m., og þarmeð fylgjandi erindi frá forstöðumanni sparisjóðsins á Stykkishólmi, vil jeg hjermeð endurveita sjóði þessum um 5 ára tímabil frá 1. júlí þ. á að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk. 5. janúar 1874 með þeim skilyrðum, *að* trygging sú, sem sparisjóðurinn nú veitir, ekki rýrni, *að* ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og *að* forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningum sjóðsins í því formi, er landshöfðingi hefir skipað fyrir um eða kann að skipa fyrir um. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, er verða kann á lögum sjóðsins. **104** 24. júní

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

105 30. júní **Brief landshöfðingia** *til stiptsyfirvaldanna* **um lántöku handa Ólafsvallaprestakalli til húsbyggingar.** — Samkvæmt tillögum hinna heiðruðu stiptsyfirvalda í þóknanlegu brjefi, dagsettu 17. þ. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að presturinn á Ólafsvöllum í Árnesprófastsdæmi, síra Bryjólfur Jónsson, taki 800 króna embættislán úr landsjóði handa prestakallinu, til þess að koma upp á prestsetrinu einloptuðu íbúðarhúsi úr timbri, er sje eigi minna að flatarmáli en 15×9 álnir, undir bárujárnþaki á borðsúð og varið með bárujárni að minnsta kosti móti regnáttum, og að öðru leyti með því fyrirkomulagi og herbergjaskipan, sem prófasturinn í Árnessýslu álítur haganlegasta. Ennfremur er þetta lántökuleyfi þeim skilyrðum bundið, *að* síðari helmingur lánsins ekki verði útborgaður fyrri en sannað er með reglulegri skoðunargjörð þar til útnefndra manna að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, *að* lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum samfleytt með 1/20 hluta lánsins á ári auk vaxta, *að* sannað verði á fullnægjandi hátt að húsið sje traust og vel vandað, *að* húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum verði eign prestakallsins; enda mega þá niður falla eptirnefnd bæjarhús: baðstofa, göng og bæjardyr, *að* presturinn haldi húsinu vátryggðu fyrir 1000 kr. að minnsta kosti, og *að* presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför eða fráfall hans í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjermeð þjónustusamleða til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

106 6. júlí **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um fjárráð giptra kvenna.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 30. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, sem alþingi 1895 hefir samþykkt, um að undirbúa og leggja fyrir næsta þing lagafrumvarp, er tryggi betur en lög gjöra nú rjett giptra kvenna gegn ráðdeildarleysi eða fjársóun eiginmanna þeirra á fjelagsbúinu. Svo hafið þjer og sent hingað uppkast til laga, er þjer hafið samið í þessu augnamiði um fjárlag hjóna, og í öllu verulegu er samhljóða norskum lögum frá 29. júní 1888.

Ráðaneytið hefir þvínæst tekið til íhugunar samning lagafrumvarps um þetta efni, og einnig leitað álits eins meðal hinna fremstu lögfræðinga vorra. Að það samt eigi að svo stöddu hefir þótt ástæða til að koma því í kring, er með þarf til að geta lagt fyrir þingið frumvarp til laga þeirra, er óskað er eptir, kemur af því, að það hefir verið um það hugsað og nú eru svo miklar líkur til þess, að fyrir konungsríkið verði slíkt lagasmíði undirbúið af þeim mönnum, er til þess eru færastir, og því væntanlega komið á framfæri, að ráðaneytinu hefir þótt heppilegast að því er til Íslands kemur að bíða eptir árangrinum af þessu lagasmíði, er og mætti að gagni koma fyrirhugaðri íslenzkri löggjöf; enda virðist eigi rjett að hafna þeim stuðningi, sem af dönskum lögum í

þessu efni mætti hafa, þegar um jafnörðugt og þýðingarmikið löggjafaratriði er að ræða. **106** 6. júlí

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna.

Brjef ráðgjafans fyrir Island *til landshöfðingja* **um að sóknarpresturinn í Helgafellsprestakalli skuli búa í Stykkishólmi eða þar í grend.** **107** 8. júlí

— Eptir móttöku þóknanlegs brjefs yðar, herra landshötðingji, dagsett 29. marz þ. á., hefir ráðaneytið allraþegnsamlegast lagt það til og hans hátign konunginum þann 25. f. m. allramildilegast þóknazt að samþykkja það, að sóknarpresturinn í Helgafellsprestakalli í Snæfellsnesprófastsdæmi skuli hjer eptir skyldur að búa í Stykkishólms verzlunarstað eða rjett þar í grendinni, eptir því sem biskup nánara kveður á um.

Þetta er yður, herra landshöfðingi, hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, svo og til auglýsingar í B deild Stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Árnessýslu* **um styrk til gufubátsferða með suðurströnd landsins.** **108** 8. júlí

— Samkvæmt beiðni sýslunefndanna í Árnessýslu og Rangárvallasýslu, tillögum yðar, herra sýslamaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 30. f. m., og sýslumannnsins í Rangárvallasýslu í brjefi, dagsettu 21. s. m., vil jeg hjermeð af fje því, sem í 12. gr. C. a. hinna núgildandi fjárlaga er veitt til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, veita til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi milli Reykjavíkur og Eyrarbakka á þessu sumri 750 krónur til móts við 250 krónur samtals úr sýslusjóðum tjeðra sýslufjelaga.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um lántöku handa prestakalli.** — **109** 20. júlí

Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 10. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að presturinn að Prestsbakka í Vesturskaptafellsprófastsdæmi, síra Magnús Bjarnarson, taki allt að 3500 króna lán upp á tekjur prestakallsins til þess að byggja á prestssetrinu íbúðarhús úr timbri, 18 álna langt, 6 álna breitt, 4 álnir undir lopt, með 1½ áln. porti og skúr fram með annari hliðinni, 5 álna breiðum en jafnlöngum húsinu og með kjallara undir húsinu, 5 álna breiðum og 12 álna löngum. Á húsið og skúrinn að vera með járnþaki og járnvarið á hliðum og

109 göflum, en að öðru leyti að öllum frágangi svo sem segir í lýsingu prestsins og
20. júlí áætlun smiðsins, þeim er fylgdu með áðurnefndu brjefi stipsyfirvaldanna. Herbergjaskipun sje eins og sýnir uppdráttur sá, er einnig var sendur hingað með nýnefndu brjefi. Ennfremur er þetta lántökuleyfi þeim skilyrðum bundið, *að* síðari helmingur lánsins ekki verði útborgaður fyrri en sannað er með regulegri skoðunargjörð þar til útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, *að* lánið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins á 28 árum samfleytt frá lántökudegi að telja með 6% árlega af hinni upphaflegu lánsupphæð, *að* sannað verði á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, *að* húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd bæjarhús: svo nefnt austurstofuhús, bæjardyr, skemma, búr og smiðja, *að* húsinu sje, undir eptirliti prófasts, haldið í eldsvoðaábyrgð fyrir 4500 kr. að minnsta kosti, og *að* presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu að hið umrædda lán mun geta fengizt úr landssjóði.

110

Viðauki

við

fjallskilareglugjörð Skagafjarðarsýslu.

Um fjárrekstra almennt.

1. gr.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir rekstrarmenn, duglegir og vel útbúnir, en það álízt nægileg tala, er 2 menn reka allt að 100 fjár, 3 menn allt að 300, og svo fleiri menn eptir líkri tiltölu, ef fleira fje er rekið í einum rekstri, en ekki mega þeir jafnframt hafa önnur störf á hendi, ef ekki er betur mannað. Ekki mega að jafnaði vera færri en 2 rekstrarmenn, nema bæjarekstur sje.

2. gr.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður, er annist um, að þessum rekstrarreglum sje hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kynni að kæra, en hann á aptur aðgang að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin að eins á hverjum einstökum rekstrarmanni, ef brotið er svo mikið, að það heyri undir almenn hegningarlög.

110

3. gr.

Allt fje, sem langt er rekið, nema á og af afrjett, skal merkt með glöggu rekstrarmerki í malir. Þó skal ávallt merkja sölufje, hve stutt sem rekið er.

4. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að þeim, er þau lönd eiga, sem um er rekið og í er áð. Varast skal, að rekstrum lendi saman við annað fje. Eigi má halda áfram með rekstra, úr því dimmt er orðið, nema brýna nauðsýn beri til að ná í áfangastað. Svo má og aldrei leggja á stað með rekstra fyr en markljóst er orðið.

5. gr.

Nú ber svo til að öðru fje lendi saman við rekstur, skal þá á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga slíkt fje úr rekstrinum og gæta þess vandlega, að engin kind verði eptir, er eigi á í honum að vera. Skal þá sem og endrarnær, er viðstaða verður, telja rekstrarfjeð. Skyldir eru heimamenn eptir föngum að hjálpa til að kanna reksturinn. Sjá skulu rekstrarmenn um, að fje það, er saman við hefir komið, komizt til eiganda eða umráðamanna þeim að skaðlausu.

6. gr.

Brot gegn reglum þessum heyra undir 47. og 48. gr. fjallskilareglugjörðar Skagafjarðarsýslu, er staðfest er af amtsráði Norðuramtsins 15. dag júnímán. 1893.

* * *

Framanritaður viðauka við fjallskilareglugjörð Skagafjarðarsýslu, sem er saminn af sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu, var staðfestur og löggiltur samkvæmt lögum nr. 14, 22. marz 1890 af amtsráði Norðuramtsins á aðalfundi þess 11—12 þ. m., og skal hann öðlast gildi 1. sept. 1897.

Íslands Norðuramt, Akureyri 19. júní 1897.

Páll Briem.

111

Reikningur

yfir

tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðuramtsins 1896.

Tekjur:

I.	I sjóði við árslok 1895:	
	Í peningum	kr. 1790,90
II.	Niðurjöfnun á lausafje í amtinu á hvert gjaldskylt hundrað .	— 2552,62
III.	Vextir af 800 kr. frá 2. jan. til 1/12 1896	— 29,59
IV.	Til jafnaðar við gjaldl. IX	— 829,59
	Samtals:	kr. 5202,70

Upp prentað blað.

111 Gjöld:

I.	Kostnaður við amtsráðið		kr. 374,00
II.	Til heilbrigðismála		— 124,00
III.	Til menntamála		
	a. Laugalandsskólans	kr. 300,00	
	b. Ytrieyjarskólans	— 300,00	
	c. Bókasafns Norðuramtsins	— 500,00	— 1100,00
IV.	Til heyrnar-og málleysingja		— 60,00
V.	Vextir og afborgun af Skjálfandafljótsbrúaláni		— 118,52
VI.	Kostnaður við fjárskoðanir		— 180,00
VII.	Fangahúsið á Akureyri		— 38,95
VIII.	Ýmislegur kostnaður		— 105,85
IX	Lagt í sparisjóð		— 829,59
X.	Eign til næsta árs:		
	a. Í sparisjóði	kr. 829,59	
	b. Í peningum	kr. 1442,20	— 2271,79
		Samtals:	— 5202,70

Skrifstofu Norðuramtsins, Akureyri, 12. jan. 1897
Páll Briem.

112

Auglýsing

um

að Búðardalur við Hvammsfjörð skuli vera verzlunarstaður.

Samkvæmt heimild þeirri, sem landshöfðingja er veitt í staflið b. í lögum nr. 30. frá 8. nóvbr. 1883, um löggilding nýrra verzlunarstaða, og eptir að mælt hefir verið sjávardýpi á Hvammsfirði í Dalasýslu, skal hjer með ákveðið, að Búðardalur við Hvammsfjörð skuli vera verzlunarstaður.

Reykjavík, 26. júlí 1897.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Embættisskipan.

7. júlí var *cand. polit. Sigurður Briem* allramildilegast skipaður *póstmeistari í Reykjavík.*

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Hafnarreglugjörð fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 25. febrúar 1897 (A. nr. 2, bls. 8—11)

Opið brjef, er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1897, undirskrifað af konungi 27. febr. 1897 (A. nr. 3, bls. 12—13).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konugi 8. júní 1897 (A. nr. 4, bls. 14—15).

Auglýsing, er fellir úr gildi auglýsing frá stjórnarráði Íslands 9. nóvbr. 1896 um mislingasótt á Færeyjum o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 16. júní 1897 (nr. 5, bls. 16—17).

Konungsbrjef um setning alþingis, undirskrifað af konungi 21. maí 1897 (A. nr. 6, bls. 18—19).

Boðskapur konungs til alþingis, undirskrifaður af konungi 21. maí 1897 (A. nr. 7, bls. 20—21).

Konungsbrjef um lenging alþingistímans, undirskrifað af konungi 21. maí 1897 (A. nr. 8, bls. 22—23).

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 15. júlí 1897 (A. nr. 9, bls. 24—25).

113

Reikningur

yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Vesturamtsins 1896.

Tekjur:

1.	Eptirstöðvar við árslok 1895:		
	a. Innritunarskírteini, Litr. A. fol. 88 . . .	kr. 1500,00	
	b. Veðskuldabrjef einstakra manna	— 9430,00	
	c. Í landsbankanum 20/1 97	— 502,47	
	d. Ógoldnir vextir	— 52,00	
	e. Í peningum	— 6,30	kr. 11490,77
2.	Vextir 1896:		
	a. Af innritunarskírteini	— 52,50	
	b. Af veðskuldabrjefum frá 11/6 95 til 11/6 96 .	— 357,20	
	c. Vextir ógoldnir frá fyrri árum	— 52,00	
	d. Dagvextir af endurborguðum lánum . . .	— 18,70	
	e. Vextir af bankainnlögum 31/12 96 . . .	— 32,05	— 512,45
3.	Endurborguð lán		— 752,20
4.	Landssjóðsstyrkur fyrir 1896 til Ólafsdalsskólans . . .		— 3000,00
5.	Til jafnaðar færist gjaldliður 2		— 1300,00
			kr. 17055,42

Gjöld:

1.	Borgað til Ólafsdalsskólans:		
	a. Úr sjóðnum samkvæmt ályktun ámtsráðsins .	kr. 400,00	
		Flyt kr. 400,00	

13. dag ágústmán. 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

113

	Flutt kr. 400,00		
b. Landssjóðsstyrkurinn fyrir 1896	— 3000,00	kr.	3400,00
2. Lánað út gegn veði		—	1300,00
3. Til jafnaðar færist tekjuliður 3		—	752,20
4. Sömuleiðis tekjuliður 2. c.		—	52,00
5. Eptirstöðvar við árslok 1896:			
a. Innritunarskírteini Litr. A. fol. 88 . . .	kr. 1500,00		
b. Veðskuldabrjef einstakra manna	— 9977,80		
c. Í landsbankanum 31/12 96	— 32.80		
d. Í peningum	— 40,62	—	11551,22
		kr.	17055,42

Vesturamtið, Reykjavík, 9. jan. 1897.

J. Havsteen.

114

Reikningur

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins 1896.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1895:			
a. Í landsbankanum	kr. 24,64		
b. Í peningum	— 992,37	kr.	1017,01
2. Jafnaðarsjóðsgjald, 21 eyrir á hvert hundrað:			
A. Vesturskaptafellssýslu	— 505,84		
B. Rangárvallasýslu	— 1089,25		
C. Vestmannaeyjasýslu	— 16,31		
D. Árnessýslu	— 1035,09		
E. Gullbringu- og Kjósarsýslu	— 474,47		
F. Borgarfjarðarsýslu	— 394,74	kr.	3515,70
3. Vextir af bankainnlögum til 31/12 96		—	8,30
		kr	4541,01

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	—	555,00
2. Bólusetningar frá 1895	—	141,00
3. Sáttamál	—	2,00
4. Til búnaðarskólans á Hvanneyri 1895—96 25 kr. 77 a. og 1896—97 1382 kr.	—	1407,77
5. Ferðakostnaður amtmanns	—	50,28
6. 2. afborgun upp í og vaxtagreiðsla af Ölfusárbrúarláninu . .	—	482,62
7. Ýmislegt	—	290,50
Flyt	kr.	2929,17

Flutt kr. 2929,17 **114**

8. Eptirstöðvar:
   a. I landsbankanum . . . . . kr. 532,94
   b. Í peningum . . . . . — 1078,90 — 1611,84
   kr. 4541,01

Suðuramtið, Reykjavík, 13. febr. 1897.

J. Havsteen.

Reikningur **115**

yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Suðuramtsins 1896.

Tekjur:

1. Í sjóði við árslok 1895:
   a. Veðskuldabrjef einstakra manna . . . . kr. 16730,00
   b. Skuldabrjef Reykjavíkurkaupstaðar . . . — 100,00
   c. Ógoldnir vextir . . . . . — 12,00
   d. Í landsbankanum . . . . . — 862,00
   e. Í peningum . . . . . — 86,88 kr. 17790,88
2. Vextir:
   a. Vextir frá 11/6 95 til 11/6 96 . . . . . — 621,20
   b. Vextir af láni upp á 200 kr. frá 28/8 95 til 11/6 96 — 6,31
   c. Vextir af láni upp á 2000 kr. frá 11/6 96 til 11/12 96 — 40,00
   d. Vextir frá fyrri árum . . . . . — 12,00
   e. Vextir af láni Reykjavíkur 1896 . . . . — 4.00
   f. Dagvextir af endurborguðum lánum . . . — 23,65
   g. Vextir af bankainnlögum 31/12 96 . . . — 33,22 — 740,38
3. Búnaðarskólagjald 1896:
   a. Vesturskaptafellssýslu . . . . . — 64,05
   b. Rangárvallasýslu . . . . . — 221,31
   c. Vestmannaeyjasýslu . . . . . — 12,17
   d. Árnessýslu . . . . . — 268,95
   e. Gullbringu- og Kjósarsýslu . . . . . — 150,66
   f. Borgarfjarðarsýslu . . . . . — 117,11
   g. Reykjavíkur kaupstaðar . . . . . — 11,10 — 845,35
4. Endurborguð lán . . . . . — 1360,00
   kr. 20736,61

Gjöld:

1. Lagt til Hvanneyrarskólans 1896 . . . . . — 1660,00
2. Til jafnaðar færist tekjuliður 2. d. . . . . — 12,00
3. Sömuleiðis tekjuliður 4. . . . . — 1360,00
   Flyt kr. 3032,00

115 Flutt kr. 3032,00

4.. Í sjóði við árslok 1896:

a. Veðskuldabrjef einstakra manna . . .	kr. 15370,00	
b. Skuldabrjef Reykjavíkur kaupstaðar . . .	— 100,00	
c. Í landsbankanum 31/12 96	— 2145,22	
d. Í peningum	— 89,39	— 17704,61
		kr. 20736,61

Suðuramtið, Reykjavík, 14. jan. 1897.
J. Havsteen.

116 # Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu 1896.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1895:			
a. Innritunarskírteini, Litr. A. fol. 82 . . .	kr. 3300,00		
b. Veðskuldabrjef einstaks manns	— 200,00		
c. Í landsbankanum	— 540,06		
d. Í peningum	— 93,00	kr.	4133,06
2. Vextir:			
a. Af innritunarskírteini	kr. 115,50		
b. Af skuldabrjefum frá 11/6 95 til 11/6 96 . .	— 8,00		
c. Af bankainnlögum 31/12 96	— 19,07	—	142,57
3. Afborgun upp í skuldabrjefið		—	50,00
		kr.	4325,63

Gjöld:

1. Styrkur veittur þjóðjarðalandsetum og ekkjum þjóðjarðalandseta		—	120,00
2. Til jafnaðar færist tekjuliður 3.		—	50,00
3. Eptirstöðvar við árslok 1896:			
a. Innritunarskírteini, Litr. A. fol. 82. . . .	kr. 3300,00		
b. Veðskuldabrjef einstaks manns	— 150,00		
c. Í landsbankanum	— 659,13		
d. Í peningum	— 46,50	—	4155,63
		kr.	4325,63

Suðuramtið, Reykjavík, 9. jan. 1897.
J. Havsteen.

Reikningur 117

yfir tekjur og gjöld Eldgosasjóðs Suðuramtsins (Eyjafjallahreppanna) 1896.

Tekjur:

1.	Eptirstöðvar við árslok 1895:		
	a. Veðskuldabrjef einsiakra manna	kr. 900,00	
	b. Í landsbankanum	— 240,11	
	c. Í peningum	— 32,60	kr. 1172,71
2.	Vextir:		
	a. Af skuldabrjefum frá 11/6 95 til 11/6 96 . .	kr. 12,00	
	b. Af bankainnlagi til 7/10 96	— 6,15	— 18,15
3.	Seld skuldabrjef búnaðarskólasjóði Vesturamtsins:		
	a. Skuldabrjef Ásmundar Þórðarsonar í Háteigi, dags. 11/1 87, 200 kr. með dagvöxtum frá 11/6 96 til 7/10 96 2 kr. 58 a.	kr. 202,58	
	b. Skuldabrjef Guðjóns S. Jónssonar í Reykjavík, dags. 28/6 87, 100 kr. með dagvöxtum frá 11/6 96 til 7/10 96. 1 kr. 29 a.	— 101,29	
	c. Skuldabrjef Dr. Gr. Thomsens, dagsett 2/8 94, 600 kr. með ársvöxtum frá 11/6 95 til 11/6 96. 24 kr. og dagvöxtum frá 11/6 96 til 7/10 96. 7 kr 73 . .	— 631,73	— 935,60
			kr. 2126,46

Gjöld:

1.	Til jafnaðar færist af tekjulið 3. a.—c.		— 900,00
2.	Sent sýslum þeim, sem beðið hafa tjón af jarðskjálftunum 1896, samkvæmt landshöfðingjabrjefi, dags. 6. okt. 1896 (Stjórnartíðindi 1896. B. bls. 186):		
	a. Rangárvallasýslu	kr. 490,58	
	b. Árnessýslu	— 735,88	— 1226,46
		Samtals:	kr. 2126,46

Suðuramtið, 11. jan. 1892.

J. Havsteen

Styrkur úr landssjóði

29. júlí var samkvæmt auglýsingu landshöfðingja 28. oktbr. 1893 (Stjtíð 1893 B. bls. 136—138) úthlutað styrk þeim, sem ræðir um í 10. gr. C. 4. b. í fjárlögunum fyrir árin 1896 og 1897 til eptirnefndra 105 búnaðarfjelaga, sem sent höfðu bónarbrjef til landshöfðingja í tæka tíð og að öðru leyti fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í nefndri auglýsingu, svo sem hjer segir:

A. Búnaðarfjelög í Suðuramtinu.

	Nöfn búnaðarfjelaganna.		Dagsverk tekin til greina	Styrkur kr.	a.
1.	Jarðræktarfjelag	Reykjavíkur	1720	452	60
2.	Búnaðarfjelag	Seltjarnarneshr.	700	184	20
3.	——	Mosfells- og Kjalarneshr.	1186	312	10
4.	——	Mosfells- og Kjalarneshr. nr. 2	623	163	90
5.	——	Kjósarhrepps	892	234	70
6.	——	Njarðvíkurhrepps	672	176	80
7.	——	Hraungerðishrepps	478	125	80
8.	——	Villingaholtshrepps	608	160	00
9.	——	Ölfushrepps	462	121	60
10.	——	Gnúpverjahrepps	200	52	60
11.	——	Stokkseyrarhrepps	1089	286	50
12.	——	Skeiðahrepps	413	108	65
13.	——	Gaulverjabæjarhrepps	709	186	60
14.	Jarðabótafjelag	Biskupstungna	687	180	80
15.	Búnaðarfjelag	Hrunamannahrepps	923	242	80
16.	——	Grímsneshrepps	1262	332	00
17.	——	Merkurbæja	1136	298	90
18.	——	Asólfsskálasóknar	845	222	35
19.	——	Hvolhrepps	385	75	00
20.	——	Vesturlandeyinga	1302	342	60
21.	——	Fljótshlíðarhrepps	1216	319	90
22.	——	Holtamanna	277	72	90
23.	Framfarafjelag	Vestmannaeyja	316	83	10
24.	Búnaðarfjelag	Dyrhólahrepps	349	91	80
25.	——	Hvammshrepps	506	133	10
26.	——	Austureyjafjallahrepps	878	231	00
27.	——	Innri-Akraneshrepps	599	157	60
28.	——	Leirár- og Melahrepps	343	90	30
29.	——	Skilmannahrepps	300	78	90
30.	——	Hvalfjarðarstrandarhrepps	745	196	00
31.	——	Skorradalshrepps	270	71	00
32.	——	Andakílshrepps	719	189	20
33.	——	Hálshrepps	392	103	20
34.	——	Reykdæla	621	163	40
35.	——	Lundareykjadalshrepps	263	69	20
			alls:	6311	10

B. Búnaðarfjelög í Vesturamtinu.

36.	Búnaðarfjelag	Álptaneshrepps	534	140	50
37	——	Stafholtstungnahrepps	715	188	10
38.	——	Hvítársíðuhrepps	330	86	80
39.	——	Þverárhlíðar- og Norðurárdalshr.	701	184	50
40.	——	Borgarhrepps	544	143	10
41.	——	Hraunhrepps	203	53	40
42.	——	Miklaholtshrepps	251	66	00
43.	——	Eyjahrepps	180	47	40
44.	——	Kolbeinsstaðahrepps	274	72	10
45.	——	Neshrepps innan Ennis	271	71	30

			Dagsverk tekin til greina	Styrkur kr. a.
46.	Búnaðarfjelag	Staðarsveitar	162	42 60
47.	——	Skógarstrandarhrepps	623	163 90
48.	——	Helgafellssveitar	543	142 90
49.	——	Laxárdalshrepps	343	90 30
50.	——	Hörðudalshrepps	1041	273 90
51.	——	Fellsstrandarhrepps	714	187 90
52.	——	Hvammshrepps	360	94 70
53.	——	Miðdalahrepps	1695	445 90
54.	——	Raudasandshrepps	671	176 60
55.	——	Múlahrepps	578	152 10
56.	——	Tálknfirðinga	150	39 50
57.	——	Sljettuhrepps	872	229 40
58.	——	Ögurhrepps	440	115 80
59.	——	Eyrarhrepps	318	83 70
60.	——	Reykjarfjarðarhrepps	431	113 40
61.	——	Kirkjubólshrepps	391	102 90
62.	——	Bæjarhrepps	407	107 10
63.	——	Hrófbergshrepps	328	86 30
			alls:	5702 10

C. Búnaðarfjelög í Norðuramtinu.

64.	Búnaðarfjelög	Ytri-Torfastaðahrepps	800	210 50
65.	——	Fremri-Torfastaðahrepps	686	180 50
66.	——	Svínavatnshrepps	571	150 30
67.	——	Þorkelshólshrepps	566	148 90
68.	——	Kirkjuhvammshrepps	767	201 80
69.	——	Engihlíðarhrepps	213	56 10
70.	——	Þverárhrepps	505	132 90
71.	——	Vindhælishrepps	383	100 80
72.	——	Bólstaðarhlíðarhrepps	338	88 90
73.	——	Torfalækjarhrepps	336	88 40
74.	——	Sveinsstaðahrepps	533	140 30
75.	Jarðabótafjelag	Staðarhrepps	279	73 40
76.	Búnaðarfjelag	Áshrepps	921	242 30
77.	——	Sauðárhrepps	317	83 40
78.	——	Rípurhrepps	225	59 20
79.	——	Staðarhrepps	486	127 90
80.	——	Akrahrepps	382	100 50
81.	——	Seiluhrepps	373	98 10
82.	——	Lýtingsstaðahrepps	431	113 40
83.	——	Skefilsstaðahrepps	284	74 70
84.	——	Hólahrepps	269	70 80
85.	——	Svarfdælinga	922	242 60
86.	——	Saurbæjarhrepps	628	165 20
87.	Framfarafjelag	Hrafnagilshrepps	474	124 70
88.	——	Öxndælinga	321	84 50
89.	Jarðræktarfjelag	Akureyrar	353	92 90
90.	Búnaðarfjelag	Glæsibæjarhrepps	753	198 10

		Dagsverk tekin til greina	Styrkur kr.	a.
91.	Framfarafjelag Arnarneshrepps	909	239	20
92.	—— Auðbrekkinga	228	60	00
93.	—— Öngulstaðahrepps	693	182	40
94.	Jarðabótafjelag Reykdæla	268	70	50
95.	Búnaðarfjelag Svalbarðsstrandar	401	105	50
96.	Jarðabótafjelag Húsavíkur	525	138	20
97.	Framfarafjelag Grýtubakkahrepps	536	141	00
98.	Búnaðarfjelag Hálsbrepps	571	150	30
89.	Jarðabótafjelag Skútustaðahrepps	249	65	50
		alls:	4603	70

B. Búnaðarfjelög í Austuramtinu.

100.	Búnaðarfjelag Tunguhrepps	199	52	40
101.	—— Hjaltastaðahrepps	150	39	50
102.	—— Fljótsdalshrepps	261	68	70
103.	—— Breiðdalshrepps	256	67	30
104.	—— Eiðahrepps	433	113	90
105.	—— Skriðdalshrepps	157	41	30
		alls:	383	10

Óveitt embætti

er ráðgjafinnn fyrir Ísland annast um veitingu á:

Sýslumannsembættið í Skagafjarðarsýslu.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, verða þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsúrskurðum 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863, að láta bónarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi skilríki fyrir því, að þeir kunni íslenzka tungu.

Auglýst 28. júlí 1897.

Umsóknarfrestur til 1. oktbr. 1897.

Vikið frá embætti.

4. ágúst var *præp. hon. Bjarna Þórarinssyni* presti að Útskálum af landshöfðingja vikið frá embætti um stundarsakir, sakir grunar um framin svik og fölsun reikninga og kvittana.

Skýrsla

um efnahag sýslusjóða í Suðuramtinu 1896.

I. Vesturskaptafellssýsla:

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr. 372,56	
2. Sýslusjóðsgjald	— 755,00	kr. 1127,56

Gjöld:

1. Kostnaður sjóðsins	kr. 945,06	
2. Eign til næsta árs	— 182,50	— 1127,56

II. Vestmannaeyjasýsla:

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr. 9,47	
2. Sýslusjóðsgjald	— 300,00	— 309,47

Gjöld:

1. Kostnaður sjóðsins	kr. 254,90	
2. Eign til næsta árs	— 54,57	— 309,47

III. Rangárvallasýsla:

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr. 624,91	
2. Sýslusjóðsgjald	— 2458,68	
3. Óvissar tekjur	— 15,40	
4. Lán út af jarðskjálftunum	—10000,00	
5. Skuld við gjaldkera	— 27,44	— 13126,43

Gjöld:

1. Kostnaður sjóðsins	kr. 3126,43	
2. Lán til hreppsnefnda	— 6500,00	
3. Keypt timbur og þakjárn	— 3157,35	
4. Eign til næsta árs	— 342,65	— 13126,43

IV. Árnessýsla:

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr. 41,55	
2. Sýslusjóðsgjald	— 2800,00	
3. Aðrar tekjur	— 881,45	— 3723,00

Gjöld:

1. Kostnaður sjóðsins	kr. 2835,57	
2. Eign til næsta árs	— 887,43	— 3723,00

17. dag ágústmán. 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

118 V. Gulllbringu- og Kjósarsýsla:

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr.	648,98	
2. Sýslusjóðsgjald	—	1082,94	— 1731,92

Gjöld:

1. Kostnaður sjóðsins	kr.	1102,55	
2. Eign til næsta árs	—	629,37	— 1731,92

VI. Borgarfjarðarsýsla:

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr.	383,47	
2. Sýslusjóðsgjald	—	1129,84	
3. Aðrar tekjur	—	2,10	
4. Til jafnaðar	—	114,50	
5. Skuld við landsjóð	—	500,00	— 2129,91

Gjöld:

1. Kostnaður sjóðsins	—	1215,93	
2. Skuld til landssjóðs	—	600,00	
3. Eign til næst árs	—	313,98	— 2129,91

Skrifstofu Suðuramtsins, Reykjavík, 5. júlí 1897.

J. Havsteen.

119

Skýrsla

um efnahag sýsluvegasjóða í Suðuramtinu 1896.

I. Vesturskaptafellssýsla:

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr.	27,37	
2. Sýsluvegagjald	—	466,25	kr. 493,62

Gjöld:

1. Til þjóðvega	kr.	65,00	
2. Til sýsluvega	—	157,90	
3. Til gufubátsferða	—	150,00	
4. Eign til næsta árs	—	120,72	— 493,62

II. Vestmannaeyjasýsla:

Tekjur:

1. Sýsluvegagjald	kr.	137,50	— 137,50

Gjöld: **119**

1. Skuld frá f. á.	kr. 97,89	
2. Til sýsluvega	— 22,79	
3. Eign til næsta árs	— 16,82	kr. 137,50

III. Rangárvallasýsla:

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr. 262,99	
2. Sýsluvegagjald	— 978,75	
3. Óvissar tekjur	— 1,12	
3. Eldri skuldir greiddar	— 47,91	— 1290,77

Gjöld:

1 Til sýsluvega	kr. 1136,05	
2. Til jafnaðar mót tekjulið 4	— 47,91	
3. Eign til næsta árs	— 106,81	— 1290,77

IV. Árnessýsla:

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr. 150,87	
2. Sýsluvegagjald	— 1738,75	— 1889,62

Gjöld:

1. Til sýsluvega	kr. 1805,65	
2. Eign til næsta árs	— 83,97	— 1889,62

V. Gullbringu- og Kjósarsýsla:

Tekjur:

1. Sýsluvegagjald	kr. 1696,25	
2. Skuld við reikningshaldara	— 107,46	— 1803,71

Gjöld:

1. Skuld við við reikningshaldara frá f. á.	kr. 29,43	
2. Til sýsluvega	— 1774,28	— 1803,71

VI. Borgarfjarðarsýsla:

Tekjur:

1. Eign frá f. á	— 228,48	
2. Sýsluvegagjald	— 651,25	
3. Borguð útistandandi sýsluvegagjöld	— 128.25	
4. Skuld til Innri Akranesshrepps	— 43,75	— 1051,73

Gjöld:

1. Til sýsluvega	kr. 586,66	
2. Til hreppavega	— 51,00	
	Flyt kr. 637,66	

119

		Flutt kr.	637,66	
3.	Til jafnaðar	—	128,25	
4.	Eign til næsta árs	—	285,82	— 1051,73

Skrifstofu Suðuramtsins, Reykjavík, 5. júlí 1897.

J. Havsteen.

120

Skýrsla

um efnahag sýslusjóðanna í Norðuramtinu 1896.

I. Húnavatnssýsla:

Tekjur:

1.	Eign frá f. á.	kr.	1316,10	
2.	Niðurjöfnun 15 au. á hndr.	—	1788,61	
3.	Aðrar tekjur	—	75,00	kr. 3179,71

Gjöld:

1.	Kostnaður sjóðsins	kr.	1958,50	
2.	Eign til næsta árs	—	1221,21	— 3179,71

II. Skagafjarðarsýsla:

Tekjur:

1.	Eign frá f. á.	kr.	650,14	
2.	Niðurjöfnun 12 au. á hndr.	—	1450,66	
3.	Aðrar tekjur	—	369,44	
4.	Bankalán á árinu	—	600,00	— 3070,24

Gjöld:

1.	Kostnaður sjóðsins	kr.	2851,24	
2.	Eign til næsta árs	—	219,00	— 3070,24

III. Eyjafjarðarsýsla:

Tekjur:

1.	Eign frá f. á.	kr.	680,24	
2.	Niðurjöfnun 13 au. á hndr.	—	1605,51	
3.	Aðrar tekjur	—	92,50	— 2378,25

Gjöld:

1.	Kostnaður sjóðsins	kr.	1831,53	
2.	Eign til næsta árs	—	546,72	— 2378,25

VI. Suðurþingeyjarsýsla: **120**

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr.	263,07	
2. Niðurjöfnun 18 au. á hndr.	—	1585,06	
3. Aðrar tekjur	—	733,20	— 2581,33

Gjöld:

1. Kostnaður sjóðsins	kr.	2293,63	
2. Eign til næsta árs	—	287,70	— 2581,33

Skrifstofu Norðuramtsins, 18. júní 1897.

Páll Briem.

Skýrsla **121**

um efnahag sýsluvegasjóða í Norðuramtinu 1896.

I. Húnavatnssýsla.

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr.	409,49	
2. Sýsluvegagjald	—	1031,25	
3. Aðrar tekjur	—	14,80	— 1455,54

Gjöld:

1. Vegakostnaður	kr.	399,90	
2. Ýmisleg gjöld	—	209,08	
3. Sýsluvegagjald til landssjóðs	—	439,15	
4. Eign til næsta árs	—	407,41	— 1455,54

II. Skagafjarðarsýsla.

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr.	90,77	
2. Sýsluvegagjald	—	1083,75	
3. Tillög úr hreppavegasjóði	—	41,68	— 1216,20

Gjöld:

1. Vegabótakostnaður	kr.	1056,33	
2. Eign til næsta árs	—	159,87	— 1216,20

III. Eyjafjarðarsýsla.

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr.	264,75	
2. Sýsluvegagjald	—	1246,25	— 1511,00

121

Gjöld:

1. Vegabótakostnaður	kr. 1272,62		
2. Eign til næsta árs	— 238,38	—	1511,00

IV. Suðurþingeyjarsýsla.

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr. 167,75		
2. Sýsluvegagjald	— 950,00	—	1117,75

Gjöld:

1. Vegabótakostnaður	kr. 902,75		
2. Eign til næsta árs	— 215,00	—	1117,75

Skrifstofu Norðuramtsins, 16. júní 1897.

Páll Briem.

122

Skýrsla

um amtsráðsfund Austuramtsins 12—14. júlí 1897.

Ár 1897 hinn 12. júlí var aðalfundur amtsráðs Austuramtsins settur og haldinn á Seyðisfirði af forseta amtsráðsins, amtmanni Páli Briem, amtsráðsmanni Austurskaptafellssýslu, hjeraðslækni Þorgrími Þórðarsyni að Borgum, amtsráðsmanni Suðurmúlasýslu, búfræðingi Sigurði Einarssyni á Hafursá og varaamtsráðsmanni Norðurmúlasýslu, síra Einari Þórðarsyni í Hofteigi, er mætir í forföllum aðalamtsráðsmannsins, prófasts Einars Jónssonar í Kirkjubæ. Amtsráðsmaður Norðurþingeyjarsýslu, hreppstjóri Árni Kristjánsson á Lóni var ókominn, en kom á 3. degi.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1896 með fylgiskjölum:
   a. Jafnaðarsjóðs Austuramtsins.
   b. Búnaðarsjóðs Austuramtsins.
   c. Búnaðarskólasjóðs Austuramtsins.
   d. Gjafasjóður Guttorms prófasts Þorsteinssonar.
   e. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar.
   f. Bókasafns Austuramtsins.

   Amtsráðið rannsakaði reikninga þessa og samþykkti þá án athugasemda.
2. Framlögð voru eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda:
   a. Í Austurskaptafellssýslu af fundi 28—29. apríl 1897.
   b. Í Suðurmúlasýslu af fundum 24—25. sept. 1896 og 28—29. apríl 1897.
   c. Í Norðurmúlasýslu af fundum 11—12. sept. 1896 og 24—25. marz 1897.

d. I Norðurþingeyjarsýslu af fundi 29. apríl til 1. maí 1897. **122**

Amtsráðið gjörði þessar athugasemdir við fundargjörðir sýslnanna:

a. Í Austurskaptafellssýslu. Reikningur um styrktarsjóð Nesjahrepps 1896 var eigi fram lagður, en sýslumaður hefir með brjefi 14. maí 1897 skýrt frá ástæðum fyrir þessu, sem þykja nægilegur.

b. Í Suðurmúlasýslu:

1. Eigi var framlagður reikningur um hag styrktarsjóðs í Geithellnahreppi 1895 og var forseta því falið að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að reikningurinn yrði tafarlaust gefinn.
2. Á fundinum 28—29. apríl 1897 voru framlagðir sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningar 1896 og kosinn endurskoðandi reikninganna, en reikningana á að endurskoða fyrir fundinn og ber að gæta þess eptirleiðis.
3. Reikningar hreppanna voru eigi allir komnir til sýslunefndarinnar, en eigi er tekið fram, hverir af reikningunum þetta hafi verið. Þar sem sýslunefndin hefir ákveðið, að dagsektum skuli eptirleiðis beitt við þær hreppsnefndir, sem ekki afgreiða reikningana í tækan tíma, vonast amtsráðið til þess, að hreppsreikningarnir verði eptirleiðis úrskurðaðir í tæka tíð.
4. Á fundinum 28—29. apríl 1897 hafa eigi mætt sýslunefndarmenn úr Eiða-, Mjóafjarðar- og Norðfjarðarhreppum, án þess að skýra frá forföllum sínum, og er slíkt vítavert.

c. Í Norðurmúlasýslu:

1. Á fundinum 11—12. sept. 1896 vantaði sýslunefndarmenn úr Vopnafjarðar-, Fella og Hjaltastaðarhreppum og á fundinum 24—25. marz 1897 vantaði sýslunefndarmennina úr Loðmundarfjarðarhreppi, Borgarfjarðarhreppi og Skeggjastaðahreppi, án þess sjáist, að þeir hafi haft nokkur forföll, og er slíkt vítavert.
2. Reikningar um styrktarsjóðsgjald í Vopnafjarðar- og Skeggjastaðahreppi hafa eigi verið framlagðir og var oddvita því falið að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fullnægjandi reikningsskil yrði gjörð. Í sýslufundargjörðina vantar að tilgreina upphæðir reikninganna.
3. Reikningar Vopnafjarðar- og Skeggjastaðahrepps voru eigi framlagðir á fundinum. Þar sem slíkt er óhæfilegt, ákvað amtsráðið að eptirleiðis skildi beita þvingunarsektum við þær hreppsnefndir, sem eigi afgreiddu reikninga hreppsins á þann hátt, sem ákveðið er í sveitastjórnartilskipuniuni 20. gr.
4. Sýslunefndin hefir ákveðið að hreppstjórar skuli greiða burðargjald og borgun fyrir kvittanir frá söfnunarsjóðnum fyrir styrktarsjóðsgjaldi hreppanna, en hreppstjóri hefir fullan rjett til endurgjalds fyrir þetta, og eru ákvæði sýslunefndarinnar því eigi rjett.

122 d. Í Norðurþingeyjarsýslu:

1. Sýslunefndarmann úr Fjallahrepp vantar, án þess að forföll sjeu tilgreind, og má slíkt eigi eiga sjer stað.
2. Reikningar yfir styrktarsjóðsgjald í Kelduness- og Fjallahreppum vantaði; um hina reikningana er eigi getið hver upphæð þeirra er og heldur eigi fyrir hvert ár þeir eru.
3. Fram voru lagðir sýslusjóðsreikningar og sýsluvegasjóðsreikningar 1896 úr öllum sýslum amtsins, og var amtsráðsmönnum Austurskaptafellssýslu og Suðurmúlasýslu falið að endurskoða sýsluvegasjóðsreikningana og amtsráðsmanni Norðurmúlasýslu falið að endurskoða sýslusjóðsreikningana.
4. Framlagt var brjef sýslumannsins í Skaptafellssýslu, dags. 16. f. m., þar sem hann óskar, að amtsráðið veiti samþykki til þess, að sýslunefnd Austurskaptafellssýslu megi greiða úr sýsluvegasjóði 125 kr., sem tillag til gufubátsferða í Austfirðingafjórðungi 1897. Amtsráðið veitti samþykki sitt til þessarar greiðslu.
5. Framlagt var brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu 26. apríl þ. á., um 100 kr. styrk til kvennaskólans á Ytriey og frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu um venjulegan styrk til kvennaskóla Eyfirðinga. Ennfremur voru framlagðar skýrslur og reikningar skólanna, sem amtsráðið athugaði. Amtsráðið veitti kvennaskólanum á Ytri-Ey 100 kr. og kvennaskóla Eyfirðinga 50 kr.
6. Framlagt var brjef sýslumannsins í Suðurmúlasýslu, dags. 5. maí þ. á., með útdrætti úr gjörðabók sýslunefndarinnar, þar sem hún óskar að yfirsetukvennaumdæmum sýslunnar yrði breytt. En meðal annars er í tillögum sýslunefndarinnar farið fram á, að Geithellnahreppi verði skipt í 2 yfirsetukvennaumdæmi, sem þegar er fyrir löngu ákveðið (sjá Stj.tíð. 1889, B, bls. 149), og í annan stað eru tillögur sýslunefndarinnar um breytingarnar svo ógreinilegar, að það verður ekki sjeð, hvernig þær koma heim við hin núverandi yfirsetukvennaumdæmi. Fyrir því felur amtsráðið forseta sínum að heimta nánari upplýsingar um hinar fyrirhuguðu breytingar.
7. Forseti skýrði frá breytingum þeim, sem gjörðar höfðu verið á fyrirkomulagi með útlán bóka á amtsbókasafninu á Akureyri. Amtsráðið ákvað, að frá næsta nýári skyldi eigi vera heimtað neitt tillag frá mönnum, sem vilja nota bókasafn Austuramtsins, en frestað til næsta árs að breyta fyrirkomulagi með útlán bóka.
8. Fram voru lagðar umsagnir sýslunefndanna í amtinu um stofnun spítala á Austurlandi, sem amtsráðið athugaði.
9. Forseti skýrði frá brjefaviðskiptum sínum við stjórn búnaðarfjelags Suðuramtsins viðvíkjandi stofnun búnaðarfjelags fyrir allt landið, og að hann hefði samkvæmt heimild frá amtsráðsmönnunum kosið amtsráðsmann, prófast Einar Jónsson í Kirkjubæ, sem fullrúa amts-

ráðsins,til þess að mæta á fundi búnaðarfjelags Suðuramtsins, sem átti að halda 5. þ. m., til að ræða málið og til þess ásamt nefnd, sem væntanlega verður kosin af búnaðarfjelaginu ásamt fulltrúum hinna amtsráðanna, að gjöra ákveðnar tillögur um stofnun búnaðarfjelags fyrir allt landið, er að ári yrðu lagðar fyrir amtsráðið. Amtsráðið lýsti yfir því, að það teldi mikilsvert að stofnað væri búnaðarfjelag fyrir allt landið og samþykkti kosningu fulltrúa fyrir Austuramtið. 122

10. Forseti lagði fram ritgjörð um fjárkláða eptir Magnús Einarsson dýralækni. Eptir að amtsráðið hafði yfirfarið ritgjörðina, ákvað það að veita 100 kr. verðlaun fyrir hana, og fól forseta að sjá um, að henni yrði útbýtt gefins í amtinu.
11. Forseti lagði fram:
    a. Skýrslur um fjárskoðanir í Þingeyjarsýslu og Norðurmúlasýslu, sem bera með sjer, að fjárkláðinn er víðsvegar um Þingeyjarsýslu og í tveim hreppum í Norðurmúlasýslu, Skeggjastaðahreppi og á 3 bæjum í Selárdal í Vopnafjarðarhreppi.
    b. Brjef frá oddvitum og sýslumönnum viðvíkjandi fyrirskipunum um böðun síðastliðinn vetur, svo og skýrslur um böðun í Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu, sem bera með sjer, að fyrirskipun þessari hefir að meira eða minna leyti verið óhlýðnazt. Ennfremur var fram lagt brjef, dags. 10. apríl þ. á., frá fundi í 5 vestustu hreppum Húnavatnssýslu, þar sem skorað er á amtmann, að láta þá menn sæta sektum, er ætla má að í hverjum hreppi hefðu getað haft mest áhrifin á almenning, til þess að fyrirskipuninni yrði hlýtt.
    c. Tillögur sýslunefndanna í Norður- og Austuramtinu á fundum síðastliðinn vetur, sem allar ganga í þá átt, að ráðstafanir verði gjörðar til algjörðrar útrýmingar á fjárkláðanum.
    d. Tillögur sýslumannanna í amtinu, um aðstoðarmenn hreppstjóra í hverjum hreppi.

    Amtsráðið athugaði skjöl þessi og ræddi málið. Amtsráðið taldi það hið mesta velferðarmál, að þær sýslur í amtinu, sem eru lausar við fjárkláða, verði varðar fyrir sýkinni, og að sýkinni yrði útrýmt, svo fljótt sem unnt er, að minnsta kosti fyrir austan Jökulsá í Axarfirði. Amtsráðið áleit, að, til þess að fá þessu framgengt, væri nauðsynlegt:
    1. Að beita tilskipun 5. jan. 1866 með fullum strangleika, þannig að allar kláðasjúkar kindur verði tafarlaust læknaðar og allt sauðfje, sem grunað er um kláða, verði tvíbaðað kláðabaði.
    2. Að láta fram fara nú í sumar sótthreinsun húsa í öllum þeim sveitum í amtinu, sem kláða hefir orðið vart við í síðastliðinn vetur og vor.

26. dag ágústmán. 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

122

3. Að framkvæmd verði allmenn fjárskoðun í rjettum í haust á svæðinu milli Jökulsár í Axarfirði og Jökulsár á Brú og að nákvæmar gætur verði hafðar á fjársamgöngum yfir Jökulsá á Brú, og að því verði settur maður til þess, að hafa gæzlu með brúnni hjá Fossvöllum, og að engri kind verði sleppt yfir ána, sem grunur er um að geti borið sóttnæmið, og að kostnaður við þetta verði greiddur af jafnaðarsjóði.
4. Að veittur verði styrkur af jafnaðarsjóði til þess að útrýma fjárkláða í Norðurþingeyjarsýslu og Norðurmúlasýslu, svo sem svarar 100 kr. fyrir hvern hrepp, þar sem kláðavart verður.
5. Að settir verði 1—2 menn hreppstjórum til aðstoðar, til þess að skoða fje og framfylgja ráðstöfunum til útrýmingar fjárkláðans á svæðinu fyrir austan Jökulsá í Axarfirði, og að kostnaður við þessa aðstoðarmenn verði greiddur af jafnaðarsjóði.
6. Að allar kindur, sem nokkurn kláðavott hafa, ekki að eins í byggð, heldur og sjerstaklega í afrjettum, verði, þegar fje er safnað á haustum, þegar í stað aðskildar frá öðru og skornar eða teknar til lækningar.

12. Amtsráðið tók til íhugunar, að það væri mjög mikilsvert að fá mann, sem sjerstaklega hefði á hendi, að lækna kláða á sauðfje og leiðbeina bændum í því efni, og fyrir því veitti það 250 kr. styrk af jafnaðarsjóði til þess, að styrkja mann til að læra þessar lækningar, og fól forseta að veita styrkinn einhverjum manni, er væri vel fallinn til þessa starfa.
13. Amtsráðsmaður Norðurmúlasýslu lagði fram sýslusjóðsreikningana, er amtsráðið síðan tók til rannsóknar og úrskurðaði á þessa leið:
Við reikningana úr Norðurþingeyjarsýslu, Norðurmúlasýslu og Austurskaptafellssýslu þótti ekkert athugavert og voru þeir því samþykktir án athugasemda.
Við reikning Suðurmúlasýslu þótti athugavert:
1. Reikningshaldari hefir eigi tekið til greina athugasemd amtsráðsins við reikningana 1894 og 1895 um vantaldar 50 kr. í eptirstöðvum, og eru eptirstöðvar reikningsins því vantaldar um 50 kr., sem ber að leiðrjetta í næsta reikningi.
2. Oddviti hefir reiknað sjer 27 kr. í ferðakostnað á sýslufund, sem er eigi löglegt, en hins vegar hefir hann hvorki reiknað sjer dagpeninga eða endurgjald fyrir sendiferð með skjöl sýslunnar á sýslufund, og virðist þetta hvorttveggja geta talizt 27 kr. og má þetta því jafna sig.
3. Í fylgiskjali 37 er kostnaður við hundalækningar í Norðfjarðarhreppi 1894 talinn 7 kr. 50 au. í staðinn fyrir 8 kr. 50 au., og þar sem að eins hefir verið borgað út úr sýslusjóðnum kr. 7,50, má endurgjalda hina vantöldu 1 kr.
4. Fyrir kostnað við hundalækningar í Breiðdalshreppi 1895 hafa verið

greiddar 30 kr., en að öðru leyti vantar allar upplýsingar um kostnað 122
þenna og ber að senda þær.

5. Kvittun fyrir 50 kr. gjaldalið XIII (fylgiskjal 60) vantar og ber að senda.

14. Amtsráðsmenn Suðurmúlasýslu og Austurskaptafellssýslu lögðu fram sýsluvegasjóðsreikningana, er amtsráðið síðan tók til rannsóknar.
   a. Við reikning Austurskaptafellssýslu þótti ekkert athugavert.
   b. Við reikning Suðurmúlasýslu þótti athugavert:
      1. Samkvæmt reikningunum hefir verið greitt úr dánarbúi fyrverandi reikningshaldara Sig. Pjeturssonar 277 kr. 14 au., en þessi upphæð hefir eigi verið talin tekjumegin, og hin sama upphæð talin til jafnaðar útgjaldamegin, eins og á að vera.
      2. Vegagjörð á Hallormsstaðahálsi hefir kostað 60 kr. og úttekt hennar 10 kr. Þar sem um svo litla vegagjörð er að ræða, ber að gæta þess framvegis, að kostnaður við skoðun á vegagjörðinni verði sem minnstur.
      3. Í fylgiskjali 27 er fyrir $6^1/_2$ dagsverk á 3 kr. reiknað og borgað 19 kr. 50 au. í staðinn fyrir 19 kr. Ber því að endurgjalda 50 au.
      4. Fyrir úttekt á vegagjörð um Reyðarfjörð hefir verið greitt 11 kr., en úttektargjörðina vantar og ber að senda hana.
   c. Við reikning Norðurmúlasýslu þótti athugavert, að kvittanir vantar fyrir gjaldal. 8 og 9 á fylgiskjali 13 (kr. 8,88 og kr. 2,00), er ber að útvega og senda.
   d. Við reikning Norðurþingeyjarsýslu þótti athugavert:
      1. Á fylgiskjali 1 eru verkfærir menn í Presthólahreppi taldir 35 og sýsluvegagjald hreppsins talið kr. 43,75, en samkvæmt verkfærraskýrslu hreppsins eru verkfærir menn 53 og er því sýsluvegagjaldið kr. 66,25; er sýsluvegagjaldið því vantalið um kr. 22,50, sem ber að innheimta og endurgjalda.
      2. Til sæluhússbyggingar á Axarfjarðarheiði hefir verið varið 175 kr. og fyrir skoðun á húsinu kr. 16,50, en reikning fyrir sæluhúsbyggingunni eða samning um það, svo og úttektargjörðina vantar, og ber að senda skjöl þessi.
      3. Athugasemdir endurskoðanda fylgdu eigi reikningnum og ber að senda þær.

15. Framlagðir voru reikningar búnaðarskólans á Eiðum 1896—97.
   a. Reikningur yfir tekjur og gjöld skólans.
   b. Viðskiptareikningur skólasjóðs og skólabús.
   c. Jafnaðareikningur skólabúsins 6. júní 1897.

   Amtsráðið yfirfór reikninga þessa og úrskurðaði þá.

16. Framlagt var brjef hreppsnefndarinnar í Presthólahreppi, dags. 10. f. m., þar sem hún kvartar yfir því, að sýslunefnd Norðurþingeyjarsýslu hafi á fundi sínum 29. apríl til 1. maí þ. á. veitt samþykki sitt til þess, að hreppsnefndin í Svalbarðshreppi gæfi Maríu nokkurri Finnbogadóttur eptir sveitarskuld og óskar að amtsráðið vildi hlutast til um, að Svalbarðshreppi veitist

122 ekki heimild til þess, að gefa Maríu þessari upp sveitarskuldina. Amtsráðið fann eigi ástæðu til að taka þessa beiðni til greina.

17. Amtsráðsmaður Austurskaptafellssýslu gat þess, að bókfærslu í hreppum myndi sumstaðar vera ábótavant, og Stjórnartíðindi hreppanna mundu sumstaðar eigi geymd svo sem skyldi.

Fyrir því fól amtsráðið forseta sínum, að brýna fyrir sýslumönnum að skoða bækur hreppsnefndanna einu sinni á ári, einkum á manntalsþingum, og að brýna fyrir sýslunefndum að sjá um, að Stjórnartíðindi hreppanna verði höfð í góðum skilum.

18. Var gjörð svohljóðandi áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins 1898:

	Tekjur:		
1.	Væntanlegar eptirstöðvar	kr. 1200,00	
2.	Jafnaðarsjóðsgjald	— 2500,00	— 3700,00
	Gjöld:		
1.	Kostnaður við amtsráðið		— 850,00
2.	Til heilbrigðismála		— 100,00
3.	Til menntamála:		
	a. Til bókakaupa handa Eiðaskóla . . .	kr. 100,00	
	b. — kvennaskóla á Ytriey	— 100,00	
	c. — —— Eyfirðinga	— 50,00	
	d. — bókasafns Austuramtsins	— 500,00	— 750,00
4.	Afborgun og vextir af láni til Skjálfandafljótsbrúar . .		— 81,48
5.	Til útrýmingar fjárkláðanum		— 1200,00
6.	— styrktar handa manni til að læra kláðalækningar . .		— 250,00
7.	Óviss útgjöld		— 468,52
			kr. 3700,00

Fleiri mál komu ekki til umræðu.

Fundi slitið.

Páll Briem. Þorgr. Þórðarson. Sigurður Einarsson.
Árni Kristjánsson. Einar Þórðarson.

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri 22. júlí 1897.

Páll Briem.

123

Reikningur

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins 1896.

Tekjur:

I.	Í sjóði við árslok 1895:		
a.	Óborgað jafnaðarsjóðsgj. úr Suður-Múlasýlu 1894	kr. 217,10	
b.	— —— — sömu sýslu 1895 .	— 6,50	
		Flyt kr. 223,60	

		Flutt kr.	223,60	123
	c. Í peningum	—	1575,52	kr. 1799,12
II.	Niðurjöfnun á lausafje í amtinu 20 aurar á hvert gjaldskylt lausafjárhundrað			— 2212,60
III.	Eftirstöðvar frá f. á.:			
	a. Jafnaðarsjóðsgjald úr Suður-Múlasýslu 1894 .	—	217,10	
	b. —— úr sömu sýslu 1895 . .	—	6,50	— 223,60
IV.	Vextir af 800 kr. frá 2. jan. til 1. des. 1896 . .			— 29,59
V.	Til jafnaðar við gjaldal. VII a. og b.			— 829,59
			Samtals kr.	5094,50

Gjöld:

I.	Kostnaður við amtsráðið			kr. 964,60
II.	Til heilbrigðismála			— 43,50
III.	Til menntamála:			
	a. Laugalandsskólans	kr.	50,00	
	b. Ytrieyjarskólans	—	100,00	
	c. Eiðaskólans	—	100,00	
	d. Bókasafns Austuramtsins	—	500,00	— 750,00
IV.	Vextir og afborgun af láni Skjálfandafljótsbrúar . .			— 81,48
V.	Kostnaður við fjárskoðanir			— 149,40
VI.	Ýmislegur kostnaður			— 19,17
VII.	Lagt í sparisjóð:			
	a. 2. jan. 1896	—	800,00	
	b. 1. desember 1896	—	29,59	— 829,59
VIII.	Til jafnaðar við tekjulið III a. og b.			— 223,60
IX.	Eign til næsta árs:			
	a. Í sparisjóði Akureyrar	—	829,59	
	b. Í peningum	—	1203,57	— 2033,16
			Samtals kr.	5094,50

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri 11. jan. 1897.

Páll Briem.

Reikningur 124

yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Austuramtsins 1896.

Tekjur:

I.	Í sjóði 1. janúar 1896:		
	a. Í uppsegjanlegum kgl. skuldabrjefum . . .	kr.	835,52
		Flyt kr.	835,52

124

		Flutt kr.	835,52
	b. Í skuldabrjefum einstakra manna	—	800,00 kr. 1635,52
II.	Vextir:		
	a. Af uppsegjanlegum kgl. skuldabrjefum . .	kr.	33,42
	b. — skuldabrjefum einstakra manna . . .	—	32,00 — 65,42
			kr. 1700,94

Gjöld:

I.	Styrkur veittur búnaðarskólanum á Eiðum	kr.	65,42
II.	Í sjóði til næsta árs:		
	a. Í uppsegjanlegum kgl. skuldabrjefum . . .	kr.	835,52
	b. Í skuldabrjefum einstakra manna	—	800,00 — 1635,52
			kr. 1700,94

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri, 12. janúar 1897.

Páll Briem.

125

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Búnaðarskólasjóðs Austuramtsins 1896.

Tekjur:

I.	Í sjóði 1. jan 1896:		
	Í sparisjóði Akureyrar	kr.	2360,45
II.	Búnaðarskólagjald 1896:		
	a. úr Norðurþingeyjarsýslu	kr.	56,26
	b. — Austurskaptafellssýslu	—	31,67 — 87,93
III.	Vextir af inneign sjóðsins:		
	a. af 760 kr. 45 au. til 1/12 96	kr.	36,62
	b. af 1600 kr. til 11/6 96	—	28,45 — 65,07
IV.	Tekið úr sparisjóði		— 1600,00
V.	Til jafnaðar móti gjaldalið II		— 153,00
			kr. 4266,45

Gjöld:

I.	Lánað móti jarðarveði	— 1600,00
II.	Lagt í sparisjóð á árinu	— 153,00
III.	Eign til næsta árs:	
	a. Í veðskuldabrjefum	kr. 1600,00
	b. Í sparisjóði	— 913,45 — 2513,45
		kr. 4266,45

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri, 12. jan. 1897.

Páll Briem.

Reikningur 126

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar 1896.

Tekjur:

I.	Í sjóði 1. jan. 1896:	
	Innritunarskírteini A. fol. 91	kr. 1600,00
II.	Vextir frá 11/6 95 til 11/6 96	— 56,00
		kr. 1656,00

Gjöld:

I.	Styrkur veittur Vilhjálmi Jónssyni í Sunnudal	— 56,00
II.	Í sjóði við árslok:	
	Innritunarskírteini A. fol. 91	— 1600,00
		kr. 1656,00

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri, 12. jan. 1897.

Páll Briem.

Reikningur 127

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar 1896.

Tekjur:

I.	Í sjóði 1. jan. 1896:		
	a. Í uppsegjanlegum kgl. skuldabrjefum . . .	kr. 1089,66	
	b. Innritunarskírteini A. fol. 90	— 800,00	
	c. Í skuldabrjefum einstakra manna	— 1050,00	
	d. Í peningum	— 38,85	kr. 2978,51
II.	Vextir:		
	a. Af uppsegjanlegum kgl. skuldabrjefum . . .	kr. 43,59	
	b. — Innritunarskírteini A. fol. 90	— 28,00	
	c. — skuldabrjefum einstakra manna . . .	— 42,00	— 113,59
		Samtals	kr. 3092,10

Gjöld:

I.	Styrkur veittur 2 fátækum bændum í Vallasókn, Guttormi Pálssyni og Jóni Guðmundssyni	kr. 113,58
II.	Í sjóði við árslok:	
	a. í uppsegjanlegum kgl. skuldabrjefum . . .	kr. 1089,66
	b. Innritunarskírteini A. fol. 90	— 800,00
	c. Í skuldabrjefum einstakra manna	— 1050,00
	d. Í peningum	— 38,86 kr. 2978,52
		Samtals kr. 3092,10

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri, 12. jan. 1897.

Páll Briem.

128

Auglýsing

um breyting á vitanum á Reykjanesi.

Hinn 1. ágúst 1897 verður hinum hvíta fastavita á Reykjanesi breytt í hvítan blossavita, er sýnir tvíblossa á hverri hálfri mínútu: blossa um 1 s., myrkur um 4 s., blossa um 1 s., myrkur um 24 s. Sjónarlengd: 19 kml. Ljósmagn 19 kml. Ljóskróna (linseapparat) 4. stigs. Hæð logans er hin sama sem áður og vitinn er látinn lýsa á sömu tímum sem áður. Vitinn er sýndur í hinum núverandi vitaturni 63° 48′,4 n. br., 22° 41′,4 v.lgd.

Reykjavík, 30. júlí 1897.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

129

Auglýsing

um breyting á vitum við Faxaflóa og tendrun þeirra.

Hinn 1. september 1897 verða tendraðir eptirnefndir vitar við Faxaflóa. Breytingar á þeim eru teknar hjer fram:

1. *Skagatáarviti.* Hinum hvíta fastavita á Skagatá er breytt í eldingavita, er sýnir elding 5. hverja sekúndu. Hæð logans 50′ yfir sjávarflöt. Sjónarlengd 11.5 kml. Ljósmagn 17′ kml. Ljóskróna 6. stigs. Vitinn er sýndur á 47′ háum ferstrendum turni, og látinn loga á sömu tímum sem áður (frá 1. ágúst til 15. maí). Lega 64° 04′, 6 nbr. 22° 40′,0 v.lgd,
2. *Gróttuviti,* þar er áður var Gróttuvarðan, er hornviti, er sýnir grænt fastaljós frá s. 25v. til s. 67v., hvítt fastaljós frá s. 67v. um vestur og norður til n. 37 a., rautt fastaljós frá n. 37 a. til s. 79a. og grænt fastaljós frá s. 79a. til s. 66a. Hæð logans 37′ yfir sjávarflöt. Sjónarlengd: 10.5 kml. fyrir hið hvíta ljós. Ljósmagn hins hvíta ljóss 12 kml., hins rauða ljóss 8½ kml., hins græna ljóss 7 kml. Ljóskróna 4. stigs. Vitinn er sýndur frá 36′ háum ferstrendum turni. Kveikt er á vitanum frá 1. ágúst til 15. maí. Lega 64° 09′, 7 n. br. 21° 59′.0 v.lgd.
3. *Reykjavíkurviti,* 800 áln. n. 42 a. frá Skólavörðu, er hornviti, er sýnir rautt ljós með myrkvum frá n. 36,5 v. til n. 31v., grænt ljós með myrkvum frá n. 31v. til n. 18v., hvítt ljós með myrkvum frá n. 18v. til n. 10v. og rautt ljós með myrkvum frá n. 10v. til n. 1 v. 2 sekúnda myrkvi hvern fjórðung mínútu. Hæð logans 43′ yfir sjávarflöt. Sjónarlengd 11 kml. fyrir hvíta og rauða ljósið. Ljósmagn hins hvíta ljóss 15 kml., hins rauða 11½ kml. og hins græna ljóss 9 kml. Speglakróna 4. stigs. Vitinn er sýndur í gafli hvítrar timburbyggingar. Kveikt er á vitanum frá 1. ágúst til 15. maí. Lega 64° 08′, 5 n. br., 21° 52′, 6 v.lgd.

Skipum er hjer með harðlega bannað að kasta akkerum í horni hins hvíta ljóss Reykjavíkurvitans.

Samtímis eru lagðir niður vitarnir á Engey.

Reykjavík, 17. ágúst 1897.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Skaptafellssýslu* **um flutning þingstaðar.** 130
Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi yðar, 6. ágúst.
dagsettu 15. júní þ. á., og eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Leiðvallahreppi, vil jeg hjer með samþykkja, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Leiðvelli að Langholti, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði hæfilegt hús til þinghaldanna á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um lántökuleyfi handa prestakalli.** 131
Samkvæmt tillögum hinna heiðruðu stiptsyfirvalda í þóknanlegu brjefi, dagsettu 12. ágúst.
10. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að presturinn í Holtaþingum, sjera Ófeigur Vigfússon, taki allt að 1000 kr. embættislán úr landssjóði gegn tryggingu í tekjum prestakallsins til að gjöra á prestssetrinu Guttormshaga íbúðarhús úr timbri 18 álna langt og 9 álna breytt, járnþakið og járnvarið á hliðum og göflum, fullar 4 álnir undir lopt, með kjallara undir hálfu húsinu og með herbergjaskipun þeirri, er tilgreind er í áðurnefndu þóknanlegu brjefi yðar. Þó er þetta lántökuleyfi þeim skilyrðum bundið, *að* lánið verði endurborgað á 20 árum samfleytt, að telja frá því lánið er tekið, með 1/20 hluta lánsins á ári, auk vaxta, *að* sannað verði með skoðunargjörð þar til útnefndra manna, að húsið sje vandað að efni og smíði að öllu leyti, *að* húsinu fylgi nægilegir ofnar og eldavjel, *að* húsinu undir eptirliti prófasts sje haldið í eldsvoðatryggingu fyrir minnst 2000 krónur, *að* hið nýja hús verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd hús, er áður hafa fylgt prestakallinu: baðstofa, stofa, búr og eldhús með tilheyrandi göngum og dyrum, og *að* presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför eða fráfall hans í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyfivöldum hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja *til biskupsins yfir Íslandi* **um eptirlaun prestsekkju.** 132
Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 18. þ. m., hafið þjer, háæruverðugi herra, látið uppi 26. ágúst.
álit yðar um erindi frá prestsekkju Steinunni Eiríksdóttur, þar sem hún spyrst fyrir um það, hvort sjer eigi sem ekkju Páls prests Pálssonar í Þingmúla hafa borið náðarárspeningar af hinu sameinaða Þingmúla og Hallormsstaðarprestakalli, er maður hennar þjónaði, enda þótt hún einungis hafi fengið náðarárshluta greiddan af Þingmúlabrauði. Hafið þjer tekið það fram, að sjera Páli heitnum Pálssyni hafi á sínum tíma verið veitt Þingmúlaprestakall, en að hann að eins hafi verið settur til þess fyrst um sinn að þjóna Hallormsstaðarprestakalli (sbr. Stj.tíð. 1881, B, bls. 48), og að sú skipun hafi haldizt til dauðadags hans. Álítið þjer því, að umgetinni prestsekkju hafi ekki borið náðarárs-

20. dag septembermán. 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

132 tekjur af Hallormsstaðarprestakalli, sbr. landshöfðingjabrjef frá 23. oktbr. 1885
26. ágúst. (Stj.tíð. 1885, B, bls. 137—138).

Með því að jeg verð að vera yður samdóma um það, er þjer þannig hafið tekið fram, og fellst á ástæður þær, sem framannefnt landshöfðingjabrjef er byggt á, að því leyti er snertir það atriði, er hjer er um að ræða, verður að svara neitandi fyrirspurn þeirri, er hjer liggur fyrir.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

133 **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna yfir Islandi* **um lántökuleyfi handa**
27. ágúst. **prestakalli.** Samkvæmt beiðni prestsins á Helgastöðum, sjera Pjeturs Helga Hjálmarssonar og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. maí þ. á., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki allt að 2250 kr. embættislán upp á tekjur Helgastaðaprestakalls í Suðurþingeyjar prófastdsæmi til að koma upp á prestssetrinu, í stað hinna gömlu bæjarhúsa, er sum brunnu í eldsvoða 21. febr. f. á., en sem voru orðin mjög hrörleg, vönduðu timburhúsi 12×12 álnir að flatarmáli, tvíloptuðu, 9 álna háu undir ris, með steinlímdum kjallara undir öllu húsinu, og með haganlegri herbergjaskipun, eptir því sem prófasturinn í Suðurþingeyjarprófastsdæmi samþykkir. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, *að* eigi verði útborgað meira en helmingur lánsins fyr en sannað er með skoðunargjörð, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, *að* lánið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins með 6% árlega af hinni upphaflegu lánsupphæð á 28 árum frá lántökudegi að telja, *að* húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum verði eign prestakallsins, *að* húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvoðaábyrgð fyrir 3000 krónum að minnsta kosti, *að* sannað verði, hvenær sem krafizt er, að húsinu sje vel viðhaldið, og *að* presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í gildu standi eða með fullu álagi.

Hjer með er úr gildi fellt lántökuleyfi það, handa nefndum presti, sem veitt er með brjefi mínu 28. maí f. á. (Stj.tíð. 1896. B, bls. 74).

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið umgetna lán mun geta fengizt úr landssjóði.

134 **Brjef landshöfðingja** *til stiptyfirvaldanna yfir Íslandi* **um lántökuleyfi handa**
27. ágúst **prestakalli.** — Samkvæmt beiðni prestsins að Arnarbæli í Ölfusi, síra Ólafs Ólafssonar og tillögum yðar, herra amtmaður og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. apríl þ. á., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að nefndur prestur taki allt að 3000 króna embættislán uppá tekjur Arnarbælisprestakalls í Árnesprófastsdæmi til þess að byggja á prestssetrinu tvíloptað íbúðarhús úr timbri 12×12 álnir, járnþakið og járnvarið allt á hliðum og göfl-

um, með pappa allt um kring undir járninu, og með því fyrirkomulagi að öðru leyti, sem uppdráttur sá bendir til, er fylgdi ofannefndu brjefi stiptsyfirvaldanna. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, *að* eigi verði útborgaður meir en helmingur lánsins, fyr en sannað er með reglulegri skoðunargjörð þartil útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, *að* lánið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum frá lántökudegi að telja, með jöfnum afborgunum, *að* húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd bæjarhús: baðstofa, bæjardyr, búr, eldhús og skemma, *að* sannað sje á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, *að* húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvoðaábyrgð fyrir 3600 krónum að minnsta kosti, og *að* presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í gildu standi eða með fullu álagi. **134** 27. ágúst

Þetta er stipsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið umgetna lán mun geta fengizt úr landssjóði.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu* **um afgreiðslugjald af skipi.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 30. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt frá því að 27. júní þ. á. hafi komið til Akaraness beint frá útlöndum kútter Nyanza frá Grímsby, sem kaupmaður Thor Jensen hafi keypt til fiskiveiða, og hafi skipstjórinn hvorki sýnt skipsskjöl nje greitt neitt afgreiðslugjald, þótt skipið væri með saltfarm; sömuleiðis hafi nefndur kaupmaður tærzt undan því að greiða afgreiðslugjaldið af þeirri ástæðu að skipið hafi verið útbúið heimanað sem fiskiskip og ekki haft annað meðferðis en salt. Jafnframt þessu hafið þjer tekið það fram, að yður þætti nokkuð vafasamt, hvort skipstjórinn í þessu tilfelli hafi átt að sýna skipskjöl og greiða afgreiðsugjald, og því borið málið undir mig. **135** 31. ágúst

Út af þessu skal yður hjermeð þjónustustamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og eptirbreytni, að enginn efi getur leikið á því að þau skip, er vöru flytja til landsins frá útlöndum, eiga að sýna skjöl sín og greiða afgreiðslugjald sem verzlunarskip, jafnt fyrir því þótt þau annars sje notuð til fiskiveiða, og kemur það auðvitað ekki til greina, hvort vara sú, er flutt er, er salt eða önnur vara. Ber yður því að heimta afgreiðslugjald af hinu umgetna skipi.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi* **um lántökuleyfi handa prestakalli.** — Samkvæmt beiðni prestsins að Reynivöllum í Kjós, sjera Þorkels Bjarnasonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 4. þ. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að nefndur prestur taki allt að 2800 króna embættislán uppá tekjur **136** 7. sept.

136 Reynivallaprestakalls til þess að byggja á prestssetrinu tvíloptað íbúðarhús úr
7. sept. timri, 12 ál. langt og $10^1/_2$ al. breitt, með kjallara undir því öllu, járnþakið og járnvarið allt á hliðum og göflum, með pappa allt um kring undir járninu og með því fyrirkomulagi að öðru leyti, sem lýst er í fyrnefndu brjefi stiptsyfirvaldanna. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, *að* eigi verði útborgaður meir en helmingur lánsins, fyr en sannað er með reglulegri skoðunargjörð þar til útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, *að* lánið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins á 28 árum frá lántökudegi að telja með 100 kr. árlega auk vaxta, *að* húsið með eldavjel og ofni verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd bæjarhús: baðstofa, göng, bæjardyr, búr, eldhús, skemma og skálahús, *að* sannað sje á fulltryggjandi hátt að húsið sje traust og vel vandað, *að* húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvoðaábyrgð fyrir 3600 krónum að minnsta kosti og *að* presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið umgetna lán mun geta fengizt úr landssjóði.

137 **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna yfir Islandi* **um lántökuleyfi handa**
8. sept. **prestakalli.** — Samkvæmt tillögu hinna heiðruðu stipsyfirvalda í þóknanlegu brjefi, dagsettu 24. f. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Prestsbakka í Strandaprófastsdæmi, prófastur síra Páll Ólafsson, taki alltað 1500 króna embættislán gegn tryggingu í tekjum prestakallsins, sumpart til þess að standast kostnað af byggingu þeirri, er presturinn hefir látið reisa á prestssetrinu, sem er 18 álna langt hús og 6 álna breitt, portbyggt með 2 alþiljuðum gestaherbergjum, geymsluhúsi niðri, 8×6 al., og geymsluherberjum undir risi, 6 ál. löngum, sinu í hvorum enda og með torfvegg vestan og norðan, — og sumpart til þess að fullgjöra nefnd hús með því að seta á það járnþak og járnklæða austurvegginn. Þó er þetta lántökuleyfi þeim skilyrðum bundið *að* lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 15 árum samfleytt, að telja frá því lánið er tekið, með $^1/_{15}$ hluta lánsins á ári, auk vaxta, *að* aðgjörðin á húsinu verði vel og forsvaranlega af hendi leyst og því fylgi nauðsynlegir ofnar, *að* húsinu sje haldið vátryggðu fyrir minnst 2000 króna, *að* húsið verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla skáli og dyraport, er áður hafa fylgt prestakallinu, og *að* prófasturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför eða fráfall hans í góðu og gildu standi, eða með fullu álangi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna yfir Islandi* **um lántökuleyfi handa prestakalli.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 4. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, fyrir hönd stiptsyfirvaldanna, skýrt mjer frá því, að skilyrðum þeim fyrir láni því, er jeg með brjefi, dagsettu 30. júní þ. á., veitti prestinum að Ólafsvöllum, sjera Brynjólfi Jónssyni, til húsbyggingar á prestssetrinu, hafi eigi verið fullnægt, að því leyti sem byggingin væri með torf- og grjótveggjum á 3 vegu, í stað þess að áskilið var í lántökuleyfinu að byggt yrði timburhús, og hafið þjer lagt það til, að lántökuleyfið mætti standa óhaggað, þrátt fyrir þessi afbrigði. Enn fremur hafið þjer sent hingað erindi frá fyrnefndum presti, þar sem hann fer fram á, að sjer verði veittar 800 kr. í viðbót við hið fyrra lán til þess, að fullgjöra bygginguna, og hafið þjer látið í ljósi, að til þessa þurfi í minnsta lagi 600 kr. og mælt með því, að prestinum verði veitt þessi upphæð í viðbót við fyrra lánið. **138** 10. sept.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg veiti samþykki til þess, að hið fyrra lántökuleyfi standi óbreytt, þrátt fyrir afbrigði þau, er orðið hafa á byggingunni, og frá er skýrt, og að sjera Brynjólfur Jónsson fái 600 kr. lán í viðbót, þó svo að eigi verði útborgað meir en helmingur lánsins fyr en byggingin er að öllu fullgjör, og sannað er með reglulegri skoðunargjörð þar til útnefndra manna, að hún sje traust og vel vönduð.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna yfir Islandi* **um lántökuleyfi handa prestakalli.** — Samkvæmt beiðni prestsins að Stóranúpi í Árnessýslu, prófasts Valdimars Briem og tillögum yðar, herra amtmaður og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 4. þ. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki allt að 2500 kr. embættislán uppá tekjur Stóranúpsprestakalls, til þess að byggja á prestssetrinu íbúðarhús úr timbri $17 \times 11^1/_2$ al. með kvisti, og áföstum geymsluskúr $11^1/_2 \times 4^1/_2$ al. og með kjallara undir að stærð 11×4 al., járnþakið og járnvarið allt á hliðum og göflum, aðalhúsið með pappa allt um kring undir járninu, og með því fyrirkomulagi að öðru leyti, sem uppdráttur sá bendir til, er fylgdi með ofannefndu brjefi stiptsyfirvaldanna. — Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, *að* eigi verði útborgaður meir en helmingur lánsins fyr en sannað er með reglulegri skoðunargjörð þartil útnefndra manna, að húsið sje fullgjört, og í áskildu standi, *að* lánið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins á 28 árum frá lántökudegi að telja með jöfnum afborgunum, *að* húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd bæjarhús: baðstofa, búr, eldhús, bæjardyr, göng, skemma, smiðja, hesthús, húsa- og heygarðar, *að* sannað sje á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, *að* húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvoðaábyrgð fyrir 3500 krónum að minnsta kosti, og *að* presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í gildu standi eða með fullu álagi. **139** 10. sept.

139 10. sept. Þetta er stiptsyfirvöldunum hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið umgetna lán mun geta fengizt úr landssjóði.

140 10. sept. **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi* **um lántökuleyfi handa prestakalli.** — Samkvæmt beiðni prestsins að Helgafelli, Sigurðar prófasts Gunnarssonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 4. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prófastur fái 5500 króna embættislán upp á Helgafellsprestakall, þannig að hann gegn þessari upphæð afsali til prestakallsins sem embættisbústað húseign þeirri, sem hann nýlega hefur byggt í Stykkishólmi, og sem samkvæmt nefndu brjefi stiptsyfirvaldanna er tvíloptað timburhús, 14 álna langt og 12 álna breitt, járnþakið, með áföstum skúr jafn-löngum húsinu og undir honum kjallara 6 × 3 álnir að stærð, og með því fyrirkomulagi að öðru leyti, sem tekið er fram í ofannefndu brjefi. Enn fremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, *að* haldið verði eptir af láninu 400 krónum, þar til sannað er á fulltryggjandi hátt, að allt húsið hafi verið klætt utan með bárujárni, *að* lánið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins á 28 árum frá lántökudegi að telja með jafnri upphæð árlega, auk vaxta, *að* húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum, svo og lóðarrjettindum þeim, sem því fylgja á hverjum tíma, verði eign prestakallsins, *að* sannað sje á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, *að* húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvoðaábyrgð fyrir 6500 kr. að minnsta kosti, og *að* presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið umgetna lán mun geta fengizt úr landssjóði.

141 10. sept. **Brjef landshöfðingja** *til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu* **um skatt af húsi í verzlunarstað.** — Eptir móttöku þóknanlegs brjefs yðar, herra sýslumaður, dagsetts 28. júlí þ. á., þar sem þjer látið uppi álit yðar um fyrirspurn Markúsar kaupmanns Snæbjarnarsonar um það, hvort honum beri að greiða skatt af íbúðarhúsi sínu á Geirseyri, enda þótt hann hafi ábúð á jörðunni Geirseyri og noti íbúðarhúsið við ábúðina á jörðinni, skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir nefndum kaupmanni það, sem hjer fer á eptir.

Með því að hús það, sem hjer er um að ræða, er í verzlunarstað og 1. gr. laga 14. desbr. 1877 um húsaskatt leggur með berum orðum umgetinn skatt á öll hús í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, svo framarlega sem þau eru fullra 500 króna virði, sbr. einnig landshöfðingjabrjef frá 3. janúar. 1879

(Stj.tíð. 1879, B. bls. 1), virðist það liggja í augum uppi, að húsaskatt beri að greiða af optnefndu íbúðarhúsi Markúsar kaupmanns Snæbjarnarsonar á Geirseyri. 141 10. sept.

Að því leyti, sem framannefndur kaupmaður loks hefir tekið það fram, að húsið sje veðsett (og að hann því ekki eigi að greiða skatt af því), þá hafið þjer skýrt svo frá, að veðsetning þessi sje óákveðin, þar sem hann hafi veðsett húsið og verzlunarskip sitt etatsráði I. P. T. Bryde fyrir því, sem Markús kunni að skulda honum, allt að 16000 krónur, og getur slík veðsetning eigi orðið tekin til greina, þannig að húsið leysist undan skattgjaldi.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu* **um toll af vínföngum, sem talin eru vistaforði** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. júlí þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, látið mjer í tje umsögn yðar um erindi Markúsar kaupmanns Snæbjarnarsonar í tilefni af því, að hann hafi orðið að greiða toll af vínföngum, sem flutt hafi verið með skipi hans Guðrúnu sem vistir. Skýrið þjer svo frá, að tildrög þessarar umkvörtunar nefnds kaupmanns um tollheimtuna sjeu þau, að hann árið 1894 hafi flutt sem vistir með nefndu skipi, eins og hann segist áður hafa verið vanur, tvær tunnur af brennivíni, svo stórar að þær rúmuðu eptir því sem tollskrain telur 378 potta, og þetta hafi átt að vera skipsforði handa 5 manns. Hinn umboðslegi endurskoðandi gjörði um þetta atriði athugasemd við tollreikninginn 1894, og eptir að þjer í svari yðar höfðuð gefið upplýsingar um ferðir skipsins það ár, og hve margir hefðu verið á því, var með úrskurði mínum um athugasemdina ákveðið að toll skyldi innheimta af því, sem um fram væri 120 potta af vistaforðanum. 142 10. sept.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir framannefndum kaupmanni, að umgetinn úrskurður skuli standa óhaggaður og að framvegis skuli farið, eins og hingað til, eptir reglum þeim, er settar eru í ráðgjafabrjefi frá 1. marz 1883, þegar um tollskyldar vörur er að ræða, er talið er að »hafðar sjeu með ferðis handa skipverjum sjálfum« (sjá tilsk. 26. febr. 1872, 2. gr.).

Reikningur 143

yfir

tekjur og gjöld bókasafns Austuramtsins 1896.

Tekjur:

1.	Sjóður frá f. á.	kr. 399,48
2.	Styrkur úr landssjóði	— 200,00
3.	Styrkur úr jafnaðarsjóði amtsins	— 500,00
	Flyt	kr. 1099.48

143

	Fluttar	kr. 1099,48
4. Tillög frá notendum safnsins		— 28,00
5. Aðrar tekjur		— 13,50
		kr. 1140,98

Gjöld.

1. Til bókakaupa og bókbands	kr. 473,10
2. Kostnaður við bókaskrá og auglýsingar	— 56,20
3. Laun bókavarðar	— 50,00
4. Húsaleiga, vátryggingargjald o. fl.	— 55,80
5. Sjóður við árslok	— 505,88
	kr. 1140,98

Íslands Norður- og Austuramt. Akureyri 23. júlí 1897.

Páll Briem.

Embættisskipun.

28. ágúst var *yfirrjettarmálafærslumaður Gísli Ísleifsson* af landshöfðingja settur sýslumaður í Húnavatnssýslu á eigin ábyrgð frá 1. septbr. 1897 að telja.

Heiðursmerki.

23. júní var landlækni *dr. med. J. Jónassen* allramildilegast veitt leyfi til að bera heiðursmerki það, er forseti hins frakkneska þjóðveldis hafði látið honum í tje sem riddara af heiðursfylkingunni.

Heiðursgjafir.

31. ágúst veitti landshöfðingi bændunum *Stefáni Bjarnasyni* í Hvítanesi í Borgarfjarðarsýslu og *Kristjáni Jónssyni* á Hliðsnesi í Gullbringusýslu heiðursgjöf af styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda, 140 krónur hvorum, fyrir framúrskarandi dugnað og framkvæmdir í jarðabótum.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi* **um lántökuleyfi handa prestakalli.** Samkvæmt beiðni prestsins í Árnesi í Strandaprófastsdæmi, sjera Eyjólfs Jónssonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki 2000 króna embættislán úr landssjóði, upp á prestakallið, til þess að byggja á prestssetrinu íbúðarhús úr timbri, járnþakið og járnvarið á hliðum og göflum. 15×6 áln. að stærð, einloptað með porti og kvisti og 3 herbergjum niðri og 3 uppi, og með því fyrirkomulagi að öðru leyti, sem uppdráttur sá, er fylgdi fyrnefndu brjefi stiptsyfirvaldanna, bendir á. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, *að* lánið endurborgist með 100 kr. árlega í 20 næstu ár, eptir að það er tekið, og ávaxtist með 4%; *að* húsið verði eign prestakallsins í stað núverandi baðstofuhúss, sem leggist niður, *að* það sje byggt úr góðu óskemmdu efni að öllu leyti, og vel vandað að smíði og öllum frágangi, *að* undir það sje hlaðinn vel gerður og nægilega hár steinlímdur grunnur, *að* utan á binding og sperrur sje lögð klæðning úr fullþykkum borðum, helzt plægðum, þar utan á þak- og veggpappi og yzt galvaníserað bárujárn, er eigi sje þynnra á þaki en nr. 24, nægilega skarað, til að fyrirbyggja leka og innfenni; á veggjum og göflum, sem út vita, sje bárujárnið annaðhvort með sömu þykkt eða eigi þynnra en nr. 26, *að* innan á binding sjeu settar vel þjettar, plægðar þiljur og vandlega troðið á milli til skjóls með þurrum mosa moldarlausum eða vel þurru heyi, *að* á sama hátt sje þiljað alstaðar innan á sperrur og troðið heyi eða mosa á milli, *að* vandlega sje búið um alla glugga, til að varna leka og innrennsli; sömuleiðis að um inngangsskúrinn sje svo búið, að báðum húsum sje óhætt við vatnsrennsli frá honum, *að* í húsinu sje vel hlaðinn reykháfur á hentugum stað, og að því fylgi að minnsta kosti 2 hæfilegir ofnar í þeim herbergjum, sem þörf er á að hita upp, *að* húsið sje allt tilhlýðilega málað að innan, *að* það verði vátryggt í áreiðanlegu vátryggingarfjelagi fyrir fullri upphæð, eigi minna en 2500 kr., og því ávallt haldið í slíkri tryggingu undir eptirliti prófasts, *að* presturinn fái eigi síðari helming lánsins útborgaðan fyr en sannað er með áreiðanlegri skoðunargjörð þartil útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og fullnægi öllum settum skilyrðum, *að* presturinn haldi húsinu vel við, og að hann eða dánarbú hans, skili því í gildu standi eða með fullu álagi. **144** 30. sept.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið og þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir lánbeiðandanum, að því viðbættu, að nefnt lán mun geta fengizt úr landssjóði.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu* **um hlunnindi handa sparisjóði.** — Út af beiðni, er hingað hefir borizt beina leið frá forstöðunefnd sparisjóðs Norðuramtsins á Akureyri, vil jeg hjer með veita nefndum sparisjóði um 5 ára tímabil, frá 1. október næstkomandi að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874, með þeim skilyrðum, *að* ekki **145** 30. sept.

15. dag októbermánaðar 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

145 30. sept. rýrni trygging sú, er sparisjóður þessi nú veitir, *að* ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins sje nákvæmlega gætt, og *að* forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju eptirrit af ársreikningi sjóðsins, sömdum í því formi, er landshöfðingi hefir fyrirskipað eða fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, er verða kann í lögum sjóðs.

Þetta er yður, herra amtmaður, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd umgetins sjóðs.

146 16. sept. **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð lectors Helga Hálfdánarsouar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá.

fyrir

minningarsjóð lectors Helga Hálfdánarsonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með frjálsum samskotum, sem við árslokin 1896 námu 540 — fimm hundruð og fjörutíu — krónum.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands, og skal árlega leggja 1/4 — einn fjórða — hluta vaxtanna við höfuðstólinn.

3. gr.

Hinir föstu kennarar prestaskólans hafa á hendi stjórn sjóðsins, og skal reikningur sjóðsins árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

4. gr.

Þrem fjórðu hlutum vaxtanna má árlega verja til að kaupa guðfræðisbækur fyrir til verðlauna handa einum eða fleirum af lærisveinum prestaskólans, sem stjórn sjóðsins álítur þess maklega.

Reykjavík 17. dag febrúarmánaðar 1897.

Þórhallur Bjarnarson. Jón Helgason. Eiríkur Briem.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóðinn »Þorvald- **147**
ar minning«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum fyrir Ís- 16. sept.
land.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

styrktarsjóðinn »Þorvaldar minning«.

1. gr.

Stofnfje sjóðsins er dánargjöf húsfrú Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju Jóns bókavarðar Árnasonar, samkvæmt arfleiðsluskrá, dagsettri 29. maí 1889, að upphæð 4005 kr. 99 a.

2. gr.

Gjafafje þetta skal lagt í Söfnunarsjóð Íslands í Reykjavík, og standa þar óhreyft, unz vextirnir nema 300 kr. á ári, en þá skal taka úr sjóðnum og verja árlega tveim þriðju hlutum vaxtanna til verklegrar menningar ungum bændaefnum í Dalasýslu, er geti gjört þá nýtari menn í bændastöðu, og verður menning þessi þá sjerstaklega fólgin í landbúnaðarnámi, annaðhvort á búnaðarskólum eða hjá góðum og merkum búmönnum, utanlands eða innan. Þriðji hluti vaxtanna leggst við höfuðstólinn og ávaxtast með honum. Þegar að því kann að koma, að vextirnir alls nemi 1000 kr., má veita styrk úr sjóðnum bændaefnum úr öðrum sýslum Vesturamtsins í sama tilgangi og sagt var, en Dalasýsla skal samt jafnan ganga fyrir hverri annari einstakri sýslu Vesturamtsins, svo framarlega sem maklegir umsækjendur gefa sig fram úr henni.

3. gr.

Styrktarsjóður þessi stendur undir stjórn og umsjón amtsráðsins í Vesturamtinu eða hinnar æðstu hjeraðsstjórnar Vesturlands. Ráðið veitir styrkinn á hinum árlegu aðalfundum sínum með hliðsjón af tillögum hlutaðeigandi sýslunefnar eða sýslunefnda, ef til þess kemur að fleiri sýslur njóti hans. Bænarskrár um styrk skulu vera komnar til hlutaðeigandi sýslumanns fyrir hver árslok. Skulu þær framlagðar og ræddar á aðalfundi sýslunefndar og síðan sendar ásamt tillögum nefndarinnar forseta amtsráðsins, í tæka tíð fyrir aðalfund ráðsins. Enginn má njóta styrksins, nema hann sje heilsugóður, ötull til vinnu, reglusamur og vandaður, og skulu beiðninni fylgja nægileg vottorð um þetta. Styrksins njóta eigi yngri menn en 18 ára nje eldri en 25 ára, og skal umsækjandi því færa sönnur á aldur sinn. Að öllum jafnaði nýtur enginn styrks, nema einu sinni. Samt má, ef alveg sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, endurnýja styrkveitinguna til hins sama manns, þó undir engum kringumstæðum optar en tvisvar, en árin, sem hann nýtur styrksins, skulu liggja saman. Styrkur veitist aldrei minni en 100 kr. hverjum fyrir eitt ár, og að öllum jafnaði sje styrkurinn 200 kr., en má eigi vera meiri til eins manns á ári, fyr en vextir nema

147 16. sept. 1000 kr. á ári. Úr því skal þó engum veitt meira en 300 kr. um árið. Styrkur, sem einhverra orsaka vegna, ekki er notaður, leggst ávallt við höfuðstólinn og ávaxtast með honum. Eins skal með farið, ef enginn styrkur er veittur, eða tveir þriðju hlutar vaxtanna af höfuðstóli eru eigi veittir til fulls eitthvert árið, vegna þess að engir eða of fáir eða þá ómaklegir umsækjendur gefa sig fram; þá leggst fje það, sem þannig sparast, við höfuðstólinn til ávöxtunar.

4. gr.

Reikning sjóðsins og skýrslu um styrkveitingar úr honum, birtir amtsráðið árlega í Stjórnartíðindunum.

Amtsráð Vesturamtsins, Reykjavík, 10. júní 1897.

J. Havsteen.

148 16. sept. **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir þúsund ára afmælissjóð Eyjafjarðar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

þúsund ára afmælissjóð Eyjafjarðar.

1. gr.

Sjóður þessi, er nefnast skal þúsund ára afmælissjóður Eyjafjarðar, er stofnaður með 1000 kr. — eitt þúsund króna — gjöf af Skúla Thoroddsen, fyrrum alþingismanni Eyfirðinga, og konu hans, Theódóru Thoroddsen, til minningar um 1000 ára afmæli Eyjafjarðar.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, eða á annan fulltryggjandi hátt, og skulu allir vextir árlega leggjast óskertir við höfuðstólinn til loka ársins 1985, en $^3/_4$ — þrír fjórðu hlutir — vaxta þeirra, er á falla frá 1. janúar 1986 til desemberloka 1989, skulu fengnir í hendur nefnd manna, er sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu og bæjarstjórnin á Akureyri kjósa í sameiningu, til þess að sjá um hátíðahald í minningu um 1100 ára afmæli Eyjafjarðar, og skal nefnd þessi verja fjenu, sem hjer segir:

I. Allt að þriðjungi fjárins má verja, til þess að prýða hátíðasvæðið á ýmsa vegu, svo að hátíðahaldið geti orðið þeim, er þangað sækja, sem ánægjusamlegast og Eyfirðingum til sóma, en gæta skal þess þó jafnframt, sem föng eru á, að fjárframlög þau geti orðið svæði því að varanlegri prýði.

II. Hinum hluta fjárins skal varið til verðlauna handa hjerlendum mönnum, sem hjer segir:

1. Fyrir mælskustu og snjöllustú ræðuna, er flutt verður við hátíðahaldið, enda fari ræða sú í frjálslynda og þjóðlega stefnu.

2. Fyrir fegursta og þjóðlegasta kvæðið, er þar verður flutt, og ort hefir verið í því skyni. **148** 16. sept.

3. Fyrir fegursta sönglagið, er þar verður sungið, og samið hefir verið vegna hátíðahaldsins.

4. Fyrir íþróttamenn, er sýna þar íþróttir sínar, og skara fram úr við hátíðahaldið, svo sem í söng, hljóðfæraslætti, leikmennt, sundi, glímum, aflraunum, og ýmiskonar fimleikum, er æfa og herða líkamann, í kappreiðum, kappsiglingum, kappakstri, loptförum o. fl., er þá verður til þjóðlegra íþrótta talið.

5. Fyrir iðnaðarmenn, og aðra, er bezt gerða iðnaðarmuni, eða handavinnu, hafa að sýna.

6. Fyrir bændur, og aðra, er sýna bezt alin húsdýr, eða alifugla, vandaðasta báta eða veiðarfæri, eður bezta meðferð á afurðum búa, til lands eða sjávar.

Upphæð verðlaunanna fer eptir ákvæðum nefndar þeirrar, sem nefnd er hjer að framan, og skal hún auglýsa allt þar að lútandi fyrir fram svo tímanlega, að Íslendingar hvaðanæva af landinu geti sótt til hátíðahaldsins, keppt um verðlaunin, og heiður þann, sem þeim er samfara.

Það leiðir af sjálfu sjer, að konur mega, engu síður en karlar, verða verðlaunanna aðnjótandi.

3. gr.

Á sama hátt eins og segir í 2. gr., skal og fara um ávöxtun og hagnýting sjóðsins frá 1. janúar 1990, þannig, að varið sje, eins og að framan segir, $^3/_4$ — þrem fjórðu hlutum — fjögra ára vaxta, til þess að gera hvert hundrað ára afmæli Eyjafjarðar sem hátíðlegast.

4. gr.

Skyldu Eyfirðingar, eptir að sjóður þessi hefir staðið í 100 ár, vilja halda almenn hátíðahöld 25., 10., eða jafnvel 5. hvert ár, til þess að glæða hjá sjer frálslegt, fjörugt og framkvæmdarsamt fjelagslíf, þá má til hvers slíks hátíðahalds verja $^3/_4$ — þrem fjórðu hlutum — vaxta sjóðsins næsta árið á undan, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 2. gr.

5. gr.

Að öðru leyti, en nefnt hefir verið í 2., 3. og 4. gr., má sjóðinn aldrei skerða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins er í höndum amtsráðsins í Norðuramtinu, og birtir það árlega reikning sjóðsins á prenti á sama hátt, eins og reikninga annara opinberra sjóða, sem undir þess umsjón eru.

7. gr.

Á skipulagskrá þessari skal beiðast konunglegar staðfestingar.

Gjört á Ísafirði 6. dag janúarmánaðar 1897.

Skúli Thoroddsen. *Teódóra Thoroddsen.*

149

Reglugjörð

fyrir Suðurþingeyarsýslu um lækning hunda af bandormum, m. fl.

1. gr.

I hverjum hreppi sýslunnar skal sýslumaður með hliðsjón af tillögum hreppsnefnda skipa 1—3 menn til að annast um lækning hunda af bandormum og gildir útnefning þessara manna til þriggja ára.

2. gr.

Lækning allra hunda í sýslunni fer fram tvisar á ári, um mánaðamótin apríl og maí, og í nóvembermánuði. Hvar og hvern dag lækningin fer fram, í hverjum hreppi, ákveða lækningamenn fyrir fram, og tilkynna hlutaðeigendum, með vikufyrirvara. Skylt er eigendum hundanna að flytja þá endurgjaldslaust á lækningastaðina, og sækja þá aptur, að aflokinni lækningu.

3. gr.

Lækningunni skal hagað eptir nánari fyrirmælum hlutaðeigandi læknis, sem sýslunefnd samþykkir.

4. gr.

Verði vart við bandorma í hundum milli lækningatíma, skal tilkynna það lækningamönnum, og gjöra þeir þá ráðstafanir til að lækna þá, svo fljótt sem unnt er; en eigi verða þeir hundar, fyrir það, undanþegnir lækningum á hinum fyrirskipuðu tímum.

5. gr.

Nú valda forföll að hundur kom eigi til lækninga og skal þá húsbóndi hans, svo fljótt sem unnt er, færa hann lækningamönnum, en álítast ella hafa skotið honum undan lækningu.

6. gr.

Alla hunda skal einkenna með leðurbandi um háls, er á sje letrað heimilisnafn, og skulu lækningamenn gæta þess vandlega, að eigi sje út af þessu brugðið. Ómerktir hundar, og hundar, sem enginn finnst eigandi að, skulu lækningamenn annast um að sjeu drepnir.

7. gr.

Lækningamenn skulu hafa bók, er löggilt sje af sýslumanni fyrir hvern hrepp. Skulu þeir á hverju ári, rita í hana skrá yfir alla hundaeigendur í hreppnum, og tölu þeirra hunda, er þeir hafa haft til lækninga frá hverjum einum. Fyrir hver árslok skulu þeir senda sýslunefndinni skýrslu samkvæmt bókinni, og sömuleiðis hlutaðeigandi lækni.

8. gr.

Hreppsnefndin annast um útvegun meðala og sjer um að ávalt sjeu til nægilegar birgðir af þeim. Allur kostnaður við hundalækningar greiðist úr sveitarsjóði.

9. gr. 149

Á hverju hreppaskilaþingi skulu lækningamenn brýna fyrir hreppsbúum, að taka alla þá sulli, sem finnast í slátruðu fje og brenna þá. Sömuleiðis skulu þeir iðulega áminna menn um að umgangast hunda mjög varlega og hafa sterka gæzlu á því, að þeir nái ekki í matarílát, eða vatnsílát. Börnum skal ekki leyft að leika sjer að hundum.

10. gr.

Vanræki lækningamenn að framfylgja þessari reglugjörð, varðar það 5—10 kr. sektum, eptir málavöxtum. Sje hundi skotið undan lækningu, af ásettu ráði, eða hirðuleysi, eða sje lækningamönnum sýnd óhlýðni eða mótþrói varðar það 5—10 kr. sektum eptir málavöxtum.

Sektirnar renna í sveitarsjóð.

11. gr.

Með brot gegn reglugjörð þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

* * *

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefndinni í Suðurþingeyjarsýslu á aukafundi hennar 5. júlí 1897.

Skrifstofu Þingeyjarsýslu, 18. sept. 1897.

Steingrímur Jónsson
settur.

Skýrsla 150

um efnahag sýsluvegasjóða í Austuramtinu 1896.

I. Norðurþingeyjarsýsla.

Tekjur:

Sjóður frá f. á.	kr. 104,03	
Sýsluvegagjald	— 285,00	
Skuld sjóðsins	— 17,47	kr. 406,50

Gjöld:

Kostnaður sjóðsins	— 406,50

II. Norðurmúlasýsla.

Tekjur:

Sýsluvegagjald	kr. 915,00	
Lán tekið á árinu	— 2000,00	
Skuld við reikningshaldara	— 199,22	kr. 3114,22

Gjöld:

Borguð skuld frá f. á.	kr. 1650,86	
Annar kostnaður sjóðsins	— 1463,36	— 3114,22

150 III. Suðurmúlasýla:

Tekjur:

Sjóður frá f. á.	kr. 1261,41	
Sýsluvegagjald	— 1263,75	kr. 2525,16

Gjöld:

Kostnaður sjóðsins	kr. 1540,89	
Sjóður til næsta árs	— 984,27	kr. 2525,16

II. Austurskaptafellssýsla:

Tekjur:

Sýsluvegagjald	kr. 268,75

Gjöld:

Borguð skuld frá f. á.	kr. 15,30	
Annar kostnaður sjóðsins	— 211,00	
Sjóður til næsta árs	— 42,45	kr. 268,75

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri 23. júlí 1897.

Páll Briem.

Embættisskipan.

30. septbr. var *yfirrjettarmálafærslumaður Eggert Briem* settur af landshöfðingja til þess að þjóna á eigin ábyrgð *sýslumannsembættinu í Skagafjarðarsýslu,* frá 1. oktbr. 1897 að telja

Styrkur handa aukalækni.

23. septbr. var *læknaskólakandídat Ólafi Thorlacius* veittur styrkur sem *lækni í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu,* frá 1. október 1897 að telja.

Heiðursmerki.

1. september voru *prófastur í Árnesspróf astsdæmi síra Valdimar Briem* og *skólastjóri Torfi Bjarnason* í Ólafsdal allramildilegast sæmdir riddarakrossi Dannebrogsorðunnar.

S. d. var *Hallgrímur hreppstjóri Jónsson* á Staðarfelli sæmdur heiðursmerki dannebrogsmanna.

Óveitt embætti,

er ráðgjafinn fyrir Íslandi sjer um veitingu á því.

Hjeraðslæknisembættið í 13. læknishjeraði Íslands. Árslaun: 1500 kr.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, verða þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsúrskurðum 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863, að láta bónarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi skilyrði fyrir því að þeir kunni íslenzka tungu.

Auglýst laust 17. septbr. 1897.

Umsóknarfrestur til 14. desbr. 1897.

Skýrsla

151

um efnahag sýslusjóðanna í Austuramtinu 1896.

I. Norðurþingeyjarsýsla.

Tekjur:

Niðurjöfnun 26 a. á hundr.	kr. 810,63	
Aðrar tekjur	— 100,00	kr. 910,63

Gjöld:

Skuld frá f. á.	kr. 31,33	
Kostnaður sjóðsins	— 798,00	
Sjóður til næsta árs	— 81,30	— 910,63

II. Norðurmúlasýsla.

Tekjur:

Sjóður frá f. á.	kr. 1083,04	
Niðurjöfnun 35 au. á hundr.	— 2982,98	
Aðrar tekjur	— 488,29	— 4554,31

Gjöld:

Kostnaður sjóðsins	kr. 3254,49	
Sjóður til næsta árs	— 1299,82	— 4554,31

III. Suðurmúlasýsla.

Tekjur.

Sjóður frá f. á.	kr. 1279,49	
Niðurjöfnun, 25 au. á hundrað	— 2030,13	
Aðrar tekjur	— 300,00	kr. 3609,62

Gjöld:

Kostnaður sjóðsins	kr. 3112.96	
Sjóður til næsta árs	— 496,66	— 3609,62

IV. Austurskaptafellssýsla.

Tekjur:

Sjóður frá f. á., 23 au. á hundr.	kr. 406,90	
Niðurjöfnun	— 600,00	
Aðrar tekjur	— 37,80	
Skuld til næsta árs	— 97,40	kr. 1142,10

Gjöld:

Kostnaður sjóðsins	kr. 1142,10

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri, 23. júlí 1897.

Páll Briem.

26. dag októbermánaðar 1897.

Reykjavik. Ísafoldarprentsmiðja

152

Ágrip

af reikningi landsbankans frá 1. apríl til 30. júní 1897.

Tekjur:

1.	Í sjóði 1. apríl 1897		kr.	241,924,05
2.	Borgað af lánum:			
	a. Fasteignarveðslán	kr. 23,050,60		
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 28,549,30		
	c. Handveðslán	— 3,570,00		
	d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl.	— 100,00	—	55,269,90
3.	Víxlar innleystir		—	66,941,87
4.	Ávísanir innleystar		—	6,432,51
5.	Nýir seðlar frá landssjóði		—	40,000,00
6.	Vextir		—	7,118,97
7.	Disconto		—	1,120,61
8.	Tekjur í reikningi Landmandsbankans (fyrir seldar ávísanir o. fl.)		—	148,604,17
9.	Innheimt fje fyrir aðra		—	35,00
10.	Tekjur af fasteignum bankans		—	470,00
11.	Selt af fasteignum tilheyrandi bankanum		—	1,000,00
12.	Innlög á hlaupareikning		—	262,858,08
13.	Sparisjóðsinnlög		—	255,869,16
14.	Ymsar tekjur		—	297,67
			Samtals kr.	1,087,941,99

Gjöld:

1.	Lán veitt:			
	a. Fasteignarveðslán	kr. 48,130,00		
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 98,312,48		
	c. Handveðslán	— 2,400,00		
	d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga og fl.	— 2,000,00	kr.	150,842,48
2.	Víxlar keyptir		—	104,216,37
3.	Ávísanir keyptar		—	7,683,45
4.	Skilað landssjóði í ónýtum seðlum		—	40,000,00
5.	Útgjöld fyrir reikning Landmandsbankans		—	151,523,09
6.	Útgjöld fyrir varasjóð fyrv. sparisjóðs Reykjavíkur		—	350,56
7.	Útborgað af innstæðufje á hlaupareikning	kr. 219,585,09		
	Að viðbættum dagvöxtum	— 0,40	—	219,585,49
8.	Útborgað af innstæðufje með sparisjóðskjörum	kr. 299,810,16		
	Að viðbættum dagvöxtum	— 728,46	—	300,538,62
			Flyt kr.	974,740,06

	Fluttar	kr.	974,740,06 **152**
9. Utborgað af innheimtu fje fyrir aðra		—	2,045,62
10. Kostnaður við fasteignir bankans		—	1,204,18
11. Útgjöld til fyrirhugaðrar bankabyggingar		—	150,00
12. Kostnaður við bankahaldið (laun o. fl.)		—	3,515,20
13. Ýmisleg útgjöld		—	192,06
14. Í sjóði		—	106,094,87
	Samtals	kr.	1,087,941,99

Athugasemdir:

Landsbankinn átti 30. júní 1897.

1. Skuldabrjef fyrir lánum:			
a. Fasteignarveðsskuldabrjef	kr. 814,931,59		
b. Sjálfskuldarábyrgðarskuldabrjef	— 331,981,21		
c. Handveðsskuldabrjef	— 84,785,82		
d. Skuldabrjef fyrir lánum gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl.	— 47,391,80	kr.	1,279,090,42
2. Konungleg skuldabrjef og önnur erlend verðbrjef hljóðandi upp á samtals 454,300 kr. eptir gangverði 31. desbr. 1896		—	447,481,00
3. Skuldabrjef Reykjavíkur kaupstaðar		—	1,400,00
4. Óinnleysta víxla		—	144,990,00
5. Oinnleystar ávísanir		—	1,575,94
6. Fasteign lagða bankanum út fyrir láni að upphæð		—	1,500,00
7. Húseignir í Reykjavík		—	52.000,00
8. Aðrar fasteignir		—	4,500,00
9. Ýmislegt		—	1,900,00
10. Í sjóði		—	106,094,87
		kr.	2,040,532,23

Seðlaskuld bankans til landssjóðs var 30. júní þ. á.	kr.	500,000,00
Innstæðufje á hlaupareikning s d.	—	169,550,40
Innstæðufje með sparisjóðskjörum s. d.	—	1,073,882,60
Skuld til Landmandsbankans s. d.	—	70,048,86
Varasjóður bankans 31. desbr. 1896	—	173,359,89
Varasjóður fyrv. sparisjóðs Reykjavíkur 30. júní þ. á.	—	11,607,24
Óútborgað af innheimtu fje	—	212,75
Skuld út af kaupum á húseign	—	5,500,00
Ýmsar tekjur, sem enn eru eigi lagðar við varasjóð	—	36,370,49
Samtals	kr.	2,040,532,23

Stjórn landsbankans, Reykjavík, 17. júlí 1897.

Tryggvi Gunnarsson. Eiríkur Briem. Benidikt Kristjánsson.

153

Reikningur

yfir tekjur og gjöld hins almenna kirkjusjóðs 1896.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári:		
	a. Lán	27861 08	
	b. Á vöxtum í bankanum	6539 09	
	c. Óborgaðir vextir frá 1895	24 00	
	d. Í peningum	420 54	34844 71
2.	Innborgað kirknafje		4912 66
3.	Vextir:		
	a. Á árinu 1896	1035 76	
	b. Dagvextir	4 48	
	c. Frá árinu 1895	24 00	
	d. Vextir af bankainnlögum 31. des. 1896	265 54	1329 78
4.	Endurborguð lán eða afborganir		1899 70
5.	Gjaldliður 2 færður til jafnaðar		6478 00
		Kr.	49464 85

Gjöld:

1.	Útborguð inneign kirkna:		
	a. Reyniskirkju	65 68	
	b. Borgarkirkju á Mýrum	4 34	
	c. Staðarhraunskirkju	2 27	
	d. Garðakirkju á Akranesi	61 87	
	e. Stafafellskirkju	208 68	
	f. Arnarbæliskirkju	390 00	
	g. Klausturhólakirkju	8 27	741 11
2.	Lánað út		6478 00
3.	Tekjuliður 3 c færður til jafnaðar		24 00
4.	Tekjuliður 4 færður til jafnaðar		1899 70
5.	Sjóður við árslok 1896:		
	a. Lán	32439 38	
	b. Á vöxtum í bankanum	7582 63	
	c. Óborgaðir vextir (1896)	101 51	
	d. Í peningum	198 52	40322 04
		Kr.	49464 85

Stiptsyfirvöld Íslands, Reykjavík 9. sept. 1897.

J. Havsteen. *Hallgr. Sveinsson.*

Skýrsla 154

um innieign kirkna í hinum almenna kirkjusjóði við árslok 1896.

Kirkjur.	Innieign í kirjusjóðnum við árslok 1895.	Lagt í kirkjusjóðinn árinu 1896.	Tekið úr kirkjusjóðnum á árinu 1896	Hlutfallslegur ágóði á árinu 1896	Innieign í kirkjusjóðnum við árslok 1896.
	Kr. a	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a	Kr. a.
I. Norðurmúlaprófastsdæmi.					
1. Skeggjastaðakirkja	143 10	» »	» »	5 13	148 23
2. Áskirkja í Fellum	2466 05	» »	» »	88 36	2554 41
3. Hofskirkja í Vopnafirði . .	1214 64	805 97	» »	59 40	2080 01
4. Hjaltastaðakirkja	207 52	50 00	» »	8 16	264 68
5. Hofteigskirkja	829 62	» »	» »	27 15	856 77
II. Norðurþingeyjarprófastdæmi					
6. Ásmundarstaðakirkja . . .	222 94	200 00	» »	12 91	435 85
7. Svalbarðskirkja	283 25	» »	» »	10 17	293 43
8. Skinnastaðakirkja	551 01	» »	» »	19 76	570 77
III. Suður Þingeyjarprófastsdæmi:					
9. Húsavíkurkirkja	3469 74	» »	» »	124 21	3593 95
10. Hálskirkja	420 21	25 00	» »	15 07	460 28
11. Laufáskirkja	100 85	50 00	» »	4 84	155 69
IV. Eyjafjarðarprófastsdæmi:					
12. Glæsibæjarkirkja . . .	248 88	40 00	» »	8 91	297 79
13. Kaupangskirkja	208 57	» »	» »	7 47	216 04
14. Saurbæjarkirkja	249 78	100 00	» »	8 18	357 96
15. Stærra Árskógskirkja . .	540 09	» »	» »	19 36	559 45
16. Grímseyjarkirkja . . .	377 60	» »	» »	13 52	391 12
17. Uppsakirkja	150 72	» »	» »	5 42	156 14
V. Skagafjarðarprófastsdæmi:					
18. Barðskirkja í Fljótum . .	280 01	58 64	» »	10 54	349 19
19. Goðdalakirkja	629 79	» »	» »	22 57	652 36
20. Rípurkirkja	731 68	200 00	» »	30 29	961 97
21. Glaumbæjarkirkja .	560 27	369 00	» »	32 07	961 34
VI. Húnavatnsprófastsdæmi:					
22. Tjarnarkirkja	85 55	65 00	» »	3 91	154 46
23. Melstaðarkirkja	150 85	» »	» »	5 40	156 25
VII. Strandaprófastsdæmi:					
24. Staðarkirkja í Steingrímsfirði	463 98	» »	» »	16 63	480 61
25. Tröllatungukirkja . .	106 75	» »	» »	3 91	110 66
VIII. Norðurísafj.prófastsdæmi:					
26. Vatnseyrarkirkja	498 21	» »	» »	17 86	516 07
27. Unaðsdalskirkja	661 94	» »	» »	23 87	685 81
28. Staðarkirkja í Aðalvík . .	312 70	110 00	» »	14 67	437 37
IX. Vesturísafj.prófastsdæmi:					
29. Holtskirkja í Önundarfirði .	519 99	190 30	» »	19 05	729 34
30. Sandakirkja	» »	125 00	» »	5 20	130 20
X. Barðastrandarprófastsdæmi:					
31. Sauðlauksdalskirkja . .	395 51	178 21	» »	18 48	592 20
32. Gufudalskirkja	113 37	» »	» »	4 05	117 42
33. Brjánslækjarkirkja . . .	183 04	75 00	» »	9 07	267 11

Kirkjur.	Innieign í kirkjusjóðnum við árslok 1895.	Lagt í kirkjusjóðinn á árinu 1896.	Tekið úr kirkjusjóðnum á árinu 1896.	Hlutfallslegur ágóði á árinu 1896.	Innieign í kirkjusjóðnum við árslok 1896.
	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.
XI. Dalaprófastsdæmi:					
34. Stóra Vatnshornskirkja . .	» «	255 »	» »	3 31	258 31
XII. Snæfellsnesprófastsdæmi:					
35. Helgafellskirkja . . .	496 41	» »	» »	17 93	514 34
XIII. Mýraprófastsdæmi.					
36. Álptaneskirkja . . .	507 69	» »	» »	18 33	526 02
37. Staðarhraunskirkja . .	2 27	» »	2 27	» »	» »
38. Stafholtskirkja . . .	376 43	100 »	» »	14 78	491 21
39. Borgarkirkja á Mýrum . .	4 34	» »	4 34	» »	» »
XIV. Borgarfjarðarprófastsdæmi.					
40. Garðakirkja á Akranesi .	61 87	» »	61 87	» »	» »
41. Reykholtskirkja . . .	» »	244 26	» »	2 23	246 49
XV. Kjalarnesprófastsdæmi.					
42. Reynivallakirkja . . .	369 53	» »	» »	13 39	382 92
43. Útskálakirkja . .	10 13	» »	» »	» 36	10 49
44. Staðarkirkja í Grindavík . .	137 12	» »	» »	4 91	142 03
XVI. Arnesprófastsdæmi.					
45. Hraungerðiskirkja .	721 12	150 00	» »	29 17	900 29
46. Olafsvallakirkja . . .	960 74	200 00	» »	36 48	1197 22
47. Hrepphólakirkja . . .	776 20	70 00	» »	26 67	872 87
48. Hrunakirkja . . .	292 69	55 00	» »	11 03	358 72
49. Mosfellskirkja . . .	143 19	100 00	» »	6 08	249 27
50. Klausturhólakirkja . . .	8 27	» »	8 27	» »	» »
51. Þingvallakirkja . .	52 76	10 00	» »	1 99	64 75
52. Arnarbæliskirkja . . .	488 56	» »	390 00	14 81	113 37
53. Hróarsholtskirkja . .	225 86	» »	» »	9 90	235 76
54. Gaulverjabæjarkirkja . .	1176 80	» »	» »	42 44	1219 24
55. Strandakirkja í Selvogi . .	991 64	200 00	» »	42 52	1234 16
XVII. Rangárvallaprófastsdæmi.					
56. Breiðabólsstaðarkirkja . .	858 98	217 66	» »	32 24	1108 88
57. Oddakirkja . . : .	29 81	» »	» »	1 08	30 89
XVIII. Vesturskaptaf.prófastsdæmi.					
58. Reyniskirkja . . .	65 68	» »	65 68	» »	» »
59. Sólheimakirkja . . .	320 38	» »	» »	11 48	331 86
XIX. Austurskaptaf.prófastsdæmi.					
60. Einholtskirkja . . .	551 17	» »	» »	19 76	570 93
61. Stafafellskirkja . . .	217 59	» »	208 68	4 20	13 11
XX. Suðurmúlaprófastsdæmi.					
62. Hólmakirkja . .	4259 91	» »	» »	152 43	4412 34
63. Eydalakirkja . .	647 34	» »	» »	23 21	670 55
64. Vallaneskirkja . . .	2113 02	668 62	» »	89 46	2871 10
Samtals kr.	34244 71	4912 66	741 11	1305 78	39722 04

Aths. Sú upphæð, sem kemur til skipta hjer, eru vextir, sem fallið hafa til og áttu að greiðast á árinu 1896, 1305 kr. 78 a.

Að meðtöldum skuldabrjefum Glæsibæjarkirkju í Eyjafjarðarprófastsdæmi

400 kr. og Strandakirkju í Selvogi 200 kr. sbr. Stjórnartíðindi 1894, B. bls. 142, **154**
er eign hins almenna kirkjusjóðs við árslok 1896 alls 40322 kr. 04 a.

Stiptsyfirvöld Íslands, Reykjavík 9. sept. 1897.

J. Havsteen. *Hallgr. Sveinsson.*

Reikningur **155**

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Kristjáns konungs hins níunda
frá 1. september 1896 til 31. ágúst 1897.

Tekjur:

1.	Eign sjóðsins 1. september 1896:		
	a. Innritunarskírteini Ltra A. fol. 84 . . .	kr. 8600,00	
	b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum .	— 792;77	kr. 9392,77
2.	Arsvextir af innstæðu sjóðsins:		
	a. Af innritunarskírteini til $^{11}/_{12}$ '96 og $^{11}/_{6}$ '97 .	kr. 301,00	
	b. Af innstæðu í landsbankanum til $^{31}/_{12}$ '96 .	— 32,57	— 333,57
		Samtals	kr. 9726,34

Utgjöld:

1.	Heiðursgjafir veittar:		
	a. Kristjáni Jónssyni á Hliðsnesi . . .	kr. 140,00	
	b. Stefáni Bjarnasyni á Hvítanesi . . .	— 140,00	kr. 280,00
2.	Eptirstöðvar 31. ágást 1897:		
	a. Innritunarskírteini Ltra A fol. 84 . . .	kr. 8600,00	
	b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum .	— 846,34	— 9446,34
		Samtals	kr. 9726,34

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Reykjavík 20. október 1897.

Magnús Stephensen.

Styrkveitingar úr landssjóði

samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1896 og 1897, 13. gr. B. VI. b. 1.

Til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum var með brjefi landshöfðingja, dagsettu 14. október 1897, veittur þessi styrkur fyrir 1897:

1.	Barnaskóla	í Vestmannaeyjum	kr.	263,00
2.	——	í Þykkvabæ	—	155,00
3.	——	á Eyrarbakka og Stokkseyri	—	310,00
4.	——	í Grindavík	—	186,00
5.	——	á Útskálum	—	279,00
6.	——	í Keflavík	—	124,00
7.	——	í Njarðvík	—	70,00
8.	——	á Vatnsleysuströnd	—	232,00
9.	——	í Garðahreppi	—	403,00
10.	——	í Bessastaðahreppi	—	186,00
11.	——	í Seltjarnarneshreppi	—	411,00
12.	——	á Skipaskaga	—	411,00
13.	——	í Ólafsvík	—	333,00
14.	——	á Sandi	—	178,00
15.	——	í Stykkishólmi	—	162,00
16.	——	í Hnífsdal	—	186,00
17.	——	í Hólshreppi	—	93,00
18.	——	í Súðavíkurhreppi	—	108,00
19.	——	á Sauðárkróki	—	93,00
20.	——	á Siglufirði	—	170,00
21.	——	á Eskifirði	—	147,00
			kr.	4500,00

Reglugjörð 156

fyrir landsvitana við Faxaflóa.

I. *Tilhögun vitafæranna.*

1. gr.

1. Við alla þessa vita er notað geislaglers vitafæri.

2. Reykjanesvitinn og Gróttuvitinn eru taldir í fjórða flokki, en Skagatáarvitinn í sjötta flokki.

3. *Vitanum á Reykjanesi,* sem áður var fastaviti, er nú breytt í leipturvita (Blinkfyr), sem sýnir 1 leiptur 15. hverja sekúndu, eða 4 leiptur á mínútunni; hæð yfir sjávarflöt 175′; sjónarsviðið er 19 kml. og ljósmagnið 19 kml. *Skagatáarvitinn* er eldingaviti (Lynfyr), sem leiptrar 5. hverja sekúndu, eða 12 sinnum á mínútunni; hæð yfir sjávarflöt 50′; sjónarsviðið er 11,5 kml. og ljósmagnið 19 kml. *Gróttuvitinn* er fastur hornviti (Vinkelfyr), sem sýnir mislit ljós í ýmsar áttir, t. d. grænt ljós suður eptir yfir og laust við allar grynningar, hvítt ljós út yfir flóann, þar sem leiðin er hrein, rautt ljós norður eptir, laust við allar grynningar og grænt ljós inn á Reykjavíkurhöfn; hæð yfir sjávarflöt 37′, sjónarsviðið 10,5 kml., fyrir hvíta ljósið; ljósmagnið 12 kml. fyrir hvíta ljósið, 8½ kml. fyrir hið rauða og 7 kml. fyrir hið græna. Ljóskrónan (vitafærið) í öllum þessum vitum er saman sett af mörgum margstrendingum (Prismer) úr gleri. Snýst hún um sjálfa sig í Reykjanesvitanum og Skagatáarvitanum, með gangverki, sem knúð er áfram með lóðum, en í Gróttuvitanum er hún föst.

2. gr. **Lamparnir**

Í Gróttuvitanum er notaður hinn svo kallaði jafnhæðarlampi (Niveaulampe), en í honum stendur olían allt af jafnhátt á kveiknum. Útbúningurinn á þessum lampa er þannig, að frá sjálfu olíukerinu gengur pípa inn í brennarann, sem olían gengur í gegnum inn í kveikinn, og á miðri pípunni er krani, sem skrúfa má frá, til að tæma pípuna, þegar á að taka brennarann niður. Í Reykjanesvitanum og Skagatáarvitanum eru vanalegir lampar, þar er olían sogast upp í kveikina fyrir hárpípuafl.

3. gr. **Brennarinn.**

Brennararnir hafa 2 kveiki, hvorn utanyfir öðrum, innri kveikurinn nefnist Nr. 1 og hinn ytri Nr. 2. Hver kveikur er festur með tvinna utan um hólk, sem kallast kveikberi. Kveikberinn er færður upp og niður með tenntri stöng; grípa tennurnar inn í hjól, sem fast er á kveikskrúfunni.

4. gr. **Lampaglasið.**

Lampaglasið er sett á hreyfanlegan hring, og er það gjört til að bæta loptsúg í brennaranum, en fyrir það verður loginn hvítari og sterkari.

5. gr. **Ljóskerið.**

Til skýlis fyrir vitafærið er haft ljósker utan um það. Ljóskerið er búið til úr málmi og eru rúður settar í ljóskerið þeim megin, þar er vitinn á að lýsa.

10. dag nóvembermánaðar 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

156

II. *Ljóskrónan.*

6. gr.

Að setja ljóskrónuna upp.

Hvort ljóskrónan stendur rjett, rannsakast með því að horfa úr brennideplinum og líta á ljóskrónuna, og skal þá sjóndeildarhringurinn sjást í miðri ljóskrónunni.

Ennfremur má sjá, hvort ljóskrónan stendur rjett, með því að setja hallamæli hjer og hvar á fótplötuna í ljóskrónunni. Standi ljóskrónan ekki lóðrjett, þá verður að laga hana, ef hægt er, eða gjöra gæzlustjóra aðvart um það í tíma.

7. gr.

Hin daglega hreinsun ljóskrónunni.

Á hverjum degi er ljóskrónan sópuð varlega með þar til gjörðum fjaðrasópi, þar til er allt ryk og agnir eru sópaðar af; því næst er ljóskrónan núin með mjúkum og hreinum ljereptsleppi, og að síðustu er hún fægð með fægiskinni. Sjáist olíublettir á ljóskrónunni, skal núa þá af með ljereptslepp, vættum í vínanda.

Í hverjum mánuði er ljóskrónan þvegin úr vínanda og síðan þurkuð og fægð, eins og að ofan um getur. Einu sinni á ári, þegar hætt er að kveikja á vitanum, skal fægja ljóskrónuna með enskrauðu dupti, á þann hátt, sem hjer segir: Hæfilega miklu af enskrauðu er hrært út í dálitlu af vatni, og marið svo fínt, sem unnt er. Þessari blöndu er svo hellt í hæfilega stórt ílát með 1 potti af vatni í, og hrært vel í; síðan er það látið standa í nokkrar mínútur til að setjast til. Hinni þunnu blöndu, sem þá er ofan á, er síðan hellt í annað ílát og svo látið standa og setjast til hálfa stund, en því fleygt, sem sezt hefir á botninn. Þegar allt hið þykka er sezt á botninn, þá er vatninu hellt ofan af. Þessi þykka kvoða er síðan borin á ljóskrónuna með vel mjúkum bursta. Þegar duptið er orðið þurt, þá er það fægt af með fægiskinni, þar til er ljóskrónan er vel hrein og gljáandi.

Það má ekki búa til meira af áburðinum en notað er í hvert sinn, því að hann þornar upp og verður því ekki notaður nema einu sinni.

Það verður að geyma duftið vandlega og sjá um að ryk geti ekki komizt að því.

Látúnsumgjörðina um ljóskrónuna má ekki fægja með öðru en enskrauðu dupti og að eins á sama tíma, sem ljóskrónuna. Annars skal hreinsa umgjörðina með hreinum og þurrum ljereptslepp.

8. gr.

Öll látúnsáhöld, sem eru póleruð, svo sem brennara, lampa og fleira, skal daglega fægja með hreinum og mjúkum ljereptsleppi, og einu sinni á viku með stearinolíu og Vínarkalki, á þann hátt, sem hjer segir: Fyrst er stearinolían borin á með ljereptslepp, síðan er tekið dálítið af Vínarkalki í ljereptsleppinn og því núið um áhaldið, þar til er það er orðið hreint og olían núin af; að síðustu er það svo fægt með Vínarkalki og hreinni tusku. Aðra, grófari, hluti skal fægja með stearinolíu og steindupti (Trippelse) á sama hátt og að ofan um getur.

III. Gangverkið. 156

9. gr.

Almennar reglur.

Gangverkið er varið eins og hægt er fyrir öllu ryki, og allir gangtappar þess og hjól eru hreinsuð, eins opt og þörf gjörist, með smásófli: eða mjúkum ljereptsleppi.

Við og við eru þeir hlutar gangverksins, sem mestur núningur er á, smurðir með paragónolíu. Þess ber að gæta, að ekki safnist gömul olía fyrir í gangverkinu, því að það veldur sliti og óreglu á ganginum. Það getur stundum verið gott að láta drjúpa einn dropa af steinolíu í ganglegurnar.

Hina fögru stál- eða járnhluti skal fægja við og við og bera á þá olíu eða vasselin. Þeim pörtum, sem eru úr látúni, skal haldið hreinum með steindupti, ef þeir eru ekki lakkeraðir.

Þess verður að gæta vandlega, að fægingarefni komist ekki niður í ganglegurnar.

10. gr.

Hreinsun og sundurliðun á gangverkinu.

Í maímánuði hvert ár, þegar hætt er að kveikja á vitanum, eða optar, ef nauðsyn krefur, skal taka allt gangverkið í sundur og hreinsa það, og aðgæta. Öll uppþornuð olía er hreinsuð burt. Þeir hlutir, sem eru úr látúni, skulu fægðir með stearínolíu og Vínarkalki, þar til er þeir eru alveg gljáandi, og allt, sem orðið hefir eptir af fægiefni, er sópað af með mjúkum sófli.

Þeir hlutir, sem eru úr stáli, skulu fægðir með steindupti og stearinolíu, eða, ef nauðsyn krefur, með smágjörðu smergelljerepti, bleyttu í olíu.

Áður en gangverkið er sett saman aptur, skal hreinsa allar tappalegur, skrúfur og skrúfuganga með smáspýtu úr linu trje, og gæta þess vandlega, að hreinsa vel af hvað eina, sem kann að hafa orðið eptir af fægingarefni við hreinsunina.

11. gr.

Meðferð á gangverkinu, þegar það er ekki notað.

Þess ber að gæta, að það má ekki bera á gangverkið, þegar búið er að setja það saman eptir hreinsun, ef hætt er að kveikja á vitanum; það verður að standa þurt og fægt, því að sú olía, sem borin væri á, yrði að þykkri leðju, sem svo yrði að hreinsa af aptur áður en kveikt væri. Ennfremur skal taka öll lóð af og geyma, meðan gangverkið ekki er notað. Gangverkið er varið fyrir öllu ryki með blæju úr þjettu ljerepti.

12. gr.

Prófun á gangverkinu, áður en kveikja skal.

Nokkrum dögum áður en kveikja skal á vitanum aptur, skal bera paragónolíu á alla tappa og ganglegur í gangverkinu, hengja sömu lóð á og áður hafa verið notuð, og setja síðan gangverkið af stað. Nú er aðgætt, hvort ljóskrónan snýst í kring á tilteknum tíma; sje það ekki, þá verður að leiðrjetta snúninginn með stillifærinu, eða, ef það nægir ekki, þá verður að breyta um lóð.

Til þess að ganga úr skugga um, hvort gangverkið gangi rjett eða ekki, verður að láta það ganga nokkurn tíma, meðan áburðurinn er að jafna sig, áður en farið er að breyta til, því að þótt gangverkið í fyrstu ekki gangi rjett, þá getur það lagast, þegar það hefir gengið nokkra stund.

156

13. gr.

Viðhald varaáhalda gangverksins.

Varaáhöld gangverksins skulu geymd á rakalausum stað, þar er ekkert ryk kemst að; skal líta eptir þeim og fægja þau við og við með hreinni olíu eða vassilíni.

14. gr.

Hreinsun og viðhald gangbrautanna.

Hreinsa skal daglega allt ryk af gangbrautum, stýrihjólum og burðarhjólum, og bera á tappana svo opt, sem nauðsyn krefur; á hjólbrautir skal láta drjúpa nokkra dropa af olíu, til að verja brautirnar sliti

15. gr.

Hreinsun vagnsins.

Eigi að hreinsa vagninn vandlega, er ljóskrónunni lypt upp með lyptiskrúfum, sem til þess eru gjörðar, og síðan eru trjebútar settir undir ljósakrónuna til að halda henni á lopti, meðan vagninn er hreinsaður. Þetta verk verður að leysast fljótt og vel af hendi.

Hafi myndazt för í brautina af hjólunum, verður að færa þau úr stað, annaðhvort út eða inn, svo að þau gangi ekki í sama farinu og áður.

IV. Lamparnir.

16. gr.

Að setja lampana.

Til þess að viti geti lýst með tilætluðum skærleik, útheimtist ekki að eins að lampinn logi vel, heldur jafnframt:

a. að möndull brennarans sje í sömu lóðrjettu stefnu, sem brennideplar ljóskrónunnar;
b. að brennarinn sje hæfilega hár og
c. að yfirborðið á brennaranum sje lárjett.

Til þess að geta sett lampa rjett í ljóskrónu, eru 2 þræðir festir í ljóskrónuna, þannig að þeir mætist í brennideplinum. Þegar nú prófa skal, hvort brennarinn stendur rjett, þá eru hinir umtöluðu þræðir festir í ljóskrónuna, síðan er smokkað ofan í brennarann sívölum trjetappa, sem til þess er gjörður, og skal þá miðdepill tappans standa beint undir skurðardepli þráðanna og fast upp við þræðina; samstundis skal rannsaka, hvort yfirborð brennarans er lárjett, með því að setja hallamæli ofan á brennarann.

Standi nú brennarinn ekki rjett, þá verður að laga það með þeim ráðum, sem fyrir hendi eru; en takist það ekki, verður að gjöra gæzlustjóra aðvart um það í tíma.

17. gr.

Að láta á lampana.

Lampinn er ávallt fylltur af olíu í hvert sinn, sem kveikt er.

18. gr.

Að kveikja á lampanum.

Áður enn kveikt er, verða kveikirnir að vera vel votir af olíu. Kveikirnir eru nú skrúfaðir upp, $^1/_2$—1 línu yfir yfirborðið á brennaranum; síðan er kveikt á þeim og þeir aptur skrúfaðir lítið eitt niður fyrir brúnina á brennaranum.

Glasið er síðan sett á og fært svo hátt upp, sem hægt er, til þess að 156
það síður springi. Í fyrstu verður að láta loga lítið, til þess að ekki setjist skar á kveikina; þegar glasið er orðið heitt og loginn jafn, er glasið fært niður og kveikirnir skrúfaðir, sem svarar 1 línu, upp yfir brennarann.

Það ber stundum við, að glasið er ekki alveg sivalt eða að það stendur ekki rjett á brennaranum, og við það verður ljósið ójafnt, þetta má á stundum laga með því, að snúa glasinu í kring á glasberanum.

Sje glasið haft of lágt, þá nær ljósið ekki fullri hæð og verður of lítið, og sje það haft of hátt, þá verður ljósið rauðleitt og missir af skærleika sínum. Það er um að gjöra, að loginn sje svo skær og stór, sem hægt er.

19. gr.

Skyldi það koma fyrir af einhverri ástæðu, að hreinsa þyrfti kveikina á nóttu, þá er aðferðin sem hjer segir: **Að hreinsa kveikina.**

a. Sá vökulampi, sem notaður er í varðklefanum, á meðan logar á vitanum, er settur á góðan stað, nægilega langt frá vitalampanum, og 2 vel fægð lampaglös eru sett fram á vinnuborðið.

b. Olíurennslið að kveiknum er stöðvað, ef með þarf, þar sem svo stendur á, kveikirnirnir skrúfaðir niður, glasið er tekið af og ljósið slökkt. Kveikirnir eru svo skrúfaðir svo hátt upp, að skarið sje alveg fyrir ofan brennarann, því næst er skarið numið burt af kveiknum með smásófli, ójöfnurnar á kveiknum klipptar af með bjúgskærum, og það skar, sem fokið hefir ofan í brennarann, er síðan hreinsað burt og sjer í lagi úr súgsmugunum.

c. Nú er aptur kveikt á lampanum og glasið, sem ekki er orðið kalt, sett á.

Þegar kveikur er þannig hreinsaður, verður að fara varlega, svo að ekki kvikni í olíunni.

Springi glasið, þá er þegar tekið annað af varaglösunum, en það verður þá að láta loga lítið á meðan glasið er að hitna.

Stundum kemur það fyrir, að sótskorpa sezt á kveikinn. Þegar það kemur fyrir, þá er bezt að slökkva á lampanum; það nægir optastnær að skrúfa kveikinn niður og fellur þá skorpan af, og þarf þá ekki annað en skrúfa hann upp aptur, jafnhátt og vant er, og kveikja síðan. Enn dugi það ekki, verður að fara að á sama hátt og áður er sagt.

20. gr.

Til þess að geta fljótt skipt um lampa, sem notaður er, og sem komið er ólag á, verður að hafa tvo brennara til taks, sem eru í fullu standi. En áður en skipt er um, verður að rannsaka vel þann lampa, sem notaður er, ef hægt skyldi vera að laga hann. **Að skipta um lampa á nóttu, ef með þarf.**

Þegar skipt er um lampa, þá verður að gera það svo fljótt, sem hægt er, og, ef brennarinn er ekki í föstum skorðum, þá er hann settur eptir ágizkun til bráðabirgða, en er þá leiðrjettur næsta dag.

Sjái vitavörður, að það taki of langan tíma fyrir einn mann að skipta um lampa eða brennara, þá verður hann að taka annan mann sjer til hjálpar.

156

21. gr.

Að skipta um lampa á vissum tímum og hreinsa.

Einu sinni á mánuði skal skipta um lampa og taka varalampa í staðinn, og er þá sá, sem notaður hefir verið, vandlega hreinsaður.

Sjerhvern lampa, sem notaður hefir verið, skal hreinsa, þegar er hann er tekinn úr ljóskrónunni og aðgæta vandlega, áður en hann er aptur settur inn.

Lampann verður að taka allan í sundur til að hreinsa gamla olíu burt, sem sezt hefir fyrir, og annars verður hörð og sezt á málminn, eins og viðarmergur væri.

Að hreinsa brennara.

Brennarinn er hreinsaður með mjórri trjespýtu, sem vafið sje um ljereptslepp, eða með smáum sóflum. En þess verður að gæta, að úrrak úr ljereptinu verði ekki eptir í loptsmugunum í brennaranum. Bezt er að sjóða óhreinindin úr brennurunum í sódavatni.

Olíukerið og aðrir hlutir úr blikki eru fægðir á sama hátt og umgetur í 8. gr. Síðan er allt sett þar, sem það á að vera, annaðhvort í ljóskrónuna eða í það geymslurúm, sem það á að vera í.

22. gr.

Að hreinsa lampaglasið.

Verði lampaglasið óhreint af reyk eða, ef olíublettir setjast á það, þá er það núið með ljereptsleppi, sem vættur er í olíu, til þess er blettunum er náð af, síðan er glasið þurkað og fægt með krítardupti.

23. gr.

Að geyma brennarana.

Þeim brennurum, sem ætlaðir eru til notkunar við vitann, er þannig niðurraðað, að einn er hafður í þeim lampa, sem notaður er, en hinir, sem eru til vara, skulu vera út búnir með kveikjum, tilbúnir til brúkunar, ef með þarf; þó þarf ekki að hafa kveiki í fleirum en tveim varabrennurum, sjeu þeir í góðu lagi; þeir brennarar, sem kunna að vera um fram, eru geymdir í rakalausum skáp í góðu standi, einkanlega kveikskrúfurnar og kveikberarnir.

24. gr.

Að setja nýjan kveik í brennarann.

Kveikberinn er tekinn úr brennaranum og settur upp á kveikþræðarann, ef hann er til; síðan er kveiknum smokkað upp yfir þræðarann og kveikhólkinn alveg upp að stallinum á hólknum, og bundinn fastur um hólkinn með sterkum tvinna; þá er prófað, hvort kveikurinn getur gengið upp og ofan í brennaranum, án þess að fara í hrukkur. Að síðustu er kveikurinn skrúfaður niður að yfirbrún brennarans og klipptur alveg jafn að ofan. Bezt er að væta kveikinn lítið eitt í olíu, láta loga á honum unz hann er þurr, og strjúka síðan skarið vel af, því að þá verður hann jafnari. En það verður að klippa hann þurran.

Komi það fyrir, að kveikur sje of rúmur, þá má mjókka hann með því, að draga þræði úr honum hjer og hvar á langveginn, og teygja svo úr honum, þar til er hann er mátulegur utan um kveikberann. Það er þó ekki ráðlegt, að draga úr kveiknum, nema brýna nauðsyn beri til. Þegar nýr kveikur er látinn í, verður hann að vera þurr.

25. gr.

Rúðunum í ljóskerinu verður að halda alveg hreinum. Þær skal þurka á hverjum degi, bæði að utan og innanverðu, með hreinum ljereptsleppi og fægiskinni; þá bletti, sem ekki nást af þannig, skal þvo með vatni, eða með vínanda, ef með þarf. Hafi litarblettir setzt á rúðu, skulu þeir þurkaðir alveg af. Þegar eimur á nóttu sezt á rúðurnar, þá skal hann stöðugt þurkaður af með njarðarvetti. Ef frosthjela sezt á rúðurnar, skal þvo hana af með hreinum saltlegi, sem verður að vera á reiðum höndum, þegar frost er. **Hin daglega hreinsun á rúðunum í ljóskerinu.**

26. gr.

Fyrir utan hina daglegu hreinsun á rúðunum, skal að minnsta kosti fjórum sinnum á ári fægja rúðurnar með krítardupti bæði innan og utan, og er aðferðin við það hin sama, sem um getur í 7. gr., þegar ljóskrónan er fægð með enskrauðu dupti. **Að halda rúðunum gljáandi**

27. gr.

Kítti um rúður og þar, sem ljóskerið er samansett, verður að viðhalda með umhyggjusemi, til þess að ekki geti rignt inn í ljóskerið. Kíttið er búið til úr 2 pörtum af krítardupti og 1 parti af blýhvítudupti, sem jafnað er saman og hnoðað með jafnmiklu af línolíu og fernis, þar til er það er orðið að þjettu og linu deigi. **Að halda við kíttinu um rúðurnar.**

28. gr.

Þar sem búast má við, að vitavörður verði sjálfur að setja nýjar rúður í ljóskerið, þá er hjer til vara sett lýsing á aðferðinni. Verði að skera rúðu til, sem ekki er mátuleg, þá verður að gera það með glerskera (demant), sem verður að vera sterkari en almennur glerskeri. Þegar búið er að rispa fyrir því, sem skera á af, með glerskeranum, þá skal berja með skaptinu á honum eptir rispunni bak til, því að við það verður rispan dýpri, og springur svo glerið frá, þegar stutt er á það. Sje brotið ekki jafnt, þá verður að jafna það með glasbrjót eða töng, er til þess er gerð. **Að skera rúður í ljóskerið.**

Þegar búið er að gera rúðurnar hæfilega stórar, þá eru rendurnar sorfnar sljettar með þjöl, og er bezt að væta hana í terpentínu, því að þá vinnur hún betur á glerið.

29. gr.

Þegar setja skal rúður í, þá skal þess gætt, að það sje nægilegt bil milli rúðunnar og umgerðarinnar, sem hún er sett í, enn fremur skal setja milli rúðunnar og umgerðarinnar eða í hið umtalaða bil, smáa blýfleyga eða trjeflísar, svo að rúðan liggi hvergi við umgerðina, því að annars er þeim hætt við að springa, ef ljóskerið hristist í vindi. Millibilið er og nauðsynlegt, til þess að komið verði kíttinu milli rúðunnar og umgerðarinnar, því að kíttið verður alveg að fylla upp í rúðufalsið, svo að rúðubrúnin liggi alveg í kítti. Þegar **Að setja rúður í ljóskerið.**

156 skipt er um rúður, þá verður að gæta þess, að bera vel á skrúfurnar í listanum, sem heldur rúðunni, áður en þær eru skrúfaðar í aptur.

30. gr.

Að geyma vararúður. Þegar ekki er til skápur, til að geyma vararúður í, þá skulu þær settar á rönd á þurran stað með trjelistum í milli rúðanna, svo að þær ekki liggi saman. Einnig má geyma þær í luktum kassa, en það má ekki hafa hálm eða pappír í milli rúðanna, heldur mjúkt klæði eða flóka.

31. gr.

Meðferð á lituðum rúðum. Í Gróttuvitanum eru tvöfaldar rúður og eru hinar innri rauðar og grænar til að sýna hin mislitu ljós. Þessar lituðu rúður eru hreinsaðar og hirtar á sama hátt, eins og ljóskersrúðurnar, sem um er getið í 25. gr., en með þær verður að fara með mestu varúð, því að þær eru ákaflega stökkar, og þola ekki, að komið sje hart við þær. Þess ber vandlega að gæta, þegar þessar lituðu rúður eru teknar niður til hreinsunar, að setja þær aptur á rjettan stað, og eru þær því í fyrstu settar svo upp í ljóskerið, að ekki sje hægt að villast á því, nema með sjerstakri óaðgætni.

32. gr.

Að viðhalda loptsúgi í vitanum. Það er um fram allt mjög áríðandi að viðhalda nægilega miklum loptsúgi í ljóskerinu, því að skærleiki ljóssins og stöðugur logi er að miklu leyti undir því kominn, að loptsúgurinn sje í góðri reglu. Snöggur vindgustur og ójafn loptsúgur gerir logan ókyrran, og getur, ef til vill, sprengt glasið eða slökt á lampanum. Aptur á móti orsakar mollulegt og straumlaust lopt, að loginn er daufur og óskír. Það er enginn hægðarleikur, að hafa mátulegan loptsúginn, því að hann er sífeldum breytingum undirorpinn sökum breytinga loptsins úti fyrir. Vitavörðurinn verður því að neyta allrar sinnar árvekni og eptirtektar, til að halda loptsúgnum sem beztum.

Sje loptsúgurinn nægilegur og góð gæzla höfð á súglyklunum, þar sem þeir eru, eða súggötunum, þá á það ekki að koma fyrir, að eimur eða frosthjela setjist á rúðurnar, sem er mjög áríðandi, þar sem vitinn við það ekki lýsir, eins og ætlazt er til.

Af því, sem nú er sagt, er áríðandi að súglyklarnir sjeu í góðu lagi, þar sem þeir eru, og öll súggöt vel opin og laus við farfa eða hvað eina, sem gæti hept loptsúginn. Geti vitavörður ekki lagað loptsúg, sem kominn er í óreglu, skal hann tilkynna það gæzlustjóra.

Húsgögn.

33. gr.

Meðferð á hreinsunarfærinu. Olíuhreinsunarfærisins skal gætt með mikilli umhyggjusemi, og í hverjum mánuði er klæðið, sem hvílir á sýjunni, þvegið í sjóðandi vatni.

33 gr. 156

Öll smíðatól, áhöld og húsgögn, sem ekki eru stöðugt notuð, eru geymd í vissum skápum, og skal stöðugt haft vakandi auga á þeim og þau hreinsuð, þegar með þarf. Þeir hlutir, sem eru úr járni eða stáli, skulu roðnir í feiti eða vasilíni, til þess að verja þá ryði. Látúnsmunum og öðrum munum, sem eru úr tinroðinni rárnþynnu, er haldið hreinum og fögrum með því að fægja þá stöðugt, ef þeir eru ekki varðir fyrir áhrifum loptsins á annan hátt. Að geyma önnnur áhöld.

Olíuforðinn.

34. gr.

Parafínolía og steinolía, sem notuð er til vitans, er ekki eins eldfim, eins og önnur steinolía, sem almennt er notuð í húsum, en þrátt fyrir það verður þó að veita athygli eptirfylgjandi varúðarreglum: Að geyma olíuna.

Olíukerin, sem olían er geymd í, verða að vera vel held með vel heldu loki, og verða að standa þar, sem kalt er og góður loptsúgur.

Það verður að fylla olíukerin og taka úr þeim á degi eða við dagsbirtu, en ekki við ljós.

Það er áríðandi að fylla olíukerin ekki alveg, svo að það sje nokkuð af tómu rúmi fyrir ofan olíuna, svo sem nægir til þess, að olían geti þanizt út, eins og hún þarf.

35. gr.

Olíukerin skal hreinsa vel í hvert sinn, sem búið er úr þeim, áður en ný olía er látin á þau aptur, og sjeu olíukerin ekki tinroðin að innan, verður að fægja allt ryð af þeim, áður en á þau er látið, og hreinsa þau síðan vel. Að hreinsa olíukerin.

Sje olían geymd í sinkkerum, þá skal hreinsa þau með sjóðandi sódavatni og þurka síðan upp, og eru þau svo látin standa nokkurn tíma undir beru lopti til að þorna.

36. gr.

Alla afganga af neyzluefnum skal geyma á hentugum stað og verja fyrir raka og ryki. Kveiki og Vínarkalt skal geyma í þjettum blikkdósum, enskrauðu og paragónolíu á flöskum með þjettum töppum í. Ao geyma ýmsa afganga af neyzluefnum o. fl.

Húsakynni vitanna (vitarúmið).

37. gr.

Með því að mjög áríðandi er, að vitafærið og öll önnur áhöld, sem heyra því til, sje varið fyrir öllu ryki svo vel, sem auðið er, þá verður að viðhafa hið mesta hreinlæti, bæði í sjálfu ljóskersrúminu og öðrum rúmum í vitanum, sem að því liggja; sömuleiðis verður að halda öllum skápum hreinum, bæði innan og utan, stigum, inngöngum í vitaturninn, þar sem svo hagar til o. s. frv. Gangrúmið utan um ljóskerið með grindinni að utan skal daglega sópa og hreinsa, og í hverri viku eða optar, ef með þarf, skal þvo öll óhreinindi af hand- Ræsting vitarúmanna m.m.

26. dag nóvembermánaðar 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

156 riðinu og gangrúminu með votri tusku. Sömuleiðir skal þvo stigann og öll rúm í turninum að minnsta kosti einu sinni á viku. Loptið upp yfir ljóskerinu verður að þvo tvisvar á ári að minnsta kosti.

38. gr.

Varúðarreglur um afganga af olíu m.m.

Í ljóskerinu, varðklefanum og öðrum rúmum í vitaturninum má ekki skilja eptir steinolíu, hversu lítið sem er, hvorki í könnum, bökkum eða öðrum ílátum. Fituborin fægifæri skal geyma í lokuðum blikkkerum, og má ekki láta þau standa þar, sem þau geta hitnað eða eru nálægt eldi.

Þegar búið er að láta á lampann, þá skal þegar taka allar olíukönnur á burt, sem afgangar af olíu eru í, og láta þær á sinn stað; þó verður að hafa eina könnu með olíu í á öruggum stað, ef ske kynni að það þyrfti að halda á olíu einhverntíma á nóttu. Ef olía hellist niður í ógáti, þá skal þegar þurka hana upp. Það má ekki fara með ljós eða eld í olíurúmið.

Skyldi af óhöppum kvikna í vitanum, þá er betra að ausa mold, sandi eða ösku í logann, heldur en vatni eða sjó, því það kæfir betur olíuloga heldur en vatn.

VI. Hin daglega sýslan við vitann.

A kvöldin og næturnar.

39. gr.

Sýslanin við kveiking.

Þegar kveikja skal á vitanum, þá skal allt í ljóskerarúminu vera tilbúið, eins og áskilið er í 41 gr. Á vetrum, þegar veður er kalt, skal ljóskersrúmið hitað upp einni stundu áður en kveikt er. Þegar tíminn er kominn, þá er kveikt á þann hátt, sem hjer segir:

a. Fyrst eg kveikt á varðlampanum.

b. Blæjan er tekin af ljóskrónunni; gluggatjöldin frá ljóskersrúðunum eru tekin niður. Ljóskrónan er sópuð með fjaðrasópinum og rúðurnar eru þurkaðar utan og innan.

c. Kveikirnir verða að vera vel votir af olíu; síðan er kveikt og glasið þegar sett á brennarann. Það verður að kveikja á svo rjettum tíma, að loginn sje búinn að ná sjer fyllilega, þegar augnablikið er komið, er kveikja skal á vitanum, og samstundis er gangverkið sett í gang, þar sem gangverk eru eins og t. a. m. á Reykjanesi og Garðskagatá, verður það með því, að losa um stopparann og láta kambhjólin grípa hvort í annað. Það verður að taka eptir því, hvort ljóskrónan snýst í kring á rjettum tíma. Stöðvist gangverkið af einhverri óreglu, sem á það hefir komið, og sje ekki hægt að koma því þegar í lag aptur, þá verður einhver aðstoðarmaður, sem er við vitann, að snúa ljóskrónunni með höndunum, svo nákvæmlega, sem hægt er, á meðan gjört er við gangverkið.

Morgunsýslanin.

40. gr.

Sýslanin

Þegar slökt er á vitanum, skal þess gætt, er hjer segir á eptir:

a. Olíustraumurinn til kveiksins, þar sem það er hægt, er stöðvaður, kveikirnir eru smámsaman skrúfaðir niður, fyrst sá ytri og því næst sá innri, til þess að glasið geti kólnað hægt, og síður sje hætt við að það springi. **156 þegar slökt er.**

b. Glasið er tekið af brennaranum og sett til hliðar.

c. Gangverkið er dregið upp, stopparinn er settur fyrir og verkið stöðvað.

d. Blæjan er hengd yfir ljóskrónuna og gluggatjöldin eru hengd fyrir ljóskersrúðurnar.

e. Hafi logað ójafnt um nóttina, þá er olíunni hellt úr olíukerinu og kerið hreinsað.

Dagsýslanin við vitana.

41. gr.

Sýslanin við hina daglegu ræsting og eptirlit.

Á þeim tíma fyrir hádegi, sem tekið er fram í reglugjörðinni, skal fægja brennarann og glasið með öllu tilheyrandi, ásamt þeim lampa, sem notaður var um nóttina. Lampinn er þurkaður vel að utan, kveikirnir eru hreinsaðir, staða lampans er rannsökuð, ljóskrónan og gangverkið er fægt, rúðurnar í ljóskerinu eru fægðar, og ljóskersrúmið, varðklefinn og öll rúm í turninum eru sópuð og hreinsuð á þann hátt, sem áður er tekið fram.

Einu sinni á viku er vitalampinn tekinn í sundur, og hreinsaður og fægður. Brennarinn er skolaður í olíu og fæðipípan með sjóðandi sódavatni.

Skipta skal um brennara á hverjum mánuði, og sá, sem notaður hefir verið, er skolaður með sódavatni og fægður, áður en hann er tekinn frá.

Sje sólskin meðan á ræstingunni stendur og skíni á ljóskrónuna, þá má ekki taka gluggatjöldin frá, því að lampinn getur skemmzt af of miklum hita, því að geislarnir frá ljóskrónunni verka eins og brennigler væri.

Hafi verið skipt um lampa nóttina áður eða nota á annan lampa um stundarsakir, þá skal hann settur nákvæmlega upp (sjá 20. gr.).

42. gr.

Hin daglega reglusemi.

Þegar búið er að ganga vandlega frá hverjum einstökum hlut, hvað hreinsun og eptirlit áhrærir, þá skal setja allt í röð og reglu, áður en vikið er frá vitanum, samkvæmt því, sem hjer segir:

a. Lampinn í ljóskrónunni skal vera vel fægður, fylltur með olíu og tilbúinn til að kveikt sje á honum.

b. Glasið skal sett fram á vinnuborðið ásamt þeim kassa, sem geymd eru í þau áhöld, sem almennt eru viðhöfð á meðan logar á vitanum, svo sem hnífar, skæri, tuskur, kveikhringir o. s. frv.

c. Að minnsta kosti 2 hrein glös og 1 brennari með þurrum kveik skulu vera við höndina.

d. Varalampi skal standa við höndina í skáp með blæju yfir.

e. Við vita, sem snúast, skal draga gangverkið upp, og leysa frá ganghjólinu.

156 f. Varalampinn skal vera við höndina fylltur olíu og tilbúinn til að kveikt sje á honum.

g. Blæjurnar skulu vera yfir ljóskrónunni og gluggatjöldin fyrir rúðunum.

h. Olíukanna með olíu í skal vera við höndina, til að geta látið á varalampann, ef með þarf.

i. Allir hlutir skulu settir og þeim niðurraðað á þann stað, þar sem þeim er ætlað að vera

43. gr.

Tilkynning um bilun á ljósfærunum.

Ef ljósfærið hefir að einhverju leyti bilað eða, ef einstakir partar þess hafa bilað af sliti eða óvarkárni, svo að þeir eru ónýtir, þá verður þegar að gjöra gæzlustjóra aðvart um það, og skrifar vitavörður skýrslu um það í dagbók vitans. Þegar tilkynning er send um einhvern hlut, þá verður að nefna hlutinn því nafni, sem hann er nefndur í reglugjörðinni, því að annars kann það að verða misskilið.

44. gr.

Fægingarfærin.

Eptirfylgjandi fægingarfæri skulu viðhöfð við vitann en engin önnur:

Fjaðrasópur til að sópa af ljóskrónunni.

Ljerept er haft til að fægja með gler og málm. Fægiljereptið skal sjóða í sódavatni og þvo vel á eptir. Það fægiljerept, sem ljóskrónan er fægð með, verður að vera alveg hreint. Til að hreinsa rúður er bezt að nota fægiljerept, sem þvegið hefir verið nokkrum sinnum og er orðið mjúkt.

Fægiskinn er haft til að fægja ljóskrónur og ljóskersrúður. Það verður þó fyrst að elta skinnið milli handanna, til að gjöra það mjúkt. Fægiskinn má þvo í sódavatni, og þegar það er þurt, má gera það aptur mjúkt með því að elta það milli handanna.

Njarðarvöttur er hafður til að þurka eim af rúðum.

Smásópar með sköptum eru hafðir til að sópa smáagnir af málmi, sem fægður hefir verið.

Sópar til að fægja lampaglös.

Vínandi er hafður til að hreinsa fitubletti af gleri.

Enskrauða er höfð til að fægja ljóskrónur.

Krítardupt (Vandrevet Kridt) er haft á sama hátt sem enskrauða, til að fægja ljóskersrúður.

Vínarkalk er notað eitt sjer eða saman við stearinolíu til að fægja ýmsa smágerða hluti. Til þess að Vínarkalk geti haldið sínum góðu eiginlegleikum, sem fægiefni, þá verður að geyma það í lokuðum blikkdósum eða glerflöskum.

Fægisteinn er notaður sem dupt, og er þá bezt að núa tveim fægisteinum saman, þar til nægilegt dupt er komið. Duptið er haft ásamt stearinolíu til að fægja járn og stálhluti, og sömuleiðis óvandaða hluti úr öðrum málmi.

Stearinolía er höfð ásamt hinum tveim ofannefndu fægiefnum til að fægja málma og járn.

Smergelljerept er notað, helzt bleytt í olíu, til að fægja með smíðatól og aðra járn- og stálhluti, snúrukeflið í gangverkinu og fl. Það má engann veginn nota smergelljerept í ljóskersrúminu, eða þannig að smergeldupt geti orðið eptir í gangverkinu. 156

Vasilín er notað til áburðar á smíðatól eða aðra járn- eða stálhluti, þegar þeir skulu varðir ryði.

Öll fægiefni og þó sjer í lagi þau, sem notuð eru, skulu geymd þannig, að ryk ekki geti safnast í þau.

Skyldur vitavarðar.

Ábyrgð, sem hvílir á vitaverði.

45. gr.

Vitavörður hefir ábyrgð á, að öllu, sem vitanum tilheyrir, bæði föstu og lausu sje viðhaldið og það meðhöndlað samkvæmt reglugjörðinni, og að vitinn logi svo vel, sem ætlazt er til og sýni það ljós, sem ákveðið er, allan þann tíma, sem um getur í 51. gr. Hann skal gjöra sjer vel kunnar allar ákvarðanir reglugjörðarinnar, og hafa vakandi auga á að þeim sje fylgt, eins af þeim, sem hann kann að nota sjer til aðstoðar.

Aðstoðarmaður.

46. gr.

Hann skal skyldur til að hafa annan áreiðanlegan mann sjer til aðstoðar, sem getur tekið að sjer umsjón og hirðing á vitanum, ef vitavörður sýkist eða er forfallaður, og er honum frjálst að nota til þess hvort heldur er karl eða konu, skyldfólk eða vandalaust, allt eptir því, sem haganlegast er, en hann ber alla ábyrgð á því, sem aðstoðarmaður hans gerir. Hann skal gera aðstoðarmanni sínum vel kunnugt um notkun og hirðing á vitanum, svo hann sje alveg fær um á eigin hönd að gæta vitans í forföllum vitavarðar samkvæmt reglugjörðinni.

Þegar vitavörður sjálfur ekki gætir vitans, þá skal skrifað í dagbók vitans nafn þess manns, sem umsjón hefir og hve nær það hafi átt sjer stað. Gæti þeir vitans á víxl, þá skal skrifað í dagbókina »Nr. 1«, þegar það er vitavörður, en »Nr. 2«, þegar það er aðstoðarmaður.

Tilkynning um bilun á vitanum.

47. gr.

Verði eitthvað að vitanum, sem hefir orsakað að slökkva þurfti, annaðhvort að gangverkið hafi stöðvazt, skipt hafi verið um lampa eða brennara, á meðan loga átti á vitanum, skal vitavörður skrifa skýrslu um það í dagbókina, og þegar gjöra gæzlustjóra aðvart um það, ef það er svo alvarlegt, að vitinn geti ekki gjört sitt fulla gagn, eða að öllum reglum þar að lútandi geti ekki orðið fylgt þess vegna. Sama regla gildir um bilun á öðrum húsum vitans.

Daglegt eptirlit til viðhalds á vitanum

48. gr.

Hann skal líta eptir og sjálfur vera við allt, sem gera þarf vitanum og áhöldum hans til viðhalds. Hann tekur á móti öllum ársforða vitans og skipar fyrir um það, hvernig honum skuli komið fyrir. Sömuleiðis skal hann

156 hafa eptirlit með öllum aðgjörðum á vitanum, sem kunna til að falla, hverju nafni sem nefnast, og skal sá, sem verkið hefir á hendi, hlýða fyrirskipunum vitavarðar í tilliti til hreinlætis og varkárni, og skal vitavörður gjöra aðfinningar við það, sem honum finnst ábótavant, og sjá um að verkið sje leyst vel af hendi. Skyldur skal hann að veita smiðum eða verkamönnum þá aðhlynning, sem hann getur í tje látið, en þó ekki án endurgjalds.

Et vitavörður sýkist.

49. gr.

Ef vitavörður sýkist og getur ekki gengið að verki sínu, skal hann gera gæzlustjóra aðvart um það. Hann skal jafnframt geta þess, hvers eðlis sjúkdómur hans er, og hve lengi hann muni verða sjúkur, samkvæmt læknisvottorði. Gæzlustjóri sker svo úr, hvort annan verði að setja í hans stað til að gæta vitans eða ekki.

Þegar veikindi ber að höndum, skal skrifa í dagbókina, hve nær það skeði, hver hafi tekið við gæzlu, og hve nær vitavörður aptur hefir tekið við gæzlunni.

Reikningshald o. fl.

50. gr.

Hann skal halda alla reikninga vitans, samkvæmt fyrirmyndarblöðum, sem þar til eru gjörð, rita allar tilkynningar, dagbók vitans og fleira, sem fyrir kemur. Enn fremur skal hann hafa rækilegt eptirlit með því, hvað vitann vanhagar um á hverju ári, og hvað eptir er við hver vitaárslok, og senda gæzlustjóra skírteini um það ár hvert.

Hann skal hafa ábyrgð á, að allir afgangar sjeu vel geymdir og að ekkert fari forgörðum af neyzluefnunum eða sje brúkað í óhófi, en spara þó ekkert til þess, að vitinn geti gert hið tilætlaða gagn. Og ennfremur skal hann hafa eptirlit með því, að allir innanstokksmunir sjeu notaðir á rjettan hátt og að allir hlutir sjeu látnir á sinn rjetta stað, þegar búið er að nota þá í hvert sinn.

Alla reikninga skal hann senda gæzlustjóra.

Hið vanalega skyldustarf við vitann.

51. gr.

Varðstarfið.

Við Reykjanesvitann skal stöðugt halda vörð á nóttu eða meðan vitinn logar. Vakan skal byrja 1/2 stundu áður en kveikt er á kvöldin, og stendur yfir þar til er slökkt er á morgnana þannig, að vitavörður skiptir vökunum milli sín og annars manns eptir því sem bezt hentar. Haldi vitavörður sjálfur ekki vörð, en setji mann til þess í sinn stað, þá skal hann samt á ákveðnum tímum líta eptir vitanum, og skal þess getið í dagbókinni, hverjir haldi vörð og hve nær vitavörður heldur eptirlit á nóttu

Við Garðskaga- og Gróttuvita þarf þar á móti ekki stöðugt að halda vörð, en vitavörður skal ganga í vitann til eptirlits fjórða hvern tíma að minnsta kosti, og optar, ef nauðsyn krefur, svo sem í frosti og stormum, og skal hann þá laga það, sem kann að vera ábótavant; þess skal getið í dagbókinni, hve nær litið var eptir vitunum.

Á öllum vitunum skal kveikt í fyrsta sinn á ári að kvöldi hins 1. ágúst- **156**
mánaðar 1/2 stundu eptir sólarlag, og úr því á hverju kvöldi til 15. maí, en slökkva 1/2 stundu fyrir sólaruppkomu á hverjum degi, það er að segja, að ljósið í vitanum skal vera búið að fá sinn fyllsta skærleik 1/2 stundu eptir sólsetur (sjá tímatöfluna).

52. gr.

Sá, sem varðgæzlu hefir, skal ávallt vera vakandi og halda sjer stöðugt í **Skyldur þess, sem heldur vörð.**
varðklefanum; og við þá vita, er ekki er stöðugt haldinn vörður, skal vitavörður sofa á nóttunni í varðskálanum, svo að hann geti verið til taks, þegar með þarf. Hann má ekki víkja frá verði, án þess að vera leystur af verði.

Et hann af einhverri orsök ekki getur verið á verði, þá skal hann heimta að vera leystur af verði.

Hann skal gefa gætur að öllu því, sem reglugjörðin áskilur, og skrifa allt, sem við ber, meðan hann stýrði verði, í þar til gjörðan vökulista, sem vitavörður síðar skrifar í dagbókina.

Komist ólag á vitann, sem hann ekki getur lagað, verður hann þegar að gjöra vitaverði aðvart um það.

53. gr.

Hin daglega ræsting skal byrja 1/2 stundu eptir að slökkt er, en þó ekki **Dagvinnan við vitana.**
fyr en kl. 6 að morgni. Vitafærin skulu algerlega sett ígott lag samkvæmt reglugjörðinni, og er ætlazt til að ræstingunni sje lokið og vitinn að öllu leyti tilbúinn til að tendrast, þegar til kemur, fyrir kl. 12 á hádegi, samkvæmt reglugjörðinni, nema á laugardögum, því að þá fer aðalræsting fram á öllum klefum og húsakynnum vitans.

Þegar hinni daglegu ræsting er lokið, þá skal vitavörður ganga úr skugga um, að allt sje í rjettri röð og reglu.

Það skal skrifað í vökulistann, hve nær ræstingin byrjaði og endaði.

Frá því er öllri ræstingu er lokið og þar til 1/2 stund er til tendrunar, skal vitaverði leyfilegt að víkja frá vitanum, ef hann þarf með. Hann skal ávallt sjá um að vitanum sje læst, þegar hann er í burtu, og að lyklarnir sjeu geymdir á áreiðanlegum stað. Sömuleiðis skal hann sjá um, að vitanum sje stöðugt lokað, þegar gengið er út eða inn í vitann, svo að enginn umgangur geti átt sjer stað af öðrum enn þeim, sem að einhverju leyti eru riðnir við vitann, nema með leyfi vitavarðar.

54. gr.

Strandi skip í nánd við vitann, skal vitavörður vera búinn til að **Þagar skig stranda.**
veita skipbrotsmönnum sína hjálp, ef þeir þurfa við, bæði hvað björgun áhrærir og sömuleiðis að veita þeim húsaskjól og aðhlynning, eptir því sem kringumstæður hans leyfa, og getur hann krafizt þóknunar fyrir þann kostnað, sem hann kann að hafa af því.

156 Vitavörður skal leita sjer allra upplýsinga um strandið,og skrifa það í dagbók, svo sem um það, hverjar orsakir hafi verið til strandsins, um veður og vind, þegar skipið strandaði, hvort vitinn hafi sjezt, nafn skipsins og heimili, hverjar vörur það hafi haft eða í hverjum erindagjörðum það hafi verið og fleira þar að lútandi.

55. gr.

Notkun fánans. Ef vitinn á fána, þá skal hann dreginn upp kl. 8 f. h. og dreginn niður kl. 8 e. h. eða, ef sólin kemur seinna upp, þá skal fáninn vera uppi frá sólaruppkomu til sólarlags, á fæðingardag konungs og drottningar, krónprinsins og krónprinsessu, og fyrra dag hinna stærri hátíða. Ennfremur skal fáninn dreginn upp, þegar vitinn er skoðaður af gæzlustjóra, ef skoðunargjörðin fer fram á degi, og niður að aflokinni skoðunargjörð; sömuleiðis skal fáninn dreginn upp, þegar dönsk herskip eða utanríkis herskip sjást með uppdregnum fána, og niður aptur, þegar skipið hverfur úr augsýn. Vitinn verður að hafa að minnsta kosti tvö flögg, lítið og stórt, og verða bæði að vera klofin eða stjórnarflögg; hið minna er notað í stormum og slæmu veðri, en hið stærra í góðviðri. Rifni horn af fána, verður þegar að gjöra við það.

56. gr.

Vitavörður skal að öllu leyti hlýða fyrirskipunum gæzlustjóra, og skal það vera á hans ábyrgð, ef hann breytir út af því. Ef hann fyrir hirðuleysi eða skeytingarleysi lætur fyrirfarast að framkvæma nokkuð það, er honum er fyrirlagt svo að vitanum að einhverju leyti gæti orðið að tjóni, eða er ölvaður, þegar hann á að gegna vitastörfum, þá hefir hann fyrirgert rjetti sínum sem vitavörður, og má hann búast við að honum verði vikið frá sýslaninni við vitann við fyrsta brot.

57. gr.

Vitavörður hefir leyfi til að sýna aðkomandi mönnum vitann að innan, frá því er hann hefir lokið hinni daglegu ræstingu, þangað til $^1/_2$ stundu áður en hann kveikir á vitanum aptur.

Aðkomumenn skulu rita nöfn sín, stöðu og heimili í þar til gjörða bók, áður en þeim er sýndur vitinn. Ekki má hleypa fleirum inn í vitann í einu en rúm leyfir. Vitavörður verður að leggja ríkt á við aðkomendur að snerta ekki á nokkrum áhöldum vitans, gæta þess að þeir sjeu ekki í votum klæðum, taki ekki með sjer göngustafi eða regnhlífar í vitann. Tóbaksreyking er öllum fyrirboðin í vitanum bæði vitamönnum og öðrum; vitavörður skal biðja menn um að þurka af sjer á gólfmottunum, áður en þeir ganga um vitann, og brýna fyrir þeim að þeir megi ekki hrækja á gólfin, og hundar mega alls ekki koma í vitann.

Það er fyrirboðið að leyfa nokkrum ölvuðum manni að ganga í vitann, eða þeim, sem eru ræflalega til fara.

Vitavörður skal vera þægilegur í viðmóti við þá, sem óska að sjá vitann, og skýra þeim frá ásigkomulagi allra vitafæranna. **156**

Á þeim tíma, er logar á vitanum, leyfist engum aðkomandi manni að ganga í vitann.

57. gr.

Refsa skal samkvæmt hinum almennu hegningarlögum hverjum þeim sem af ásettu ráði, hirðuleysi eða strákskap skemmir nokkurt vitafæri, hvort fast er eða laust.

Reykjavík, 21. október 1897.
Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna yfir Islandi* **um lántökuleyfi handa prestakalli.** — Samkvæmt beiðni prestsins í Hruna í Árnesprófastsdæmi, sjera Steindórs Briems, og tillögum yðar, hr. amtmaður og yðar hr. biskup, í þóknanlegu brjefi, dags. 8. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki allt að 2800 króna embættislán upp á tekjur prestakallsins til þess að byggja á prestssetrinu íbúðarhús úr timbri 15×11 álnir að stærð, járnvarið á þaki og 3 hliðum, allt um kring fóðrað pappa, með svonefndu »brotnu« þaki og kvisti á annari hlið, kjallara 10×7 álnir, skúr við apturhlið hússins 9×4 álnir, og með því fyrirkomulagi að öðru leyti, sem uppdráttur sá, er fylgdi fyrrnefndu brjefi stiptsyfirvaldanna, bendir á. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, *að* síðari hluti lánsins verði eigi útborgaður fyr en sannað er með reglulegri skoðunargjörð þartil útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, og vátryggt fyrir 3800 kr. að minnsta kosti, *að* lánið ávaxtist, og endurborgist með 1/28 árlega auk vaxta á næstu 28 árum að telja frá því lánið er tekið, *að* sannað verði á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, *að* húsið með skúr, eldavjel og ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niður falla eptirnefnd bæjarhús, er áður fylgdu prestakallinu: baðstofa, búr, eldhús, bæjardyr og göng, *að* presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burttör hans eða fráfall í góðu og gildu standi eða með fullu álagi. **157** 21. okt.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar að því viðbættu, að lánið er veitt úr landssjóði.

Brjef landshöfðingja *til hreppsnefndaroddvitans í N.-hreppi* **um uppboðslaun fyrir sölu óskilafjár.** — Þjer hafið, herra hreppsnefndaroddviti, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 16. f. m., skýrt frá því, að hreppstjórinn í N.-hreppi, N. N. á N., hafi **158** 23. okt.

1. dag desembermánaðar 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

158 nú um 10—20 undanfarin ár tekið 1/3 af andvirði óskilafjár, er selt hafi verið í
23. okt. hreppnum. Af andvirði óskilafjár þess, er selt var í nefndum hreppi 1895, hafði umgetinn hreppstjóri þannig tekið 1/3 hluta, en sýslunefndin í N.-sýslu hafði í úrskurði sínum um sveitarreikning N.-hrepps fyrir nefnt ár ákveðið að optnefndur hreppstjóri skyldi skila aptur þessum hluta andvirðis óskilafjár, er selt var 1895. Í tilefni af þessum úrskurði sýslunefndarinnar, sbr. brjef mitt frá 2. febr. 1895 (Stj.tíð. B. bls. 18), segizt þjer svo hafa skorað á framannefndan hreppstjóra á hreppsnefndarfundi 14. f. m., að greiða hreppnum aptur það, sem hann virtist hafa tekið um of af andvirði óskilafjár, er selt hefði verið í hreppnum og eigi gengið út, frá því er lögin frá 13. janúar 1882 hefðu öðlazt gildi og fram að árinu 1895, en hann hafi kveðið nei við áskorun yðar.

Jafnframt þessu hafið þjer, vegna hreppsnefndarinnar í N.-hreppi, spurzt fyrir um það, hvort hreppstjóra N. N. beri eigi að borga aptur til fátækrasjóðs N.-hrepps, að nokkru eða öllu leyti það, sem hann hafi tekið fram yfir 4% af andvirði óútgengins óskilafjár, er selt hefði verið í hreppnum frá því er áðurnefnd lög öðluðust gildi til ársloka 1894.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni, að svara ber játa andi framanritaðri fyrirspurn yðar, með því að hreppstjórinn eigi hafði rjett til að reikna sjer annað eða meira af söluverði óskilafjár en venjuleg uppboðslaun, 4 af hundraði, samkvæmt 6. gr. áðursagðra laga, sbr. 15. gr., er meðal annars nemur úr gildi ákvæði 71. gr. í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna 10. septbr. 1830, um að 1/6 hluti andvirðis óskilafjár skuli tilfalla hreppstjóra fyrir gæzlu, auglýsing og sölu þess.

159 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um**
28. okt. **sveitfesti þurfalings.** — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dagsett 23. þ. m., er þjer í því látið mjer í tje umsögn yðar um erindi hreppsnefndarinnar í Dyrhólahreppi (forna), er hefir áfrýjað til mín úrskurði yðar, dagsettum 11. febr. þ. á., um sveitfesti Steinunnar Sigurðardóttur, skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg er samþykkur ástæðum þeim, er umgetinn úrskurður yðar er byggður á, skal hann standa óhaggaður.

* * *

Úrskurður amtsins.

Eptir að sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu hafði lagt undir úrskurð amtsins ágreining milli yðar, velborni herra sýslumaður, og hans um það, hvort Steinunn nokkur Sigurðardóttir frá Vestra-Fífilholti ætti sveit í hinum forna Dyrhólahreppi eða í Vestur-Landeyjahreppi, hef jeg leitað ítarlegra skýrslna, snertandi þetta mál, hjá sýslumanninum í Arnessýslu, og að þeim fengnum úrskurðað það á þessa leið:

Steinunn þessi Sigurðardóttir, sem er sögð hafa orðið vegalaus ásamt 3 óskilgetnum börnum sínum vorið 1893, þá er Jón nokkur Brandsson í Vestra-Fífilholti í Vestur-Land-

eyjahreppi, sem hún var hjá og hafði fylgt að lagi, brá búi, hefir skýrt svo frá, að hún sje fædd árið 1849 í Pjetursey í Mýrdal innan hins forna Dyrhólahrepps, og eptir að hún var komin af ómaga aldri hefir hún dvalið í ýmsum sveitum í Skaptafells- og Rangárvallasýslum, en hvergi nógu langan tíma til að ávinna sjer sveitfesti, unz hún ílengdist í Vestra-Fíflholti frá því á árinu 1877; en á tímabilinu frá 1877 til 1893 var hún á sumrinu 1885 hjer um bil mánaðartíma á Syðsta-Kekki í Stokkseyrarhreppi innan Arnessýslu. Þannig eru úrslit málsins undir því komin, hvernig litið verði á burtför Steinunnar frá Vestra-Fíflholti og dvöl hennar á Syðsta-Kekki. Í þessu tilliti skýrir hún svo frá, að hún hafi farið alfarin frá Vestra-Fíflholti að Kekki í júní 1885, og hafi komið sjer fyrir í sjálfsmennsku hjá bóndanum þar, og ætlað að dvelja þar það ár 1885—1886, en eptir hjer um bil mánaðartíma hafi Jón Brandsson komið og sótt sig austur að Vestra-Fíflholti aptur. Þessi skýrsla hennar kemur alveg heim við skýrslu þá, sem hinn þáverandi ábúandi Syðsta-Kakkar, Gísli tómthúsmaður Sigurðsson í Nýjabæ í Stokkseyrarhverfi, hefir látið til fyrir rjetti um komu Steinunnar á sitt heimili, og dvöl hennar þar, sem átti að vara til næsta vors, en var á enda eptir hjer um bil mánaðartíma. Þegar enn fremur er tekið tillit til hinna þáverandi kringumstæðna á heimili Jóns þessa Brandssonar, þá er þannig enginn efi á því, að sveitfestisdvöl Steinunnar Sigurðardóttur í Vestur-Landeyjahreppi hefir slitnað við áður nefnda dvöl hennar í Stokkseyrarhreppi, og hún hefir þannig hvergi sveitfest sig með samfleyttri 10 ára dvöl í nokkrum hreppi, eptir að hún varð 16 ára að aldri; er því hjer með úrskurðað, að Steinunn Sigurðardóttir sje sveitlæg í fæðingarhreppi sínum, hinum forna Dyrhólahreppi, hvað jeg bið yður tilkynna hreppsnefndunum í Dyrhólahreppi og Hvammshreppi, sem hinum forna Dyrhólahreppi er skipt í. **159**

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um leyfi til að halda lotteri.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 8. þ. m., og beiðni nefndar þeirrar hjer, sem safnað hefir gjöfum handa þeim, sem biðu tjón af jarðskjálptunum í Árnessýslu og Rangárvallasýslu í fyrra sumar, vil jeg hjer með veita sagðri nefnd leyfi til að halda lotterí á gullhring og guliúri, er gefizt hafa í þessu skyni, á þann hátt, sem um getur í erindi nefndarinnar, er fylgdi ofannefndu brjefi yðar. **160** 12. nóv.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Samþykkt
um kynbætur hesta.

161 19. nóv.

Sýslunefndin í Árnessýslu hefur samkvæmt lögum 11. desember 1891, um kynbætur hesta, gjört eptirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta í Árnessýslu.

1. gr.

Hreppsnefndirnar í hverjum hreppi skulu, þá er samþykkt þessi er komin í gildi, sjá um, að kosin sje í hverjum hreppi hrossakynbótanefnd, er sjeu í

161 minnst 3 menn. Kynbótanefndir þessar sjeu kosnar á almennum hreppaskilafundum á vorin, og gildir kosning þeirra til 3 ára í senn. Kosningarrjett hafa þeir einir, sem eiga atkvæðisrjett á þeim fundi, en kjörgengur er hver tvítugur maður, sem er í sjálfstæðri stöðu, eða hefur leyfi húsbænda sinna til að takast slíkt á hendur. Kynbótanefndir þessar skulu gjöra ráðstafanir að kynbótum hesta, hver í sínum hreppi, og sjá um, að reglum þeim sje fylgt, sem hjer eru settar.

2. gr.

Kynbótanefndin velur á vori hverju, eða lætur velja hryssur þær, er hafa skal til undaneldis, svo margar sem þurfa þykir, og skulu hreppsbúar skyldir að koma með þær á þann stað, sem hún tiltekur. Nefndin sjer um, að svo miklu leyti sem auðið er, að nægilega margir graðhestar sjeu til í hreppnum, og ekki fleiri en þörf er á.

3. gr.

Öll hestfolöld, sem eru undan yngri merum en 4 vetra og eldri en 15 vetra, skal gelda á fyrsta ári. Ekki má heldur ala upp graðhesta undan merum, sem eru skjóttar, hvítar, með hvítum hófum, glaseygar, hringeygar, snúinhæfðar, mjög litlar, þreklitlar, illa vaxnar, horsamar, með álfabruna á nösum eða öðrum göllum. Komi undan merum þessum hestfolöld, sem skapnaðarins vegna ekki verða gelt, ber eiganda að hafa gætur á, að svo miklu leyti sem því verður við komið, að merar fái ekki með slíkum fola, og skal sæta hinu fyrsta tækifæri til að gelda þá.

4. gr.

Ef merar þær, sem valdar eru til undaneldis, eiga hestfolöld með einhverjum af göllum þeim, sem nefndir eru í 3. gr., skal gelda þau á fyrsta ári, en ala öll hin ógelt þar til þau eru $1^1/_2$ árs. Þá skal að haustinu velja úr það fallegasta til undaneldis, en gelda hin fyrir sumardag fyrsta næstan eptir.

5. gr.

Við val á hryssum og hestum til undaneldis skal gæta þess, að hvorugt hafi galla þá, sem nefndir eru í 3. gr., að þau sjeu ekki getin af mjög skyldum foreldrum, hafi svarta og gallalausa hófa og hreinan gang, helzt ættgengan, hafi þykk brjóst og hryssur lendbreiðar.

6. gr.

Hryssur þær, sem hafðar eru til undaneldis, verður að brúka gætilega og fóðra vel, einkum um meðgöngutímann.

7. gr.

Hestfolöld þau, er ætla má, að hæf verði til undaneldis, skal ala upp sem allra bezt. Bezt er að láta þau ganga undir sem dilka, en sjeu þau vanin undan, að gera það ekki fyrir Þorralok og þá smátt og smátt og fóðra svo, að þau sakni sem minnst mjólkurinnar, svo ekki komi apturkippur í framför þeirra.

Þess verður og vel að gæta, að brúka hesta, sem hafðir eru til undaneldis, mjög varlega og fóðra þá vel. **161**

8. gr.

Ef unnt er, skal ekki láta graðhesta byrja að fylja hryssur fyr en þeir eru þriggja vetra, og bezt að það sje ekki fyr en þeir eru fjögra vetra. Eigandi graðhests er skyldur að ljá hann hreppsbúum til afnota samkvæmt samþykkt þessari til þess hann er 6 vetra. Þó má kynbótanefndin veita undanþágu frá þessu, er henni þykir ástæða til. Nota má hest til undaneldis til þess hann er 8 vetra, ef eigandi leyfir.

9. gr.

Kynbótanefndin ákveður hæfilega þóknun til eiganda graðhests fyrir notkun hans. Skal upphæð sú nægja fyrir vetrarfóðri hestsins og goldin í fyrsta sinn, þegar hesturinn er fjögra vetra, sje hann þá ekki geltur fyrir Jónsmessu, ella má það minna vera.

10. gr.

Treysti eigandi graðhests sjer ekki að geyma hans fyrir vonsku sakir, skal kynbótanefndin gjöra tilraun til, að fá annan hreppsbúa til að geyma hans, og semja þá við eigandann, að hann annaðhvort seljí hann eða leigi. Sama er um það, ef eigandi graðhests brúkar hann mikið eða fóðrar hann illa, skal nefndin gjöra tilraun til, að hann leigi hann eða selji öðrum Hreppsnefndin hefir heimild til að verja nokkru fje úr sveitarsjóði til þessa, einkum ef hesturinn er fyrirtak.

11. gr.

Kynbótanefndin hefur leyfi til, að gera undantekning frá reglum þessum í því, sem henni þykir óframkvæmandi eða óhagkvæmt. Þó má hún alls ekki gjöra undantekningar frá því, að gelda allt það lakasta af hestfölöldum og hafa ekki fleiri graðhesta en þörf er á.

12. gr.

Kynbótanefndin á heimting á endurgjaldi úr sveitarsjóði fyrir það, sem hún þarf að borga út við að framfylgja samþykkt þessari.

13. gr.

Fyrir lok árs hvers sendir kynbótanefndin sýslunefndarmanninum í hreppi sínum skýrslu um kynbótastörf sín og árangur þeirra, og sjer hann um að hún komist á næsta sýslunefndarfund.

14. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, allt að 50 kr., er renna í sveitarsjóð.

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess að öðlast gildi 1. júní 1898, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtið, Reykjavík, 19. nóv. 1897.

J. Havsteen.

162

Ágrip

af reikningi landsbankans 1. júlí—30. septbr. 1897.

	Tekjur:	kr.	a.	kr.	a.
1.	Í sjóði 1. júlí 1897			160094	87
2.	Borgað af lánum:	kr.	a.		
	a. Fasteignarveðslán	48653	57		
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	50344	27		
	c. Handveðslán	2753	00		
	d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl.	3848	00	105598	84
3.	Víxlar innleystir			149141	00
4.	Ávísanir innleystar			26097	11
5.	Vextir			20800	95
6.	Disconto			2952	03
7.	Seld erlend verðbrjef fyrir			606	00
8.	Tekjur í reikning Landmandsbankans (fyrir seldar ávísanir o. fl)			182576	78
9.	Innheimt fje fyrir aðra			116	69
10.	Tekjur af fasteignum bankans			565	41
11.	Selt af fasteignum tilheyrandi bankanum			22000	00
12.	Tekjur fyrir varasjóð sparisjóðs Reykjavíkur			1750	00
13.	Innlög á hlaupareikning			180829	31
14.	Sparisjóðsinnlög			289548	26
15.	Ýmsar tekjur			225	85
	Tekjur alls kr.			1088903	10

Gjöld.

1.	Lán veitt:			
	a. Fasteignarveðslán	kr.	73,449,00	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	63,130,00	
	c. Handveðslán	—	9,780,00	
	d. Lán gegn ábyrgð sveita og bæjarfjelaga o.fl.	—	1,500,00	
	e. Accreditiv-lán	—	34,983,65	kr. 182,842,65
2.	Víxlar keyptir			— 274,348,06
3.	Ávísanir keyptar			— 43,360,31
4.	Utgjöld fyrir reikning Landmandsbankans			— 81,334,93
5.	Keypt erlend verðbrjef fyrir			— 2,997,00
6.	Keypt skuldabrjef Reykjavíkur			— 200,00
7.	Keypt fasteign fyrir			— 7,500,00
8.	Borguð skuld hvílandi á einni af fasteignum bankans			— 5,500,00
9.	Útgjöld fyrir varasjóð fyrv. sparisjóðs Reykjavíkur			— 1,469,78
10.	Utborgað af innstæðufje á hlaupareikning			— 183,686,03
	Flutt kr.			783,238,76

		Fluttar kr.	783,238,76 **162**
11.	Utborgað af innstæðu fje með sparisjóðskjörum	kr. 216,743,81	
	Að viðbættum dagvöxtum	— 148,83	— 216,892,64
12.	Utborgað að innheimtufje fyrir aðra		— 36,69
13.	Kostnaður við fasteignir bankans		— 393,45
14.	Kostnaður við bankahaldið (laun o. fl.)		— 3,817,44
15.	Ýmisleg útgjöld		— 74,11
16.	Í sjóði 30. september 1897		— 84,450,01
		Gjöld alls kr.	1,088,903,10

Athugasemdir.

Landsbankinn átti 30. septembr 1897:

1.	Skuldabrjef fyrir lánum:			
	a. Fasteignarveðskuldabrjef	kr. 839,727,02		
	b. Sjálfskuldarábyrgðarskuldabrjef	— 344,766,94		
	c. Handveðsskuldabrjef	— 91,812,82		
	d. Skuldabrjef fyrir lánum gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl.	— 45,043,80		
	e. Accreditivlánsskuldabrjef	— 34,983,65	kr.	1,356,334,23
2.	Konungleg skuldabrjef og önnur erlend verðbrjef, hljóðandi upp á samtals 456,800 kr., eptir gangverði 31. desbr. 1896		—	449,881,00
3.	Skuldabrjef Reykjavíkur kaupstaðar		—	1,600,00
4.	Óinnleysta víxla		—	270,197,06
5.	Óinnleystar ávísanir		—	18,839,14
6.	Fasteign lagða bankanum út fyrir láni að upphæð 1500 kr.		—	1,500,00
7.	Húseignir í Reykjavík		—	42,000,00
8.	Ýmislegt		—	1,900,00
9.	Peninga í sjóði		—	84,450,01
			kr.	2,226,701,44

Seðlaskuld bankans til landssjóðs var 30. sept. 1897	kr.	500,000,00
Innstæðufje á hlaupareikning s. d.	—	166,693,68
Innstæðufje með sparisjóðskjörum s. d.	—	1,146,687,05
Skuld til Landmandsbankans s. d.	—	171,290,71
Varasjóður bankans 31. desbr. 1896	—	173,359,89
Varasjóður fyrv. sparisjóðs Reykjavíkur 30. sept. þ. á. (þar af 7000 kr. í fasteign)	—	11,887,46
Óútborgað af innheimtu fje fyrir aðra	—	292,75
Ýmsar tekjur, sem enn eru eigi lagðar við varasjóð	—	56,489,90
	kr.	2,226,701,44

Stjórn landsbankans 14. nóvember 1897.

Tryggvi Gunnarsson. Eiríkur Briem.

Veitt embætti

26. oktbr. var *yfirrjettarmálafærslumaður Gísli Ísleifsson* allramildilegast skipaður *sýslumaður í Húnavatnssýslu.*

S. d. var *yfirrjettarmálafærslumaður Eggert Ólafur Briem* allramildilegast skipaður *sýslumaður í Skagafjarðarsýslu.*

Prófastur

21. oktbr. var presturinn *síra Bjarni Einarsson* á Mýrum í Álptaveri skipaður af biskupi **reglulegur** *prófastur í Vesturskaptafellsprófastsdæmi.*

Lausar sýslanir

Tvær sýslanir fyrir málafærslumenn við hinn kgl. íslenzka landsyfirdóm. Hvor sýslanin er launuð með 800 króna þóknun um árið, og greiðist þóknanin af landssjóði Íslands.

Sæki aðrir en Íslendingar um sýslanir þessar, verða þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1814 og konungsúrskurðum 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863 að láta bónarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi skilyrði fyrir því að þeir kunni íslenzka tungu.

Auglýstar lausar 28. oktbr. 1897.

Umsóknarfrestur til 20. febr. 1898.

Áætlun 163

um 1.—5. ferð landpóstanna 1898.

	Póstleiðir.	Póststöðvar.	1. ferð.	2. ferð.	3. ferð.	4. ferð.	5. ferð.
I. Vestanpóstur.	**A. Milli Reykjavíkur og Hjarðarholts**	*Frá Reykjavík*	4. jan.	30. jan.	23. febr.	20. marz	13. apríl
		— Leirvogstungu	4. —	30. —	23. —	20. —	13. —
		— (Fossá)	4. —	30. —	23. —	20. —	13. —
		— Saurbæ	5. —	31. —	24. —	21. —	14. —
		— Hesti	5. —	31. —	24. —	21. —	14. —
	1. Frá Hjarðarholti	— *Arnarholti*	6. —	1. febr.	25. —	22. —	15. —
		— (Sauðafelli)	6. —	1. —	25. —	22. —	15. —
	(vesturleið).	— Harast. (Skógum)	6. —	1. —	25. —	22. —	15. —
		að Hjarðarholti	8. —	3. —	26. —	24. —	17. —
		Frá Hjarðarholti	10. jan.	5. febr.	28. febr.	26. marz	19. apríl
		— Harast. (Skógum)	10. —	5. —	28. —	26. —	19. —
		— (Sauðafelli)	10. —	5. —	28. —	26. —	19. —
	2 Frá Hjarðarholti	— *Arnarholti*	11. —	6. —	1. marz	27. —	20. —
		— Hesti	11. —	6. —	1. —	27. —	20. —
	(frh. suðurleiðar)	— Saurbæ	12. —	7. —	2. —	28. —	21. —
		— (Fossá)	12. —	7. —	2. —	28. —	21. —
		— Leirvogstungu	12. —	7. —	2. —	28. —	21. —
		í Reykjavík	14. —	9. —	3. —	30. —	23. —
	B. Milli Ísafjarðar og Hjarðarholts.	*Frá Ísafirði*	3. jan.	29. jan.	22. febr.	19. marz	12. apríl
		— (Vigur)	3. —	29. —	22. —	19. —	12. —
		— Ögri	3. —	29. —	22. —	19. —	12. —
		— Vatnsfirði	3. —	29. —	22. —	19. —	12. —
		— Arngerðareyri	4. —	30. —	23. —	20. —	13. —
	1. Frá Ísafirði	— *Bæ*	5. —	31. —	24. —	21. —	14. —
		— Hvoli	6. —	1. febr.	25. —	22. —	15. —
	(suðurleið).	*að Hjarðarholti*	8. —	3. —	26. —	24. —	17. —
		Frá Hjarðarholti	10. jan.	5. febr.	28. febr.	26. marz	19. apríl
		— Hvoli	10. —	5. —	28. —	26. —	19. —
	2. Frá Hjarðarholti	— *Bæ*	11. —	6. —	1. marz	27. —	20. —
		— Arngerðareyri	12. —	7. —	1. —	28. —	21. —
	(frh. vesturleiðar).	— Vatnsfirði	12. —	7. —	2. —	28. —	21. —
		— Ögri	12. —	7. —	2. —	28. —	21. —
		— (Vigur)	12. —	7. —	2. —	28. —	21. —
		á Ísafirði	14. —	9. —	3. —	30. —	23. —
II. Norðanpóstur.	**A. Milli Reykjavíkur og Staðar.**	*Frá Reykjavík*	4. jan.	1. febr.	24. febr.	22. marz	14. apríl
		— Leirvogstungu	4. —	1. —	24. —	22. —	14. —
		— (Fossá)	4. —	1. —	24. —	22. —	14. —
		— Saurbæ	5. —	2. —	25. —	23. —	15. —
		— Hesti	5. —	2. —	25. —	23. —	15. —
	1. Frá Reykjavík	— *Arnarholti*	6. —	3. —	26. —	24. —	16. —
		að Stað	8. —	5. —	28. —	26. —	18. —
	(norðurleið).	*Frá Stað*	10. jan.	7. febr.	2. marz	28. marz	20. apríl
		— *Arnarholti*	11. —	8. —	3. —	29. —	21. —
		— Hesti	11. —	8. —	3. —	29. —	21. —
	2. Frá Stað.	— Saurbæ	12. —	9. —	4. —	30. —	22. —
		— (Fossá)	12. —	9. —	4. —	30. —	22. —
	(frh. suðurleiðar).	— Leirvogstungu	12. —	9. —	4. —	30. —	22. —
		í Reykjavík	14. —	11. —	6. —	1. apríl	24. —

2. dag desembermánaðar 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

Póstleiðir.	Póststöðvar.	1. ferð.	2. ferð.	3. ferð.	4. ferð	5. ferð.
II. Norðanpóstur.						
B. Milli Akureyrar og Staðar.	*Frá Akureyri*	2. jan.	30. jan.	23. febr.	20. marz	12. apríl
	— Möðruvöllum	2. —	30. —	23. —	20. —	12. —
	— Steinsstöðum	3. —	31. —	24. —	21. —	13. —
	— Miklabæ	3. —	31. —	24. —	21. —	13. —
1. Frá Akureyri (suðurleið).	— *Viðimýri*	4. —	1. febr.	25. —	22. —	14. —
	— Bólstaðarhlíð	4. —	1. —	25. —	22. —	14. —
	— Blönduósi	5. —	2. —	26. —	23. —	15. —
	— *Sveinsstöðum*	5. —	2. —	26. —	23. —	15. —
	— Lækjamóti	6. —	3. —	27. —	24. —	16. —
	— Staðarbakka	6. —	3. —	27. —	24. —	16. —
	að Stað	8. —	5. —	28. —	26. —	18. —
	Frá Stað	10. jan.	6. febr.	1. marz	28. marz	19. apríl
	— Staðarbakka	10. —	6. —	1. —	28. —	19. —
	— Lækjamóti	11. —	7. —	2. —	29. —	20. —
	— *Sveinsstöðum*	11. —	7. —	2. —	29. —	20. —
2. Frá Stað (frh. norðurleiðar).	— Blönduósi	12. —	8. —	3. —	30. —	21. —
	— Bólstaðarhlíð	12. —	8. —	3. —	30. —	21. —
	— *Viðimýri*	13. —	9. —	4. —	31. —	22. —
	— Miklabæ	13. —	9. —	4. —	31. —	22. —
	— Steinsstöðum	14. —	10. —	5. —	1. apríl	23. —
	— Möðruvöllum	14. —	10. —	5. —	1. —	23. —
	að Akureyri	16. —	12. —	7. —	3. —	25. —
III. Seyðisfjarðarpóstur.						
A. Milli Akureyrar og Grímsstaða.	*Frá Akureyri*	17. jan.	13. febr.	8. marz	4. apríl	26. apríl
	— Hálsi	17. —	13. —	8. —	4. —	26. —
	— Ljósavatni	17. —	13. —	8. —	4. —	26. —
	— *Grenjaðarstað*	18. —	14. —	9. —	5. —	27. —
1. Frá Akureyri (austurleið).	— Reykjahlíð	19. —	15. —	10. —	6. —	28. —
	að Grímsstöðum	21. —	17. —	12. —	8. —	30. —
	Frá Grímsstöðum	22. jan.	18. febr.	13. marz	9. apríl	1. maí
	— Reykjahlíð	23. —	19. —	14. —	10. —	2. —
2. Frá Grímsstöðum (f h. vesturleiðar).	— *Grenjaðarstað*	24. —	20. —	15. —	11. —	3. —
	— Ljósavatni	24. —	20. —	15. —	11. —	3. —
	— Hálsi	24. —	20. —	15. —	11. —	3. —
	á Akureyri	26. —	22. —	17. —	13. —	4. —
B. Milli Seyðisfjarðar og Grímsstaða.	*Frá Seyðisfirði*	16. jan.	12. febr.	7. marz	3. apríl	25. apríl
	— *Egilsstöðum*	17. —	13. —	8. —	4. —	26. —
	— Bót	17. —	13. —	8. —	4. —	26. —
	— Hofteigi	17. —	13. —	8. —	4. —	26. —
1. Frá Seyðisfirði. (vesturleið).	— Skjöldólfsstöðum	18. —	14. —	9. —	5. —	27. —
	að Grímsstöðum	20. —	16. —	11. —	7. —	29. —
	Frá Grímsstöðum	22. jan.	18. febr.	13. marz	9. apríl	1. maí
	— Skjöldólfsstöðum	23. —	18. —	14. —	10. —	2. —
2. Frá Grímsstöðum (frh. austurleiðar).	— Hofteigi	24. —	20. —	15. —	11. —	3. —
	— Bót	24. —	20. —	15. —	11. —	3. —
	— *Egilsstöðum*	25. —	20. —	16. —	12. —	4. —
	á Seyðisfirði	26. —	22. —	17. —	13. —	5. —
A. Milli Reykjavíkur og Odda.	*Frá Reykjavík*	3. jan.	29. jan.	21. febr.	20. marz	12. apríl
	— Kotströnd	4. —	30. —	22. —	21. —	13. —
	— *Hraungerði*	4. —	30. —	22. —	21. —	13. —
	— Kálfholti	4. —	30. —	22. —	21. —	13. —
1. Frá Reykjavík (austurleið).	— Ási	5. —	31. —	23. —	22. —	14. —
	að Odda	6. —	1. febr.	24. —	23. —	15. —

Suðaustlandspóstur.

IV. Austanpóstur.

V. Eskifjarðarpóstur.

Póstferðir.	Póststöðvar.	1. ferð.	2. ferð.	3. ferð	4. ferð.	5. ferð.
2. Frá Odda (frh. suðurleiðar).	*Frá Odda*	7. jan.	3. febr.	25. febr.	24. marz	16. apríl
	— Ási	7. —	3. —	25. —	24. —	16. —
	— Kálfholti	7. —	3. —	25. —	24. —	16. —
	— *Hraungerði*	8. —	4. —	26. —	25. —	17. —
	— Kotströnd	8. —	4. —	26. —	25. —	17. —
	í Reykjavík	9. —	6. —	28. —	27. —	19. —
B. Milli Kirkjubæjarkl. og Odda. **1. Frá Kirkjubæjarkl.** (frh suðurleiðar).	*Frá Kirkjubæjarkl.*	2. jan.	29. jan.	20. febr.	19. marz	11. apríl
	— (Eystra-Hrauni)	2. —	29. —	20. —	19. —	11. —
	— Rofabæ	2. —	29. —	20. —	19. —	11. —
	— Mýrum	2. —	29. —	20. —	19. —	11. —
	— Vík	3. —	30. —	21. —	20. —	12. —
	— Eyjarhólum	3. —	30. —	21. —	20. —	12. —
	— Holti	4. —	31. —	22. —	21. —	13. —
	— Seljalandi	4. —	31. —	22. —	21. —	13. —
	að Odda	5. —	2. febr.	24. —	23. —	15. —
2. Frá Odda. (frh. austurleiðar).	*Frá Odda*	7. jan.	3. febr.	25. febr.	24. marz	16. apríl
	— Seljalandi	7. —	3. —	25. —	24. —	16. —
	— Holti	7. —	3. —	25. —	24. —	16. —
	— Eyjarhólum	8. —	4. —	26. —	25. —	17. —
	— Vík	8. —	4. —	26. —	25. —	17. —
	— Mýrum	9. —	5. —	27. —	26. —	18. —
	— Rofabæ	9. —	5. —	27. —	26. —	18. —
	— (Eystra-Hrauni)	9. —	5. —	27. —	26. —	18. —
	að Kirkjubæjarkl.	11. —	7. —	1. marz	28. —	20. —
A. Milli Kirkjubæjarkl. og Borga. **1 Frá Kirkjubæjarkl.** (frh. austurleiðar).	*Frá Kirkjubæjarkl.*	13. jan.	9. febr.	3. marz	31. marz	22. apríl
	— Fagurhólsmýri	14. —	10. —	4. —	1. apríl	23. —
	— Kálfafellsstað	15. —	11. —	5. —	2. —	24. —
	— Hólmi	15. —	11. —	5. —	2. —	24. —
	að Borgum	17. —	13. —	7. —	4. —	26. —
2. Frá Borgum. (frh suðurleiðar).	*Frá Borgum*	19. jan.	15. febr.	9. marz	6. apríl	28. apríl
	— Hólmi	19. —	15. —	9. —	6. —	28. —
	— Kálfafellsstað	20. —	16. —	10. —	7. —	29. —
	— Fagurhólsmýri	21. —	17. —	11. —	8. —	30. —
	að Kirkjubæjarkl.	23. —	18. —	13. —	10. —	2. maí
B. Milli Eskifjarðar og Borga. **1 Frá Eskifirði** (suðurleið).	*Frá Eskifirði*	12. jan.	7. febr.	2. marz	31. marz	21. apríl
	— *Egilsstöðum*	13. —	8. —	3. —	1. apríl	22. —
	— Arnkelsstöðum	13. —	8. —	3. —	1. —	22. —
	— Höskuldsstöðum	14. —	9. —	4. —	2. —	23. —
	— *Djúpavogi*	15. —	10. —	5. —	3. —	24. —
	— Starmýri	16. —	11. —	6. —	4. —	25. —
	— Stafafelli	16. —	11. —	6. —	4. —	26. —
	að Borgum	18. —	13. —	8. —	5. —	27. —
2 Frá Borgum (frh. austurleiðar).	*Frá Borgum*	20. jan.	15. febr.	10. marz	7. apríl	29. apríl
	— Stafafelli	21. —	16. —	11. —	8. —	29. —
	— Starmýri	21. —	16. —	11. —	8. —	30. —
	— *Djúpavogi*	22. —	17. —	12. —	9. —	1. maí
	— Höskuldsstöðum	23. —	18. —	13. —	10. —	2. —
	— Arnkelsstöðum	24. —	19. —	14. —	11. —	3. —
	— *Egilsstöðum*	25. —	20. —	15. —	12. —	4. —
	að Eskifirði	26. —	21. —	16. —	13. —	5. —

Þessir eru aukapóstar:

1. GULLBRINGUSÝSLUPÓSTURINN milli Reykjavíkur og Hvalsness leggur af stað frá Reykjavík eptir komu aðalpóstanna, fer um Hafnarfjörð, Kálfatjörn, Keflavík og Útskála að Hvalsnesi, og snýr þá aptur sömu leið til Reykjavíkur.
2. EYRARBAKKAPÓSTURINN, milli Keflavíkur og Eyrarbakka, leggur af stað frá Keflavík eptir komu Gullbringusýslupóstsins þangað frá Reykjavík, fer um Kirkjuvog, Járngerðarstaði í Grindavík, Ertu í Selvogi og Þorlákshöfn til Eyrarbakka; dvelur þar að minnst kosti 6 klukkutíma og fer þá aptur sömu leið til Keflavíkur.
3. BORGARFJARÐARSÝSLUPÓSTARNIR eru fjórir:
   a. Hinn fyrsti fer frá Saurbæ á Hvalfjarðarströnd eptir komu aðalpóstanna norðan og vestan þangað á suðurleið, um Vogatungu vestan Akrafjalls út á Akranes að Skipaskaga, og fer síðan sömu leið aptur að Saurbæ.
   b. Annar fer frá Skipaskaga á Akranesi sama dag og vestanpósturinn á að leggja af stað frá Reykjavík í 1.—5. og 13.—15. póstferð, vestan Akrafjalls um Vogatungu að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, og eptir að báðir aðalpóstarnir eru þangað komnir frá Reykjavík, snýr hann aptur sömu leið til Skipaskaga.
   c. Hinn þriðji fer frá Hesti eptir komu aðalpóstanna þangað í norðurleið að Lundi í Lundarreykjadal og snýr þaðan þegar aptur að Hesti.
   d. Hinn fjórði fer frá Arnarholti eptir komu aðalpóstanna þangað frá Reykjavík, um Reykholt að Gilsbakka í Hvítársíðu og snýr þaðan aptur beina leið að Arnarholti.
4. MÝRASÝSLUPÓSTURINN fer frá Arnarholti svo fljótt sem unnt er eptir komu aðalpóstanna þangað frá Reykjavík í 6.—12. ferð incl., að Borgarnesi í Borgarhreppi og snýr þaðan þegar aptur að Arnarholti, en í 1.—5. og 12.—15. ferð fer hann um Borgarnes að Straumfirði (Kórunesi) og snýr þaðan þegar aptur sömu leið.
5. STYKKISHÓLMSPÓSTURINN, milli Arnarholts og Stykkishólms, fer frá Arnarholti í hvert skipti þegar eptir komu vestanpóstsins þangað frá Reykjavík, og kemur við á Staðarhrauni og Rauðkollsstöðum; snýr aptur frá Stykkishólmi eptir 12 tíma viðstöðu þar, og fer sömu leið aptur að Arnarholti; kemur þangað áður en annarhvor aðalpóstanna leggur þaðan af stað til Reykjavíkur.
6. ÓLAFSVÍKURPÓSTARNIR. Þegar Stykkishólmspósturinn er kominn frá Arnarholti að Rauðkollstöðum í 1.—5. og 13.—15. póstferð, fer aukapóstur þaðan um Staðastað að Búðum og mætir þar öðrum aukapósti, sem fer þangað frá Ólafsvík sama daginn, sem vestanpóstinum er ætlað að koma að Arnarholti í vesturleið í nefndum póstferðum, um Hjallasand, Saxahvol og Hella. Aukapósturinn frá Rauðkollsstöðum snýr því næst aptur að Rauðkollsstöðum svo tímanlega, að hann nái þar Stykkishólmspóstinum á suðurleið, en hinn snýr aptur sömu leið til Ólafsvíkur. — Í 6.—12. póstferð fer aukapóstur frá Rauðkollsstöðum svo fljótt sem hægt er eptir komu Stykkishólmspóstsins frá Arnarholti um Staðastað og Búðir beina leið til Ólafsvíkur og snýr þaðan strax aptur sömu leið að Rauðkollsstöðum; en senda skal þá frá Búðum, þegar er pósturinn er þangað kominn frá Rauðkollsstöðum, aukapóst fyrir sunnan jökul um Hjallasand, Saxahvol og Hella til Ólafsvíkur, og snýr sá póstur aptur sömu leið að Búðum.
7. FLATEYJARPÓSTURINN fer frá Stykkishólmi til Flateyjar strax eptir komu

beggja aukapóstanna frá Arnarholti og Stað í 1., 2., 3., 4., 13., 14. og 15. ferð, og snýr aptur til Stykkishólms eptir sólarhrings dvöl. **163**

8. SNÆFELLSNESSÝSLUPÓSTURINN fer frá Stykkishólmi eptir komu aukapóstsins frá Stað í Hrútafirði og fer um Grundarfjörð til Ólafsvíkur, og sömu leið aptur eptir 6 tíma dvöl.
9. DALASÝSLUPÓSTARNIR eru þrír:
   a. Hinn fyrsti fer frá Stað í Hrútafirði þegar eptir að norðanpósturinn er kominn þangað frá Akureyri, að Hjarðarholti í Dölum. Eptir komu vestanpóstsins þangað frá Ísafirði heldur hann áfram um Harastaði (Skóga) og Breiðabólstað á Skógarströnd til Stykkishólms, og eptir sólarhringsdvöl þar snýr hann aptur sömu leið að Stað í Hrútafirði.
   b. Annar fer frá Hjarðarholti í Dölum þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík og aukapóstsins frá Stað, fram Fellsströnd um Staðarfell og Skarðsströnd að Skarðstöð, þaðan snýr hann aptur sömu leið að Hjarðarholti í Dölum.
   c. Þriðji fer frá Skarðstöð, svo tímanlega að hann sje kominn að Kleifum í Gilsfirði, áður en vestanpósturinn og aukapósturinn frá Bæ í Króksfirði og Stað í Hrútafirði koma þangað. Eptir komu aukapóstsins frá Bæ snýr hann aptur sömuleið að Skarðstöð.
10. BARÐARSTRANDASYSLUPÓSTARNIR eru fimm:
   a. Hinn fyrsti fer frá Bæ í Króksfirði, þegar eptir að vestanpóstur er þangað kominn frá Hjarðarholti, fer um Gufudal, Vattarnes, Brjánslæk, Botn í Patreksfirði, Geirseyri og Sveinseyri að Bíldudal, og snýr aptur sömu leið að Bæ.
   b. Annar fer frá Sveinseyri í Tálknafirði, þegar eptir að aukapósturinn frá Bæ er þangað kominn á vesturleið, að Selárdal í Dalahreppi og snýr jafnskjótt aptur að Sveinseyri, og nær þar fyrsta aukapósti á leiðinni frá Bíldudal, sem þó eigi má bíða hans svo, að hætt geti orðið við að hann nái ekki aðalpóstinum á suðurleið í Bæ.
   c. Hinn þriðji fer frá Geirseyri í Patreksfirði eptir komu fyrsta aukapósts þangað frá Bæ að Sauðlauksdal, og snýr þegar aptur til Geirseyrar.
   d. Hinn fjórði fer frá Flatey í hvert skipti eptir komu Flateyjarpóstsins þangað frá Stykkishólmi, að Brjánslæk, og snýr aptur þaðan til Flateyjar.
   e. Hinn fimmti fer frá Bæ í Króksfirði eptir komu vestanpóstsins þangað frá Ísafirði, um Kleifar í Gilsfirði að Stað í Hrútafirði. Eptir komu norðanpóstsins frá Akureyri að Stað fer hann þaðan aptur sömu leið að Bæ, og sje kominn þangað áður en vestanpósturinn fer þaðan áleiðis til Ísafjarðar.
11. ÍSAFJARÐARSÝSLUPÓSTARNIR eru átta:
   a. Hinn fyrsti fer frá Ísafirði þegar eptir koma vestanpóstsins þangað að sunnan, um Veðrará og Holt í Önundarfirði, Gemlufell og Þingeyri að Rafnseyri; bíður þar eptir póstinum frá Bíldudal og fer svo aptur sömu leið til Ísafjarðar.

      Frá Veðraráer í hverri ferð til Rafnseyrar sendur póstur til Flateyrar í Önundarfirði og frá Gemlufelli til Mýra í Dýrafirði.
   b. Annar fer frá Rafnseyri þegar eptir komu aukapóstsins þangað frá Ísafirði

163 til Bíldudals, og snýr aptur þaðan svo fljótt sem unnt er, til Rafnseyrar samkv. augl. landshöfðingja 26. ágúst 1892 (Stjórnartíð. 1892 B. bls. 168).

c. Þriðji fer frá Ísafirði þegar eptir komu vestanpóstsins þangað, að Botni í Súgandafirði og snýr þaðan aptur á Ísafjörð eptir eyktardvöl.

d. Fjórði fer frá Ísafirði þegar eptir komu vestanpóstsins þangað um Hnífsdal að Hóli í Bolungarvík og snýr þaðan eptir eyktardvöl aptur sömu leið til Ísafjarðar.

e. Fimmti fer frá Ísafirði þegar eptir komu vestanpóstsins þangað um Arnardal að Tröð í Álptafirði, stendur þar við í 4 klukkustundir og fer síðan sömu leið aptur til Ísafjarðar.

f. Sjötti fer frá Ísafirði þegar eptir komu vestanpóstsins þangað sjóveg um Snæfjöll, Stað í Grunnavík að Hesteyri og ef nægur tími er til, að Stað í Aðalvík og síðan sömu leið aptur til Ísafjarðar.

g. Sjöundi fer frá Hesteyri, daginn eptir komu aukapóstsins þangað frá Ísafirði í 4. og 5. ferð, að Höfn á Hornströndum, og snýr þaðan, eptir eyktardvöl, aptur til Hesteyrar.

h. Áttundi fer frá Arngerðareyri daginn eptir komu vestanpóstsins þangað að sunnan að Melgraseyri og snýr svo aptur sömu leið að Arngerðareyri.

12. STRANDASÝSLUPÓSTARNIR eru þrír.

a. Hinn fyrsti fer frá Stað í Hrútafirði daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá Reykjavík, fer um Borðeyri, Bæ, Prestsbakka, Óspakseyri, Stórafjarðarhorn í Kollafirði, Kirkjuból í Tungusveit, Kálfanes og Hrófberg í Steingrímsfirði um Stað í Bjarnarfirði og Kúvíkur við Reykjarfjörð að Árnesi í Trjekyllisvík, og snýr þaðan sömu leið að Stað í Hrútafirði.

b. Annar fer frá Bæ í Króksfirði, eptir komu aðalpóstsins frá Ísafirði, um Tröllatungu að Kirkjubóli í Tungusveit, og þaðan aptur sömu leið að Bæ.

c. Hinn þriðji fer frá Stórafjarðarhorni svo tímanlega, að hann sje kominn að Kleifum í Gilsfirði fyrir komu vestanpóstsins þangað frá Ísafirði, en eptir að vestanpóstur er kominn, snýr hann aptur sömu leið að Stórafjarðarhorni.

13. HÚNAVATNSSÝSLUPÓSTARNIR eru fjórir:

a. Hinn fyrsti fer frá Sveinsstöðum daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá Stað um Vesturhópsbóla að Tjörn á Vatnsnesi og snýr aptur þaðan sömu leið að Sveinsstöðum.

b. Annar fer frá Sveinsstöðum eptir komu aðalpóstsins þangað að sunnan, að Ási í Vatnsdal, og snýr þaðan aptur að Sveinsstöðum.

c. Hinn þriðji fer frá Sveinsstöðum, eptir komu aðalpóstsins að sunnan um Reyki á Reykjabraut og Auðkúlu í Svínadal að Guðlaugsstöðum í Blöndudal og þaðan aptur sömu leið að Sveinsstöðum.

d. Hinn fjórði fer frá Blönduósi eptir komu aðalpóstsins þangað frá Sveinsstöðum um Ytri-Ey til Skagastrandar-verzlunarstaðar, og eptir sólahringsdvöl þar fer hann aptur að Blönduósi.

14. SKAGAFJARÐARSÝSLUPÓSTARNIR eru fjórir:

a. Hinn fyrsti fer frá Víðimýri eptir komu norðanpóstsins þangað frá Stað, um Mælifell að Goðdölum og sömu leið aptur að Víðimýri.

b. Annar fer frá Víðimýri daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá Stað, um Sauðárkrók, Garð í Hegranesi, Lón, Hofsós, Haganes og Hraun til Siglufjarðar, og snýr aptur sömu leið eptir sólarhringsdvöl þar. 163

c. Hinn þriðji fer frá Sauðárkróki eptir komu Siglufjarðarpóstsins frá Víðimýri að Hvammi í Laxárdal, og snýr aptur til Sauðárkróks.

d. Hinn fjórði fer frá Lóni eptir komu Siglufjarðarpóstsins þangað frá Víðimýri, um Viðvík að Hólum í Hjaltadal, og snýr þaðan aptur að Lóni.

15. EYJAFJARÐARSÝSLUPÓSTARNIR eru þrír, og fara allir frá Akureyri daginn eptir komu norðanpósts þangað frá Stað:

a. Hinn fyrsti fer um Tjörn í Svarfaðardal og Reyki í Ólafsfirði að Hraunum í Fljótum og snýr aptur þaðan eptir komu aukapóstsins frá Siglufirði sömu leið á Akureyri.

b. Annar fer um Hrafnagil að Saurbæ í Eyjafirði og sömu leið aptur á Akureyri.

c. Hinn þriðji fer um Grenivík í Höfðahverfi að Þönglabakka og sömu leið aptur á Akureyri.

16. ÞINGEYJARSÝSLUPÓSTARNIR eru fimm:

a. Hinn fyrsti fer frá Ljósavatni eptir komu Seyðisfjarðarpóstsins þangað frá Akureyri að Halldórsstöðum í Bárðardal, og snýr þaðan aptur að Ljósavatni.

b. Annar fer frá Grenjaðarstað eptir komu aðalpóstsins frá Akureyri um Laxárdal að Skútustöðum og þaðan aptur um Reykjardal að Grenjaðarstað.

c. Hinn þriðji fer frá Grenjaðarstað, þegar er Seyðisfjarðarpósturinn er þangað kominn frá Akureyri, um Húsavík og Víkingavatn að Skinnastöðum og snýr aptur sömu leið að Grenjaðarstað, og skal hann ná þar Seyðisfjarðarpóstinum á leið til Akureyrar.

d. Hinn fjórði fer frá Vopnafirði sama dag og Seyðisfjarðarpósturinn á að fara frá Akureyri, um Skeggjastaði, Sauðanes, Svalbarð og þaðan beint að Skinnastöðum; mætir þar hinum þriðja aukapósti (frá Grenjaðarstað) og snýr þá aptur sömu leið til Vopnafjarðar.

e. Hinn fimmti fer frá Raufarhöfn um Grjótnes og Presthóla að Skinnastöðum svo tímanlega að hann verði þangað kominn fyrir komu aukapóstsins frá Grenjaðarstað og Vopnafirði. og snýr aptur til Raufarhafnar þegar eptir komu umgetinna aukapósta að Skinnastað.

17. MÚLASYSLUPÓSTARNIR eru átta:

a. Hinn fyrsti fer frá Seyðisfirði svo tímanlega að hann sje kominn að Egilsstöðum áður en Eskifjarðarpósturinn kemur þangað frá Eskifirði og fer þaðan aptur sömu leið til Seyðisfjarðar.

b. Annar fer milli Seyðisfjarðar og Vopnafjarðar. Hann fer frá Seyðisfirði svo tímanlega, að hann sje kominn að Egilsstöðum áður en aðalpóstarnir koma þangað á austurleið. En þegar báðir aðalpóstarnir eru þangað komnir, heldur aukapósturinn áfram um Hjaltastað, Kirkjubæ í Hróarstungu Sleðbrjót í Jökulsárhlíð og Torfastaði á Vopnafjörð, og snýr aptur þaðan eptir sólarhringsdvöl sömu leið á Seyðisfjörð.

c. Hinn þriðji fer frá Seyðisfirði, eptir komu aðalpóstsins þangað frá Akureyri

163 um Stakkahlíð að Bakkagerði í Borgarfirði og sömu leið aptur til Seyðisfjarðar.

d. Hinn fjórði fer sömuleiðis frá Seyðisfirði þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Akureyri, að Brekku í Mjóafirði, og snýr þaðan aptur til Seyðisfjarðar.

e. Hinn fimmti fer frá Egilsstöðum þegar eptir komu aðalpóstanna á austurleið, yfir Lagarfljót um Ási Fellum að Valþjófsstað, og sömu leið að Egilsstöðum.

f. Hinn sjötti fer frá Skjöldólfsstöðum þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Akureyri, að Brú í Jökuldal og sömu leið aptur að Skjöldólfsstöðum.

g. Hinn sjöundi fer frá Eskifirði þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Bjarnanesi um Búðareyri við Reyðarfjörð og Búðir í Fáskrúðsfirði að Stöð í Stöðvarfirði, og sömuleiðis aptur á Eskifjörð.

h. Hinn áttundi fer sömuleiðis frá Eskifirði þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Bjarnanesi, að Skorrastað í Norðfirði, og snýr þaðan aptur á Eskifjörð.

18. SKAPTAFELLSSÝSLUPÓSTURINN fer frá Kirkjubæjarklaustri þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Odda, um Borgarfell í Skaptártungu að Mýrum í Álptaveri og snýr þaðan aptur sömu leið að Kirkjubæjarklaustri.

19. VESTMANNAEYJAPÓSTURINN fer frá Odda að Ljótarstöðum daginn eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, og snýr þegar aptur að Odda. Þegar pósttaskan kemur frá Vestmannaeyjum að Ljótarstöðum, skal henni komið svo snemma að Odda, að hún komist á aðalpóstinn á leið hans til Reykjavíkur.

20. RANGÁRVALLASÝSLUPÓSTARNIR eru þrír:

a. Hinn fyrsti fer frá Ási í Holtum, þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík, að Fellsmúla á Landi, og snýr þaðan aptur að Ási.

b. Annar fer sömuleiðis frá Ási í Holtum jafnsnemma hinum síðastnefnda, um Háf í Háfshverfi og Hábæ í Þykkvabæ að Grímsstöðum í Vestur-Landeyjum og snýr aptur sömu leið að Ási.

c. Hinn þriðji fer frá Odda, þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík, um Stórólfshvol að Teigi í Fljótshlíð, og þaðan aptur sömu leið að Odda.

21. ÁRNESSÝSLUPÓSTARNIR eru fjórir:

a. Hinn fyrsti fer frá Kotströnd í Ölfusi þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík að Úlfljótsvatni í Grafningi og snýr þaðan aptur að Kotströnd.

b. Annar fer frá Hraungerði sem fyrst eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um Arnarbæli í Grímsnesi og Mosfell að Torfastöðum í Biskupstungum, og þaðan aptur sömu leið að Hraungerði.

c. Hinn þriðji fer sömuleiðis frá Hraungerði, sem fyrst eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um Ólafsvelli og Reyki á Skeiðum að Stóranúpi og þaðan aptur sömu leið að Hraungerði.

d. Hinn fjórði fer og frá Hraungerði, sem fyrst eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, ofan á Eyrarbakka, og snýr þaðan aptur daginn eptir að Hraungerði.

Reykjavík 29. nóv. 1897.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna: 164

Fjárlög fyrir árin 1898 og 1899, undirskrifuð af konungi 6. nóv. 1897 (A. nr. 10; bls. 26—79).

Lög um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1894 og 1895, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 11; bls. 80—83).

Fjáraukalög fyrir árin 1894—1895, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 12; bls. 84—87).

Fjáraukalög fyrir 1896—1897, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 13; bls. 88—91).

Lög um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 14; bls. 92—97).

Lög um nýbýli, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 15; bls. 98—101).

Lög um undirbúning verðlagsskrár, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 102—105).

Lög um að stjórninni veitist heimild til að hafa skipti á 7 hundruðum, er landssjóður á í jörðinni Nesi í Norðfirði, og kirkjujörðinni Grænanesi sama staðar, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 17; bls. 106—107).

Lög um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Holtsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 18; bls. 108—109).

Lög um heimild til að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 19; bls. 110—111).

Lög um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 20; bls. 112—115).

Lög um uppreist á æru án konungsúrskurðar, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 21; bls. 116—117).

Lög um frestun á framkvæmd laga 25. oktbr. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 22; bls. 118—119).

Lög um breyting á 6. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi, og umviðauka við lög nr. 1, 9. jan. 1880, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 23; bls. 120—121).

Lög um þóknun handa forstjórum og sýslunarmönnum Söfnunarsjóðs Íslands, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 24; bls. 122—123).

Auglýsing um, að auglýsing stjórnarráðs Íslands 20. apríl 1893, um bann gegn því að flytja til Íslands lifandi svín og geitur, sje að nokkru leyti úr gildi felld, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland s. d. (A. nr. 25; bls. 124—125).

Uppprentuð blaðsíða.

23. dag desembermánaðar 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

165

Ferða-

póstgufuskipanna millum Kaupmannahafnar,

Frá Kaupmannahöfn

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.
	Laura	Vesta	Laura	Laura	Thyra	Vesta	Laura	Thyra
frá Kaupmhöfn	15. jan.	1. marz	5. marz	15. apríl	26. apríl	14. maí	29. maí	12. júní
— Leith	19. —	5. —	9. —	19. —	30. —	18. —	2. júní	16. —
— Trangisvogi			11. —	21. —				
— Þórshöfn	22. jan.		12. —	22. —		20. maí		18. júní
— Klakksvík	23. jan.		13. —	23. —		21. —		
— Berufirði		9. marz						
— Fáskrúðsfirði		9. marz				23. maí		
— Eskifirði		10. —				23. —		
— Norðfirði		10. —						20. júní
— Seyðisfirði		12. —				24. maí		21. —
— Vopnafirði		13. —						
— Húsavík		14. —						22. júní
— Eyjafirði		17. —				26. maí		24. —
— Siglufirði		18. —						
— Sauðárkróki		19. —				27. maí		24. júní
— Skagaströnd		20. —						24. —
— Blönduósi								
— Borðeyri								
— Reykjarfirði								
— Ísafirði		21. marz				28. maí		26. júní
— Önundarfirði		22. —						
— Dýrafirði		22. —				29. maí		
— Arnarfirði		23. —						
— Patrekstirði		24. —						
— Flatey		25. —						27. júní
— Stykkishólmi		26. —				30. maí		27. —
í Reykjavík	28. jan.	28. marz	17. marz	26. apríl	5. maí	1. júní	6. júní	29. júní
Til vesturlandsins								
frá Reykjavík	2. febr.				8. maí		9. júní	
— Stykkishólmi					8. —		9. —	
— Flatey					9. —		10. —	
— Patreksfirði	3. febr.				9. —		10. —	
— Arnarfirði	4. —				10. —		11. —	
— Dýrafirði	4. —				10. —		11. —	
— Önundarfirði	5. —				11. —		11. —	
á Ísafirði	6. —				12. —		12. —	

Aths. 1 Fjelagið áskilur sjer að mega skipta um skip.

